# Vald og vanmáttur

## Eitt hundrað og ein/saga á jaðri samfélagsins 1770–1936

Sólveig Ólafsdóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs
2022

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ
SAGNFRÆÐI- OG HEIMSPEKIDEILD

Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar
við doktorspróf í sagnfræði

Reykjavík, 9. maí 2022

Steinunn Kristjánsdóttir
deildarforseti

Doktorsnefnd:

Sigurður Gylfi Magnússon, leiðbeinandi

Guðrún V. Stefánsdóttir

Ólafur Rastrick

Vilhelm Vilhelmsson

*Vald og vanmáttur.*
*Eitt hundrað og ein/saga á jaðri samfélagsins 1770–1936*
© Sólveig Ólafsdóttir
Reykjavík 2022

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9640-9-0

ORCID https://orcid.org/0000-0001-6516-0847

## Ágrip

Í rannsókninni, sem ritgerð þessi byggir á, er grafist fyrir um lífsþræði alþýðufólks sem myndi flokkast sem fatlað fólk í okkar samtíma. Það var gert með því að rýna í alls kyns opinberar heimildir, sem varðveittar eru á skjalasöfnum á Íslandi. Tímabilið sem rannsóknin nær til er 1770–1936 og fjallar um eitt hundrað og einn einstakling. Heimildir, sem urðu til hjá opinberum yfirvöldum eru margvíslegar og afar umfangsmiklar. Í þeim var leitað svara við því hvernig hið opinbera tungutak mismunandi heimilda speglar hversdagslíf einstaklinganna, líkamlega og félagslega stöðu þeirra, samhengi og tilfinningalíf. Leitað er fanga úr fórum sagnfræði og þá sérstaklega aðferðafræði einsögunnar (e. *microhistory*) og fötlunarfræði (e. *disability studies*) og einkum út frá sjónarhorni gagnrýninnar fötlunarfræði (e. *critical disability studies*). Hugmyndin er að samþætta þessi tvö fræðasvið því þannig mætti leitast við að draga fram á sjónarsviðið nær ósýnilega fatlaða einstaklinga úr íslenskri fortíð. Helstu atriðin, sem þarf að hafa í huga við slíka rannsókn, eru einstaklingarnir sjálfir, æviferill þeirra, hvað þeir lögðu til samfélagsins og viðhorf samfélagsins til þeirra. Kvillar sem hrjáðu þá skilgreina þá ekki í samhengi þessarar rannsóknar. Slík nálgun kemur úr smiðju fötlunarfræðinnar. Þar sem þeir eru ekki lengur á lífi þarf að beita ýmsum aðferðum einsögunnar til að nálgast þessar upplýsingar úr fortíðinni.

Afrakstur rannsóknarinnar er settur fram í þremur áföngum. Í fyrsta lagi birtast einsögur allra einstaklinganna. Yrðingarnar, þ.e. umsagnir yfirvalda, gefa til kynna líkamlegt, andlegt og jafnvel tilfinningalegt ástand þeirra sem við sögu koma. Einnig er sjónum beint að sjálfum kvillunum. Þeir eru greindir með ýmsum tækjum samtvinnunar (e. *intersectionality*) til að greina margþætta mismunun gagnvart fötluðu fólki í íslensku samfélag. Niðurstaðan var sú að því minni og einfaldari sem kvillarnir voru og því betra skjól það sem einstaklingunum stóð til boða, því betra líf og samfélagslega samþykktara beið þeirra. Eftir því sem kvillarnir urðu flóknari og margfaldari og félagsleg staða verri, því hörmulegri var ævin. Vinnuframlag viðkomandi einstaklinga var það sem samfélagið beindi sjónum sínum að. Ef grunur var um leti eða einhvers konar aumingjadóm var stimplun samfélagsins afar harkaleg. Viðunandi vinnuframlag bjargaði þó engum frá samfélagslegri jaðarsetningu, áreiti eða einelti. Í öðru lagi eru greind ákveðin stef í sögunum, sem draga fram samfélagsleg úrræði eða úrræðaleysi gagnvart einstaklingunum. Í þriðja lagi er sjónarhorninu beint að ákveðnum einstaklingum með því að para tvo og tvo saman í tíu undirköflum. Þetta er gert til þess að draga fram andstæður og/eða hliðstæður í sögum þeirra og þá sértaklega valdaafstæður sem höfðu áhrif á líf fólksins.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að þessi aðferðafræði nær að draga fram heillega lífsþræði þessara einstaklinga. Þrátt fyrir að hver heimild um einstaklinginn virðist við fyrsta lestur ansi hlutlæg þá geta þær í sameiningu dregið fram upplýsingar um tilfinningalíf einstaklinganna, aðbúð þeirra og aðstæður. Þær varpa einnig ljósi á hversu lítið mátti út af bregða til þess að bærilegar aðstæður fatlaðs fólks breyttust í óbærilegar. Því má greina mikið álag á fólkið í mörgum þessara sagna. Slíkt ástand bendir til hægfara ofbeldis sem bæði beindist að einstaklingunum sjálfum og samfélaginu sem þeir voru hluti af. Varpað er ljósi á misnotkun valds gegn vanmáttugum einstaklingum. Valdbeitingin var margslungin og jafnvel menningarlega samþykkt þrátt fyrir að um refsiverða hegðun væri að ræða.

# Abstract

The research, which is the basis of this dissertation, is an investigation the life threads of people who nowadays would be classified as people with disabilities. These were identified by analysing various kinds of public records stored in Icelandic archives. The focus of the research was on the period from 1776 to 1936 and the life of 101 persons born in those years. The public records that were created and kept by the authorities were manifold and extensive. These records were used to discover facts about more than 360 individuals and from that group 101 person were chosen for further investigation. The aim was to find how the public discourse of various records reflects these persons' everyday life; physical and social position; human ties, and emotional life. The research tools were sought from history, using the methodology of microhistory and disability studies, specifically the perspective of Critical Disability Studies. The aim was to weave together these two fields of study to bring to the surface almost invisible disabled individuals from the Icelandic past. The main points that need to be kept in mind while conducting research like this are the individuals themselves, their course of life, what they contributed to society and the view the society had of them. The idea that their ailments did not define them is an approach which originated within disability studies. As the individuals are no longer alive, it is necessary to use the various methods of microhistory to access information from the past.

The output of the research is presented in three stages. The first portrays the microhistory of the individuals. This includes the claims, i.e., the comments of the authorities that indicate the physical, mental, and even the emotional state of the individual. Also, the focus is on the ailments. The ailments were analysed with the various intersectional forces that applied to Icelandic society during the period in question. The result was that the smaller and simpler the ailments, and the better shelter the individuals enjoyed, the better their life-conditions were. When the ailments became more complex, their social positions deteriorated, and their life became more dreadful. One cannot stress enough the importance the society put on the work effort of these individuals. If suspected of any kind of laziness or any type of incompetence, the society branded them harshly. However, an adequate work effort did not save anyone from social marginalization, harassment, or bullying. Additionally, certain themes are found in the stories that show the social resources, or lack thereof, facing the individual. In the last stage the spotlight is on specific individuals by pairing them in 10 chapters. By paring the individuals, it was possible to compare and contrast their stories, specifically the different ways power dynamics affected their lives.

This research demonstrates that by using public records it is possible to discover detailed life-threads of individuals. Even though at first glance each archival record seems to be rather objective, collectively they can yield information about the individuals' emotional life, conditions, and circumstances. The records show how fragile the circumstances of an individual were and how a small change could turn bearable circumstances of disabled people into something unbearable. Through analysis it is possible to discover descriptions of stressful conditions in the stories. The stressful conditions suggest that slow violence was being enforced on the individuals and their society. The stories shed light on the abuse of power on the marginalized individuals. The abuse of power was complex and socially accepted even though officially it was a criminal offence.

# Formáli

Þessi ritgerð er lögð fram til doktorsprófs í sagnfræði við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands. Hún var unnin á árunum 2018–2021 undir leiðsögn Sigurðar Gylfa Magnússonar prófessors í menningarsögu við Hugvísindasvið. Ásamt honum sátu í doktorsnefnd þau Guðrún V. Stefánsdóttir prófessor í fötlunarfræði við Menntavísindasvið, Ólafur Rastrick dósent í þjóðfræði við Félagsvísindasvið og Vilhelm Vilhelmsson forstöðumaður Rannsóknarseturs HÍ á Norðurlandi vestra. Á samstarf okkar Sigurðar Gylfa hefur aldrei skugga borið og hann hefur verið óþreytandi í að hvetja mig áfram í rannsókninni auk þess að koma með ómetanlegar athugasemdir og ábendingar í ótal yfirlestrum á texta ritgerðarinnar. Doktorsnefndin náði vel saman í athugasemdum sínum ritgerðinni til mikils framdráttar. Þau eiga öll miklar þakkir skildar.

Hinn 2. febrúar árið 2018 skrifaði ég undir þriggja ára doktorsnemasamning innan öndvegisverkefnisins „Disability before disability“ (DbD) sem kostað var af RANNÍS (nr. 173655–051). Þetta var þverfræðilegt rannsóknaverkefni sem hafði það að markmiði að varpa ljósi á líf og aðstæður fatlaðs fólks á Íslandi áður en fötlun varð til í nútímaskilningi þess orðs. Rannsókn mín var hluti af sagnfræðiþræði öndvegisverkefnisins. Þráðarstjóri sagnfræðiþráðarins var Sigurður Gylfi Magnússon. Verkefnisstjóri sjálfs öndvegisverkefnisins var Hanna Björg Sigurjónsdóttir prófessor í fötlunarfræði við Félagsvísindasvið. Öndvegisverkefninu lauk formlega 1. október 2020. Innan DbD tók ég virkan þátt í ráðstefnum í Englandi, Finnlandi og innan Háskóla Íslands. Síðustu þrjá mánuði ársins 2020 naut ég rannsóknarstyrks frá rannsóknarsjóði HÍ í gegnum annað rannsóknarverkefni Sigurðar Gylfa Magnússonar. Fyrstu mánuði öndvegisverkefnisins hafði ég vinnuaðstöðu ásamt öðrum rannsakendum DbD í Þjóðminjasafni Íslands. Þaðan fluttist ég yfir í Veröld, hús Vigdísar Finnbogadóttur og að lokum fékk ég skjól í Nýja Garði meðal rannsakenda í öndvegisverkefninu „Heimsins hnoss“, sem einnig er undir stjórn Sigurðar Gylfa Magnússonar. Covid19 hafði mikil áhrif á síðasta starfsárið og stundaði ég þá rannsóknir og ritun að heiman. Einnig var flókið að sækja heimildir inn í skjalasöfn á þessum tíma og þá var gott að hafa aðgang að rafrænum heimildum bæði á Þjóðskjalasafni Íslands, Borgarskjalasafni og öðrum héraðsskjalasöfnun á landinu.

Ég vil sérstaklega þakka öllum mínum góðu og tryggu yfirlesurum, nær og fjær, hjartanlega fyrir hjálpina. Mín nánasta fjölskylda hefur lifað og hrærst með mér í rannsókninni og þekkir sögur „hópsins míns“ jafnvel of vel fyrir þeirra eigin smekk. Viðurnefni eiginmanns míns, Heimis Björns Janusarsonar, á ritgerðinni — 101 hörmung — segir sína sögu. Að öllum öðrum ólöstuðum hefur „Maggi bróðir“, Magnús H. Ólafsson arkitekt, verið það sama steypustyrktarjárn í þessu verkefni sem öðrum í mínu lífsbraski. Bestu þakkir fyrir allan stuðninginn í bráð og lengd.

Ritgerðin og rannsóknin á bak við hana er tileinkuð þremur miklum vinkonum mínum, þeim Hildi, Írisi og Láru. Takk stelpur!!!

# Efnisyfirlit


**ÁGRIP** .......... **1**

**ABSTRACT** .......... **2**

**FORMÁLI** .......... **3**

**I. INNGANGUR** .......... **6**

1. RANNSÓKNARVERKEFNIÐ Í HNOTSKURN .......... 6
2. MARKMIÐ RANNSÓKNARVERKEFNISINS OG RANNSÓKNARSPURNINGAR .......... 9
3. STAÐA ÞEKKINGAR Á SVIÐUM SAGNFRÆÐI OG FÖTLUNARFRÆÐI .......... 10
   *Sagnfræði* .......... 12
   *Nokkur helstu einkenni einsögunnar* .......... 16
   *Fötlunarfræði* .......... 23
4. HUGTÖK OG KENNINGAR .......... 30
5. AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNARINNAR .......... 49
6. HELSTU HEIMILDAFLOKKAR RANNSÓKNARINNAR .......... 53
   *Manntöl* .......... 53
   *Prestsþjónustubækur* .......... 54
   *Sóknarmannatöl* .......... 54
   *Gögn frá sýslumönnum* .......... 55
   *Gögn frá biskupi* .......... 55
   *Gögn frá hreppsnefndum* .......... 55

**II. EINSÖGUR AF FÓLKI Á JAÐRI SAMFÉLAGSINS** .......... **57**

1. NOKKUR ORÐ UM LEIKREGLUR SAMFÉLAGSINS Á TÍMABILINU .......... 58
   *Vistarskylda – Vistarband* .......... 58
   *Ómaga- og fátækraframfærsla* .......... 59
   *Nýtt hlutverk sýslumanna og hreppsnefnda* .......... 60
   *Húsagi* .......... 61
   *Hreppstjórainstrúxið* .......... 61
   *Barnalærdómur* .......... 61
   *Húsvitjanir* .......... 63
   *Ferming* .......... 63
2. AUSTFIRÐINGAFJÓRÐUNGUR .......... 64
   *Sögur* .......... 64
   *Samantekt* .......... 77
3. SUNNLENDINGAFJÓRÐUNGUR .......... 77
   *Sögur* .......... 77
   *Samantekt* .......... 118
4. VESTFIRÐINGAFJÓRÐUNGUR .......... 119
   *Sögur* .......... 119
   *Samantekt* .......... 143
5. NORÐLENDINGAFJÓRÐUNGUR .......... 144
   *Sögur* .......... 144

*Samantekt* ..... 167

**III. NOKKUR STEF ÚR SÖGUNUM ..... 171**

1. Vegabréf fermingarinnar ..... 171
2. Berangur og skjól ..... 176
3. Ábyrgð á óförum annarra ..... 179
4. Arfshlutur óvita ..... 180
5. Að vera eða ekki vera á sveit ..... 181
6. Úrræðaleysi samfélagsins ..... 182
7. Leiðir út úr þrengingunum ..... 184
8. Endalaust mótlæti ..... 186

**IV. VALD OG VANMÁTTUR ..... 189**

1. Mæðgurnar Guðríður (83) og Guðrún (86) ..... 191
2. Sigþrúður (51) og Ingibjartur Guðmundur (78) ..... 194
3. Hallgerður (60) og Kaprasíus (65) ..... 195
4. Sæfinnur (44) og Oddur (55) ..... 197
5. Ragnhildur (49) og Hólmfríður (96) ..... 199
6. Margrét (47) og Einar (56) ..... 201
7. Sólveig (81) og Björn Sigurður (92) ..... 202
8. Páll (5) og Anna Sigríður (9) ..... 204
9. Pálína (15) og Guðrún (79) ..... 205
10. Jónína Guðmundína (74) og Halldóra (58) ..... 206

**V. NIÐURSTÖÐUR ..... 210**

**SUMMARY ..... 215**

**HEIMILDASKRÁ ..... 218**

# I. Inngangur

## 1. Rannsóknarverkefnið í hnotskurn

Í manntalinu sem tekið var árið 1870 á Íslandi, kom fram eftirfarandi *yrðing* um bræðurna og bændasynina Sveinbjörn, Sigurð og Halldór Vigfússyni á Mófellsstöðum í Hvanneyrarsókn: „Svo máttlítil að þau hafa ekki fótavist.“ Ástæðan fyrir að yrðingin er í hvorugkyni vísar í stöðu þeirra á heimilinu sem var „börn bónda“ en drengirnir voru á tíunda, tólfta og nítjánda ári. Hvað varð til þess að þessir þrír bræður voru rúmliggjandi vegna máttleysis árið 1870? Hverjir voru lífsþræðir eða hin opinbera saga þeirra bræðra?

Áður en lengra er haldið er rétt að kynna til sögunnar tvö meginhugtök rannsóknarinnar: *yrðingar* og *lífsþræðir*. Yrðingar (*e. claims*) er heimasmíðað hugtak yfir gildishlaðnar athugasemdir yfirvalda um einstaklinga í opinberum heimildum.[1] Hér er um að ræða kerfisbundnar athugasemdir í manntölum, prestsþjónustubókum, sóknarmannatölum, dómabókum og hreppsreikningum svo fátt eitt sé talið. Stundum er yrðingin bara eitt orð eða stutt setning en þegar árlegar yrðingar um sama einstaklinginn eru settar í samhengi þá verður til þráður þess samhengis. Þennan þráð kýs ég að nefna lífsþráð (e. *biographial life thread*) viðkomandi einstaklings og vísa ég þar til hugtaksins *lífssögu* (e. *biographial life history*) sem Guðrún V. Stefánsdóttir lagði til grundvallar doktorsrannsókn sinni frá árinu 2008.[2]

Sveinbjörn Vigfússon fæddist á Ásbjarnarstöðum í Hvítársíðu hinn 11. apríl árið 1851. Foreldrar hans voru ógiftir þegar hann kom í heiminn. Það voru þau Vigfús Jónsson vinnumaður á Ásbjarnarstöðum og bóndadóttirin María Halldórsdóttir á sama bæ. Ári síðar fara þau mæðgin María og Sveinbjörn úr Gilsbakkasókn að Kvíakoti í Norðurárdal og þá var María „forgift“ eða trúlofuð.[3] Foreldrar Sveinbjörns gengu í hjónaband og fyrstu árin bjuggu þau í Kvíakoti en fluttu árið 1856 að Hálsum í Hvanneyrarsókn.[4] Þar fór Sveinbjörn að „taka saman“, og læra „fræðin.“[5] Árið 1864 var Sveinbjörn „búinn“ að meðtaka það sem þurfti til fermingar. Sveinbjörn var fermdur í Hestþingsprestakalli. Hann hafði verið undirbúinn af „foreldrum og presti í fjögur ár“. Sveinbjörn las „á bók nokkuð vel“, kunni „bænir og vers nokkuð vel“ og „hegðaði sér nokkuð vel.“[6] Nú fór að draga verulega af Sveinbirni. Í sóknarmannatölunum eftir

---

[1] Orðið yrðing er notað í tölfræði og líkindareikningi yfir „sanna fullyrðingu“ og tengist einnig sögninni „að yrða“ á einhvern. Það má segja að prestar sem húsvitjuðu hafi „yrt á“ alla heimilismenn í árlegri heimsókn sinni og eftir það skráð eigin yrðingu um viðkomandi í sóknarmannatalið hverju á sinni. Vilhelm Vilhelmsson notaði einnig hugtakið yrðing í bók sinni en þar er hann að vísa í þá margliða vitnisburði sem hægt er að finna í heimildum og geta verið jafn ólíkir og þversagnakenndir sem þeir eru margir. „Engin ein yrðing textans er þannig „sannari“ en önnur heldur er henni ljáð merking af samhenginu hverju sinni.“, Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 23.

[2] Nánar verður fjallað um rannsókn Guðrúnar síðar í kafla um stöðu þekkingar. Guðrún V. Stefánsdóttir, *„Ég hef svo mikið að segja.“* Einnig notaði Sigurður Gylfi Magnússon aðferðafræði lífsferlisrannsókna (e. *Life–course analysis*) í ritgerð sinni „Alþýðumenning á Íslandi 1850–1940“, sem kom út í bókinni *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1900* árið 1993.

[3] ÞÍ. Gilsbakki í Hvítársíðu–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1869.

[4] ÞÍ. Hvammur í Norðurárdal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1856–1858 og 1860–1868. ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1884.

[5] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1846–1866.

[6] ÞÍ. Biskupsskjalasafn–fermingarskýrslur 0000 FC/18–2–1.

fermingu þegar fjölskyldan hafði sest að á Mófellsstöðum kom fram að hann var „krypplingur“, „málhaltur“ og „visinn.“[7] Sveinbjörn Vigfússon „sonur bóndans á Stóru-Drageyri“ lést hinn 30. júlí árið 1872, 21 árs að aldri. Hann var „krypplingur.“[8]

Sigurður, bróðir Sveinbjarnar, fæddist á Hálsum í Hvanneyrarsókn hinn 23. apríl árið 1858. Hann var annar sonur hjónanna og ólst upp með foreldrum sínum, bróður og síðar bræðrum á Hálsum, Mófellsstöðum og síðar Stóru Drageyri. Hann var farinn að stafa „vel“ sex ára og þremur árum síðar eða árið 1867 var hann „í fræðum. Krypplingur.“ Ári síðar bætti sóknarpresturinn við yrðingunni „málhaltur“ um leið og hann skráði framvindu Sigurðar í barnalærdómnum.“[9] Árið 1869 þegar Sigurður var tíu ára var hann „búinn með fræðin“ en „visinn.“ Sigurður var fermdur árið 1872 og var umsögn prestsins ekki af verri endanum. „Bóklestur dável, Kunnátta ágætlega, hegðun dável.“[10] Þeir bræður voru samt sem áður að mati sóknarprestsins „Máttlausir krypplingar.“[11] Sigurður Vigfússon „17 ára bóndasonur á Stóru Drageyri“ lést hinn 1. mars árið 1876.[12]

Halldór Vigfússon fæddist að Hálsum í Hvanneyrarsókn hinn 31. nóvember árið 1859. Halldór var „málhaltur“ en hann var farinn að stafa fyrir tíu ára aldur og var búinn að læra „allan Basl“, þ.e. barnalærdóminn, árið 1869. Halldór var fermdur í Hestþingi árið 1874. Hann hafði þá verið undirbúinn að foreldrum og presti í „5 ár.“ Umsögnin hefði ekki getað verið betri: „Bóklestur dável, Kunnátta dável, hegðun Ágæt.“[13] Halldór Vigfússon „17 ára bóndason frá Stóru Drageyri“ lést hinn 18. júní árið 1877.[14]

Hér að ofan hafa lífsþræðir þeirra Vigfússona verið spunnir úr þremur heimildaflokkum; prestsþjónustubókum, sóknarmannatölum og manntölum. Þær ályktanir sem hægt er að draga af lífsþráðum þeirra bræðra er að líkamsástand þeirra þriggja var svipað. Þeir voru máttlitlir, visnir og krypplingar. Þrátt fyrir líkamlegt ástand þeirra var þeim kennt til fermingar og áttu mjög auðvelt með allan lærdóm. Efnahagsleg staða þeirra var eins góð og hægt var á þessum tíma. Þeir bjuggu hjá foreldrum sínum sem héldu hjú og hýstu sveitarómaga.

Nú vakna spurningar um tilfinningalíf fjölskyldunnar og hugarfar. Fæddust drengirnir ófatlaðir og ef svo var, hvenær komu fyrstu einkenni fram sem bentu til þess að ekki væri allt með felldu? Hvernig var svo andrúmsloftið á heimilinu þegar allir drengirnir voru lagstir í kör á besta aldri? Er hægt að meta hvort heimilisástandið hafi haft áhrif á nærsamfélagið? Einnig vakna alls kyns aðrar spurningar eins og til dæmis hvernig þeir bræður fóru til kirkju til fermingar. Voru þeir bornir eða fluttir á hestum? Eitt er víst að þeir voru ekki fermdir heima því það þurfti sérstaka heimild skv. lögum til að ferma heima og slíkt var sérstaklega tekið fram í prestsþjónustubókum.

Spurningar á borð við þessar verða hér til umfjöllunar en rétt er að taka fram að litlar líkur eru á því að hægt verði að svara þeim svo nokkru nemi. Götin í vitneskjunni þegar kemur að einstaklingum á jaðrinum eru því miður allt of stór. Það sem getur bætt þekkingu okkar er að

[7] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1866–1883.
[8] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1884.
[9] ÞÍ. Hvammur í Norðurárdal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1856–1858 og 1860–1868.
[10] ÞÍ. Biskupsskjalasafn–fermingarskýrslur 0000 FC/21–2–1.
[11] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1866–1883.
[12] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1884.
[13] ÞÍ. Biskupsskjalasafn–fermingarskýrslur 0000 FC/21–2–1.
[14] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1884.

rannsaka sem flesta lífsþræði og spinna þá saman. Þessari rannsókn er einmitt ætlað að finna, spinna og vefa saman lífsþræði einstaklinga á jaðri samfélagsins úr opinberum heimildum áður en hugtakið fötlun (e. *disability*) varð til. Þetta er gert til að leita svara við því hvernig hið opinbera tungutak mismunandi heimilda speglar hversdagslíf einstaklinganna, líkamlega og félagslega stöðu þeirra, samhengi og tilfinningalíf. Í kjölfarið eru helstu samfélagslegu úrræðin (e. *social resources*), sem voru í boði fyrir slíka einstaklinga, greind. Greiningin er á forsendum einstaklinganna sjálfra en ekki þeirra yfirvalda sem að málum þeirra komu.

Heimildir sem urðu til hjá opinberum yfirvöldum á 18. 19. og fyrri hluta 20. aldar, eru margvíslegar og afar umfangsmiklar. Hér er um að ræða manntöl, kirkjubækur, sóknarmannatöl, árlegar skýrslur um ástand mála frá undirmönnum til yfirmanna, undanþágubréf frá prófföstum til biskups vegna ferminga, dánarbússkýrslur, uppskriftar- og uppboðsbækur, sáttabækur og ársskýrslur héraðslækna og landlæknis. Allar heimildirnar draga dám af þeim mönnum sem bjuggu þær til. Prestar notuðu mismunandi orðalag í lýsingum sínum á söfnuðinum sem og sýslumenn, hreppstjórar og önnur yfirvöld yfir sína þegna. Þó fylgdu þeir einhverjum ákveðnum stöðlum við þessa skýrslugerð, t.d. hvaða upplýsingar eru skráðar hverju sinni og í hvaða röð.[15]

Með því að greina opinberar athugasemdir um einstaklinga kerfisbundið, sem verða til í samtíma þeirra, er hægt að finna frásagnir sem geta reynst ómetanlegur efniviður fyrir lífsþræði áðurnefndu sem mynda síðan uppistöðuna í hversdagssögu (þ. *alltagsgeschichte*) alþýðufólks.[16] Með þessari aðferð gefst tækifæri til að greina framlag þeirra til samfélagsins innan þeirra marka sem þeir störfuðu. Með því að elta einstaklinga uppi í opinberum heimildum eru dregnar upp myndir af innri og ytri högum og aðbúnaði fatlaðs fólks. Með þessu móti gefst tækifæri til að greina sérstaklega tilfinningaleg viðbrögð alþýðunnar og úrræði samfélagsins hverju sinni gagnvart þeim.

Tímabilið, sem rannsóknin nær yfir, er, eins og fyrr sagði, frá árinu 1770 sem er líklegt fæðingarár tveggja elstu einstaklinganna í hópnum og nær til ársins 1936 þegar fyrstu lögin um málefni fatlaðra voru sett á Íslandi en það voru lög nr. 18/1936 um fávitahæli.[17] Fjöldi einstaklinga í lokaúrtakinu var ákveðinn þegar líða tók á rannsóknartímann og umfang rannsóknarinnar var orðið umtalsvert. Það sem ég hafði í huga þegar ég valdi í lokahópinn var að ná sem jafnastri dreifingu þeirra yfir allt tímabilið og einnig að tryggja jafna þátttöku fulltrúa eftir landsfjórðungum. Að sjálfsögðu höfðu fjöldi og umfang yrðinganna um hvern einstakling einnig sitt að segja.[18] Gerð verður nánari grein fyrir þessu vali á hópnum í kafla 5 í fyrsta hluta ritgerðarinnar.

Sagnfræðingar geta, eðli málsins samkvæmt, ekki kallað viðfangsefni sín til samstarfs og samvinnu á sama hátt og til dæmis fötlunarfræðingar sem leggja sig eftir samtímarannsóknum. Ég geri mér fulla grein fyrir því að ég stend vissulega í allt öðrum sporum en „fólkið mitt“ sem er hér til umfjöllunar. Ég er ófötluð kona sem lifi og hrærist í íslensku fræðasamfélagi nútímans og tilheyri því ekki þeim hópi sem rannsóknin beinist að. Ég hef lagt mig fram eftir fremsta

[15] Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Ómagar og utangarðsfólk*, 28.
[16] Þýski sagnfræðingurinn Alf Lüdtke er upphafsmaður þessa hugtaks sem verður nánar skilgreint hér síðar í samhengi við einsögu.
[17] Lög um fávitahæli nr. 18/1936.Sjá einnig Guðrún V. Stefánsdóttir, *„Ég hef svo mikið að segja“*, 21.
[18] Nánari útlistun á hópnum og hvernig var valið í hann er í kafla um aðferðafræði hér aftar.

megni að skýra frá reynslu þessa fólks úr fortíðinni á eins greinargóðan hátt og mér er unnt. Ég er einnig sannfærð um að ef fötluð kona myndi feta svipaða fræðislóð og ég myndi hún draga fram mikilvægar merkingar og sjónarhorn sem væru hulin hinum ófatlaða rannsakanda.[19]

Ég hef kynnst efnum og aðstæðum fatlaðs fólks í gegnum ýmis konar fjölskyldutengsl en ekki hvað síst vegna áratuga langrar vináttu við nokkrar konur sem bæði hafa verið skilgreindar af samtíma okkar sem andlega og/eða líkamlega fatlaðar. Lífshlaup þessara vinkvenna minna hefur einkennst af samfélagsfordómum og mismunun í þeirra garð en einnig stórum persónulegum sigrum þeirra eftir oft mikla baráttu gegn kerfinu í sínum víðasta skilningi. Síðast en ekki síst opnaði reynsla mín sem stuðningsforeldri fatlaðs barns fyrir tveimur áratugum upp heim og raunveruleika foreldra fatlaðra barna sem mér hefði annars verið alveg hulinn sjónum. Ég er mér algerlega meðvituð um að slík reynsla kemur ekki í staðinn fyrir að vera hluti af hópnum.

## Markmið rannsóknarverkefnisins og rannsóknarspurningar

Markmið rannsóknarinnar er fyrst og fremst að finna og ná utan um lífsþræði fatlaðs fólks og rannsaka hversdagslíf þess eins náið og sagnfræðilegar heimildir leyfa. Einkum var leitað fanga úr fórum sagnfræði og þá sérstaklega aðferðafræði einsögunnar og fötlunarfræði, einkum út frá sjónarhorni gagnrýninnar fötlunarfræði. Stefnt var að því að samþætta þessi tvö fræðasvið því þannig mætti leitast við að draga fram á sjónarsviðið nær ósýnilega fatlaða einstaklinga úr íslenskri fortíð. Fræðimenn á sviði einsögu (e. *microhistory*) og fötlunarfræði (e. *disability studies* ) hafa hvorir í sínu lagi lagt áherslu á rannsóknir á fólki á jaðri samfélagsins en án þess að kraftar þessara fræðigreina hafi beinlínis verið sameinaðir. Þess ber þó að geta að Guðrún V. Stefánsdóttir teygði sig með afar áhugaverðum hætti inn á svið einsögunnar í doktorsritgerð sinni í fötlunarfræði árið 2008. Áhersla hennar var þó mun meiri á sjálfa fötlunarfræðina.[20] Hér er því gerð ákveðin aðferðafræðileg tilraun með því að stefna þessum tveimur fræðasviðum enn meira saman með það í huga að efna til skarprar samfélagslegrar greiningar á högum fatlaðs fólks fyrri tíðar.

Helstu atriðin, sem þarf að hafa í huga við slíka rannsókn, eru einstaklingarnir sjálfir, lífsþræðir þeirra og hvað þeir lögðu til samfélagsins. Kvillar sem hrjáðu þá skilgreina þá ekki í samhengi þessarar rannsóknar. Slík nálgun kemur úr smiðju fötlunarfræðinnar. Þar sem þeir eru ekki lengur á lífi þarf að beita ýmsum aðferðum einsögunnar til að nálgast þessar upplýsingar úr fortíðinni.

---

[19] Hér hef ég til fyrirmyndar umfjöllun Guðrúnar V. Stefánsdóttur um sína eigin stöðu gagnvart viðfangsefnum doktorsritgerðar sinnar. Hún tekur þar fram að hún sé „meðvituð um að þátttakendur í rannsókn minni tilheyra viðkvæmum og varnarlausum jaðarhópi sem hefur búið við samfélagslega einangrun og valdaleysi. Jafnframt tilheyra þátttakendurnir hópi sem ég er ekki sjálf hluti af og því er rannsókn mín það sem femínistar hafa kallað rannsóknir á „hinum“ (Rannveig Traustadóttir, 2003b; Wilkinson og Kitzinger, 1996). […]. Rannsókn mín byggist á því að hlusta á rödd fólks með þroskahömlun og reyna að koma henni á framfæri á eins trúverðugan hátt og mér er unnt. Þó að ég sé ekki hluti af hópnum tel ég ekki ólíklegt að ég eigi auðveldara með að setja mig í spor fólksins vegna þeirrar reynslu sem ég hef öðlast við það að eiga fatlaða systur. Ég get þó ekki á nokkurn hátt fullyrt að svo sé.“ Guðrún V. Stefánsdóttir, *„Ég hef svo mikið að segja.“,* 101–102.

[20] Guðrún V. Stefánsdóttir, *„Ég hef svo mikið að segja.“*

Meginspurningar rannsóknarinnar eru eftirfarandi:

- Með hvaða aðferðum er hægt að finna lífsþræði fatlaðs fólks í opinberum heimildum á Íslandi áður en hugtakið fötlun varð til?
- Hvernig speglar hið opinbera tungutak mismunandi heimilda hversdagslíf þessara einstaklinga, líkamlega og félagslega stöðu þeirra, samhengi og jafnvel tilfinningalíf?
- Hvaða stef (e. *sequences*) er hægt að finna í sögunum sem lýsa samfélagslegum úrræðum eða úrræðaleysi?
- Hvaða valdaafstæður (e. *power relations*) draga lífsþræðirnir fram og hvað segja þær okkur um viðhorf og viðbrögð samfélagsins gagnvart fötluðu fólki?

Þessum rannsóknarspurningum verður ekki svarað með neinum einföldum hætti. Lykilatriðið er bæði að gera tilraun til að nýta sér styrkleika hinna aðferðafræðilegu nálgana fötlunarfræði og einsögu sem og að flétta saman sem flestar fáanlegar opinberar heimildir sem tengjast hverjum einstaklingi fyrir sig. Með þeim hætti verður hægt að meta framlag þessa hóps til samfélagsins og viðmót þess gagnvart einstaklingum innan hópsins hverju sinni.

## 2. Staða þekkingar á sviðum sagnfræði og fötlunarfræði

> Hver hugsun, eiginlega hvert andartak í akademíu, krefur þátttakendur í fræðum um afstöðu til viðfangsefna sinna. Þetta kemur fram í samræðum manna á milli, í kennslu, við samningu fræðigreina og bóka auk þess sem hugmyndafræðilegar pælingar hafa oft umtalsverð áhrif á hversdagslíf fólks – hvernig dagurinn líður. Heilbrigði háskólasamfélagsins byggist á því rými sem það nær að skapa fólki til að tileinka sér það nýjasta, áhugaverðasta og framsæknasta í fræðunum hverju sinni; að kostur gefist til að taka afstöðu til viðfangsefna samtímans.
>
> Ef háskólaborgarinn siglir í gegnum sitt akademíska líf án þess að telja sig hafa tóm til að glíma við meginspurningar í fræðum sínum og ef háskólasamfélagið vekur ekki athygli á stöðu þekkingarinnar hverju sinni þá er hætt við að gildi þessa sama samfélags minnki, það falli hreinlega í verði.[21]

Fötlunarfræði og sagnfræði hafa fram að þessu ekki haft mikið saman að sælda eins og sést á eftirfarandi tilvitnun í bók breska sagnfræðingsins Irina Metzler sem hefur undanfarið lagt sig eftir rannsóknum á stöðu einstaklinga með líkamlegar og andlegar skerðingar á miðöldum í Evrópu:

> For a long time, […] historians used to believe the human body had no history since it belonged to nature and not to culture. More recently, historians have recognised that the body does indeed have a history, and is even an integral part of history to the extent of shaping it – much as economic or social structures as well as intellectual or spiritual

[21] Sigurður Gylfi Magnússon, *Sögustríð*, 344.

representations do – so that the body is simultaneously both the product and the medium.[22]

Fötlunarfræði snýst, eðli málsins samkvæmt, um samband fatlaðs fólks við samfélag sitt. Jafnvel hefur borið á einhvers konar fordómum gagnvart fortíðinni í umfjöllun um sögu fötlunarfræðinnar. Fræðigreinin er enn ung að árum og í nánum tengslum við réttindabaráttu fatlaðs fólks í samtímanum. Margir fötlunarfræðingar hafa af skiljanlegum ástæðum afgreitt fortíðina í heilu lagi sem andstyggilegan heim misréttis og miskunnarleysis, enda enginn skortur á dæmum því til sönnunnar. Það kann að hljóma mótsagnakennt en með því hefur fortíðin verið afgreidd með mjög einföldum hætti og hreinlega verið jaðarsett í fötlunarfræðilegri umfjöllun. Skiptir þar litlu hvort hún snýr að líkamlegum eða félagslegum aðstæðum fatlaðs fólks.[23] Í sögulegu yfirliti bókarinnar *Handbook for Disability Studies*, sem er tæplega 900 blaðsíður og kom út í árið 2001 segir:

> People with disabilities have shared a history that has often been oppressive and included abuse, neglect, sterilization, stigma, euthanasia, segregation, and institutionalization. Disabled people, who have survived by relying on tenacity and resourcefulness and on support provided in different measures by family, friends, and local communities, are currently struggling to claim identity (Anspach 1979; Gill 1997; Linton 1998) and political power (Hahn 1985).[24]

Þetta er algeng alhæfing í fræðibókum um fötlunarfræði þar sem einstaka afmarkaðar rannsóknir á fötlun í fortíðinni eru nýttar til að styðja við fullyrðingar um alla fortíðina, alls staðar í veröldinni. Sem dæmi um alhæfingar um fortíðina í umfjöllun fötlunarfræðinga má nefna eftirfarandi tilvitnun í nýlegri kennslubók eftir bandaríska félagsfræðinginn Ronald J. Berger sem ber heitið *Introducing Disability Studies* frá árinu 2013:

> Throughout history people have felt compelled both to stare at the disabled people in their midst and then to turn their heads in discomfort.[25]

Jafnvel í kynningu finnska fötlunarfræðingsins Simo Vehmas fyrir fyrirlestur sinn í Þjóðarspegli Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands árið 2018 er að finna yfirgripsmikla alhæfingu um fortíðina: „History of intellectual disability is a history of segregation, subjection, cruelty and downright brutality.“[26]

Nokkrar mikilvægar undantekningar eru á þessari einföldu afgreiðslu á sögu fatlaðs fólks í fortíðinni. Viðfangsefni bókarinnar *Disability in Medieval Europe: Thinking about physical impairment during the high Middle Ages, c.1100–1400* eftir framannefnda Metzler sem kom úr fyrir um áratug er að draga fram viðhorf evrópsks samfélags á hámiðöldum á líkamlega fötluðu

---

[22] Metzler, I., *Disability in Medieval Europe,* 1.
[23] Ibid., 12–13.
[24] Bradock, D. L., S. L. Parish, „An Institutional History of Disability“, 52.
[25] Berger, R. J. *Indroducing Disability Studies,* 1.
[26] Vehmas, S., „The animalized lives of persons with profund intellectually disability“, 37

fólki. Metzler hvetur til þess að notað sé hugtakið „skerðing“ (e. *impairment*) stað fötlunar því fólk fæðist ekki fatlað heldur fatlar samfélagið það og vísar hún þar í fræga tilvitnun í franska rithöfundinn Simone de Beauvour um konur og kyngervi.[27] Í bókinni er farið í grófum dráttum yfir sögu líkamlegra skerðinga ásamt sögu fötlunarfræða og dregin fram nokkur atriði sem eru mjög áhugaverð. Metzler heldur því til dæmis fram að miklir fordómar hafi ríkt og ríki enn í garð miðalda í fötlunarfræðum og að sagnfræðingar hafi lítið komið að rannsóknum og líkamlegum skerðingum og fötlun almennt.

Metzler segir að saga líkamlega skerts fólk á miðöldum sé jaðarsett og lítið rannsökuð fræðigrein; nær eina undantekningin sé bók franska heimspekingsins og mannfræðingsins Henri-Jacques Stiker, *History of Disability* sem koma fyrst út á frönsku 1997 og í enskri útgáfu árið 1999. Þó svo að Metzler telji framlag Stikers mikilvægt þá sé margt athugavert við sjónarhorn og aðferðafræði bókarinnar. Metzler bendir réttilega á að Stiker noti aldrei frumheimildir og leggi of mikla áherslu á almenna fátækt fatlaðs fólks á miðöldum á kostnað þeirra sem betur máttu sín.[28]

Breski sagnfræðingurinn David M. Turner bendir á í bók sinni *Disability in Eighteenth-Century England. Imagnining Physical Impairment*, sem kom út árið 2012, hversu lítið sagnfræðingar sem sérhæft hafa sig í rannsóknum á fátækasta hluta hvers samfélags, hafa gert til að draga fram í dagsljósið reynslu fatlaðs fólks í þessum aðstæðum. Ef minnst er á fatlað fólk í sagnfræðirannsóknum sé það fólk sem hafi verið svo mikið afskræmt í útliti vegna fötlunar sinnar að það vakti sérstaka eftirtekt í samtíma sínum.[29] Turner rekur áhrifavald upplýsingarinnar á stöðu fatlaðs fólks í Englandi og þá breytingu sem verður við þá vísindahyggju sem hún hafði í för með sér. Hann dregur einnig fram aðstöðumun kynjanna gagnvart fötlun ásamt stéttamun, áhrifum iðnbyltingarinnar og svokallaðra vinnuhúsa (e. *workhouses*) sem verksmiðjuvæðinginn hafði í för með sér.[30] Í bók sinnir rannsakar Turner það sem hann kallar „huldusögur“ (e. *„hidden histories“*) af fötluðu fólki og notar til þess bréf og sjálfsævisögur yfirstéttarinnar ásamt alls kyns heimildum frá hinum fötluðu, þar á meðal dómsskjöl og bænabréf. „Sérhver tilraun til að skrifa sögu fötlunar verður dæmd til að vera gótótt,“ segir Turner, og heldur áfram: „What follows is not a comprehensive history; rather it is an ‘attempt at capturing the topic in a net of narratives’“.[31]

Það vekur athygli hvernig Metzler og Turner titla bækur sínar en þau nota orð eða orðasambönd eins og: „Thinking about“ og „Imagining“ eða „Vangaveltur“ og „Ímyndanir“. Slíkir fræðilegir þankagangar um fortíðina eru einmitt eitthvað sem telst meðal helstu einkenna einsögurannsókna þó að þau sjálf telji rannsóknir sínar ekki heyra undir þann flokk.

### *Sagnfræði*

Hér á eftir verður farið nokkrum orðum um helstu sagnfræðirannsóknir og útgáfur sem tengjast jaðarsettu fólki hér á landi án þess að rekja innihald þessarar rannsókna sérstaklega.

---

[27] Mezler, I., *Disability in Medieval Europe*, 21.
[28] Ibid., 17. Sjá einnig bók Stikers: *A History of Disability*.
[29] Turner, D. M. *Disability in Eigteenth–Century England*, 2.
[30] Ibid., 7.
[31] Ibid., bls. 3–4.

Sameiginlegt einkenni þeirra er þó, að áherslan er á þann lagalega ramma þeirra fyrirbæra sem verið er að rannsaka og þann stofnanaramma sem heldur utan um málaflokkinn. Umfjöllunin ætti þó að gefa til kynna það helsta sem hefur verið á dagskrá fræðanna undanfarna áratugi.

Á áratugunum sitt hvoru megin við síðustu aldamót komu út nokkur sagnfræðirit á vegum ýmissa félagasamtaka sem tengjast fötluðu fólki og íslenskri heilbrigðissögu. Árið 1991 kom út á vegum Blindrafélagsins *Saga blindra á Íslandi* eftir Þórhall Guttormsson íslenskufræðing og framhaldsskólakennara. Bókin rekur í meginatriðum sögu Blindravinafélags Íslands, Blindraskólans og Blindrafélagsins en í upphafi bókarinnar er stuttur en athyglisverður kafli þar sem blindir einstaklingar segja sögu sína.[32] Í bókinni *Líf og lækningar: Íslensk heilbrigðissaga* rekur sagnfræðingurinn Jón Ólafur Ísberg sögu læknislistar á Íslandi og íslenska heilbrigðiskerfisins. Í VI. hluta bókarinnar fjallar Jón Ólafur um lýsingar á sjúkdómum á 17., 18., og 19. öld með orðfæri læknayfirvalda þeirra tíma. Rétt er að geta þess að verkið var kostað af Læknafélagi Íslands.[33] Óttar Guðmundsson skrifaði afmælisrit í tilefni 100 ára afmælis Kleppsspítala árið 2007. Útgáfan naut styrks frá Landspítalanum. Bókin er ríkulega myndskreytt, meðal annars af innlögðum sjúklingum nafngreindum og ónafngreindum. Efnisatriði í bókinni eru yfirleitt stutt og bera keim af blaðagreinum enda er óspart vitnað í fréttir og umsagnir úr blöðum og tímaritum.[34]

Hilma Gunnarsdóttir skrifaði meistaraprófsritgerð í sagnfræði árið 2009 um sögu Styrktarfélags vangefinna á árabilinu 1958–2008 undir heitinu *Viljinn í verki*. Ritgerðin kom út sama ár á vegum *Áss*, styrktarfélags.[35] Hilma rekur í fyrsta hluta verksins þær miklu samfélagsbreytingar sem urðu á 3. og 4. áratug 20. aldar á Íslandi og setur þær í samhengi við aðstæður fólks með þroskahömlun.[36] Reynir Berg Traustason skrifaði meistaraprófsritgerð í sagnfræði árið 2010 um sögu heyrnarlausra á Íslandi. Ritgerðin kom út sama ár á vegum Félags heyrnarlausra. Það er margt mjög áhugavert í rannsókn Reynis, sérstaklega er varðar þann hóp heyrnar- og mállausra Íslendinga, sem sendir voru til náms í Kaupmannahöfn á fyrri hluta 19. aldar.[37] Öll þessi rit eru yfirlitsrit og bera með sér að hafa verið unnin fyrir og á vegum ákveðinna félagasamtaka. Að baki slíkra verka liggur ekki síður mikil rannsóknarvinna en sagnfræðirannsóknum innan akademíunnar en mikilvægast er að sagnfræðingar sem vinna verk af þessu tagi gangist við tengingunni við þá sem fjármagna rannsóknirnar. Það er sannarlega gert í öllum þeim ritum sem hér er vísað til.[38]

Sagnfræðingarnir Jón Ólafur Ísberg, Hilma Gunnarsdóttir og Reynir Berg Traustason tilheyra hópi félagsögusagnfræðinga. Félagssagan er skilgreind sem rannsóknir sem taka fyrir formgerðir samfélagsins, lagaramma þess, lýðfræði (e. *demography*) og áhrif á sérstaka

[32] Þórhallur Guttormsson, *Saga blindra á Íslandi*, 11–38.
[33] Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar: Íslensk heilbrigðisaga*, 133–185.
[34] Óttar Guðmundsson, *Kleppur í 100 ár*.
[35] Styrktarfélagið breytti nafni sínu í Ás styrktarfélag.
[36] Hilma Gunnarsdóttir, *Viljinn í verki*.
[37] Reynir Berg Þorvaldsson, *Saga heyrnarlausra á Íslandi*.
[38] Nýjasta ritið af þessu tagi kom út árið 2019. Það er bókin *Á réttri leið: uppbygging og þróun í málefnum fatlaðra á Norðurlandi eystra 1959–1996*. Bjarni Kristjánsson og Svanfríður Larsen tóku hana saman fyrir Þroskahjálp á Norðurlandi eystra.

samfélagshópa.[39] Sagnfræðingarnir Erla Dóris Halldórsdóttir, Hildur Biering og Sigurgeir Guðjónsson hafa einnig stundað rannsóknir af svipuðum toga. Rannsókn Erlu Dórisar Halldórsdóttur á holdsveiki á Íslandi kom fyrst kom út í árið 2001 og aftur í aukinni og endurskoðaðri útgáfu árið 2020. Erla Dóra beinir sjónum sínum fyrst og fremst að baráttu lækna gegn sjúkdómnum og áformum og undirbúningi að stofnun spítala fyrir holdsveikt fólk á Íslandi.[40]

Hildur Biering skrifaði meistaraprófsritgerð í sagnfræði árið 2016 og fjallar ritgerð hennar um stöðu fósturbarna á Íslandi á 17. og 18. öld. Hildur kemst að þeirri niðurstöðu að framfærslubálkur *Jónsbókar* hafi komið í veg fyrir að nokkurt barn á Íslandi félli á milli skips og bryggju hvað varðar framfærslu. Öll börn hafi, skv. *Jónsbók*, fengið einhvern framfærsluaðila sem bar ábyrgð á fæði, fatnaði og húsaskjóli þeirra.[41]. Sagnfræðingurinn Gísli Ágúst Gunnlaugsson fullyrti í bók sinni *Ómagar og utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1787–1907*, sem kom út árið 1982, að framfærslubálkur *Jónsbókar* „hafi verið ein vandaðasta lagasmíð við þær aðstæður sem löggjöfin spratt upp úr."[42] Það breytir því ekki að engin löggjöf hversu vel sem hún er gerð bjargar öllum frá hungri, klæðleysi og berangri og því tel ég ályktanir þessara beggja rannsókna helst til brattar Í viðauka við ritgerð Hildar er birt skrá yfir börn 14 ára og yngri sem ekki dvöldu hjá foreldrum sínum við manntalið 1703. Þar koma einnig fram yrðingar um hvert og eitt þeirra, sem gefa góða mynd af tungutaki um fósturbörn í upphafi 18. aldar.[43] Þessar yrðingar hjálpuðu mér til að setja ummæli um fatlað fólk í sögulegt samhengi.

Árið 2013 varði Sigurgeir Guðjónsson doktorsritgerð sína í sagnfræði. Titill verksins er *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala*. Ritgerðinni er ætlað að varpa ljósi á lífsskilyrði geðfatlaðs fólks á Íslandi, opinbera stefnu í geðheilbrigðismálum og viðleitni lækna og stjórnvalda til að bæta hag þess. Tímabilið sem ritgerðin nær yfir er frá óljósum tíma á 18. öld til ársins 1907 þegar Kleppur, fyrsti geðspítalinn á Íslandi tekur til starfa. Þetta er gert með nokkrum aðferðum, m.a. könnun hugmynda alþýðu og lækna um geðveiki á fyrri öldum, ítarlegum lýðfræðilegum greiningum á geðveikum í manntölum og hvernig stjórnvöld, hrepps- og bæjarstjórnir, læknar og aðstandendur tóku á málefnum geðveikra. Sigurgeir rýnir mikið í hlutfall kynjanna í manntölum:

> Hlutfall geðveikra kvenna var hátt í hlutfallslegum samanburði við fjölda karla, eða 70–80% geðveiks fólks í manntölunum 1880, 1890 og 1901. Það má rekja þetta til nýrra hugmynda um hysteriu sem náðu fótfestu í Evrópu eftir 1870. Ársskýrslur héraðslækna á Íslandi staðfesta að margar konur voru taldar með hysteriu. Í manntalinu árið 1910 hafði hlutfallið á milli kynjanna jafnast dálítið og voru um 65% geðveikra konur. Hugmyndir höfðu komið fram í nágrannalöndunum um að karlmenn gætu einnig verið

[39] Hilma Gunnarsdóttir fór ítarlega í gegnum þróun félagssögunnar í greininni „Íslenska söguendurskoðunin Aðferðir og hugmyndir í sagnfræði á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldar" sem birtist árið 2006 í bókinni *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*, 23–111.
[40] Erla Dóris Halldórsdóttir, *Holdsveiki á Íslandi*.
[41] Hildur Biering, „Hann ól upp dóttur mína en ég son hans." Fósturbörn á 17. og 18. öld, 80.
[42] Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Ómagar og utangarðsfólk*, 16.
[43] Hildur Biering, „Hann ól upp dóttur mína en ég son hans." Fósturbörn á 17. og 18. öld, 81–122.

> með hysteriu og nýr geðsjúkdómur eða neurasthenthia hafði verið greindur og voru bæði kynin talin geta verið með sjúkdóminn. Þessar upplýsingar eru mikilvægar og sýna að íslenskir læknar voru í nánum tengslum við kollega sína í nágrannalöndum eftir miðja öldina.[44]

Jörgen Pind prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands var andmælandi við doktorsvörn Sigurgeirs. Hann gerði miklar athugasemdir við þau tengsl sem Sigurgeir greindi á milli hysteríugreininga og manntalsskráninga og taldi Sigurgeir álykta umfram það sem manntalsgögnin gáfu tilefni til.[45] Sigurgeir bendir einnig á, í ritgerð sinni, að umbótahugmyndir um meðferð á geðveiku fólki hafi allar komið frá Danmörku. Enginn geðspítali var á Íslandi á 19. öld og því lenti umönnun geðsjúkra næstum eingöngu á heimilunum. Sigurgeir telur að þetta hafi skapað Íslandi ákveðna sérstöðu meðal nágrannaríkjanna. Í þremur síðustu undirköflum annars hluta ritgerðarinnar fjallar Sigurgeir um aðbúnað geðveikra og afskipti hreppsnefnda og Fátækranefndarinnar í Reykjavík af málum þeirra. Þar er minnst á nokkra einstaklinga, sem einnig eru til umfjöllunar að þessu sinni.[46]

Það er mikill ljóður á umfjöllun Sigurgeirs að lítill sem enginn munur er gerður á mismunandi heimildaflokkum. Frásögnum úr sagnaþáttum er blandað við opinberar samtímaheimildir og svo persónulegri heimildir eins og t.d. sjálfsævisögur. Einnig sýnir úrvinnsla Sigurgeirs á tölfræðilegum upplýsingum úr manntölum vel hversu takmarkaðar heimildir manntölin eru án stuðnings frá öðrum opinberum samtímaheimildum.[47] Það er að mínu mati vafasamt að álykta um fjölda, kynjahlutfall, aldur og félagslegar aðstæður geðsjúkra einstaklinga á Íslandi einungis út frá manntalsfærslum þar sem fyrirmælin sem gefin voru út fyrir skráningu hvers manntals gátu verið mismunandi og auk þess voru það ekki alltaf sömu aðilarnir sem skráðu upplýsingarnar. Ég var mjög meðvituð um þessi atriði í úrvinnslu þeirra manntalsgagna sem ég nýtti mér í rannsókninni

Hafa verður í huga að yrðingar um geðfatlanir voru mjög fjölbreyttar og erfitt að greina nákvæmlega hvers kyns kvillar lágu að baki þeim. Sigurgeir bendir sjálfur á þetta í tengslum við lista yfir mismunandi orð og orðasambönd yfir geðveika einstaklinga úr manntölunum 1855, 1860 og 1870. Þar koma fyrir orð og orðasamböndin „brjálaður“, „ekki með fullu ráði“, „geðveikur“, „skertur á viti“, „varla með fullu viti“, „vitfirringur“, vitskertur“, „vitstola“, „skertur á geðsmunum“, „skertur á sönsum.“ Í skýringum við þennan orðalista segir Sigurgeir: „Orðin „vitskertur“ og „skertur á viti“ og „varla með fullu viti“ eru vandmeðfarin og geta líka átt við fólk með þroskahamlanir.[48] Enn fremur dregur Sigurgeir sjálfur eftirfarandi ályktun sem einmitt varpar ljósi á þann vanda að nýta einungis manntöl í slíka lýðfræðilega greiningu:

> Heitin í manntölum þegar geðveikir voru ekki skráningarskyldir eru hlutfallslega mörg miðað við fjölda þeirra sem töldust geðveikir en það fylgir orðunum eða orðasamböndunum að þau eru lýsandi og sýna hvernig samferðafólk þess geðveika

[44] Sigurgeir Guðjónsson, *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala*, 190.
[45] Jörgen Pind, „Andmæli við doktorsvörn Sigurgeirs Guðjónssonar“, 121.
[46] Sigurgeir Guðjónsson, *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala*, 48–82.
[47] Ibid., 30–47.
[48] Ibid., 29.

> reyndi að lýsa hegðun og atferli viðkomandi. Vafalítið hefur oft verið vandkvæðum bundið fyrir skráningarmenn að meta hvort einstaklingur væri geðveikur eða ekki. Misskilningur gat einnig skotið upp kollinum og skrásetjari gat haft rangt eftir þeim sem sagði frá og einnig gat sá sem upplýsti ekki vitað betur og veitt rangar upplýsingar. Sums staðar var þess reyndar beinlínis getið að upplýsingar lægju ekki fyrir eða óvissa væri um áreiðanleika þeirra.[49]

Ritgerð Sigurgeirs er einnig sama marki brennd og verk Erlu Dórisar um holdsveika að umfjöllunarefnið er að meginstofni til álit mismunandi lækna á málefninu sem um ræðir og saga undirbúnings að stofnun sérhæfðra sjúkrastofnanna. Við þessu er auðvitað ekkert að gera en af umfjöllun um öll þessi verk má greinilega sjá að viðfangsefnin sjálf – fatlað fólk – hafa legið að mestu óbætt hjá garði í hinni sagnfræðilegu greiningu á málaflokknum.

*Nokkur helstu einkenni einsögunnar*

Helstu sérkenni hugtaksins einsögu og hugmyndafræði hennar felast í rækilega afmörkuðum rannsóknarefnum hverju sinni, hvort sem það er í tíma, rými eða varðar einstök viðfangsefni. Einsagan rannsakar jafnan smáar einingar, einstaka viðburði eða aðstæður og oft einstaklinga. Sigurður Gylfi Magnússon, forkólfur einsögurannsókna á Íslandi, segir að meginatriðið sé „að afhjúpa dulda merkingu orðræðu og athafna sem oft er ósýnileg í afmörkuðum kvíum ólíkra hópa og stétta.“[50] Í hefðbundinni kynningu á upphafi einsögunnar er oft vísað til þekkts verks ítalska sagnfræðingsins Carlos Ginzburg um ostinn og ormana en fyrir mér kviknaði á peru einsögunnar þegar ég endurlas eina af mínum uppáhaldsbókum *Montaillou. Cathars and Catholics in a French village 1294–1324* eftir franska sagnfræðinginn Emmanuel Le Roy Ladurie eftir að hafa setið námskeið Sigurðar Gylfa Magnússonar um sjálfsævisögur og sagnfræði árið 1995. Bókina hafði ég eignast nokkrum árum áður en ekki áttað mig á úrvinnslu, sem lá rannsókninni til grundvallar og hvernig Le Roy Ladurie spinnur listilega sögurnar af fólkinu í samfélaginu í Pýrenafjöllunum. Hann er samt sem áður fyrst og fremst með einn heimildaflokk í sinni rannsókn, dómsskjöl rannsóknarréttarins, og það má segja það sama um Ginzburg og fleiri einsögufræðinga frá árdögum þeirrar fræðilegu nálgunar.[51] Úrvinnsla Le Roy Ladurie er því í vissum skilning afar takmörkuð þó svo að bókin sé á margan hátt bæði flókin og margræð. Hans mann- eða þjóðfræðilega úrvinnsla skilur eftir mótsagnir heimildanna án umfjöllunar og greiningar, tækifæri sem fæstir einsögufræðingar myndu láta sér úr greipum renna. Það breytir því þó ekki að verk Le Roy Ladurie er gjarnan nefnt í sömu andrá og nokkur af helstu verkum einsögunnar og hefur þannig rutt braut fyrir þá fræðinálgun enda er frægð verksins mikil. Honum hefur tekist að draga fram tengsl einstaklings og kerfisins sem hann þrífst í og sýna viðfangsefnið sem geranda (e. *agent*) í sínu nærumhverfi. Slíkir einstaklingar eru oftar en ekki á jaðri samfélagsins, eða þeir sem hafa fengið litla athygli hinnar hefðbundnu sagnfræði.

---

[49] Ibid.
[50] Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*, 301.
[51] Le Roy Ladurie, E., *Montaillou*.

Eðlilegar undantekningar (e. *normal exeptions*) eru að mati Sigurðar Gylfa Magnússonar:

> einn af hornsteinum [einsögunnar]. […] Sá einstaklingur sem þykir á einhvern hátt skera sig úr heildinni vegna gerða sinna eða hugsunar er gjarnan metinn út frá forsendum þess er valdið hefur. Slíkt mat kann hins vegar að vera í ósamræmi við félagslega stöðu viðkomandi einstaklings og lífshlaup eins og því vindur fram við hversdagslegar aðstæður.“[52]

Til að ná utan um rannsóknir á eðlilegum undantekningum þarf skali (e. *scale*) rannsóknarinnar að vera viðráðanlegur en það er einmitt annað helsta einkenni hefðbundinna einsögurannsókna. Þá er rannsókninni, eins og áður hefur komið fram, beint að einstaklingum, einstökum atburðum eða jafnvel vel skilgreindum samfélögum. Þriðja einkenni einsögunnar er sambandið á milli stærri og smærri rannsóknarsviða (e. *contextualization*). Einsögufræðingar hafa fundið sig tilknúna að tengja sínar smáu rannsóknareiningar við stærri heildir til að fá tækifæri til að meta mikilvægi þeirra. Óhætt er að segja að þennan hátt eigi langflestir einsögufræðingar sameiginlegan. Undantekningin frá þeirri reglu er hin fræðilega nálgun Sigurðar Gylfa sem hann nefnir einvæðingu sögunnar (e. *singularization of history*) sem hann hefur verið að þróa allt frá síðustu aldamótum:

> Hún felur í sér að beina sjónum inn á við og rannsaka nákvæmlega einstaka þætti og drætti í atburðum og fyrirbærum sem við kjósum að gera að umtalsefni. Þar er hugmyndin sú að áherslan geti aldrei orðið önnur en á efnið sjálft sem er undir smásjánni og þar eigum við meira að segja á brattann að sækja; fræðimenn eiga almennt erfitt með að átta sig á helstu þróunarlínum þekkingarinnar. Einvæðingin snýst með öðrum orðum um að finna leið til að rannsaka viðfangsefni í eigin röklegu og menningarlegu samhengi og leitast þannig við að aftengja „manngerða“ hugmyndapakka stórsagnanna. Einvæðingin kemur ekki í veg fyrir rannsóknir á fyrirbærum eins og formgerð samfélagsins. Formgerðarrannsóknirnar verða aðeins að fara fram á grundvelli einstaklinganna sem voru hluti af rammanum sem hún myndaði en ekki á forsendum fyrirfram gefinna hugmynda fræðimannsins um formgerð sem lúta lögmálum stórsögunnar. Þannig hafa menn til dæmis ákveðnar hugmyndir um virkni dómstóla í landinu sem hafa tekið mið af nývæðingarkenningunni, en ef við viljum brjótast út úr þeim og rannsaka fyrirbærið á sínum eigin forsendum verðum við að leitast við að nálgast þá sem komust í snertingu við dómstólana. Munurinn er ef til vill sá að í hefðbundnum fjölsögulegum rannsóknum gerum við ráð fyrir að tilteknar kvíar skipti máli og þvingum rannsóknina í mót þeirra. Í einsögurannsókn sem fylgir einvæðingarferlinu gerum við frekar ráð fyrir að vitnisburður einstaklinganna hafi áhrif á hvaða kvíar verða fyrir valinu og hvernig við meðhöndlum þær. Það er einmitt hið flókna samband mannskepnunnar við umhverfi sitt sem gerir það nauðsynlegt að

[52] Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*, 299. Sjá einnig kafla 4 „The normal exeption“ í bók Sigurðar Gylfa Magnússonar, *Emotional Experience and Microhistory*, 27–29.

smækka skalann svo við föllum ekki í þá freistni að einfalda sambönd milli fólks, fyrirbæra og atburða.[53]

Í grein sinni „The *Singularization* of History: Social History and Microhistory within the Postmodern State of Knowledge", sem birtist í *Journal of Social History* árið 2003, lýsir hann hugmyndum sínum um einvæðingu sögunnar með eftirfarandi hætti:

> In this, I emphasize that the linkings between units of research and metanarratives are not only undesirable but outright downright dangerous since the latter tend to monopolize the scholar's attention. Macrohistorical research is particularly susceptible to such dangers, since it is precisely the linkings between different subjects that bring out its macrohistorical nature, i.e. the drawing of wide–ranging conclusions over long periods and variable areas of research. The subjects themselves, by whatever name they are known, are liable to disappear. Even microhistorians have their work cut out to remain faithful to their subject matter in the face of academic demands, and so put heavy emphasis on presenting links between their research and larger wholes. All this tends to produce a final form that is a distortion of general history."[54]

Hugmyndin um einvæðingu sögunnar er afar umdeild og hefur verið gagnrýnd jafnt af einsögufræðingum og almennum félagssögufræðingum. Í upphafsorðum og eftirmála bókar Sigurðar Gylfa *Sögustríð* sem kom út árið 2007 vara bandarísku sagnfræðingarnir Peter N. Stearns og Harvey J. Graff við sjónarhorni Sigurðar Gylfa á einsöguna og jafnvel einsöguna sjálfra. Stearns bendir á að:

> History deserves to thrive because of its capacity to interest – and again, microhistory can fit here, though not in claiming monopoly – but also because of its capacity to explain wider patterns, or at least to participate in explanation. Sigurður Gylfi's approach, again if taken as a single formula, would jeopardize this contribution to understanding.[55]

Graff bendir á ákveðnar mótsagnir í röksemdum Sigurðar Gylfa fyrir iðkun einsögu og rannsóknum hans:

> No less ironically, as a "lumper," SGM's own practice sometimes comes closer to the strategies he associates with the adherents/practitioners of master narratives and general history than the alternative he holds up in opposition. Lumping, similarly, may bear a certain allegiance to hyperbole when it is not primarily simple.[56]

---

[53] Sigurður Gylfi Magnússon, *Sögustríð*, 124.

[54] Sigurður Gylfi Magnússon „The Singularization of History: Social History and Microhistory within the Postmodern State of Knowledge", 720.

[55] Stearns, P. N., *„Debates About Social History and its Scope",* 20.

[56] Graff, H. J., „History's War of the Wor(l)d", 480.

Að mínu viti er einvæðing sögunnar mjög róttækt og óvænt sjónarhorn á sagnfræðirannsóknir. Snemma vakti fyrir mér að kanna hvernig hægt væri að nýta þessa fræðilegu nálgun í rannsóknum á borð við þær sem liggja til grundvallar einsögunum af fötluðu fólki. Útfærsla mín á einvæðingu sögunnar hófst um leið og einsögurnar 101 lágu fyrir. Ég nýtti mér sem sagt einvæðingarhugmyndina þegar ég vann hverja söguna af annarri með því að einbeita mér nær eingöngu að einstökum dráttum í lífi hvers einstaklings án þess að dreifa athyglinni að umhverfi hans eða hennar. Þegar þeirri rannsókn sleppti tók ég til við að leita eftir tengingum á milli sagnanna – rannsaka sambærileg stef úr sögunum og þar á eftir greina valdaafstæður í þeim lífsþráðum þar sem einstaklingarnir komu við sögu hjá yfirvöldum. Ég lít því svo á að ég hafi haft einvæðingu sögunnar að leiðarljósi í mínum rannsóknum en þróað þá aðferðafræði áfram með tengingunum á milli sagnanna og tekist þannig að draga fram ákveðna drætti og stef í lífi þess hóps sem er til rannsóknar.

Samband einsögunnar og hugmyndafræði hversdagssögunnar er náið enda má segja að sú síðarnefnda sé þýska útgáfa ítölsku einsögunnar. Sjónarhornin eru á atbeina (e. *agency*) venjulegs fólks með því að afbyggja viðbrögð þeirra, orð, gerðir og jafnvel tilfinningar.[57] Þýski sagnfræðingurinn Alf Lüdke segir að einkenni hversdagsögunnar séu nákvæmar lýsingar á húsaskjóli og berangri, fatnaði og nekt, matarræði og hungri, ást og hatri fólks, ágreiningi og samvinnu, minningum, áhyggjum og framtíðarvonum. Lykilatriðið í sögulegri greiningu hversdagsins er lífsferill og upplifun þeirra sem hafa verið að mestu nafnlausir í sögunni. Þeir eru hinn nafnlausi og nær ósýnilegi mannfjöldi í amstri sínu og þrengingum, sem einstaka sinnum nær að brjótast út úr sínum samfélagslega ramma. Þeir eru leikarar á sviði samfélagsins og sjónarhorn þeirra skerpir sýn okkar á örlög þeirra sem urðu undir í samfélaginu og þjáningu þeirra.[58]

Sigurður Gylfi hefur heimfært hugtakið „slow" inn í sagnfræðina undir formerkjum einsögunnar.[59] Í bókinni *What is Microhistory? Theory and Practice* segir Sigurður Gylfi að hæg hugmyndafræði (e. *slow ideology*) einsögunnar gangi þvert á þá hröðun sem hefur einkennt vestrænt samfélag á síðustu áratugum með kröfum um endanlegar og óumdeildar niðurstöður. Slíkar niðurstöður hafa oft verið fengnar með yfirborðslegum og einhliða eftirgrennslunum sem óhjákvæmilega einkenna yfirlitsrit af hvaða tagi sem er.[60] Krafan um að teygja sig yfir löng tímabil, skoða stóra strúktúra og flókin ferli samfélagsins hefur gjarnan fórnað fínni greiningu á ýmsum fyrirbærum samfélagsins.[61] Hægar rannsóknir henta því vel í einsögurannsóknum þegar verið er að rýna í smá og jafnvel mótsagnakennd brot úr fortíðinni.

Ég vil ganga heldur lengra til að skerpa hugtakið og tengja það betur við einsögurannsóknir með því að skilgreina hægar rannsóknir (e. *slow research* ) með eftirfarandi þáttum:

- Þær leita inn á við.
- Þær skoða í smáatriðum alla fleti viðfangsefnisins.
- Þær draga fram blæbrigði og mótsagnir í heimildum.

---

[57] Sigurður Gylfi Magnússon og István M Szijártó *What is Microhistory?*, 33.
[58] Lüdke, A., „Introduction: What is the history of everyday life and who are its practitioners", 3–4.
[59] Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*, 348.
[60] Sigurður Gylfi Magnússon og I. M. Szijártó *What is Microhistory?*, 151.
[61] Hér mætti vísa til nánast allra félagssögurannsókna sem hafa verið ritaðar á sjöunda, áttunda og níunda áratug 20. aldar eins og Charles Tilly benti á í frægri bók sinni, *Big Structures, Large Processes, Huge Comparisons.*

- Þær einblína á viðfangefnið eitt og sér.
- Þær reyna að draga að eins margar og ítarlegar heimildir, sem tengjast viðfangsefninu og hægt er.
- Þær rannsaka í þaula hvert einasta smáatriði.
- Þær draga ígrundaðar ályktanir.
- Þær opna upp heim af ófyrirsjáanlegum tengingum úr fortíðinni sem annars hefðu farið fram hjá rannsakendum.

Hægar rannsóknir byggja á umhverfi textaheildar (e. *textual environment*), sem er hugtak úr smiðju Sigurðar Gylfa um mikilvægi þess að líta á „umhverfi, merkingu og tengsl“ hverrar textaheimildar fyrir sig.[62] Hvar varð textinn til, við hvaða aðstæður og hvert var markmiði hans? Hvernig og hvers vegna var hann varðveittur og fyrir hvern? Hvernig hefur hann verið notaður að fornu og nýju?

Það sem vakir fyrir mér með því að tengja þessa rannsókn mína við hugmyndafræði hægra rannsókna er að finna leið til að opna fyrir ófyrirsjáanlegar tengingar í fortíðinni. Það er gert til að finna vitnisburði um fólk sem skildi lítið sem engin ummerki eftir sig. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi fyrri rannsóknum ekki tekist nægilega vel. Ég tel að það þurfi svo sem ekki mikið hugmyndaflug til að átta sig á að þessi leið er á margan hátt óvenjuleg og býður upp á að nýir hópar séu leiddir fram á svið sögunnar. Það sem „slow“ hugtakið gerir er að undirstrika ákveðna grunnþætti við einsögunálgunina sem margir einsögufræðingar hafa gleymt eða fallið frá þegar þeir hamast við að tengja sínar rannsóknareiningar við stærri heildir. Því er bæði hugmyndafræði hægra rannsókna ásamt einvæðingu sögunnar, eins og ég met hana, lykillinn að minni aðferð.

Annað hugtak sem liggur til grundvallar verki þessu er einnig tengt við „slow“ og það er hægfara ofbeldi (e. *slow violence*). Bandaríski bókmennta- og umhverfisfræðingurinn Rob Nixon setti fram hugtakið í bók sinni *Slow Violence and the Environmentalism of the Poor* frá árinu 2013. Hann tengir það við þau áhrif sem hinar miklu og yfirvofandi loftslagsbreytingar hafa á viðkvæma jarðarbúa. Hægt eða hægfara ofbeldi

- er streituástand sem yfirleitt er ekki tengt við ofbeldi og
- er stöðugt, sífellt og liggur á bak við tjöldin og
- hefur yfir sér andblæ yfirvofandi hörmunga sem ekki tengjast ákveðnum stað eða stund.[63]

Í þeirri hægfara rannsókn sem liggur til grundvallar þessu verki hér, nýttist hugtakið hægfara ofbeldi einstaklega vel þegar kom að því að greina valdaafstæður þar sem viðkvæmir einstaklingar voru beittir ofbeldi hvort sem það var sýnilegt og öðrum kunnugt eða undir yfirborðinu. Hugtakið hægfara ofbeldi skilur sig frá öráreitni (*e. micro aggression*) með því að geta verið með öllu falið, jafnvel þeim sem verða fyrir ofbeldinu. Hægfara ofbeldi hefur mér vitanlega ekki verið áður tengt við rannsóknir í fötlunarfræðum.

Ef við víkjum aftur að *Montaillou*, þá er annað sem gerir rannsókn Le Roy Ladurie takmarkaða en það er sú staðreynd að hann mat á sínum tíma þau dómsskjöl sem lágu til grundvallar rannsókninni ekki sem „þvingaðar frásagnir“ sem þær þó sannarlega voru. Vilhelm

---

[62] Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*, 355.
[63] Nixon, R., *Slow Violence and the Environmentalism of the Poor*, 6.

Vilhelmsson sagnfræðingur vann sína doktorsrannsókn upp úr dómsskjölum og hefur gert vanda réttafarsheimilda að umfjöllunarefni í greinum, nú síðast í bókinni *Sjálfstætt fólk. Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, sem kom út árið 2017. Þar minnir hann aðra rannsakendur á þá mikilvægu staðreynd að „vitnisburðir dómsskjala [eru] ekki tilkomnir af þörf eða löngun til að tjá sig heldur vegna þess að yfirvöld krefjast þess af viðkomandi að hann eða hún svari spurningum þeirra.“[64] Þetta var sérstaklega þarft veganesti fyrir rannsókn þá sem hér liggur til grundvallar. Yfirvöld kröfðust ekki einungis svara fyrir dómi heldur líka við alls konar aðstæður í lífi fólks, svo sem við skírn, fermingu og giftingu svo fátt eitt sé talið.

Sagt er að verkfæri einsögufræðinga sé smásjá en ekki sjónauki og „pensillinn“ sem þeir noti til að mála mynd af fortíðinni fyrir samtímann sé lítill og fínlegur. Rannsóknarefnin eru fá og smá í hvert sinn en markmið rannsóknanna er samt sem áður að varpa ljósi á meginstef sem ganga aftur í fleiri en einni sögu án þess þó að draga of miklar ályktanir eða alhæfingar.

Margt er líkt með nálgun einsögunnar og formgerðum bókmennta. Mikil áhersla er lögð á samband tíma, rýmis og enn og aftur atbeina einstaklinga. Þegar vel tekst til verður framvinda í anda einsögunnar líkust leynilögreglusögu þar sem spenna rannsóknarinnar endurspeglast í frásögninni.[65] Bókin *Reflections: The Life and Writings of a Young Blind Woman in Post–Revolutionary France* er einmitt dæmisaga um einsögurannsókn sem hrekur viðteknar hugmyndir um stöðu fólks með fötlun og er á sama tíma hörkuspennandi og skemmtileg. Blindraheimilið Fimmtán sinnum tuttugu (f. *Quinze–Vingts Hospital*) í París er ennþá til og hægt er að rekja uppruna þess aftur til 13. aldar. Þar er skjalasafn og þar fannst nýlega afar merkileg heimild með yfirskriftinni *Vangaveltur* í lauslegri þýðingu. Skjalið var stílað á ákveðinn forstöðumann blindraheimilisins og var undirritað með nafninu Therese–Adele Husson og dagsetningunni 1825. Franski sagnfræðingurinn Zina Weygand fann þessa heimild og í samstarfi við bandaríska sagnfræðinginn Catherine J. Kudlick dró hún fram sögu höfundarins með framangreindar upplýsingar um bréfritarann og viðtakandann að vopni. Það gerðu þær aðallega í gegnum opinberar samtímaheimildir en einnig með því að rýna í skjalið sjálft og önnur skrif sem fundust eftir Therese–Adele Husson. Afraksturinn var fræðileg útgáfa einstakrar persónulegrar heimildar, sem lýsir samfélagslegri stöðu ungrar blindrar konu á fyrri hluta 19. aldrar. Einnig fylgir með frásögn um ævi og örlög þessarar sömu konu, sem sagnfræðingarnir settu í samhengi við sögu fatlaðs fólks í Frakklandi á sama tíma.[66] Hér er um hreina og klára leynilögreglusögu að ræða með mjög óvæntum endi.[67]

Hér á landi hefur þróast ákveðinn stíll á einsögurannsóknum þar sem margir heimildaflokkar sjálfsbókmennta hafa verið nýttir til að ná utan um viðfangsefni

[64] Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 46. Sjá einnig grein hans „Stílfært og sett í samhengi: Um heimildagildi vitnisburða í réttarheimildum“, 15–45.
[65] Sjá kaflann „Against simple truths“ í bók Sigurðar Gylfa Magnússonar og I. M. Szijártó *What is Microhistory?*, 1–11.
[66] Thérèse–Adèle giftist blindum manni að nafni Foucault og varð með því Madame Foucault sem er vissulega afar skemmtileg tilviljun. Ég veit ekki til að það séu fjölskyldutengsl á milli eiginmanns Thérèse–Adèle og hins eins og sanna Michel Foucault. Husson, T. A., *Reflections: the life and writings of a young blind woman in post–revolutionary France*.
[67] Ibid., 11.

rannsóknarinnar. Oft og einatt eru ákveðnir einstaklingar og ritstörf þeirra til skoðunar.[68] Hér má nefna rannsóknir Sigurðar Gylfa og Davíðs Ólafssonar sagnfræðings þar sem þeir hafa dregið fram í dagsljósið mikilvæg einkaskjöl eða sjálfsbókmenntir (e. *egodocuments*) einstaklinga í fortíðinni og sett í samhengi við lífshlaup þeirra og ástríðukennda fróðleiksfýsn.[69] Þeir hafa dregið fram mikilvægi þessara „berfættu sagnfræðinga" (e. *barefoot historians*) eins og þeir nefna þá, og það hlutverk sem þeir gegndu í alþýðumenningu 18., 19. og 20. aldar. Sigurður Gylfi og Davíð halda því fram að þessir alþýðufræðimenn sýni ákveðið samhengi íslenskrar alþýðumenningar og að í gegnum skrif þeirra fáum við tækifæri til að kynnast betur kjörum alþýðufólks en annars hefði verið. Starfsemi þeirra hafi rúmast milli menningarheilda (e. *in-between-spaces*), það er, hinnar lærðu menningar og svo aftur viðurkenndrar alþýðumenningar. Rýmið sem þeir unnu í glæddi báða pólana nýju lífi og skapaði forsendur fyrir sérstaka ritmenningu í landinu.

Íslenska einsagan hefur verið lituð af þessari nálgun heimildanna. Þó hafa fræðimenn farið sínar eigin leiðir að viðfangsefninu eins og dæmi sanna. Ég vil sérstaklega minnast á bók Guðnýjar Hallgrímsdóttur sagnfræðings, *Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu,* þar sem spennusagnastíllinn í framvindu frásagnarinnar lyftir sögunni af Guðrúnu upp í hæstu hæðir. Guðný leggur sjálfsævisöguhandrit, sem skrifað var upp eftir Guðrúnu Ketilsdóttur, til grundvallar rannsókninni og rekur jafnframt sögu hennar úr opinberum samtímaheimildum. Margir af þeim heimildaflokkum eru þeir sömu og mín rannsókn byggir á.[70] Guðný sýnir fram á að birtingarmynd Guðrúnar sem símalandi kerlingarflón í eftirheimildum gengur þvert á þá mynd, sem hægt er að draga fram af henni í samtímaheimildum. Þar kemur fram að Guðrún var mikil atkvæðakona í eigin lífi. Hún var einstaklingur sem náði að setja mikið mark á tilveru sína með dugnaði og útsjónarsemi þrátt fyrir mjög þröngar aðstæður. Guðný Hallgrímsdóttir nær að afbyggja (e. *deconstruct*) félagslega stöðu vinnukvenna á 18. og 19. öld með því að gera Guðrúnu geranda í sínu eigin lífi. Túlkun mín á sögu Guðrúnar Bjarnadóttur og sögnum um hana hér aftar kallast sérstaklega á við túlkun Guðnýjar á sögu Guðrúnar Ketilsdóttur. Aðferðafræði rannsóknar Guðrúnar V. Stefánsdóttur fötlunarfræðings er eins og áður segir fyrirmynd mín að þessari rannsókn. Að þessu sinni vil ég ganga lengra í að tefla saman rannsóknarsviðunum fötlunarfræði og einsögu með meira afgerandi hætti en áður hefur verið gert. Það er gert með því

- að laga lífsöguaðferðina að því að rannsaka fatlað fólk í fortíðinni með því að finna og spinna lífsþræði þess,

[68] Innan einsögufræðanna er mikil áhersla lögð á að skipa einstakling, einn eða fleiri til öndvegis og álykta út frá heimildum um mismunandi viðbrögð þeirra við marvíslegum aðstæðum. Sjá undirkaflann „Einstaklingur" í grein Sigurðar Gylfa Magnússonar, „Einvæðing sögunnar.", sem endurbirt var í bókinni *Söguströð. Greinar og frásagnir um hugmyndafræði*, 112–114. Sjá einnig kafla 3 „The individual and microhistory." í bók Sigurðar Gylfa Magnússonar, *Emotional Experience and Microhistory*, 20–26.

[69] Sigurður Gylfi Magnússon, „Microhistory, Biography and Ego–documents in Historical Writing." Sjá einnig bók Sigurðar Gylfa og Davíð Ólafssonar, *Minor Knowledge and Microhistory. Manusckript Culture in the Nineteenth Century*, 55–68.

[70] Guðný Hallgrímsdóttir, *Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur: Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu*. Sjá sérstaklega kafla 5: „Guðrún og fjölskylda hennar," en þar eru tilvísanir í skjalasöfn presta, prófasta og sýslumanna. Sjá einnig bók Guðnýjar *A Tale of a Fool? A Microhistory of an 18th–Century Peasant Woman* og grein hennar „Independent Women in 18th–Century Iceland. Analysis of the Economic Status of Poor Peasant Women," í *Scandinavian Journal of History* (maí, 2021) þar sem hún beitir aðferðafræði einsögunnar til að draga fram mismundandi félagslega stöðu sömu konunnar í gegnum lífsferil hennar.

- að draga fram mögulegar andsögur við opinberu sögurnar úr yrðingum sem allar koma frá opinberum yfirvöldum,
- að hafa samkenndina (e. *empathy*) hjá einstaklingunum sjálfum í anda frelsandi fötlunarrannsókna með meðvitund um eigið gildismat og áhrif þess á rannsóknina,
- að stunda hægar rannsóknir og ígrunda umhverfi textaheildar hverrar heimildar,
- að skoða öll merki um ofbeldi og þá sérstaklega hægfara ofbeldi gegn einstaklingunum,
- að skoða götin í þekkingu okkar og gera ráð fyrir því sem kallað hefur verið lærðar eða meðvitaðar mótsagnir (e. *skilled frustrations*).[71]

Allt eru þetta þættir sem einkenna sagnfræðirannsóknir í anda einsögunnar. Lögð er áhersla á hið smáa og hversdagslega, hið hljóðláta og hógværa úr fortíðinni, þ.e. að gera þekkingareyðurnar að umfjöllunarefni rétt eins og þekkingarbrotin sem varðveist hafa.[72] Ég reyndi einnig að þessu sinni að þenja skala rannsóknarinnar til hins ítrasta án þess að missa sjónar á sjálfum einstaklingnum, hverjum og einum. Því má segja að rannsókn mín sé stök á sama tíma og hún er eitt hundrað og ein. Sérhver einstaklingur fékk óskipta athygli mína á einhverjum tíma í rannsókninni með öllum þeim afleiðingum, góðum og vondum, sem slík kynni hafa á rannsakanda hverju sinni. Sú rannsóknarleið sem hér er farinn hefur í þeim skilningi sérstöðu í samhengi einsögurannsókna bæði í sambandi við nálgun mína á einstaklingana í gegnum fjölþættar opinberar heimildir sem og þá brúarsmíð sem á sér stað á milli fötlunarfræði og einsögu.

*Fötlunarfræði*

Hægt er að rekja upphaf fötlunarfræðinnar til hinnar miklu deiglu mannréttindabaráttu og félagsvísindalegra rannsókna, sem hófst á sjöunda áratug síðustu aldar. Fræðimenn beindu sjónum sínum að ýmsum minnihlutahópum, sem að því höfðu nánast verið ósýnilegir, á sama tíma og einstaklingar fóru að bindast samtökum og berjast fyrir réttindum sínum. Í bókarkaflanum „Í nýjum fræðaheimi. Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda“ frá árinu 2006 segir Rannveig Traustadóttir fötlunarfræðingur eftirfarandi um upphaf hinnar pólitísku baráttu:

> Það var í þessu pólitíska andrúmslofti sem fatlað fólk hóf að samhæfa krafta sína og mótmæla aðstæðum sínum sem oftar en ekki einkenndust af fátækt, innilokun á sólarhringsstofnunum og mismunun hvað snerti menntun og atvinnu. Þessi barátta fór fram í Bandaríkjunum, Kanada og mörgum Evrópulöndum. Meðal þeirra hreyfinga sem snemma urðu áberandi voru samtök sem kenndu sig við sjálfstætt líf (Independent Living Movement). Sú hreyfing átti upphaf sitt í Bandaríkjunum í lok sjötta áratugarins en breiddist brátt út til annarra landa […]. Ein kveikjan að hinni auknu pólitísku vitund meðal fatlaðs fólks í Bandaríkjunum var styrjöldin í Víetnam og heimkoma mikils fjölda

[71] Úr glósum úr námskeiði Barböru Rosenwein í HÍ í maí 2016. Ég hef ekki rekist á þetta hugtak annars staðar í rituðu efni.
[72] Hér má minna á aðferðafræði þá sem bandaríski sagnfræðingurinn Natalie Zemon Davies er þekktust fyrir. Sjá t.d. bók hennar *Fiction in the archives: pardon tales and their tellers in sixteenth–century France*.

> fatlaðra hermanna sem höfðu særst í stríðinu. Önnur kveikja voru hinar pólitísku hræringar þessa tíma og það var í því andrúmslofti sem hreyfing fatlaðra fyrir sjálfstæðu lífi varð til. Hreyfingin hafnaði því að farið væri með fatlaða sem eilíf börn, mótmælti ofurvaldi sérfræðinga, barðist gegn sérstofnunum og fyrir því að fatlað fólk gæti lifað sjálfstæðu lífi úti í samfélaginu.[73]

Áður en fötlunarfræðin varð að viðurkenndri fræðigrein á áttunda og níunda áratug síðustu aldrar og lengi framan af 21. öldinni einkenndust rannsóknir á högum fatlaðs fólks og lagarammar í kringum málefni þeirra af því sem nefnt hefur verið „læknisfræðilegt líkan (e. *medical model of disability*). Samkvæmt því er litið svo á að líkamleg skerðing sé „galli“ og hann valdi erfiðleikum og jaðarsetningu einstaklinga.[74] Lögð er áhersla á að greina og flokka skerðingarnar og veita ráðgjöf um meðhöndlun, meðferð og umönnun sérfræðinga, ásamt félagslega samþykktu inngripi hins opinbera í einkalíf fatlaðra einstaklinga. Ýktustu birtingarmyndir þessa sjónarhorns komu fram á 19. og svo síðar á 20. öld með kerfisbundinni stofnanavæðingu þar sem fólk með hinar ýmsu líkamlegu og andlegu skerðingar var sett á ýmiss konar sólarhringsstofnanir á vegum hins opinbera. Á fyrstu áratugum 20. aldrar komu upp hugmyndir um mannkynbætur sem lögðu grunninn að opinberu inngripi í líkama hinna fötluðu eins og til dæmis kerfibundnum ófrjósemisaðgerðum á fötluðum konum.[75]

Hið svokallaða „breska félagslega líkan“ (e. *British social model of disability*) þróaðist upp úr andstöðu við hið læknisfræðilega líkan og grunnstefið er að það sé ekki „skerðingin sjálf sem fatlar fólk heldur félagslegt, efnahagslegt og menningarlegt umhverfi þess svo og samfélagsleg viðhorf til fötlunar.“[76] Andstaðan var frá upphafi jöfnum höndum fræðileg og pólitísk. Breski félagsfræðingurinn Michael Oliver var brautryðjandi í bæði aktífisma og fræðimennsku og fyrsti prófessorinn í fötlunarfræðum í heiminum. Eitt af því sem hann benti réttilega á, var hvernig þegnréttur (e. *citizenship*) hefði kerfisbundið verið brotinn á fötluðu fólki.

> In other words, just as with disabled people, both black people and women have been denied access to the full rights of citizenship on account of race and gender in just the same ways as disabled people have been denied acces on account of impariment. And again, as with disabled people, the welfare state has compounded this in respect of race and gender […].[77]

Önnur líkön hafa komið fram í fötlunarfræðinni og margir fötlunarfræðingar hafa gagnrýnt breska félagslega líkanið fyrir að leggja of mikla áherslu á líkamlegar skerðingar á kostnað fólks með þroskahömlun, geðveiks fólks og jafnvel heyrnar- og mállausra einstaklinga. Ennfremur hefur verið bent á að breska líkanið geri allt of skörp skil milli líkamlegra skerðinga einstaklinganna og þeirrar fötlunar sem verður til vegna umhverfishindrana. Jafnframt hefur

---

[73] Rannveig Traustadóttir, „Í nýjum fræðaheimi“, 18.
[74] Hanna Björg Sigurjónsdóttir ofl., „Inngangur: Rannsóknir á fötlun og menningu“, 13.
[75] Margrét Margeirsdóttir, *Fötlun og samfélag*, 55–59.
[76] Ibid., 13.
[77] Oliver, M., *Understanding disability*, 51.

það verið gagnrýnt fyrir að taka ekki tillit til áhrifaþátta eins og kyns, kynhneigðar og uppruna.[78] Það segir sig sjálft að breska félagslega líkanið hefur algerlega sniðgengið tilfinningalega þætti.

Á Norðurlöndunum þróaðist ákveðið hliðarsjónarhorn, sem byggt er á tengslum samfélags og einstaklinga, hið svokallaða „norræna tengslalíkan“ (e. *Nordic relational approach to disability*). Það byggir á hugmyndinni um velferðarsamfélag, sem skilgreinir fatlað fólk sem „eðlilegt“ og þjónusta samfélagsins við það er háð eftirliti yfirvalda og á að leiða fyrst og fremst til umbóta fyrir fatlað fólk.[79]

Ekki er hægt að segja annað en að hin pólitíska réttindabarátta fatlaðs fólks hafi haft gífurleg áhrif á samfélagslegt regluverk í kringum fatlað fólk og ekki hvað síst sjálfsskilgreiningu þeirra einstaklinga sem áður höfðu búið við valdaleysi og alls kyns mismunun. Til þess að koma fræðigrein sem hefur jafn djúpar rætur í aktífisma og fötlunarfræðin til akademísks þroska, hefur þurft að horfa til fleiri atriða en einfaldra verkana og gagnverkana. Hugmyndastraumur fötlunarfræðinnar hefur legið annars vegar í mikla og fræðilega samfélagsrýni í Bretlandi en í Bandaríkjunum hins vegar hefur verið lögð áhersla á menningarrýni í mjög víðum skilningi og litið mikið til dægurmenningar og ímyndar fötlunar í ýmsum þáttum hennar í því sem kallað hefur verið menningarlíkanið (e. *cultural model of disability*). Á fyrsta áratug 21. aldarinnar var verið að skoða birtingarmyndir ýmiskonar skerðinga og setja þær í samhengi við ýmis jaðarfræði, sem spruttu fram með kynjafræði (e. *gender studies*) í broddi fylkingar. Einnig fór að bera á undirgreinum fötlunarfræðinnar eins og til dæmis fræði heyrnarleysis (e. *deaf studies*).[80]

Þróun fötlunarfræðinnar síðustu ár hefur verið frá sjónarhornum líkana í fötlunarfræði í átt að mun þverfræðilegri (e. *cross–disiplinary*) þáttum. Hin nýju viðhorf sækja til gagnrýnna fræða og hugvísinda ekki síður en félagsvísinda, þar sem fötlunarfræðinni hefur í langflestum tilfellum verið búinn staður, ekki síst í Evrópu. Einnig hefur „heimsmynd“ fötlunarfræða verið færð úr vestrænu samhengi í átt að mun alþjóðlegra samhengi á allra síðustu árum. Á sama tíma hefur verið kallað eftir ítarlegri sögulegri sýn á stöðu fatlaðs fólks í fortíðinni. Fötlunarfræðingar 21. aldarinnar hafa sótt sífellt meira til menningarfræða, sem liggja til grundvallar fræðigreinum á borð við kynjafræði, síð- eða eftirlendufræði (e. *post–colonial studies*) og annarra „jaðarfræða“[81] Í nýlegu greinasafni, sem ber nafnið *Culture–Theory–Disability*, birtist grein eftir þýska félags- og kynjafræðinginn Anne Waldschmidt sem ber nafnið „Disability Goes Cultural. The Cultural Model of Disability as an Analytcal Tool“. Þar setur hún jafnframt fram „hið menningarlega líkan“ fötlunarfræðinnar við hlið hinna eldri og hefðbundnu líkana fötlunarfræðinnar en á forsendum menningarfræða. Þar má nefna greiningar

---

[78] Margrét Margeirsdóttir, *Fötlun og samfélag*,15.
[79] Ibid., 17.
[80] Sjá tvö bandarísk greinasöfn, *Gendering Disability*, sem kom út árið 2004 og *Women and Deafness. Double Visions* frá árinu 2006. Það er athyglisvert að í báðum greinasöfnunum eru greinar sem fjalla um bandaríska aktífistann Helen Keller sem var daufblind. Hún virðist vera eins konar frumgerð hins fatlaða einstaklings í bandarískri menningu. Önnur greinin fjallar um ástarlíf Helen og hin er greining á sjálfsskilgreiningu Helen sem virðist hafa litið á sig sem blinda en ekki heyrnarlausa. Sjá Nielsen, K. E., „Was Helen Keller Deaf? Blindness, Deafness and Multiple Identies“, 21–39.
[81] Þar eru fremst í flokki fræðimennirnir Rosemarie Garland Thomson, Sharon Snyder og David Mitchell, Shelley Tremain, Dan Goodley, Fiona Kumari Campbell, Rob McRuer auk Lennard Davis sem hefur ritstýrt fjórum útgáfum á greinasafni (e. *reader*) fötlunarfræðinnar sem ber titilinn *Disability Studies Reader*. Fjórða útgáfan kom út hjá Routledge 2013.

á almannarými og einkarými, birtingarmyndir í dægurmenningu og listsköpun, tækniframförum og sýndarveruleika í tengslum við líf fatlaðs fólk, svo fátt eitt sé talið.[82]

Áherslur hins breska Tom Shakespeare og annarra fræðimanna í fötlunarfræðum síðustu ára hafa verið kenndar við gagnrýna raunhyggju (e. *critical realism*) þar sem leitast er við að halda fræðilegum tengslum við hið raunverulega hlutskipti fólks með fötlun.[83] Shakespeare varar sérstaklega við að hugtök og kenningar varðandi m.a. kyn, kynþætti, kynhneigð og kyngervi séu yfirfærð á fötlun því að allir þeir þættir hafi lítið sem ekkert með sjálfan líkamann að gera. Á sama tíma tengist fötlun ávallt líkamanum, vanmætti hans, sársauka og skerðingum. Shakespeare orðar þessa hugsun á eftirfarandi hátt:

> The reliance on theory reflects the predominant emphasis on carving out a new pedagogical domain, a discipline or sub–discipline, alongside gender studies, post–colonial studies, queer studies and other highly theorised zones of the academy. These texts are often opaque. The language seems redolent of the heyday of French post–structuralist and postmodernist theory, and thus not just inaccessible but also rather dated. The reader is liable to get conceptual indigestion from what Goodley, praising Campbell, calls 'a wonderful Smörgåsbord of theories.[84]

Þetta gengur í raun þvert á þann anda sem ríkir í greinasafninu *Culture–Theory–Disability*, sem minnst var á hér að framan, þar sem andi samtvinnunar (e. *intersectionality*) svífur rækilega yfir vötnunum. Þess skal geta að Shakespeare er ekki alfarið á móti menningarlegri fötlunarfræði en varar sterklega við að loka slíkar rannsóknir af innan akademíunnar. Ég er mjög gagnrýnin á þetta vantraust Shakespeares á akademískum rannsóknum. Ég tel að það sé ekkert sem mæli á móti því að þær geti verið jafn frelsandi og beinn aktífismi fyrir „frelsun fatlaðra einstaklinga." Slíkur aktífismi tekur sig mjög alvarlega enda málefnin oft á tíðum afar brýn. Að mínu mati verða baráttumenn ávallt að muna að hlutirnir eru aldrei eins einfaldir og þeir virðast vera á yfirborðinu. Það er nauðsynlegt að grafast fyrir um „eðli", „uppruna" og „samhengi" þeirra til að skilja hvað er í gangi hverju sinni. Það er gert með akademískum rannsóknum.

Forkólfar gagnrýninnar fötlunarfræði er þríeyki frá Ástralíu: Helen Meekosha, Russell Shuttlewort og Karen Soldatic. Í greininni „Disability and Critical Sociology: Expanding the Boundaries of Critical Social Inquiry" í tímaritinu *Critical Sociology* frá árinu 2013 setja þau fram eftirfarandi skilgreiningu í fjórum þáttum, sem einkenna gagnrýna fötlunarfræði í nútímasamhengi:

- Fatlað fólk hefur verið vanmetið og á því brotið og þeirri staðreynd verður ekki haggað þrátt fyrir nýja löggjöf og stefnumótun.
- Það er nauðsynlegt að tengja kenningar við daglegt líf og líkamlegar og/eða andlegar aðstæður einstaklinga sem eru til umfjöllunar.
- Það er mikilvægt að rýna í breytingar á eigin þankagangi í gegnum tíðina.

[82] Waldschmidt, A., „Disability Goes Cultural. The Cultural Model of Disability as an Analytical Tool", 19–27.
[83] Shakespeare, T., *Disability Rights and Wrongs Revisited,* 72–92.
[84] Ibid., 49.

- Mikilvægt er að vera opin fyrir samtali við hugmyndir frá alls kyns mismunandi menningarheimum um fatlað fólk.

Þau leggja áherslu að þetta sé ekki enn eitt líkanið í fötlunarfræði heldur endurhugsun á jaðarsetningu fatlaðs fólks. Jafn róttæk gagnrýni og þessi verður að byggja á ábyrgð rannsakandans og meðvitund hans um eigin takmarkanir.[85] Þess vegna er nauðsynlegt að sækja í reynslubanka fatlaðs fólks og nýta sérfræðiþekkingu þeirra til að benda á í hverju jaðarsetningin og útilokunin fólst, bæði að fornu og nýju. Gagnrýnin fötlunarfræði leggur sérstaka áherslu á greiningatæki samtvinnunar líkt og menningarlega fötlunarfræðin gerir.

Á Íslandi var farið að kenna fötlunarfræði við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands árið 2004 á stigi framhaldnáms. Rannsóknir í anda fötlunarfræða hófust hér á landi rétt fyrir aldamót og má því segja að innlendar rannsóknir hafi staðið yfir í nær tvo áratugi. Árið 2006 var Rannsóknasetur um fötlunarfræði sett á stofn undir stjórn Rannveigar Traustadóttur.[86] Hún ritstýrði tveimur greinasöfnum um fötlunarfræði á Íslandi árin 2003 og 2006 sem bæði höfðu varanleg áhrif á þróun fræðagreinarinnar hérlendis.[87]

Árið 2013 kom út greinasafn á vegum Rannsóknarsetursins og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands undir yfirskriftinni *Fötlun og menning. Íslandssagan í öðru ljósi.* Ritstjórar þess eru þau Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Kristín Björnsdóttir fötlunarfræðingar og Ármann Jakobsson bókmenntafræðingur. Í bókinni eru birtar fjórtán ritrýndar greinar um tengsl fötlunar og menningar á forsendum ýmissa fræðigreina innan hug- og félagsvísinda. Í ítarlegum inngangskafla eftir ritstjóra bókarinnar er saga fötlunarfræðinnar rakin og fötlun sett í samhengi við ýmsar hliðar menningar. Hvað varðar sögu fötlunar í fortíðinni segir eftirfarandi í innganginum:

> Þó að alltaf hafi verið til fatlað fólk sem er vel metið, elskað og velkomið þá er saga fötlunar og fatlaðs fólks í stórum dráttum saga mismununar, útskúfunar, undirokunar og innilokunar (Barnes, 2010). Stór hluti fatlaðs fólks hefur lengst af ævi sinni búið við fátækt, valdaleysi og niðurlægingu sem undirstrikar hve aðstæður á Martha's Vineyard forðum daga voru sérstakar (Charlton, 1998, 2010; Goodley, 2011). Suma þætti í undirokun fatlaðs fólks má rekja aftur í aldir, til fornra siða, gilda, valdatengsla og efnahagskerfa, en aðrir þættir hafa aftur á móti þróast tiltölulega nýlega.[88]

Það er ekki nægilega ljóst af þessari tilvitnun af hvaða tagi þessar rannsóknir eru, sem vísað er í og hvort hægt sé að draga jafn almenna ályktun af þeim eins og gert er í innganginum. Það er hætt við því að hér sé verið að alhæfa um stöðu fatlaðs fólks í almennri og þá óskilgreindri fortíð þvert á rannsóknaraðferðir sagnfræðinnar. Í rannsókninni sem þessi ritgerð byggir á var

[85] Meekosha, H., R. Shuttlewort, K. Soldatic, „Disability and Critical Sociology: Expanding the Boundaries of Critical Social Inquiry“, 319–323.
[86] Rannveig Traustadóttir, Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson, „Disability Studies in Iceland: past, present and future“, 57–59.
[87] *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir*, 2003. *Fötlun: hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*, 2006.
[88] Samfélag heyrandi og heyrnarlausra á eyjunni Martha´s Wineyard á austurströnd Bandaríkjanna á 18. og 19. öld er frægasta dæmi um samþætt samfélag fatlaðra og ófatlaðra sem sögur fara af. Hanna Bj. Sigurjónsdóttir ofl., „Inngangur: Rannsóknir á fötlun og menningu“, 18.

lögð mikil áhersla á að halda stund og stað í lífsþráðum einstaklinganna rækilega til haga og alhæfa sem minnst án rökstuðnings.

Takmarkanir hins læknisfræðilega líkans sem greiningartækis, sem var til umræðu hér að framan, eru vandlega reifaðar í inngangskafla bókarinnar *Fötlun og menning*. Einnig er bent á að:

> [rannsóknir á fötlun] henti því að mörgu leyti illa í hugvísindum svo sem sagnfræði og bókmenntafræði. Fyrir vikið hefur þróast hugvísindaleg nálgun af svipuðu tagi sem leggur áherslu á að fötlun hafi verið skilin og beri að skilja sem þjáningu eða harmleik.[89]

Ekki er hægt annað en að mótmæla þessari fullyrðingu. Jú, margar sögurnar bera með sér þjáningu einstaklinganna og sumar er hægt að lesa sem harmleiki en sögurnar bera fyrst og fremst vott um þolgæði og æðruleysi í lífsbaráttunni rétt eins og hjá langflestum landsmönnum á þessum tíma. Það er athyglisvert að aðeins síðar í sama inngangi þar sem verið er að fjalla um menningarlíkanið í fötlunarfræði kemur fram annar skilningur á hlutverki sagnfræði og bókmennta í fötlunarfræði og því haldið fram að sambræðingur lista og hugvísinda við fötlunarfræði stuðli „að gagnrýnu fræðastarfi um fötlun á sviði hugvísinda.“[90]

Í grein sinni „Í skuld við fjölskyldu og Guð“ í bókinni *Fötlun og menning* gerir Eiríkur Smith, þáverandi doktorsnemi í fötlunarfræði, grein fyrir mögulegri sérstöðu fatlaðs fólks á Íslandi í fortíðinni í „sögu- og landfræðilegu ljósi.“[91] Hann beinir þó mest sjónum sínum að þeim „stofnunum“ sem komu að fátækraframfærslu og sinntu fátæku fólki á Íslandi fyrir og eftir siðaskipti. Hann segir í lokaorðum greinarinnar að saga fatlaðs fólks á Íslandi líði fyrir skort á frásögum af „daglegu lífi þess í íslensku samfélagi svo og takmarkaðar heimildir um viðbrögð samfélagsins við því.“[92] Þessi fullyrðing stenst ekki eins og sýnt verður fram á í þessari ritgerð. Það er varla hægt að tala um takmarkaðar heimildir þar sem Þjóðskjalasafnið og önnur meginsöfn á landinu eru full af efni sem tengist fötluðu fólki. Oft er erfitt að komast að þessum heimildum en þær eru engu að síður til staðar og á köflum mjög gjöfular. Hinu ber þó ekki að neita að nánast engar rannsóknir á umfangsmiklum opinberum heimildum hafa legið fyrir fram til þessa á forsendum daglegs lífs fatlaðs fólks í íslenskri fortíð.

Árið 2001 gáfu Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir út rannsókn á högum seinfærra mæðra og barna þeirra undir titlinum *Ósýnilegar fjölskyldur. Seinfærar/þroskaheftar mæður og börn þeirra*. Rannsóknin var grunnurinn að meistaraprófsritgerð Hönnu Bjargar í uppeldis og menntunarfræði við Háskóla Íslands og var alger nýjung á Íslandi. Markmið hennar var að „öðlast skilning á lífi og aðstæðum þroskaheftra/seinfærra mæðra á hér á landi og afla fyrstu kerfisbundnu upplýsinganna um hvernig þeim og fjölskyldum þeirra vegnar í íslensku samfélagi.“[93] Tekin voru viðtöl við bæði mæður á ýmsum aldri og fullorðin börn þeirra og er vitnisburður þeirra mjög sláandi og upplýsandi um viðhorf samfélagsins til kvenna með þroskahömlun sem eignuðust börn.

[89] Ibid., 14.
[90] Ibid., 16–17.
[91] Eiríkur Smith, „Í skuld við fjölskyldu og Guð.“, 93.
[92] Ibid., 120.
[93] Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, *Ósýnilegar fjölskyldur*, 12.

Guðrún V. Stefánsdóttir, varði doktorsrannsókn sína *„Ég hef svo mikið að segja." Lífssögur Íslendinga með þroskahömlun á 20. öld*, frá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands árið 2008 eins og áður hefur komið fram. Í doktorsnefnd Guðrúnar voru tveir sagnfræðingar, þeir Loftur Guttormsson og Sigurður Gylfi Magnússon og einn fötlunarfræðingur, Rannveig Traustadóttir, og setja báðar fræðigreinarnar mark sitt á rannsóknina, sérstaklega sjónarhorn gagnrýninnar fötlunarfræði. Markmið rannsóknarinnar var að „afla þekkingar á félagslegum aðstæðum og persónulegri reynslu fólk með þroskahömlun með því að taka viðtöl við átta einstaklinga auk aðstandenda og fagfólks.[94] Nokkur atriði í rannsókn Guðrúnar hafa orðið innblástur að rannsókn minni og rannsóknaraðferðum. Fyrst er að nefna vandaða greiningu hennar á ævisögulegum lífssöguaðferðum og tengslum hennar við aðferðafræði einsögunnar á sama tíma. Rannsakandinn er í hennar tilfelli í miklum og nánum tengslum við viðmælendur sína, sem allir eru á lífi á rannsóknartímanum.[95]

Þar sem „viðmælendur" mínir eru allir látnir þurfti ég að beita öðrum aðferðum til að nálgast þeirra sögu. Í fyrsta lagi reyndi ég eins og mér var framast unnt að ná eins góðum tengslum við einstaklingana og hægt var með því að binda sjónarhorn rannsóknarinnar eingöngu á þá en ekki þau yfirvöld sem sköpuðu yrðingarnar um þá. Í öðru lagi má minnast á ítarlega umfjöllun Guðrúnar um rannsóknir á persónulegum og félagslegum sjálfsskilningi og áhrif stimplunar á hann. Hún dregur þær ályktanir að sjálfsskilningurinn skapist og þróist í samskiptum milli fólks og sé í stöðugri endurskoðun. Hann er ávallt háður völdum og valdatengslum.[96] Þeir stimplar sem settir eru á jaðarsetta einstaklinga hafa mikil áhrif á sjálfsskilning þeirra og oftast neikvæð. Guðrún bendir þó á að sjálfsskilningur fatlaðs fólks „þurfi alls ekki að vera eingöngu bundinn við skerðingu þess."[97] Þessi hringur sjálfsskilnings, stimplunar og endurskoðunar á margt sameiginlegt með tilfinningasamfélögum þeim sem verða til umfjöllunar hér síðar. Í þriðja lagi er einstaklega áhugavert að sjá hvernig Guðrún fléttar lífssögunum, sem andsögum (e. *counter–narratives*), við opinbera sögu, þ.e. upplýsingar úr opinberum heimildum um atburði sem viðmælendur minnast úr eigin sögu. Þetta eru sögur af andstreymi, ofbeldi og oft á tíðum miklu viðnámi einstaklinganna. Í samantekt kaflans segir Guðrún:

> Upprifjun fólksins á minningum sem byggja á lífsreynslu þess birtir allt aðra mynd en hið sögulega minni sem felst í opinberri umfjöllun. Reynsla fólksins kemur því mjög skýrt fram sem andóf gegn þeirri opinberu umfjöllun sem til er um hópinn og finna má t.d. í ýmsum samtímaheimildum.[98]

Eins og áður sagði þá hef ég ekki aðgang að frásögnum einstaklinganna í rannsókn minni nema í afar takmörkuðum mæli þannig að ekki er um að ræða eiginlegar andsögur í þessari ritgerð. Með því að rýna í fjölda yrðinga um sama einstaklinginn frá mismunandi yfirvöldum er þó í mörgum tilvikum hægt að greina persónulegan og félagslegan sjálfsskilning hans og greina andstreymi og jafnvel ofbeldi sem hann varð fyrir á lífsleiðinni. Mismunandi frásagnir í

---

[94] Guðrún V. Stefánsdóttir, *„Ég hef svo mikið að segja"*, iii.
[95] Ibid., 8–11 og 100–102.
[96] Ibid., 58.
[97] Ibid., 60.
[98] Ibid., 124–139.

opinberu heimildunum af sama einstaklingnum geta þannig virkað eins og nokkurs konar birtingarmynd andsagna.

Frelsandi fötlunarrannsóknir eru fjórða atriðið, sem dregið er upp úr doktorsrannsókn Guðrúnar Valgerðar. Hún tengir hugtakið „frelsandi rannsóknir" við breska félagslega líkanið í fötlunarfræðum þar sem lögð er mikil áhersla á að rannsóknir séu ekki einungis um fatlað fólk heldur „líka fyrir fatlað fólk og samtök þess". Þar er jafnvel gert ráð fyrir að „fatlað fólk eigi frumkvæði að rannsókninni, fjármagni hana, ákveði rannsóknarefni, setji henni markmið, séu fullgildir þátttakendur í öllu rannsóknarferlinu og séu skráðir höfundar og meðhöfundar að niðurstöðunum."[99] Þetta gengur ekki upp gagnvart sagnfræðirannsóknum eins og Guðrún bendir á í sínu verki. Þetta má leysa með því að fá fatlað fólk til liðs við sagnfræðinga til að greina heimildirnar, hvort sem um er að ræða opinberar samtímaheimildir eins og nýttar eru í þessari rannsókn eða persónulegar heimildir (e. *egodocuments*) eins og bréf, dagbækur og sjálfsævisögur, svo fátt eitt sé nefnt. Með slíkri samvinnu verður hægt að lesa allar heimildir, sem tengjast fötluðu fólki upp á nýtt og fá raunsannari mynd af hlutskipti þess í fortíðinni.

Það var ásetningur minn allt frá upphafi að stunda „frelsandi rannsóknir" að því marki, sem mér væri unnt án þess að stunda hreina og klára samvinnurannsókn með aðkomu fatlaðs fólks. Það gerði ég með því að minna mig stöðugt á að einstaklingarnir sem ég var að rannsaka voru manneskjur af holdi og blóði með eigið tilfinningalíf; manneskjur sem voru viðkvæmar, líkamlega og/eða andlega fatlaðar og/eða jaðarsettar í lifanda lífi. Með því að tileinka mér það nýjasta, áhugaverðasta og framsæknasta á sviði fötlunarfræða og einsögu og byggja rannsókn mína upp á nýstárlegan hátt reyni ég að leggja mitt af mörkum til að tryggja það „heilbrigði háskólasamfélagsins" sem Sigurður Gylfi Magnússon gerir að umtalsefni í tilvitnuninni fremst í þessum undirkafla.

# 3. Hugtök og kenningar

Í þessum kafla verður staldrað betur við nokkur lykilhugtök og kenningar sem þeim tengjast. Þetta eru hugtökin fötlun, tilfinningar, tilfinningasamfélög og stef. Enn fremur verður rýnt í andstæðuparið vald og vanmátt auk hugtakanna ofbeldi, einelti, sársauki og þjáning.

Hér að framan voru tvö heimasmíðuð hugtök kynnt til sögunnar; lífsþræðir og yrðingar. Einnig hef ég kosið að nota orðið kvilli/kvillar, sem samheiti yfir það sem hrjáði einstaklingana. Þetta er gert til að koma í veg fyrir nútímalega yfirfærslu og flokkun á þeim. Orðið kvilli varð fyrir valinu, þar sem það hefur mjög víða skírskotun eins og sést á meðfylgjandi flæðimynd (e. *diagram*) frá orðaneti Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.[100]

---

[99] Ibid., 81.
[100] „Íslenskt orðanet."




**Fötlun** – Helsta markmið og verkefni fötlunarfræðinnar hefur verið að endurskilgreina ýmis lykilhugtök er varða fatlað fólk og er sjálft hugtakið fötlun þar efst á blaði.[101] Kanadíski fötlunarfræðingurinn Tanya Titckhosky hefur bent á að sjálf orðanotkunin um fötlun sé gildishlaðin.

> Words on disability are themselves a doing, are themselves a way of knowing; such words reside among us and help to make our fate as embodied beings. From this comes the need to stay in touch with common and ordinary expressions of disability, and to uncover the type of people and type of world those expressions presuppose.[102]

Þeir, sem eru skilgreindir sem fatlaðir einstaklingar, búa við mismiklar hindranir varðandi samfélagsþátttöku í daglegu lífi sínu. Hindranirnar vísa allar til einhvers konar samfélagslegrar jaðarsetningar.[103] Birtingarmynd jaðarsetningar er þegar einstaklingi eða hópi fólks er vísað frá samfélagsþátttöku að nokkru eða að öllu leyti. Þetta getur í besta falli leitt til skorts á efnislegum gæðum og í versta falli til margs konar samfélagslegrar útskúfunar.

Á tímabilinu frá síðari hluta 18. aldar og fram á fyrstu áratugi 20. aldar var opinbert eftirlit með einstaklingum á Íslandi annars vegar í höndum hreppstjóra og sýslumanna og hins vegar presta og prófasta. Tvenn yfirvöld komu hér við sögu; hin andlegu og hin veraldlegu. Þessi yfirvöld höfðu verið aðskilin fyrir siðaskipti en eftir það voru þau nátengd. Hin fyrrnefndu báru ábyrgð, á grunnmenntun alþýðunnar sem og öllum fermingarundirbúningi. Fermingin var hin mikilvægu tímamót einstaklingsins inn í samfélag fullorðinna.[104] Hin veraldlegu yfirvöld báru, ásamt húsbændum viðkomandi, svo ábyrgð á lágmarksframfærslu einstaklinga og studdust þar við lög og reglur um ómagaframfærslu.[105]

---

[101] Guðrún V. Stefánsdóttir, „*Ég hef svo mikið að segja*“, 11.
[102] Titchkosky, T. *Reading and Writing Disability Differently*.
[103] Berger, R. J. *Indroducing Disbility Studies*, 6.
[104] Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 34 og 118.
[105] Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk*, 15.

Þrír þættir skipta máli þegar rýnt er í fötlun í nútímaskilningi þessa flókna hugtaks á tímabili rannsóknarinnar:

- *Andlegir kvillar*, sem höfðu birtingarmyndir í skorti á grunnmenntun til fermingar. Slíkt gat þýtt að einstaklingar fengu ekki að fermast og öðluðust þannig ekki lágmarksréttindi í samfélaginu.
- *Líkamlegir kvillar*, hvers konar takmörkun á viðunandi og viðurkenndu „líkamlegu" vinnuframlagi inn í samfélagið.
- Orsakir eða afleiðingar andlegra og/eða líkamlegra kvilla sem birtast í banni við öreigagiftingum, sviptingu stjórnmála- eða fjárhagslegra réttinda vegna sveitarskulda og takmarkaðrar félagslegrar þátttöku.[106] Hér er horft til þeirra greininga að þegnréttur hafi verið kerfisbundið brotinn á fötluðu fólki.[107]

Skortur á viðurkenndu líkamlegu vinnuframlagi leiddi oftast til þess að fatlað fólk gat ekki framfleytt sér svo nokkru næmi og var því dæmt til fátæktar og yfirleitt til fátækraframfærslu sem var á vegum hreppstjórna landsins á tímabilinu sem hér er til rannsóknar. Efnahagsleg jaðarsetning fatlaðs fólks var alls ekki bundin við Ísland heldur má tala frekar um reglu en undantekningu. Hin sterku tengsl fötlunar og fátæktar hafa verið fötlunarfræðingum hugleikin. Bresku fötlunarfræðingarnir Colin Barnes og Geoff Mercer hafa greint það sem þeir kalla hringrás fötlunar og fátæktar og birt í meðfylgjandi flæðiriti:[108]

[106] Ibid., 23. Sjá einnig grein Arnljóts Ólafssonar „Um ómagaframfærslu." frá árinu 1888 og umfjöllun Sigurðar Gylfa Magnússonar um þessa sömu grein í bókakaflanum „Sögur af fátæku fólki og þurfalingum árið 1902",107–110.
[107] Þegnréttur er nútímahugtak sem fötlunarfræðin hefur haft mikið til umfjöllunar. Um er að ræða borgaraleg réttindi einstaklinga. Þegar hugtakið er notað í rannsóknir á fortíðinni verður að hafa í huga að meðvitund einstaklinga um þegnrétt sinn tók miklum breytingum á tímabilinu sem hér er til umfjöllunar. Á síðustu áratugum hefur barátta fyrir réttindum fatlaðs fólk ekki síst snúist um vitundarvakningu á þegnrétti þeirra.
[108] Barnes, C., Mercer, G., *Exploring Disability*, 250.




Þessa hringrás byggja þeir á fjölda rannsókna hvaðanæva að úr heiminum. Þeir draga sérstaklega fram þennan blákalda veruleika fátækari hluta heimsins, einkum í Afríku, Asíu og Suður Ameríku.

> When juxtaposed with the lack of the most basic medical and rehabilitation treatments and support systems, ‘the problems of inequality and injustice are so massive as to appear unmanageable’ […]. The harsh reality is that few poorer countries have the resources to sustain anything like an adequate welfare safety net for the most disadvantaged groups in the population. It has been calculated that only about 2 per cent of disabled people in low- and middle-income countries have access to disability-related support (Katsui, 2006). Hence, the likelihood of large-scale improvements being achieved is remote exactly because disabling barriers are so extensive and entrenched and the resourses to fund the necessary changes so limited (Charlton, 1998).[109]

Í endurútgáfu bókar Michaels Oliver *The New Politics of Disablement* frá árinu 2012 halda þeir Oliver og Barnes því fram að það sé vel rökstudd tenging milli fátæktar, heilsubrests og skerðinga.

[109] Ibid., 251.

> However it is defined there is growing evidence that people with impairments are generally "the poorest of the poor" in rich and poor countries alike (Coleridge, 1993; Charlton, 1998; Stone, 1999; Hurst & Albert, 2006;Yeo, 2006). Successive studies have shown that poor health, impairment and mortality rates are significantly higher amongst those at the foot of the social hierarchy in all societies (Bartley, 2004) In the UK, for instance, a government-sponsored study produced in 2010 found that during a period of increased spending on the National Health Service (NHS) and rising prosperity generally: Not only is life expectancy linked to social standing, but so is the time spent in good health: the average difference in "disability-free life expectancy" is now 17 years between those at the top and those at the bottom of the economic ladder' (Ramesh, 2010, p.l). The incidence of impairment is also higher among other socially disadvantaged groups such as women and members of minority ethnic communities. For example, women and members of minority ethnic communities are far more likely to be diagnosed as "mentally ill" than the rest of the population (Barnes & Mercer, 2010). Similarly poverty is the main cause of chronic diseases and long term impairments in poor and developing countries (WHO, 2001b; 2011). Overall international data suggest that around one-half of the world's impairment is linked directly to poverty (DFID, 2000, 2011).[110]

Sömu sögu má segja af íslensku bændasamfélagi á því tímabili sem rannsókn þessi byggir á. Innviðir voru veikir og jafnvel ekki fyrir hendi og samfélagsleg úrræði afar fábrotin. Það má því segja að fatlað fólk á Íslandi á því tímabili sem hér um ræðir hafi verið fátækast allra í afar fátæku landi þar sem líkamlegt vinnuframlag hvers og eins var undirstaða lífsbaráttunnar.[111]

Í íslenskum textum birtust nafnorðið *fötlun* og sögnin að *fatla* fyrst á 19. öld en sögnin að *fatlast* hefur verið notuð í ritmáli frá fyrri hluta 17. aldar. Í upphafi var hún jöfnum höndum notuð um einhvern sem forfallast eða eitthvað sem bilar eða er bilað.[112] Flæðimyndin af hugtakinu fötlun frá orðaneti Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gefur góða mynd af því hvað hugtakið getur vísað í margar áttir.[113]

110 Oliver, M., Barnes, C., *The New Politics of Disablement,* 108.
111 Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with words,* 23.
112 „Ritmálssafn Orðabókar Háskólans."
113 „Íslenskt orðanet."




Ef rýnt er í hin svokölluðu skyldheiti við hugtakið fötlun eiga þau það sammerkt að vísa í eitthvað sem tengist annað hvort læknisfræði eða göllum eða jafnvel hvoru tveggja. Hér birtist hið svokallaða læknisfræðilega sjónarhorn sem lítur á fötlun sem galla sem þarf að draga úr og helst laga með aðstoð læknisfræðinnar.[114]

**Tilfinningatengt tungutak, tilfinningasamfélög og tilfinningastef** – Kenningar bandaríksa safnfræðingsins Barböru Rosenwein, um tilfinningatengt tungutak (e. *emotional words*) og tilfinningasamfélög (e. *emotional communities*) eru mér mikilvægt leiðarljós bæði í rannsókninni og greiningu á henni. Kenning Rosenwein og skilgreiningar hennar á hugtökunum tilfinningar, tilfinningasamfélög og tilfinningaorð eru á þessa leið:

- Tilfinningar. Til er sammannleg og líffræðileg hæfni sérhvers einstaklings til að finna fyrir því sem við köllum tilfinningar en það sem gefur þeim nafn, metur og virðir þær er skapað við tilteknar félagslegar aðstæður.
- Tilfinningasamfélög. Þetta eru sjálfstæð, síbreytileg og óútreiknanleg samfélög, sem lúta eigin lögmálum og siðum. Hver einstaklingur getur verið hluti af mörgum tilfinningasamfélögum í einu. Þessi samfélög eiga margt sameiginlegt með tungutakshópum/samfélögum (e. *speech communities*), sem hafa svipaða afstöðu til tungutaksins á hverjum tíma og á hverjum stað. Tilfinningasamfélög geta verið jafnt miðjustillt í samfélögum eða á jaðrinum og jafnvel hvert inni í öðru.[115]

[114] Guðrún V. Stefánsdóttir, „*Ég hef svo mikið að segja*“, 18–19.
[115] Rosenwein, B., *Generations of Feeling*, 3–4.

- Tilfinningaorð og tilfinningastef (e. *emotional words and emotional sequences*). Rannsóknir á tilfinningalífi í fortíðinni byggjast fyrst og fremst á orðum og orðasamböndum, sem eru breytileg frá hverju tilfinningasamfélagi til annars. Til þess að greina tilfinningasamfélögin þarf að bera mismunandi samfélög saman í gegnum textagreiningu á tilfinningaorðum. Með því verða til svokölluð stef sem bera með sér sérkenni hvers tilfinningasamfélags fyrir sig.

Í bók sinni *Generations of Feeling: A History of Emotions 600–1700*, sem út kom árið 2015, býr Rosenwein til safn smásagna af tilfinningasamfélögum sem spanna þetta langa tímabil. Þrátt fyrir að Rosenwein hafi notað tilfinningaorð til að greina samfélög þau sem hún var að vinna með þá er ekki langt frá þeim tilfinningaorðum til þeirra yrðinga sem lýsa ástandi einstaklinga í opinberum samtímaheimildum hér á landi. Allt eru þetta orð í texta sem koma frá einstaklingum eða fjalla um einstaklinga og má líta á yrðingarnar sem eins konar ástandslýsingar. Eftir því sem yrðingarnar eru fleiri og ítarlegri um sérhvern einstakling verður okkur ástand hans á hverjum tíma á lífsþræðinum ljósara auk þess sem þær hafa að geyma sérkenni tilfinningasamfélagsins í kringum einstaklinginn. Með því að nýta aðferð Rosenwein um söfnun ákveðinna stefja birtist okkur kerfislægari veruleiki en hver saga fyrir sig gefur færi á. Stefin draga fram helstu áskoranir sem einstaklingarnir stóðu frammi fyrir auk mögulegra úrræða í afar hörðum heimi, eins og kemur fram í þriðja hluta ritgerðarinnar. Þar sem tilfinningasamfélögin eru svo margbreytileg er nauðsynlegt að draga lífsþræði sem flestra einstaklinga inn í mengið til að fá tækifæri til að skoða margbreytileika þeirrar birtingarmyndar sem tilfinningarnar veita. Þessi staðreynd knúði mig til að nálgast aðferðafræði einsögunnar með öðrum hætti en flestir íslenskir sagnfræðingar gera sem og erlendir.

**Vald og vanmáttur** – Í doktorsrannsókn sinni *Sjálfstætt fólk? Vald og andóf á Íslandi á tímum vistarbandsins*, sem Vilhelm Vilhelmsson varði við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands í nóvember 2015, og afleiðum hennar, bæði birtum greinum og í bók sinni *Sjálfstætt fólk* frá árinu 2017, beitir hann fræðilegum heitum og kenningum, sem hafa orðið mér heilladrjúgar. Hér er um að ræða rannsókn á þeim valdaafstæðum í hversdagslífi Íslendinga, sem birtast í dómabókum sýslumanna og svokölluðum sáttabókum þar sem ritaðir voru úrskurðir sáttanefnda um lítil, hversdagsleg og oft fáfengileg deilumál manna í millum.[116] Vilhelm dregur fram úr þessum heimildum merkilegt andóf einstaklinga gegn því regluverki sem var í gildi og þeim embættismönnum sem beittu því. Andóf þeirra var bæði meðvitað og ómeðvitað. Vilhelm heldur því fram að þetta ákveðna „stjórnleysi“ þeirra sem settir voru undir hið formlega vald hafi verið virkur áhrifaþáttur „í mótun félagsgerðar íslensks samfélags á 19. öld, og um leið sögulega þróun hennar, þrátt fyrir síendurteknar tilraunir yfirvalda til þess að temja þá. Saga Íslands verður því ekki skilin til fulls án þess að taka undirsáta samfélagsins alvarlega sem sögulega gerendur.“[117]

Kenningagrunnur Vilhelms er ættaður meðal annars frá franska sagnfræðingnum Michel Foucault og snýst um valdaafstæður, undirsáta, atbeina, siðræna ögun samfélagsins og hvers konar andóf einstaklinga gangvart þeirri ögun.[118] Samkvæmt kenningum Foucault verður

[117] Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, IV–V.
[118] Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 17–33.

valdið ekki „til“ fyrr en því er beitt í sambandi tveggja eða fleira aðila og þá hvar sem er innan samfélagsins. Í fyrirlestri sem Foucault hélt í College de France 11. janúar 1978 glímdi hann við skilgreiningu sína á hinu flókna valdahugtaki:

> This analysis involves investigating where and how, between whom, between what point, according to what processes, and with what effects, power is applied. If we accept that power is not a substance, fluid, or something that derives from a particular source, then this analysis could and would only be at most a beginning of a theory, not of a theory of what power is, but simply of power in terms of the set of mechanisms and procedures that have the role or function and theme, even when they are unsuccessful, of securing power. […] Power is not founded on itself or generated by itself. Or we could say, more simply, that there are not first of all relations of production and then, in addition, alongside or on top of these relations, mechanisms of power could be understood as the beginnings of something like a theory of power.[119]

Enski félagsfræðingurinn Anthony Gidden gerir greinarmun á valdi í anda Foucault og yfirráðum (e. *domination*) sem hann segir að sé menningarbundið og stofnanavætt vald. Þennan mun greinir Vilhelm Vilhelmsson á eftirfarandi hátt:

> Um er að ræða ólíkar en þó samofnar tegundir valdaafstæðna sem eru allt umlykjandi en á sama tíma vettvangur átaka þar sem tilvist þeirra felst í iðkun valdbeitingar sem aftur er háð viðbrögðum þeirra sem valdinu eru beittir og þeim ófyrirsjáanlegu afleiðingum sem hljótast af þeim samskiptum.[120]

Á sama hátt má greina á milli mótbreytni/viðnáms (e. *counter–conduct*) og andófs (e. *resistance*) þar sem viðnámið gegn valdinu kemur fram sem eins konar ómeðvitað og ósjálfrátt viðbragð. Foucault gerði hugtökin breytni (e. *conduct*) og mótbreytni, sem ég kýs að þýða sem viðnám, að umræðuefni í framangreindum fyrirlestri árið 1978. Hann sagði þar að breytni einstaklingsins væri viðbragð við jafnt valdstjórn annarra og eigin sjálfstjórn sem mótuð væri bæði af orðuðum og óorðuðum leikreglum í samfélaginu. Spennan gæti skapast á milli valdstjórnar og sjálfstjórnar sem gæti leitt til andófs.[121]

Það er mjög athyglisvert að skoða flæðimyndina af hugtakinu vald hjá orðaneti Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og sjá helstu grannheiti þess og skyld hugtök.[122] Það ber ekki mikið á tengingum hugtaksins valds við tilfinningaorð að hætti Rosenwein.

---

[119]Foucault, M., *Security, Territory, Population*, 2.
[120] Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 25.
[121] Foucault, M., *Security, Territory, Population*, 193–194.
[122] „Íslenskt orðanet.“




Rannsóknir okkar Vilhelms Vilhelmssonar hafa sama sögusvið og umhverfi og þeir einstaklingar sem við fjöllum um bjuggu við sama regluverk og oft á tíðum sömu eða sambærilega yfirmenn, hvort sem það voru húsbændur eða embættismenn. Það sem skilur rannsóknir okkar að er að í minni rannsókn er um einstaklinga að ræða, sem eru mjög viðkvæmir fyrir valdbeitingu. Þeir höfðu á engan hátt sambærilegan atbeina og aðrir sem voru til þess að gera heilbrigðir á sál og líkama og gátu tekið almennan þátt í samfélaginu. Það þarf því að skoða enn fíngerðari viðbrögð einstaklinga til að greina viðnám þeirra gegn hvers konar valdbeitingu. Það sem greining á valdaafstæðunum getur helst dregið fram er hvernig og hversu vanmáttugir margir þessara einstaklinga voru.

Til þess að ná enn betur utan um valdaafstæður hjá þessum hópi verður að sækja í aðra kenningaramma. Þar hef ég kosið að notast við mikilvæga bók, *The Faces of Intellectual Disability. Philosophical Reflections* eftir bandaríska heimspekingsins Liciu Carlson. Bókin kom út árið 2010 en síðan þá hefur Carlson skrifað margar fræðigreinar um rannsóknarsvið sín innan samtímaheimspeki er spanna allt frá femínisma, fötlun, tónlist og veikindum til almennrar siðfræði læknavísindanna.[123] Í bókinni greinir Carlson rætur og uppruna viðtekinna viðhorfa til einstaklinga með þroskahömlun bæði innan stofnana og utan og í sögulegu samhengi og samtíma. Í ítarlegum inngangskafla kortleggur hún samband heimspeki við rannsóknir á

[123] Carlson, L., *The Faces of Intellectual Disability. Philosophical Reflections*. Sjá einnig grein hennar „Intelligence, Disability, and Race: Intersections and Critical Questions.“

fötluðum einstaklingum og samfélagssamhengi. Þar kemur fram að þrátt fyrir að líkamleg og andleg fötlun sé sjaldgæft umfjöllunarefni í hefðbundinni vestrænni heimspeki hafi orðið mikil umskipti síðustu áratugi. Það á sérstaklega við þætti er varða siðfræði læknavísinda, „mennsku“ þroskaskertra og sjálfsákvörðunarrétt, svo fátt eitt sé talið. Þar að auki hafa orðið mikil umskipti á stöðu og réttindum fatlaðs fólk gagnvart stjórnvöldum. Fyrst og fremst er hlutverk heimspekilegra greininga á stöðu fatlaðs fólk „að afhjúpa“ (e. *unmask*) mannasetningar, sem litið hefur verið á sem einhverskonar náttúrulögmál. Hér vitnar hún einnig til kenninga Michel Foucault.

Í lok bókar sinnar veltir Carlson mögulegum áhrifum sinna eigin greininga á viðteknar meginhugmyndir um einstaklinga með þroskahömlun og vonar að hún hafi „tekið í sundur hús meistarans með hans eigin verkfærum,“ þ.e.a.s. nýtt greiningartæki heimspekinnar til að grafa og finna kjarna almennra viðhorfa til fólks með þroskahömlun í bráð og lengd. Þarna vitnar hún til orða bandaríska rithöfundarins Audre Lorde um að það sé ekki hægt að nota verkfæri meistarans til að taka í sundur hús hans enda þurfi ný verkfæri til að afbyggja rótgrónar hugmyndir.[124] Árið 1978 birtist stutt en snörp grein eftir Lorde með titlinum „Scratching the Surface: Some notes on Barriers to Women and Loving“ í tímaritinu *Black Scholar Journal,* sem enn hefur áhrif á rannsóknir og umfjöllun um hópa sem upplifa sig einhverra hluta vegna á jaðri samfélagsins. Í upphafi greinarinnar er skilgreining á fjórum hugtökum sem öll tengjast því sem hún nefndi „blind trúarbrögð“:

- RASISIMI: Sú trú að einn kynþáttur sé hafinn yfir alla aðra og hafi því óskoraðan rétt til yfirráða.
- SEXISMI: Sú trú að eitt kyn sé hafið yfir öll önnur og hafi því óskoraðan rétt til yfirráða.
- HETERÓSEXISMI: Sú trú að ein kynhneigð sé hafin yfir allar aðrar og hafi því óskoraðan rétt til yfirráða.
- HÓMÓFÓBÍA: Hræðslan við allar tilfinningar sem tengjast ást og aðdráttarafli að eigin kyni og það hatur sem skapast við að sjá og upplifa slíkar tilfinningar hjá öðrum.[125]

Að mati Lorde eru þessi blindu trúarbrögð öll af sömu rót en í því felst „vanmátturinn til að skilja og samþykkja mannlega fjölbreytni, sem dýpkar frekar en ógnar hinu vel skilgreinda normi sérhvers samfélags.“ Það þurfi að finna normið og benda á hvernig jaðrar samfélagsins séu ávallt skilgreindir út frá norminu.

Leiðarstef ofangreindra skilgreininga hefur verið yfirfært á aðra jaðarhópa en ekki aðeins bandarískar litaðar konur og þá ekki hvað síst innan kynjafræði. Skrif Audre Lorde lögðu grundvöll að kenningum um samtvinnun, sem hefur þróast áfram í það sem hægt er að kalla kerfisgreiningu yfirráða (e. *matrix of domination*) til að varpa ljósi á margþætta mismunun.[126] Sjónarhorn þessara kenninga einskorðaðist framan af við bandarísk, svört og feminísk fræði en hefur öðlast sífellt meiri skírskotun í ýmsum öðrum jaðarfræðum. Bandaríski

[124] Carlson, L., *The Faces of Intellectual Disability. Philosophical Reflections*, 206.
[125] Greinin var birt aftur í safni verka Audre Lorde, *Your Silence Will Not Protect You*, 12–21.
[126] Íris Ellenberger og Þorgerður Þorvaldsdóttir hafa notað hugstakið *samtvinnun* í sínum rannsóknum. Sjá grein Írisar Ellenberger, „Lesbía verður til“, 7–52 og grein Þorgerðar Þorvaldsdóttur „Því miður eruð þér ekki á kjörskrá.“ Samtvinnun sem greiningartæki í sagnfræði“, 74–112.

félagsfræðingurinn, femínistinn og aktífistinn Patricia Hill Collins hefur til fjölda ára leitt útfærslurnar á kenningum um samþættingu og kerfisgreiningu valds. Þessi greiningartæki varpa ljósi á flókið og samþætt vald samfélaga yfir einstaklingum í gegnum skilgreiningar á breytum á borð við *kynþætti, stétt, stöðu, kyngervi, uppruna, þjóðerni* og *aldur* svo fátt eitt sé talið, bæði á sögulegum og samfélagslegum grunni.[127] Sé breytunni *fötlun* bætt við verður til fimmta atriðið í blindu trúarbrögðunum sem Aude Lorde benti á:

- ABLEISMI: Sú trú að ein tegund af líkama og andlegum þroska sé hafin yfir allar aðrar og hafi því óskoraðan rétt til að móta samfélagið að sér og sínum þörfum.

Hugtakið ableismi, (e. *ableism*) eða hæfishroki, er hugtak sem bæði fræðimenn og aktífistar innan fötlunarhreyfingarinnar hafa skilgreint og notað um nokkurt skeið til að greina, benda á og gagnrýna kerfisbundna mismunun fatlaðs fólks. Bandaríski orðræðufræðingurinn James L. Cherney greinir ableisma á eftirfarandi hátt:

> When we first encounter the name "ableism," we understand it by analogy to words like sexism, by our knowledge of its apparent roots ("able" and "ism"), and by the rules for combining roots into words. A possible referent at this stage is hate crime against, abusive or mocking behavior toward, or Nazi Germany's genocide of people with disabilities. Targeted here, many find ableism easy to reject and use the term to describe a distasteful way of acting. Ableism becomes problematic when individuals come across a case where their own seemingly benign opinions might be labeled "ableist." Using the label to identify an act or an opinion that fits within one's own orientation requires individuals to reconcile their own sense of self worth and their judgment of the issue in question.[128]

Cherney bendir einnig á að ableisma sé ekki einungis að finna í aðgangshindrunum hverskonar eða útilokun heldur sé öll almenn orðræða vaðandi í ableisma:

> Disability is a loaded term, weighted down with tools and supplies sufficient for the task of making difference. Such baggage begs to be unpacked. But the project quickly becomes complicated because the ropes that bind the luggage are largely invisible as common sense. Racism and sexism may have no legitimate place in this "civilized" world, but the precepts governing modern civility continue to allow an ableist orientation. This requires those who would undermine ableist thinking to step outside of the rhetorical foundations bounded by ableist assumptions in order to recognize ableism as a destructive and dangerous perspective. In rhetorical terms, the problem is one of studying from within a rhetoric that denies its own rhetoricity.[129]

---

[127] Sjá kaflana „What is Intersectionality?“ og „Getting the History of Intersectionality Straight?“ í bók Patriciu Hill Collins og Sirmu Bilge, *Intersectionality*. Sjá einnig grein Patriciu Hill Collins, „Intersecting Oppressions.“
[128] Cherney, J. L. „The Rhetoric of Ableism.“
[129] Ibid.

Fræðimenn jafnt og aktífistar hafa vakið athygli á því hvað ableisminn liggur djúpt í orðræðunni. Sömu orð og notuð eru um skerðingar og fatlað fólk eru einnig notuð til að lýsa vanmætti, niðurlægingu eða hvers konar brotalömum í aðstæðum eða atvikum þar sem fötlun og fatlað fólk er ekki haft með í myndinni. Slík orðræða felur í sér ableisma þar sem neikvæð hugrenningatengsl eru staðfest. Rétt eins og aðrir þættir hinna blindu trúarbragða þá er ableisminn rótgróinn í öllum kerfum samfélags og menningar, þeir geta legið á yfirborðinu og fólk gerir sér grein fyrir því að tiltekin orðanotkun er meiðandi en sömuleiðis getur fólk fylgt meiðandi orðræðu án þess að gera sér grein fyrir því. Dæmi um þetta má sjá í umfjöllun Lorde sjálfrar og það er ljóst á skilgreiningunum að hin blindu trúarbrögð eru rót og hugmyndir fordóma og misréttis. Ableisminn rataði ekki inn á lista Lorde á sínum tíma og hún féll sjálf í pyttinn með því að tengja fordómana við þá líkamlegu skerðingu að vera blindur.

Fræðimenn hafa varað við því að líta á fötlun sem hverja aðra breytu á borð við *kyngervi, kynþátt og stétt* í greiningarkerfi samtvinnunarinnar því eins og Tanya Titchkosky bendir réttilega á er það hreinlega skaðleg einföldun.

> Disability is certainly gendered, raced, and classed through everyday talk, and disability also intersects with sexuality, ethnicity, age, family status, and all other forms of difference. But citing and adding difference to difference will not necessarily reveal how daily existence needs and makes these differences; how it needs and makes some differences notable some of the time, in some places, and other differences neither noticed nor viable.[…] Disability, often defined through inability, lack, and loss, receives recognition of this negating sort. Since disability has typically been left out of the politics and theorizing of gender, race, and class, it can serve as a prime discursive field where the meaning of alterity under contemporary conditions can be considered.[130]

Breyturnar *kynþáttur uppruni og þjóðerni* eiga ekki við um þessa rannsókn enda var íslenska þjóðin afar einsleit á því tímabili sem hún nær yfir. Aðeins einn einstaklingur af eitt hundrað og einum átti foreldri sem ekki var fætt á Íslandi. Breyturnar *stétt, staða, kyngervi* og *aldur* halda allar sínu gildi en að þessu sinni er nauðsynlegt að bæta fimmtu breytunni við greiningarkerfi samþættingarinnar. Það er breytan *vinnuframlag* einstaklinga og má segja að hún hafi meiri áhrif á menningar- og félagsauð einstaklinganna en flest annað. Fram undir lok tímabilsins sem er til umfjöllunar var líkami einstaklinga aðalvinnutækið á tímabilinu og það skipti alltaf máli hvernig hver og einn var fær um að beita honum. Ef viðkomandi einstaklingur gat gengið til fjölbreyttra verkefna í gamla bændasamfélaginu jókst félagsauður hans og hann varð eftirsóttari.[131] Þetta gat alveg verið óháð efnahagslegum auði nema að því leyti að viðkomandi gat séð fyrir sjálfum sér og jafnvel öðrum fjölskyldumeðlimum. Ef eitthvað brá út af og vinnutækið bilaði þá dró úr þessum sama auði. Umönnunarhlutverkið gat einnig verið afar heftandi. Það dró rækilega úr þeim félagsauði sem fólst í að geta notað líkama sinn sem vinnutæki. Sá tími og orka sem fór í umönnun hefði annars farið í önnur störf sem skilað hefðu meiri auði, hvort sem hann er skilgreindur sem félagslegur eða efnahagslegur.

---

[130] Titchkosky, T., *Reading and Writing Disability Differently*.

[131] Hér er vísað til kenninga Pierre Bourdieu um efnahagslegan, félagslegan, táknrænan og menningarlegan auð. Davíð Ólafsson, „Inngangur ritstjóra“, 14.

Samtvinnunin hentar sérstaklega vel þegar rýnt er í hagi þeirra sem þurfa á umönnun annarra að halda við athafnir daglegs lífs því þeir sem sinna umönnuninni fá tækifæri til að ná stjórn á þeim sem þeir eru að sinna. Collins bendir á tengsl kerfisgreiningar yfirráða við fortíðina.

> As the particular form assumed by intersecting oppressions in one social location, any matrix of domination can be seen as an historically specific organization of power in which social groups are embedded and which they aim to influence.[132]

Greiningartæki samtvinnunar og kerfisgreiningar yfirráða eru frekar nýlegar í fötlunarfræði og enn nýrri í sagnfræði. Í þessari rannsókn eru þau nauðsynleg, sérstaklega þegar kemur að lífsþráðum þeirra viðkvæmu einstaklinga sem voru þolendur hvers konar ofbeldis, hvort sem það var kynferðislegt eða önnur nauðung. Með því er hægt að varpa ljósi á bæði vanmátt viðkvæmra einstaklinga og oft á tíðum vanmátt og úrræðaleysi samfélagsins gagnvart því andstreymi og ofbeldi sem þeir urðu fyrir.

Hugtakið vanmáttur (e. *vulnerability*) er sótt til andstæðu sinnar, hugtaksins styrkur, og þetta andstæðupar er í meiri nánd og tengslum við tilfinningaorð heldur en hugtökin vald og yfirráð. Eins og sést á flæðimyndinni af orðanetinu þá tengist hugtakið tilfinningaorðum eins og vonleysi, bjargarleysi, breyskleika og andlegri fátækt svo fátt eitt sé nefnt, auk aumingjaskapar, hryllings og veikleika.[133]

132 Collins, P. H., *Black Feminist Thought. Knowledge, Consciousness and the Politics of Empowerment*, 228.
133 „Íslenskt orðanet.“




**Ofbeldi og einelti** – Það sama má segja um hugtakið ofbeldi (e. *violence*) og hugtakið vald að þau eru til án beitingar en það er ekki fyrr en valdi og ofbeldi er beitt sem fyrirbærin sem slík verða til. Ofbeldi getur einmitt birst í slíkri valdbeitingu. Ofbeldinu getur jafnt verið beitt á kerfisbundinn hátt af einhvers konar yfirvöldum á einhvers konar samfélagshópa og á milli einstaklinga. Slíkt ofbeldi milli einstaklinga er almennt bannað og yfirleitt refsivert. Ef rýnt er í flæðimyndina af hugtakinu ofbeldi þá sést vel hve hugtakið er margþætt. Það snýst um allt frá rúðubrotum til þrælahalds, frá tillitsleysi til skæruhernaðar.[134]

[134] „Íslenskt orðanet.“




Fatlað fólk verður fyrir meira ofbeldi en ófatlað fólk. Það verður jafnt fyrir sambærilegu líkamlegu og andlegu ofbeldi og aðrir jaðarhópar en einnig gera kvillar þess það sérstaklega vanmáttugt gagnvart ofbeldi af öllu tagi. Breski fötlunarfræðingurinn Andrea Hollomotz hefur sérhæft sig í rannsóknum á ofbeldi gegn fötluðu fólki. Hún hefur sýnt fram á að ofbeldið er bæði meira, grófara, félagslega samþykktara og samfelldara en gagnvart öðrum þjóðfélagshópum:

> Feminists have put it bluntly: Women are not raped because they are women. They are raped because of men's attitudes, men treating women as property and relationships based on power (Kelly, 1988). Similarly, disabled people are not violated because they

> are disabled, but because those who are perceived as different have less power, they are marginalised and targeted.[135]

Enn fremur segir Hollomtz:

> Derogatory treatment of disabled people is not a recent phenomenon in a society with declining morals. It should not merely be attributed to a few ostracised groups. Instead, categorical treatment of disabled people emerges from a legacy of oppression (Barnes, 1997). It takes place in the public, private and segregated sphere and continues beneath the thin veneer of contemporary rights discourses. [...]To describe disabled people's experiences of oppression and violence as occurring on a continuum enables a more holistic approach, which has the advantage that shifting boundaries between mundane intrusions and contact violence do not distract attention away from the fact that a range of processes act to systematically oppress and disempower, as well as to breach the human rights of many disabled people.This broad approach takes account of subtle and mundane incidents of oppression and intrusion. It ranges from structural inequalities, exclusion, imbalanced personal relationships and restricted autonomy, to the ratification of disablist attitudes and a higher tolerance for violence, to emotional, physical and sexual violence in the private sphere and targeted attacks in public. There is no hierarchy. The notion of a continuum acknowledges that all of these processes are harmful and mutually reinforcing.[136]

Árið 2013 kom út skýrsla um ofbeldi gegn fötluðum konum á Íslandi sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarstofa í fötlunarfræðum gerðu fyrir velferðarráðuneytið. Hún byggir á viðtölum við 13 konur sem höfðu „reynslu af margháttuðu ofbeldi í æsku og á fullorðinsárum."[137] Höfundar skýrslunnar, þær Ásdís Aðabjörg Arnalds og Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, vitna til fjölda erlendra rannsókna í inngangi skýrslunnar þar sem kemur fram að fatlaðar konur voru mun líklegri til að verða fyrir ofbeldi en ófatlaðar konur og einnig að búa mun lengur við langvarandi ofbeldi auk þess að gerendur ofbeldis gagnvart fötluðum konum voru til muna margvíslegri en gerendur ófatlaðra kvenna. Þar komu við sögu foreldrar í æsku, stuðningsaðilar, makar í nánum samböndum, aðrir fjölskyldumeðlimir og jafnvel opinberar stofnanir.[138] Niðurstaða skýrslunnar er að allar konurnar höfðu orðið fyrir ofbeldi í æsku. Flestar höfðu orðið fyrir einelti í barnaskóla og fimm þeirra höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi eiginmanns eða maka.[139]

Ofbeldi er ríkur þáttur í mörgum lífsþráðanna sem hér eru til umfjöllunar og í nokkrum sögunum er greint frá andlegu, líkamlegu og ekki síst kynferðislegu ofbeldi sem einstaklingarnir urðu fyrir. Til þess að ná fram slíkum sögum varð að leita á náðir dómskjala bæði fyrir héraði, landsyfirrétti og hæstarétti. Ofbeldið sem um er að ræða í dómsmálum var og

[135] Hollomotz, A., „Disability, Oppression and Violence", 478.
[136] Ibid., 490.
[137] Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, *Ofbeldi gegn fötluðum konum*, 3.
[138] Ibid., 8–9.
[139] Ibid., 5–6.

er refsivert en það sama er ekki hægt að segja um allt það ofbeldi sem lá undir yfirborðinu. Því verður að grípa til hugtaksins hægfara ofbeldi. Samkvæmt skilgreiningunni sem rædd var hér að framan er hægfara ofbeldi stöðugt og sífellt streituástand sem hefur yfir sér blæ yfirvofandi hörmunga. Því er hægt að spyrja sig hvenær mótlæti breytist í hægfara ofbeldi? Er það ekki þegar úrræðaleysi samfélagsins er orðið algjört gagnvart viðkomandi einstaklingi og biðin eftir að dauðinn aðskilji einstaklinginn frá samfélaginu tekur við? Á meðan beðið er, þjást bæði einstaklingurinn og samfélagið af hægfara ofbeldi.

Hugtakið einelti (e. *bullying*) getur átt við bæði sýnilegt og ósýnilegt ofbeldi, hratt og hægfara. Það er síendurtekin hegðun sem beint er að einum einstaklingi í því skyni að særa, móðga, niðurlægja og jafnvel ógna honum. Annað einkenni eineltis er valdamisræmi milli geranda og þolanda.[140] Alls kyns sinnuleysi og skortur á samkennd er einelti í anda hægfara ofbeldis. Að sama skapi getur of mikil athygli og sinna snúist upp í andhverfu sína og orðið að ofbeldi.[141]

Einelti er iðkað á tilfinningasviðinu. Það beinist að því að auka vanmátt hvers og eins þolanda. Þegar hugtakið er skoðað hjá orðaneti sjást tengslin milli hugtaksins og tilfinningaorða á borð við depurð, einmanaleika kvíða og vanlíðan.[142]




[140] Marín Árnadóttir, „Þættir af Sólveigu Eiríksdóttur og Jóni Gissurarsyni.“ (Væntanleg)
[141] Watson, N., *Daily denials*, 45.
[142] „Íslenskt orðanet.“

**Sársauki og þjáning** – Breski sagnfræðingurinn Joanna Bourke hefur fjallað töluvert um sársauka í fortíðinni og þá sérstaklega um tengsl sársauka við þróun lyfjafræðinnar á verkjalyfjum, auk þess að skilgreina sársauka sem „viðburð“ sem hafi ákveðið upphaf og endi.[143] Nokkrum árum áður en bók Bourke kom út skrifaði hún grein í tímaritið *History Today* þar sem hún hvatti sagnfræðinga til að rannsaka sögu sársaukans því hann væri og hefði alltaf verið hluti af menningunni og því ætti hann sögu.[144]

Fötlunarfræðingurinn Tom Shakespeare sem minnst hefur verið á hér að framan kemur að umfjöllun um sársaukann á mjög persónulegan hátt enda er hann dvergvaxinn maður sem hefur nýtt sér hjólastóla eftir því sem líkamlegar skerðingar hans hafa orðið þyngri.[145] Umfjöllun Shakespeares um tengsl sársauka einstaklinga annars vegar og við samfélagslega fötlun og skerðingar hins vegar sýna hvað líkamlegur og andlegur sársauki er erfitt og flókið umfjöllunarefni.

> I want to say that impairment and illness is often experienced not just as difference, but as difficulty and limitation and pain and suffering. Disability entails a decrement in health (WHO, 2001). Having an impairment is not like being gay or from a different culture: the solution is not just revaluing diversity..“[146]

Bandaríski bókmennta- og fötlunarfræðingurinn Tobin Sibers bendir á í bók sinni *Disability Theory* að mannskepnan sé í eðli sínu viðkvæm og vanmáttug. Tilvist hennar stafi ógn af veikindum, áverkum, líkamlegum skerðingum, elli og dauða.[147] Allt eru þetta þættir sem bera með sér sársauka.

Ef litið er á hugtakið sársauki í orðanetinu má sjá að það tengist lítið sem ekkert tilfinningaorðum heldur líkamlegum skírskotunum.[148]




[143] Bourke, J., *The Story of Pain. From Prayers to Painkillers,* 5.
[144] „Pain was (and is) given meaning within culture: in this way, pain has a history“. Bourke, J. „The History of Medicine as the History of Pain.“
[145] Shakespeare, T., *Disability Rights and Wrongs Revisited*, 6–7.
[146] Ibid., 84.
[147] Sibers T., *Disability Theory*, 7.
[148] „Íslenskt orðanet.“

Þjáning hefur ekki eins afmarkað upphaf og endi eins og sársauki. Bresk ástralski félagsfræðingurinn Bryan S. Turner vill aðskilja þessi tvö hugtök sérsaklega í rannsóknum í fötlunarfræði.

> Human beings can suffer without an experience of pain; conversely, they can have an experience of pain without suffering. Suffering is essentially a situation in which the self is threatened or destroyed from outside, for example, through humiliation. We can suffer the loss of a loved one without physical pain, whereas a toothache may give us extreme physical pain without a sense of loss of self or the humiliation of self. While suffering is variable, pain might be regarded as universal. […] This claim about the unity of suffering can provide a universalistic foundation for human rights: Frailty is a universal condition of the human species because pain is a fundamental experience of all organic life.[149]

Þjáningin er því tilfinningaorð og nátengd hægfara ofbeldi. Hún getur bæði verið hægfara ofbeldi og þáttur í því á svipaðan hátt og tilfinningasamfélög geta verið hvert inni í öðru. Þjáning einstaklings hefur áhrif á það tilfinningasamfélag sem hann er hluti af og þessi áhrif skapa viðbrögð við þjáningu hans til ills eða góðs fyrir einstaklinginn. Ef flæðikortið af hugtakinu þjáning er skoðað, koma fram tengingar við önnur tilfinningaorð á borð við söknuð, vonleysi, sorg og lykilhugtakið vanmátt.[150]




[149] Turner, B. S., „Disability and the Sociology of the Body“, 263.
[150] „Orðanet.“„Íslenskt orðanet.“

Ég legg upp með að greina úr yrðingunum líkamlegt og andlegt ástand einstaklinganna, jafnframt því að draga fram þætti sem hægt er nýta til að geta sér til um tilfinningalíf þeirra og tilfinningasamfélög. Sársauki og þjáning er fylgifiskur líkamlegra og andlegra kvilla og þegar ofbeldi af ýmiss konar tagi kemur inn í jöfnuna eykst bæði sársauki og þjáning einstaklinganna. Eins og áður hefur komið fram eru hugtökin vald og vanmáttur ekki andstæðupar. Hugtakið vald er hlutlægt (e. *objective* ) á meðan hugtakið vanmáttur liggur á tilfinningasviðinu. Saman skapa þau áhugavert greiningartæki á lífsþræði einstaklinganna.

## 4. Aðferðafræði rannsóknarinnar

Rannsókn þessi er ekki aðeins á mörkum fötlunarfræði og einsögu heldur sker hún sig úr flestum íslenskum einsögurannsóknum að því leyti að miklu fjölbreyttari heimildir liggja undir að þessu sinni og fjöldi einstaklinganna, sem kynntir eru til sögunnar, er umtalsverður. Einnig er sjónarhornið á einstaklingana nær undantekningarlaust frá yfirvöldum en ekki jafningjum eða einstaklingunum sjálfum.

Með því að skerpa sjónarhorn rannsóknarinnar með kenningum þeim og hugtökum sem kynnt voru hér að framan var hægt að draga fram efnislegar aðstæður fatlaðs fólks í daglegu lífi þess. Hér verður að gæta þess að fara sérstaklega varlega í að draga of „nútímavæddar“ ályktanir af heimildunum. Einnig verður að sýna varúð þegar rannsóknin hættir sér út í hinn óhlutbundna heim tilfinningalífsins eða jafnvel vangaveltur um líkamlegan sársauka einstaklinga í fortíðinni. Í nokkrum tilfellum urðu lífsþræðirnir marglaga þar sem þeir eru tvinnaðir saman úr fjölda heimilda. Oftar en ekki getur það sem ekki kemur beinlínis fram í heimildum orðið jafnvel forvitnilegra en staðreyndabútarnir sem heimildirnar geyma, því „þögnin“ getur ein og sér gefið sterkar vísbendingar um hið stóra samhengi hverrar sögu. [151]

Mikil áhersla er lögð á að hafa allar opinberu heimildirnar ótengdar einstökum embættismönnum. Þess vegna eru þeir aldrei nafngreindir heldur er litið svo á að sérhvert embætti fjalli um einstaklingana. Með þessu verða til ákveðnar erkitýpur í texta sagnanna eins og til dæmis „sóknarpresturinn“, „prófasturinn“, „biskupinn“ „hreppstjórinn“, „hreppsnefndin“, „hreppsyfirvöld“, „sýslumaðurinn“ „héraðslæknirinn“, „landlæknirinn“ og svo framvegis. Þetta er gert til þess að leggja áherslu á þá staðreynd að sögurnar, sem sagðar eru að þessu sinni, eru sögur þeirra einstaklinga sem um er fjallað. Þær fjalla ekki um einstaka embættismenn, sama hvað þeir lögðu persónulega til málanna til góðs eða ills, heldur fólkið sjálft sem var viðfang þeirra.

Í upphafi greiningar minnar gerði ég ráð fyrir að búa til undirstöðu undir rannsóknina með því að fara kerfisbundið í gegnum bréfabækur, bréfadagbækur og bréfasöfn sýslumanna fyrir árin 1874–1875 í leit að upplýsingum um fólk sem gæti fallið undir þá skilgreiningu á fötluðum einstaklingum sem rædd var hér að framan.[152] Upplýsingarnar áttu svo að leiða áframhaldandi leit að frekara efni um fólkið, sem væri á öllum aldri, ungt og gamalt og félli undir áðurnefnda

[151] Sjá grein Sigurðar Gylfa Magnússonar, „Microhistory, Biography and Ego-Documents in Historical Writing.“, 133–153.
[152] Gögnin eru í um það bil 110 öskjum á Þjóðskjalasafni Íslands.

skilgreiningu. Þessi rannsóknarleið var hugsuð til að lengja tímalínu rannsóknarinnar bæði aftur á bak og fram.

Eftir að vinnu minni á Þjóðskjalasafni Íslands lauk á sínum tíma hóf ég störf við gerð Íslendingabókar undir síðustu aldamót. Þar „átti“ ég sérstök og afmörkuð svæði á landinu, svæði sem mér var ætlað að rannsaka. Fyrst var það Gullbringu- og Kjósarsýsla og eftir því sem á leið stækkaði svæðið, bæði í austur, vestur og norður þannig að „mitt“ svæði náði við starfslok frá Rangárvallasýslu til Borgarfjarðar og Mýrasýslu. Á þessum tæpa áratug kynntist ég mínu svæði vel og rækilega, þekkti í raun hvern krók og kima sem tengdist því. Af þessum ástæðum ákvað ég að byrja á að fara í gegnum skjalasafn sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. Fljótlega áttaði ég mig á því að ég þyrfti að fara nær grasrótinni af því að mál þeirra einstaklinga, sem tekin voru fyrir á sviði sýslumanna, voru nær eingöngu stór vandamál og úrlausnarefni auk þess sem árin 1874 og 1875 voru mikil fjárkláðaár, sem áttu hug sýslumannsins nær allan. Ég varð því að finna aðra leið í leit að „fólkinu mínu.“ Eina ráðið var að rannsaka heimildaflokka, sem liggja nær fólkinu sjálfu en það eru bæði manntalsgögn, hreppsgögn og heimildir úr prestsþjónustubókum og sóknarmannatölum.

Á vef Þjóðskjalasafns Íslands er að finna skannaðar myndir af öllum fyrirliggjandi prestsþjónustubókum og sóknarmannatölum, alls 2735 bækur.[153] Jafnframt því að fletta hreinlega í gegnum öll sóknarmannatölin, hvert á fætur öðru, ár eftir ár, í leit að vísbendingum nýtti ég mér allar mögulegar leitaraðferðir í gagnasöfnum á borð við timarit.is og jafnvel ábendingar frá gestum og gangandi til að finna þá einstaklinga, sem ættu heima innan rannsóknarinnar.

Eftirfarandi dæmi skýrir svo vinnulagið frekar. Í vefútgáfu manntalsins 1835 kemur fram að á bænum Tröð í Staðarstaðarsókn í Snæfellsnessýslu bjuggu þá hjónin Jón Þórðarson (f. 1787) og Guðrún Guðlaugsdóttir (f. 1789) ásamt fimm börnum sínum; Guðrúnu, Jóni, Kristínu, Helgu og Þorgeiri. Þau Guðrún, Jón og Þorgeir voru sögð bæði heyrnar- og málllaus.[154] Hver er saga þessarar fjölskyldu og hvar skal helst leitað að þráðum í þá sögu? Fyrsta skrefið er að skoða önnur manntöl. Síðan liggur leiðin í kirkjubækur Staðarstaðarsóknar og um leið leitað ráða til að kynnast prestinum nánar. Þaðan liggur leiðin í hreppsbækur og svo í skjalasafn sýslumanns Snæfellinga. Því næst verður reynt að elta fólkið milli bæja og sókna. Eins og kunnugt er, var hreyfing á fjölskyldum milli bæja yfir lífsferilinn sem gerir það að verkum að mikilvægt er að kanna slíkan feril hjá því fólki sem við sögu rannsóknarinnar kemur.[155] Búferlaflutningar og tíðni þeirra gefa ákveðna mynd af efnahagslegri stöðu fólks sem og félagslegum bakgrunni þess. Skírnir og skírnarvottar, fermingar, giftingar og svaramenn; allt eru þetta mikilvægar vísbendingar um daglegt líf fólksins sem skoðað er. Þegar einhver deyr þá þarf að skipta reitum og kannski finnst uppskrift af búi hjónanna og jafnvel uppboðsgögn, einkum ef þau munu hafa þegið sveitarstyrk og skuldað hreppnum. Slíkt gefur mikilvæga innsýn inn í efnisheim fólks, hvernig það náði að koma ár sinni fyrir borð og hvers konar hluti

---

[153] Sjá *Þjóðskjalasafn Íslands. Skjalaskrár*.
[154] ÞÍ. Manntöl 1835,1840, 1845–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AA/3–1–1. Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla Þess skal getið að við nánari skoðun á vélrituðu eintaki manntalsins 1835 á lestrarsal Þjóðskjalasafnsins kemur í ljós að Jón er þar ekki skráður sem heyrnar– og málllaus. Þetta litla dæmi varð til þess að ég tók þá ákvörðun að leita alltaf í frumheimildir manntalanna.
[155] Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Ómagar og utangarðsfólk*, 24–44.

það hafði í kringum sig daglega. Einnig er mikilvægt að rannsaka tungutak opinberra aðila sem og annarra heimildamanna og læra að finna blæbrigðamuninn á mismunandi orðalagi. Þetta kallaði sagnfræðingurinn Thomas V. Cohen, prófessor í York University í Kanada, að fara í „heita pottinn“ með viðfangsefnum sínum (e. *„soaking with our subjects*“) í fyrirlestri sem hann hélt í Háskóla Íslands í júní árið 2016.[156]

Að lokum fengu þau systkinin í Tröð ekki að vera með í rannsókninni og því fáum við ekki að vita meira um þau, hagi þeirra, vonir, þrár og örlög að þessu sinni. Ástæðan er einfaldlega sú að nöfn tveggja þeirra eru algengustu nöfn á Íslandi fyrr og síðar en fyrst og fremst vegna þess að opinberar heimildir af Snæfellsnesi eru ekki nægilega heillegar til þess að hægt sé að greina á milli alnafna. Sögurnar innan rannsóknarinnar urðu samt sem áður á endanum hvorki fleiri en færri en eitt hundrað og ein.

Eins og kom fram hér að framan fór ég kerfisbundið í gegnum öll sóknarmannatölin í leit að forvitnilegum yrðingum um einstaklinga sem féllu undir ofangreinda skilgreiningu á fötluðu fólki. Ég nýtti mér skjalaskrá Kirknasafns Þjóðskjalasafns Íslands, sem raðar sóknum landsins eftir gömlu fjórðungaskiftingu landsins með upphaf í Austfirðingafjórðungi og enda í Norðlendingafjórðungi. Ég safnaði yrðingunum saman á eins hlutlægan hátt og mér var unnt án tillits til fæðingarárs, staðar, kyns og kvilla. Þegar yrðingum um ákveðna einstaklinga fjölgaði fengu þeir sitt eigið skjal með grunnupplýsingum úr manntölum og ættfræðigagnagrunninum Íslendingabók. Á sama tíma tók ég ábendingar um áhugaverða einstaklinga til greina og bætti þeim í safnið. Ég ætlaði ekki að láta algeng mannanöfn eins og Jón Jónsson eða Guðrún Jónsdóttir trufla rannsóknina en varð að bakka með það í nokkrum tilfellum þar sem heimildir skorti. Á endanum voru það 362 nafngreindir Íslendingar sem fengu sitt eigið skjal með yrðingum. Mér varð ljóst að umfjöllun um þau öll væri allt of umfangsmikið verkefni. Lífsþræðir margra voru einnig of brotakenndir og heimildir um þá af of skornum skammti. Rétt er að taka fram að þetta er ekki nema brot af því fatlaða fólki sem lifði og dó á Íslandi á þessu tímabili.

Fyrsti niðurskurður á hópnum fór fram við lok fyrstu yfirferðar um sóknarmannatölin og við tók ítarlegri rannsókn á þeim sem eftir voru með aðkomu annarra opinbera heimilda. Eftir því sem rannsókninni vatt fram fækkaði í hópnum, jafnframt því að athyglin beindist meira og meira að ákveðnum einstaklingum í sambærilegum aðstæðum. Með því kom ég í veg fyrir að margar svipaðar sögur væru sagðar. Ég einsetti mér að mynda mitt eigið tilfinningasamband við hvern og einn og leyfði mér að velta vöngum yfir lífsþráðum þeirra og örlögum. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að slík tilfinningasambönd eru afar einhliða og ímynduð. Þessi leið, sem mætti lýsa sem eins konar fóstbræðralagi mín og þeirra, var mér stöðug áminning um að „fólkið mitt“ var af holdi og blóði á sínum tíma og eini munurinn á því og mér er sá að þau eru látin en ég á lífi. Dýpt tilfinningasambandsins hafði nokkuð um það að segja hvort þessi eða hinn fékk að vera með í lokaúrtakinu en einnig passaði ég upp á að reyna að dreifa hópnum nokkuð jafnt um landsfjórðungana með tilliti til heildarmannfjölda innan þeirra.

Fljótlega kom í ljós að fjöldi einstaklinga mætti ekki vera meiri en eitt hundrað vegna umfangsins en við lok rannsóknarinnar komu fram yrðingar um einn einstakling til viðbótar, sem varð að fá að vera með í hópnum. Fimm af einstaklingunum voru fæddir fyrir aldamótin

[156] Fyrirlestur Thomas J. Cohen „Soaking with our Subjects: the Intimacy of Microhistory.“ var fluttur á málþinginu, *Microhistory: Methods and Meaning* í Þjóðminjasafninu 28. júní 2016.

1800. Fjórtán voru fæddir á tímabilinu 1801–1820. 21 einstaklingur var fæddur á tímabilinu 1821–1840 og 28 á tímabilinu 1841–1860. Á tímabilinu 1861–1880 fæddust 20 einstaklingar og á tímabilinu 1881–1900 fæddust átta einstaklingar. Fimm af einstaklingunum fæddust á árunum 1901–1936. Ég geymdi það fram undir blálok rannsóknarinnar að athuga með kynjaskiptinguna í hópnum en hún reyndist þá vera nokkuð jöfn eða 56 konur og 45 karlar.

| Fyrir 1800 | 1801-1820 | 1821-1840 | 1841-1860 | 1860-1880 | 1881-1900 | Eftir 1900 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 14 | 21 | 28 | 20 | 8 | 5 | 101 |

Afrakstur rannsóknarinnar birtist hér á eftir í þremur hlutum þar sem sjónarhorn rannsóknarlinsunnar þrengist sífellt meira. Yrðingarnar gefa til kynna líkamlegt, andlegt og jafnvel tilfinningalegt ástand þeirra sem við sögu koma og draga jafnframt fram í dagsljósið þá kvilla sem höfðu bæði áhrif á einstaklingana sjálfa og samfélag þeirra. Hugmyndin var að komast eins nálægt einstaklingunum og mögulegt var í gegnum frumheimildir og leita svo fanga í öðrum heimildum um viðkomandi einstaklinga.

Hvert og eitt skjalasafn hefur sín sérkenni og einn þáttur rannsóknarinnar var að greina markmið og tilgang hvers heimildaflokks fyrir sig og einnig hverrar yrðingar um sig. Með þessum hætti urðu til einfaldar, knappar og vel samþjappaðar sögur úr oft á tíðum mjög flóknum og mótsagnakenndum heimildavef. Þetta ferli krafðist mikillar yfirlegu og ígrundunar. Það er af og frá að þetta sé einsleitur hópur og ég geld varhug við því að alhæfa of mikið út frá sögunum. Þó var hægt að greina ákveðin stef í þeim sem draga fram samfélagsleg úrræði eða úrræðaleysi gagnvart einstaklingunum. Eins og áður hefur komið fram sýna stefin okkur kerfisbundnari veruleika en hver saga fyrir sig. Í þeim koma fram viðbrögð samfélagsins gagnvart einstaklingnum.

Í þriðja lagi er sjónarhorninu beint að ákveðnum einstaklingum með því að para tvo og tvo saman í tíu undirköflum. Þetta er gert til þess að draga fram andstæður og/eða hliðstæður í sögum þeirra og þá sérstaklega valdaafstæður sem höfðu áhrif á líf fólksins. Þarna er skalinn aftur spenntur til hins ítrasta miðað við hefðbundnar einsögurannsóknir. Þessi frásagnapörun gerir mér kleift að leggja einhvers konar net yfir sögurnar sem hjálpar til að draga betur fram þann veruleika sem fatlað fólk þurfti að glíma við. Það tilheyrði þeim hópi sem var neðst og aftast í öllum mögulegum goggunarröðum samfélagsins með nokkrum mikilvægum undantekningum en aðstæður þeirra voru jafn misjafnar og þau voru mörg.

Aðferðafræðin og verklagið gerði mér kleift að nálgast hinn ósýnilega heim fatlaðra Íslendinga í fortíðinni eins og lífsþræðir einstaklinganna eitt hundrað og eins bera með sér. Þetta var í upphafi tilraun sem gafst það vel að hin nýja samþætta aðferðafræði hefur verið notuð til grundvallar öðrum rannsóknum.[157] Þessi nýja nálgun er vonandi innlegg í að stuðla að

[157] Rannsóknarverkefnið „Bíbí í Berlín“, sem Guðrún V. Stefánsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon standa að, byggir á þessari nýju aðferðafræði. Rannsóknarverkefnið fékk verkefnisstyrk til þriggja ára frá RANNÍS í upphafi árs 2021. Þar er til rannsóknar arfleifð Bjargeyjar Kristjánsdóttur f. 1927, d. 1999 (Bíbí) en hún lét meðal annars eftir sig handrit að sjálfsævisögu sem lýsir aðstæðum hennar sem þroskaskertrar konu frá barnæsku fram á fullorðinsár. Undirrituð og Guðrún V. Stefánsdóttir birta greinina „The Peculiar Attitude of the People. The life and social conditions of one ‘feebleminded’ girl in the early 20th century“ í bókinni *Understanding Disability Throughout History: Interdisciplinary perspectives in Iceland from Settlement to 1936.* Guðrún V. Stefánsdóttir fylgir sjálfsævisögu Bíbíar eftir í ítarlegum greiningarkafla. Sjá Guðrún V. Stefánsdóttir, *Bíbí í Berlín. Sjálfævisaga Bjargeyjar Kristjánsdóttur*.

heilbrigði háskólasamfélagsins eins og Sigurður Gylfi Magnússon hvatti til í tilvitnun þeirri sem birtist hér fremst í kaflanum.

## 5. Helstu heimildaflokkar rannsóknarinnar

Heimildaflokkarnir sem verða tíundaðir hér á eftir eru frumheimildir og eru varðveittar í skjalasöfnum. Allir flokkarnir hafa sína kosti og galla. Heimildirnar urðu til innan einhvers konar stjórnsýslu og markmið þeirra var að safna saman upplýsingum um það „þýði" (e. *population)* sem er undir, varðveita það og nýta upplýsingarnar til að styrkja stjórnsýsluna og „búa til" þær staðreyndir sem hún þurfti á að halda til að viðhalda sér. Í heimildaflokkum eins og manntölum, prestsþjónustubókum, sóknarmannatölum og skýrslum hvers konar er nauðsynlegt að þekkja þær forsendur sem gefnar voru fyrir skráningu upplýsinganna; hvaða spurningum átti að svara? Það er ekki hægt að ætlast til að heimildir að þessu tagi svari öðrum spurningum eða veiti meiri upplýsingar en liggja fyrir í forsendum þeirra. Á bak við hverja færslu í öllum þessum heimildaflokkum er svo skráningaraðilinn, sem oftar en ekki var fulltrúi ákveðins embættis sem hvert um sig hafði ákveðið og tiltekið hlutverk. Allt þetta þarf að hafa í huga við notkun eftirfarandi heimildaflokka.

Allir þessir heimildaflokka hafa verið nýttir til sagnfræðirannsókna eins og til dæmis manntölin í doktorsrannsókn Sigurgeirs Guðjónssonar, sem minnst var á hér að framan. Eins má nefna að Reynir Berg Traustason nýtti sér skýrslur um heyrnarlausa úr Biskupsskjalasafninu í ritgerð sinni. Áður hefur verið nefnt að Vilhelm Vilhelmsson hafi nýtt sér dómabækur og sáttabækur í doktorsrannsókn sinni. Mikill fengur er að mjög ítarlegri grunnvinnu Más Jónssonar prófessors í sagnfræði við Háskóla Íslands í að gera skiptabækur og dánarbúsuppskriftir aðgengilegar til rannsókna í sérstökum gagnagrunni hjá Þjóðskjalasafni Íslands.[158] Það þarf ekki að taka fram að ýmsir sagnfræðingar á 20. öld og fram til dagsins í dag hafa nýtt sér þessar opinberu heimildir með fjölbreyttum hætti í sínum rannsóknum, einkum í rannsóknum á opinberum viðfangsefnum eða viðfangsefnum sem tengjast opinberum yfirvöldum.

*Manntöl*

Frumrit allra manntala á Íslandi eru innskönnuð og aðgengileg á skjalavef Þjóðskjalasafns Íslands.[159] Einnig heldur Þjóðskjalasafn úti vefnum manntal.is þar sem hægt er að leita að upplýsingum úr manntölum á 19. öld og fram á 20. öld.[160] Upplýsingarnar á vefnum voru slegnar inn af vélrituðum afritum sem voru gerð eftir frumritum. Alls kyns villur hafa því slæðst

[158] Af vef Þjóðskjalasafns Íslands: „Gagnagrunnurinn tekur til dánarbúsuppskrifta, skiptabóka og uppboða sem til eru frá 18. og 19. öld og varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands. Nokkuð er líka um gögn sem varða eigur lifandi fólks, svo sem vegna hjónaskilnaða og gjaldþrota. Dánarbúin eru þungamiðja verkefnisins. Þau innihalda nákvæmar skrár yfir eftirlátnar eigur fólks og taka til fatnaðar, sængurfata, matarláta, verkfæra og búfjár, með fleiru. Þetta eru ómetanlegar upplýsingar um afkomu fólks og lífskjör í landinu. Skrárnar eru gerðar vegna opinberra skipta á arfi sem áttu að fara fram væru erfingjar annaðhvort á barnsaldri eða búsettir í öðrum landshlutum." „Dánarbú – 18. og 19. öld." Sjá einnig grein Más Jónssonar „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900. Lagalegar forsendur og varðveisla." í *Sögu* árið 2012.

[159] *„Manntöl."*

[160] „Manntal.is."

inn í gegnum þessa tvöföldu afritun og því var að þessu sinni ávallt farið í frumrit þeirra manntala sem vitnað er í. Á manntal.is eru góðar upplýsingar um hvert manntal fyrir sig en ekki eru birt þau fyrirmæli, sem yfirvöld gáfu út um skráningu þessara manntala hvers fyrir sig.[161] Til að nálgast þær upplýsingar sem oft fjalla einmitt um skráningu á frávikum, þarf að fara í lagasafn Íslendinga eða aðrar prentaðar heimildir. Það er því afar varasamt að nota manntöl ein og sér sem grundvöll fyrir sagnfræðilegar rannsóknir. Þetta á sérstaklega við rannsóknir þar sem ályktað væri um endanlegan fjölda einstaklinga með ákveðnar líkamlegar og andlegar skerðingar hverju sinni. Athugasemdir þær sem koma fram í manntölum um slíkt fara fyrst og fremst eftir fyrirmælum sem gefin voru hverju sinni og þeim embættismönnum sem sáu um skráningarnar.

*Prestsþjónustubækur*

Frumrit 1275 prestsþjónustubóka eru innskönnuð og aðgengileg á skjalavef Þjóðskjalasafns Íslands. Alls eru 1277 bækur varðveittar á safninu.[162] Elstu bækurnar eru fljótandi í formi en eftir 1812 var farið að færa þær eftir ákveðnum fyrirmælum. Fyrst eru tilgreindar skírnir, síðar fermingar, þar á eftir giftingar. Á undan dauðsföllum átti svo að færa lista yfir þá sem komu inn í sóknina og þá sem fóru úr sókninni á hverju ári fyrir sig. Þessir listar eru því miður ekki alltaf til staðar í bókunum, sérstaklega þegar sóknirnar stækkuðu og urðu umfangsmeiri. Við dánarfærslurnar má yfirleitt fá upplýsingar um dánarorsök og jafnvel ítarlegri upplýsingar um hagi viðkomandi á meðan hann eða hún var á lífi. Færslur prestsþjónustubókanna voru eitt af mikilvægustu hlutverkum sóknarpresta enda voru þær grunnur að öllum vottorðum, sem þeir báru ábyrgð á að gefa um sóknarbörnin. Á skjalavef Þjóðskjalasafns Íslands eru afrit af árlegum fermingarskýrslum presta. Skýrslurnar eru frábært hjálpartæki ef prestsþjónustubækurnar sjálfar hafa glatast eða eru ólæsilegar.[163]

*Sóknarmannatöl*

Frumrit 1455 sóknarmannatala eru innskönnuð og aðgengileg á skjalavef Þjóðskjalasafns Íslands. Alls eru 1460 bækur varðveittar á safninu.[164] Sóknarmannatölin voru einnig nefnd húsvitjanabækur eða sálnaregistur og voru árlegar skrár sem sóknarpresturinn tók saman yfir alla íbúa í hverri kirkjusókn fyrir sig. Farið var frá einum bæ til annars og nöfn allra á heimilinu skráð, auk aldurs, stöðu á heimili og ýmiss konar athugasemda um framgang barnafræðslunnar, uppeldi og hegðun heimilismanna. Heimilisfólkinu var raðað eftir virðingarröð; nafn húsbóndans fyrst, þá húsfreyju, síðan börn þeirra, ættingjar, fósturbörn, vinnuhjú og síðast ómagar. Röðunin gefur miklar upplýsingar um stöðu einstaklinga innan heimilishaldsins.[165] Þeir einstaklingar, sem hér eru til umfjöllunar, voru oft á tíðum neðst í þessari goggunarröð einhvern hluta ævi sinnar og sumir alla sína tíð. Í sóknarmannatölum má einnig finna alls kyns aukaupplýsingar um heimilisfólk sem sóknarprestunum þóttu frásagnarverðar. Það er augljóst af lestri sóknarmannatalanna að sumir sóknarprestar lögðu ekki eins mikinn metnað í færslurnar eins og í prestsþjónustubækurnar. Færslur um fólk í neðstu goggunarröðum samfélagsins

[161] „Um hvert manntal."
[162] „Prestsþjónustubækur."
[163] „Fermingarskýrslur."
[164] „Sóknarmannatöl."
[165] Vilhelm Vilhelmsson rekur nokkur dæmi um óskrifaðar mannvirðingarreglur sem tíðkuðust á Íslandi á 19. öld í bók sinni *Sjálfstætt fólk*, 74–75.

finnast í sumum tilfellum ekki þó að aðrar samtímaheimildir staðfesti veru þess. Sumir einstaklingar voru hreinlega ekki taldir með í því samfélagi sem sóknarmannatölin náðu yfir og því hurfu þeir undir yfirborðið í mislangan tíma. Einnig var mikill misbrestur á að sóknarprestar héldu þessi sóknarmannatöl og stundum eru margra ára göt í færslum þeirra.[166]

*Gögn frá sýslumönnum*

Skjalasafn sýslumanna er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Það er mjög umfangsmikið enda var hlutverk sýslumanna fjölþætt. Þeir hlutar safnsins sem nýttir voru í rannsókn þessa eru

1. **Bréfasafn, bréfabækur og bréfadagbækur sýslumanna.** Bréfadagbækurnar eru lyklar að bréfasafninu og í bréfabókum má finna afrit af þeim bréfum sem sýslumenn sendu frá sér
2. **Dómabækur.** Frumrit 649 dómabóka sýslumanna eru innskönnuð og aðgengileg á skjalavef Þjóðskjalasafnsins. Alls eru varðveittar 699 dómabækur.[167] Í dómabókunum má finna málsgögn í dómsmálum þeim sem haldin voru í héraði. Þetta eru vitnaleiðslur, úrskurðir og dómar svo fátt eitt sé talið.
3. **Skiptabækur**. Frumrit af 290 skiptabókum sýslumanna eru innskönnuð og aðgengileg á skjalavef Þjóðskjalasafnsins. Alls eru varðveittar 304 skiptabækur.[168] Í skiptabókum koma fram ítarlegar upplýsingar, meðal annars um dánar- og þrotabússkipti, upptalningar á eignum og skuldum dánarbúa, upplýsingar um uppboð og arfleiðendur og aðrar tilfallandi upplýsingar.

*Gögn frá biskupi*

Biskupsskjalasafnið er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Þeir heimildarflokkar þess sem komu að gagni í þessari rannsókn voru

1. **Bréfasafn, bréfabækur og bréfadagbækur biskups**. Í bréfasafninu er að finna beiðnir um undanþágur vegna ferminga frá prófföstum og prestum. Þessi bréf veita mikilvægar og oft á tíðum mjög ítarlegar upplýsingar um hagi þeirra einstaklinga sem undanþágan snerist um.
2. **Ársskýrslur presta og prófasta**. Hér má sérstaklega tiltaka skýrslur um heyrnar- og mállausa frá 1859–1897 og skýrslur um blinda frá 1863–1881. Þessar skýrslur mynda því miður ekki heillegt safn og nokkuð er um að þeir sem voru skráðir heyrnar- og mállausir eða blindir í t.d. sóknarmannatölum séu ekki skráðir í þessar skýrslur.

*Gögn frá hreppsnefndum*

Síðustu ár hafa stærstu héraðskjalasöfnin á landinu unnið að því að koma rafrænum afritum af gögnum hreppsnefnda á vefi sína. Mestur fengur er í gerðabókum hreppsnefnda þar sem koma fram útsvarsgreiðslur bænda og meðgjöf með ómögum hreppa. Í listum yfir ómaga hvers hrepps átti að greina frá ástæðum fyrir því að þeir væru ómagar og hversu lengi þeir hefðu verið á framfærslu sveitar sinnar auk meðgjafarupphæðar. Þessar upplýsingar eru yfirleitt mjög

---

[166] Vilhelm Vilhelmsson segir í bók sinni að í „Bergstaðasókn í Húnavatnssýslu höfðu t.d. liðið níu ár frá síðustu skráningu þegar sóknarmannatal var tekið árið 1823 og svo liðu aftur fjögur ár þar til nýtt var tekið árið 1827.“ *Sjálfstætt fólk,* 63.

[167] „Dómabækur.“

[168] „Skiptabækur.“

nákvæmar og gefa mynd af aðstæðum einstakra ómaga frá ári til árs. Á vef Borgarskjalasafns er að finna gerðabækur Fátækranefndar Reykjavíkur og rafræn afrit af bréfasafni hennar en Fátækranefndin sinnti ómagaframfærslu í Reykjavíkurbæ og Seltjarnarneshreppi.[169] Gögn hreppsnefnda hafa ekki alls staðar varðveist og einnig skortir töluvert upp á að þau hafi verið gerð aðgengileg fyrir fræðimenn og almenning.

Ég nýtti mér alla ofangreinda heimildaflokka ásamt ýmsum öðrum heimildum með það að markmiði að flétta saman lífsþræði hópsins sem var undir í rannsókninni. Þessar heimildir eru á tíðum miklu flóknari en virðist við fyrstu sýn og geta verið bæði sundurlausar og mótsagnakenndar. Samþætting þeirra í rannsókninni var því mikil áskorun.

Í texta ritgerðarinnar er vitnað stafrétt í yrðingarnar þegar þær eru orð, brot úr setningum eða heilar setningar úr opinberum heimildum en augljósar villur leiðréttar. Lengri tilvitnanir eru birtar nokkurn veginn leiðréttar en málfari er alltaf haldið.[170]

Á tímabilinu 1770–1936 urðu miklar breytingar á gjaldmiðlum þeim sem notaðir voru í reikningsbókum yfirvalda. Þegar vitnað er í yrðingar þar sem upphæðir koma fram er leitast við að láta gjaldmiðilinn fylgja hvort sem það er fjöldi fiska, ríkisdalir og skildingar, krónur og aurar. Ekki var ráðist í samræmingu á verðgildi eigna eða hluta sem tengdust einstaka frásögnum í rannsókninni.

[169] „Elstu skjöl Reykjavíkurborgar.“, Borgarskjalasafn Reykjavíkur.
[170] Ég fylgi þeim reglum sem liggja fyrir í útgáfu á Sýnisbókum íslenskrar alþýðumenningar. Sjá „Viðmiðunarreglur.“

# II. Einsögur af fólki á jaðri samfélagsins

Í þessum hluta eru sagðar sögur af eitt hundrað og einum einstaklingi sem voru uppi á tímabilinu 1770–1936. Þeim er skipt í fjóra hluta eftir landsfjórðungum.[171] Í hverjum landsfjórðungi raðast sögurnar eftir fæðingarári fólksins sem á í hlut. Undantekning er þó gerð með Sunnlendingafjórðung vegna stærðar hans. Þar er sögunum fyrst raðað eftir sýslum og svo fæðingarárum. Sögurnar eru sagðar í eins knöppum texta og mögulegt er. Að baki hverri sögu liggur þó lífsþráður einstaklingsins sem rakinn hefur verið eftir öllum fáanlegum opinberum heimildum. Eftir því sem heimildum um einstaklinginn fjölgaði því lengri varð sagan. Því getur verið mikill munur á lengd einstakra sagna. Á stöku stað leyfði ég mér að hafa beinar tilvitnanir í frumheimildir í lengri kantinum sérstaklega þegar kom að samskiptum milli yfirvalda eða málskjölum í dómsmálum. Ef um aðrar samtímaheimildir er að ræða er það sérstaklega tekið fram. Eftir sögur úr hverjum landsfjórðungi kemur samantekt um það helsta sem þær fjalla um auk upplýsinga um kynjahlutfall.

Lífshlaup nokkurra þessara einstaklinga hafa orðið efniviður í ritaðar sagnir og þætti í því sem kallað hefur verið þjóðlegur fróðleikur. Þessar sagnir falla fyrir utan umfjöllunarefni ritgerðarinnar en vísað er til þeirra þekktustu í neðanmálsgreinum við sögur þeirra. Rétt er að geta þess að Jón Jónsson þjóðfræðingur skrifaði bókina *Á mörkum mennskunnar. Viðhorf til förufólks í sögnum og samfélagi*, sem kom út í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar árið 2018. Bók þessi er að grunni til meistaraprófsritgerð Jóns í þjóðfræði frá árinu 2006 og fjallar um sögur og sagnir af förufólki í íslenska bændasamfélaginu. Jón rýnir í sagnirnar og les viðhorf samfélagsins til förufólksins úr þeim. Þrír einstaklingar sem koma fyrir í bók Jóns eru teknir fyrir í þessari rannsókn. Jón birtir mynd af Sæfinni Hannessyni (44) og undir myndinni segir: „Sæfinnur á 16 skóm var víðfrægur vatnsberi í Reykjavík.[172] Hann birtir ekki fullt nafn Sæfinns og engin umfjöllun er um hann fyrir utan myndatextann. Jón birtir einnig mynd af Birni Sigurði Jónssyni (92) og undir myndinni segir: „Bjössi sólskinsauga prýddur heiðursmerkjum.“ Um Björn Sigurð segir Jón ennfremur:

> Í þessum hópi flakkara með leikhæfileika voru sum sem sungu skringilega söngva bændum og búaliði til skemmtunar, til að mynda Bjössi sólskinsauga sem stundum var kallaður Björn búfræðingur, en hét Björn Jónsson (1856–1908). Hann var illa talandi, en fór á milli bæja í Þingeyjarsýslu og Eyjafirði og söng hástöfum og lék orðin um leið með miklum tilþrifum.[173]

Jón fjallar sérsaklega um Sigríði Benediktsdóttur (85) og sagnir af henni í kaflanum „Sagan af Stuttu–Siggu.“[174] Jón dregur vel fram úr sögnunum hið líkamlega og andlega ofbeldi sem Sigríður var beitt. Hann bendir einnig á að sagnfræðingar nálgist almennt slíkar sagnir af varfærni en telur samt sem áður að það sé „yfirleitt hægt að treysta upplýsingum um

[171] Sjá Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi.*
[172] Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*, 37.
[173] Ibid., 109.
[174] Ibid., 25–32.

megindrætti í lífshlaupi fólks sem fjallað er um."[175] Í endursögn Jóns á sögnum af Sigríði koma fram mjög mótsagnakennd meginatriði sem ekki eiga sér stoð í opinberum samtímaheimildum. Um þessar sagnir og mótsagnir í lífi Sigríðar fjöllum við Eva Þórdís Ebenezersdóttir doktorsnemi í þjóðfræði í greininni „From a life with a different body to a recreated folklore of accentuated difference. Sigríður Benediksdóttir vs. Stutta–Sigga."[176] Ein af niðurstöðum okkar er að það sé alls ekki hægt treysta upplýsingum úr sögnunum en við tökum undir með Jóni að þarna sé á ferðinni efni sem sannarlega gefur mikilvægar vísbendingar um samfélagsskilning og viðhorf.

Áður en kemur að einsögunum sjálfum verður fjallað í örstuttu máli um helstu skráðu leikreglur sem giltu í samfélaginu á tímabilinu. Þær byggðu á hreinræktuðu og karllægu kynjakerfi (e. *patriarchy*) þar sem stigveldið frá yfirboðurum til undirsáta var vel skilgreint og borðleggjandi. Í þeim heimildum sem vísað er til er að finna ítarlegri umfjallanir um þessar leikreglur enda hafa þær verið rannsóknarefni íslenskra sagnfræðinga um langt skeið.

## 1. Nokkur orð um leikreglur samfélagsins á tímabilinu

*Vistarskylda – Vistarband*

Vistarskylda sú sem þekktist af einhverju tagi þekktist á Íslandi frá því a.m.k. frá 15. öld og gekk yfirleitt undir nafninu vistarband en skýrar reglur um þessa vistarskyldu eða vistarband voru settar með „tilskipun um lausamenn árið 1783 þegar öllum sem ekki höfðu fasta búsetu og löglegan næringarveg var skylt að ráða sig til ársvista."[177] Einhvers konar útgáfur af vistarskyldu voru að forminu til lögbundnar allt fram undir aldamótin 1900 og jafnvel lengur.[178]

Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur metur það svo í verki sínu *Sjálfstætt fólk*, sem einmitt fjallar um valdaafstæður á tímum vistarbandsins á 19. öld að vistarskyldan hafi verið:

> í senn atvinnustefna, uppeldisaðferð, eftirlits- og ögunartæki og félagslegt öryggisnet og snerti sem slík líf nánast allra landsmanna af báðum kynjum á einhverjum tímapunkti á lífsferli þeirra. Togstreitan sem einkenndi valdaafstæður samfélagsins var á margan hátt áþreifanlegri innan vistarbandsins. Litið var á vinnuhjú nánast sem hluta fjölskyldu hvers heimilis og þau voru, líkt og börn þess, undir húsaga sett. Þó voru þau oftast komin til vits og ára og þar að auki bundin tímabundnum ráðningarsamningum sem gerðu tengsl þeirra við yfirboðara sína frábrugðin öðrum fjölskyldutengslum, auk þess sem sambönd þeirra við yfirboðara sína skortu í mörgum (en þó ekki öllum) tilvikum þau tilfinningabönd sem einkenndu t.a.m. samband eiginmanns og eiginkonueða foreldra og

[175] Ibid., 26

[176] Sögnum og lífsþráðum hefur verið stillt saman í eftirfarandi greinum: Eva Þórdís Ebenezersdóttir og Sólveig Ólafsdóttir, „From life with a different body to recreated folklore of accentuated difference. Sigríður Benediksdóttir vs. Stutta–Sigga" í bókinni *Understanding Disability Throughout History: Interdisciplinary perspectives in Iceland from Settlement to 1936*. (Væntanleg.) Marín Árnadóttir, „Þættir af Sólveigu Eiríksdóttur og Jóni Gissurarsyni", *Þættir af sérkennilegu fólki*, og Sólveig Ólafsdóttir, „Eftirmáli", *Þættir af sérkennilegu fólki*. (Væntanleg.) Í niðurstöðum ritgerðarinnar er aðeins tæpt á þeim mismun sem getur verið á milli sögu byggðum á opinberum heimildum og sagnar.

[177] Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 14.

[178] Ibid.

> barna. Þá setti vistarbandið mönnum þröngar skorður varðandi atvinnuvegi og lífsafkomu og bauð upp á takmarkað svigrúm til þess að haga seglum eftir vindi í dagsins önn, [..]. Núningspunktar vistarbandsins voru því bæði margir og sýnilegir.[179]

Yfirvöld töldu þetta æskilegasta fyrirkomulag atvinnuhátta sem völ var á. Bændur fengu með því ódýrt vinnuafl og vistarbandið kom í veg fyrir að börn og aðrir þeir sem gátu ekki komið sér upp eigin heimili færu á sveit og yrðu ómagar. Einnig kváðu lög um vistarband á um skyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum til að sjá þeim fyrir fæði, klæðum, aðstoð í veikindum og lágmarks uppfræðslu.[180]

### *Ómaga- og fátækraframfærsla*

Regluverk ómaga- og fátækraframfærslu var nánast óhreyft frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og fram á 20. öld. Hreppurinn hafði það hlutverk að sjá um þá sem ekki gátu framfleytt sér og áttu ekki tilkall til framfærslu annarra.[181] En hreppurinn tók ekki við framfærslu ómaga fyrr en framfærsluskylda fjölskyldunnar þraut. Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar var fjölskylduframfærslan mjög víðtæk. Hjónum bar að framfleyta sér, auk foreldrum sínum, systkinum, börnum og öðrum nákomnum ættingjum. Með öldunum losnaði um þessa stórfjölskyldutryggingu og með fátækrareglugerð árið 1834 var „framfærslan bundin við beinan legg upp og ofan.“[182] Í reglugerðinni kom einnig fram það þeir einu fátæklingar væru taldir þurfamenn sem ekki næðu af eigin rammleik að útvega sér:

> á löglegan hátt hið nauðsynlegasta viðurværi, heldr hljóta nema aðrir menn styrki þá, að fara á mis við fæði það, klæðnað, húsaskjól, hlýindi og hjúkrun í veikindum, er ómissanlegt er til viðhalds lífi þeirra og heilsu. Sé örbirgð þeirra sprottin af leti, eyðslusemi, slarksemi eðr löstum, er það skylda hreppsnefndar og prests að fá þessu hrundið í lag, með því að halda mannskepnum þessum til iðjusemi og til að haga líferni sínu svo að þær verði annaðhvort als ekki eðr þá sem allra minstrar hjálpar þurfandi.[183]

Með þessari sömu reglugerð var förumennska bönnuð en áfram var haldið í þá gömlu hefð að fæðingarhreppur viðkomandi einstaklings væri framfærsluhreppur hans og það tæki fimm ára óslitna dvöl í öðrum hreppi að öðlast þar sveitarvist. Ef viðkomandi þáði af sveit frá dvalarsveit sinni á þeim tíma féll þessi heimild niður og hreppnum var heimilt að flytja viðkomandi svokölluðum fátækraflutningi aftur í fæðingarhreppinn.

Ómaga- og fátækraframfærsla var alltaf lang stærsta og umfangsmesta verkefni hreppsyfirvalda í hverjum hreppi og úrræði þeirra til að takast á við framfærslu og ráðstöfun ómaga voru afar fá og einhliða. Hreppstjórar með tilstyrk sóknarpresta báru ábyrgð á fátækraframfærslunni í hreppnum allt til ársins 1872 þegar lög um sveitarstjórnarmál tóku gildi.[184] Síðustu áratugir 19. aldar voru Íslendingum sérstaklega erfiðir. Harðindi og hörmungar

---

[179] Ibid., 14–15.
[180] „Anording um Hustugt paa Island.“, 644.
[181] Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Ómagar og utangarðsfólk,* 14–15.
[182] Ibid., 21.
[183] Arnljótur Ólafsson, „Um ómagaframfærslu“, 223.
[184] Ibid., 21–22.

gengu yfir og árið 1889 vorum tæplega 4.300 manns eða 6% landsmanna á sveitarframfærslu. Guðmundur Jónsson sagnfræðingur heldur því fram að Ísland hafi verið „eitt mesta fátæktarbæli Evrópu á síðari hluta 19. aldar og landsmenn varla meir en hálfdrættingar á við aðra Vestur- Evrópubúa."[185] Viðbrögð yfirvalda voru að herða eftirlit og setja lög um sveitarstyrki og lög sem hindruðu fólk í að setjast að við sjávarsíðuna.[186] Í frægri grein í tímaritinu *Andvara* árið 1889 greindi Páll Briem alþingismaður þrjá flokka þurfamanna. Í fyrsta flokki eru þeir sem eru þurfandi vegna óviðráðanlegra orsaka, í öðrum flokki þeir sem ekki kunna að fara með efni sín eða vinnuframlag og í þriðja flokki eru þeir sem nenna ekki að vinna. Páll taldi að þeir væru jafn skaðlegir samfélaginu og afbrotamenn og ætti helst að loka inni.[187] Mikil umræða fór fram um málefni fátækra og fátækraframfærslu á Alþingi fyrir aldamótin 1900 og niðurstaðan varð sú að stofna svokallaða milliþinganefnd í fátæktarmálum árið 1901 sem ætti að koma með tillögur til úrbóta á laga- og regluverki í kringum fátækraframfærslu. Nefndin efndi til viðamikillar úttektar á málaflokknum sem leiddi til mun mannúðlegri laga sem tryggðu betur réttarstöðu þeirra sem þurftu á opinberri framfærslu að halda.[188]

Gjaldmiðill hreppsreikninga var lengi framan af „fiskar" innan kerfis landaurareikninganna nema í Reykjavík þar sem krónur og aurar tóku við af ríkisdölum og skildingum með stöðulögunum 1871.[189] Almenn full meðgjöf með hreppsómaga var 360 fiskar á einu fardagaári og var meðgjöfin látin ganga upp í útsvar viðkomandi bónda sem tók að sér ómagann.[190]

### *Nýtt hlutverk sýslumanna og hreppsnefnda*

Árið 1781 voru gerðar lagabreytingar sem settu hreppsnefndir undir völd sýslumanna. Þrátt fyrir að með þessu hafi sýslumenn fengið óskoruð völd yfir framfærslumálum héldu hreppstjórar og hreppsnefndir áfram umsjón sinni með ómögum og fátækraframfærslu en þá sem „umboðsmenn sýslumanna."[191] Nokkru fyrr á 18. öld höfðu sýslumenn fengið hlutverk dómara í héraði og báru eftir það ábyrgð á rannsókn, vitnaleiðslum og dómum. Hugmyndin á bak við þessar breytingar var að styrkja miðstjórnarvald það sem hafði verið að ryðja sér til rúms í Danmörku og raunar í Evrópu í anda hugmyndafræði Upplýsingarinnar. Sýslumenn urðu konunglegir embættismenn er lutu valdi amtmanna og landfógeta.[192]

---

[185] Guðmundur Jónsson, „Hjálp til sjálfshjálpar", 372.
[186] Guðmundur Jónsson, „Páll Briem og nýja félagsmálapólitíkin", 211.
[187] Ibid., 212.
[188] Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga*, 25.
[189] *Lovsamling for Island*, XXI, 1–5.
[190] Sjá til dæmis Hreppsbók Öngulsstaðahrepps 1796–1815. Hreppsyfirvöld töldu sig einnig hafa leyfi til þess að láta ómaga ganga á milli bæja eftir ákveðnu kerfi eins og kemur fram í nokkrum af sögunum hér á eftir. Sjá bók Jóns Jónssonar, *Á mörkum mennskunnar*, 19. Hann vísar í grein Valtýs Guðmundssonar „Framfærsla og sveitarstjórn á þjóðveldistímanum" í tímaritinu *Eimreiðinni* árið 1898 en ekki er alveg ljóst af lestri þeirrar greinar hvort og þá, hvar og hvenær þetta leyfi var lögfest.
[191] Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*, 17. Sjá einnig: Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with words*, 25–26.
[192] Gustavsson, H., „Stjórnsýsla", 47–48.

*Húsagi*

Á 18. öld var ýmislegt gert til þess að gera kirkjuna að virkum aðila í miðstýrðu stjórnvaldi og efla hina „siðrænu ögun“ í gegnum embættismenn hennar. Það var gert með nýjum tilskipunum um rannsóknareftirlit sóknarpresta gagnvart sóknarbörnum sínum. Sérstök tilskipun um húsagann á Íslandi var sett árið 1746 og hafði mjög mikil áhrif á réttindi og skyldur einstaklinga. Þessi tilskipun bar merki um það sem Vilhelm Vilhelmsson kallar „siðræna ögun“ og festi í sessi lögbundin yfirráð ákveðinna embætta og svo einstaklinga yfir hver öðrum. Einnig var hert á vistarskyldu einstaklinga og skyldu húsbænda að bera ábyrgð, hafa eftirlit og refsa börnum sínum og hjúum fyrir beina óhlýðni og „aðrar ódyggðir.“[193] Stigveldi samfélagsins byggðist á þeirri hugmynd að valdið kæmi frá guði til krúnu og svo til kirkju og endaði í húsbóndavaldi innan hvers heimilis. Allir áttu að eiga sér húsbónda sem átti að njóta skilyrðislausrar hlýðni undirsáta sinna. [194] Brot gegn valdboði þessu og jafnvel minnsta óhlýðni var synd gegn guði og því refsivert.[195] Í tilskipuninni var kveðið á um skyldu foreldra til að kenna börnum á heimilinu bæði til munns og handa og átti sóknarprestur og jafnvel hreppstjóri að hafa eftirlit með uppfræðslunni.[196] Á sama hátt áttu húsbændur að halda aga á heimilisfólki sínu og höfðu rétt til þess að gera það með líkamlegum refsingum. Húsbændum bar á móti skylda til að halda heimilisfólki sínu að uppbyggjandi störfum og vera þeim fyrirmynd í hvívetna.[197] Einnig áttu húsbændur að gera það sem þurfti til að hjúkra vinnuhjúum aftur til heilsu. Húsagatilskipunin byggði, líkt og vistarskyldan, á kynjakerfi og undirstaða húsagans og raunar kjarni hans var iðjusemi og hlýðni við yfirboðara sína.[198]

*Hreppstjórainstrúxið*

Árið 1809 var sett reglugerð um ýmsar nýjungar í framfærslumálum sem nefnd var *Instrúx fyrir hreppstjórnarmenn á Íslandi* og átti að endurbæta lögin frá 1781 og gera þau mannúðlegri. Hreppstjórar áttu að fá aftur yfirráðin yfir framfærslunni en sýslumenn áttu að úrskurða um deilumál. Einnig var hnykkt á ábyrgð hreppstjóra gagnvart velferð ómaganna sérstaklega er varðaði þrifnað, fatnað og almennt uppeldi bæði til munns og handa. Þessi reglugerð var ekki samþykkt af konungi en hafði samt sem áður töluverð áhrif til góðs.[199]

*Barnalærdómur*

Í konungsbréfi sem birt var 2. júlí árið 1790 var útgefið að það ætti að byrja að kenna hverju barni að lesa áður en það nái 5 vetra aldri. Ef þessu var ekki sinnt innan tveggja ára mátti sekta viðkomandi foreldra eða húsbændur. Sérhvert barn átti að vera byrjað að læra „fræðin og kverið“ áður en tíu ára aldri var náð og almennt áttu börnin að vera „búin að læra kverið“ þegar

[193] Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 65.
[194] „Anording um Hustugt paa Island.“, 644.
[195] Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 44.
[196] „Anording um Hustugt paa Island.“, 607–608.
[197] Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 57.
[198] Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 69.
[199] Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Ómagar og utangarðsfólk*, 20.

þau næðu fermingaraldri um fjórtán ára aldur.[200] Fræðin sem um er rætt var það sem kallað var „Sá litli Lúters Katekismus“ eða „fræði Lúters hin minni“ sem var fyrsti kaflinn í *Lærdómsbók í evangelisk–kristilegum trúarbrögðum handa únglíngum* eða hinu svokallaða kveri.[201] Það kver sem kennt var meira og minna alla 19. öldina var eftir danska guðfræðinginn Nicolai E. Balle. Þetta kver var það sem allir Íslendingar áttu að kunna aftur á bak og áfram áður en hægt var að ferma þá. Ef eitthvað hindraði viðkomandi einstakling í að tileinka sér allt kverið var þó ávallt gerð krafa um að hann kynni í það minnsta fræði Lúters hin minni.[202] Kverið ber þess merki að ætlast var til utanbókarlærdóms. Stíllinn er „klifaður“ og með ákveðnum endurtekningum sem styður við minnið. Orðaforðinn er einnig bæði einfaldur og einsleitur. Ef aðferðum Rosenwein um söfnun tilfinningaorða er beitt á kverið kemur í ljós að þau eru einungis átta, þ.e. ótti, ást, girnd, hræðsla, hatur, örvænting, skelfing og öfund. Fyrstu tvö orðin, ótti og ást eru spyrt saman í öllum útleggingum á boðorðunum 10 í setninguna „Vjer eigum að óttast og elska guð.“[203] Þarna liggur einmitt tónninn í hinu opinbera tungutaki á Íslandi á hinni löngu 19. öld. Hann einkenndist af guðsótta, góðum siðum, hlýðni við yfirboðara sína, hvort sem það var innan heimilis eða utan, og mjög ákveðnu stigveldi þar sem allir áttu að vita hver var yfir þá settur. Þessi utanbókarlærdómur þótti misskemmtilegur. Halldór Jónsson skrifaði í sjálfsævisögu sinni árið 1906 um glímu sína við kverið:

> Lærdómskverið, Balles, hef jeg lært á 9–11 ári eptir því sem mig minnir. Gekk það með köflum lakar en þurft hefði að vera, af þeirri ástæðu að góðan vilja vantaði. Karítas amma mín, setti mjer fyrir og hlýddi yfir fræðin og fjóra fyrstu kapítulana. Þá var jeg svo latur, að faðir minn tók við af henni, og kendi mjer fimta kapítulann og gekk það ekki betur, ef ekki ver. Mjer var meira að segja illa við kapítulann lengi á eptir. Þetta er nú ekkert sómalegt að færa í frásögur, en satt er það. Jæja, svo var jeg látinn eiga mig með kverið, og man jeg að faðir minn sagði að best væri að lofa mjer að verða mjer til skammar fyrir prestinum.[204]

Nokkrar breytingar urðu á áherslum í barnalærdómi um árið 1880 en þá bættust við kröfur um skriftar- og reikningsþekkingu barna við fermingu. Þessar auknu kröfur voru flestum heimilum erfiðar auk þess sem prestum tók að fækka í landinu á sama tíma.[205] Við tók tími ýmiss konar úrræða á borð við farkennslu og heimaskóla á landsbyggðinni og barnaskóla í stærstu kaupstöðunum. Lög um almenna skólaskyldu barna voru sett árið 1907 og tóku gildi árið eftir.[206]

---

[200] Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, 109–110.
[201] Balle, Nicolai Edinger, *Lærdómsbók í evangelisk–kristilegum trúarbrögðum handa únglíngum*, 5–35.
[202] Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, 133.
[203] Balle, Nicolai Edinger, *Lærdómsbók í evangelisk–kristilegum trúarbrögðum handa únglíngum*, 5–35. Í bók sinni *Ferming í fjórar aldir* fjallar Torfi K. Stefánsson Hjaltalín ítarlega um kver Balles ásamt öðrum lærdómsbókum sem lagðar voru til grundvallar fermingarfræðslu. Það er eftirtektarvert að Torfi fjallar í bók sinni ekkert um þau skilyrði fyrir fermingu og þær undanþágur sem sóknarprestar gátu sótt um til biskups. Torfi K. Stefánsson, *Ferming í fjórar aldir*, 66–94.
[204] Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun ást og sorg.*, 124.
[205] Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 51.
[206] Loftur Guttormsson, „Tímamótin 1907“, 83.

*Húsvitjanir*

Árið 1746 var sett tilskipun um húsvitjanir sóknarpresta inn á hvert einasta heimili í sókninni að minnsta kosti tvisvar á ári. Hann átti líka að kanna hvernig bæjarbragurinn væri, hvort gott samlyndi væri milli heimilisfólks og hvetja til góðra siða. Hann átti líta að kanna uppeldi barna á heimilinu, fylgjast með lestrarkunnáttu og kristindómsfræðslu og svo síðar skriftar- og reikningskunnáttu. Sóknarpresturinn átti að halda skrá yfir húsvitjanirnar og leggja skrárnar fyrir prófast og biskup.[207] Ýmislegt annað átti sóknarprestur auk þess að rita hjá sér, svo sem bókaeign á heimilum og athugasemdir um almennar heimilisaðstæður.[208] Það er í þessum yrðingum sóknarpresta sem helstu heimildir mínar er að finna.

*Ferming*

Barnaferming er staðfesting skírnarsáttmálans. Hún var lögleidd í Danmörku árið 1736 og á Íslandi árið 1744.[209] Án hennar mátti einstaklingur hvorki ganga til altaris né vistráða sig nema með sérstöku leyfi sóknarprests síns.[210] Helstu skilyrði til fermingarinnar voru skírnin sjálf, tilskilinn aldur og svo fullnægjandi kunnátta í „aðalatriðum trúarbragðanna" og lestri.[211] Hlutverk fermingarinnar var fyrst og fremst að staðfesta fyrir framan söfnuðinn í kirkju að viðkomandi einstaklingur hafi náð að tileinka sér barnalærdóminn á fullnægjandi hátt og gæti þar með hlotið fermingu. Ferming var svo forsenda þess að taka þátt í altarissakramentinu og því samfélagi sem kirkjan skapaði. Biskup mátti veita undantekningu frá þessum reglum með sérstöku skriflegu leyfi að undangenginni skriflegri umsókn um slíkt frá prófasti eða sóknarpresti.[212] Fermingin var að öllum líkindum mikilvægasti áfangi í lífi einstaklinga á því tímabili sem er hér til umfjöllunar og aðgangur barna að heimi fullorðinna. Það var ekki fyrr en með fræðslulögunum árið 1907 sem fullnaðarpróf úr barnaskóla tók við lögformlegum áfangaskilum en tákngildi fermingarinnar sem manndómsvígsla hélt sér langt fram á 20. öld.[213]

Hugmyndin með þessari kynningu á helstu leikreglum samfélagsins er að gera lesendum einsagnanna auðveldara fyrir að setja sig inn í aðstæður hverju sinni. Það er sjaldgæft að það sé minnst á eða vitnað beint í þessar leikreglur í opinberum samtímaheimildum en þær eru undirstaða viðhorfa og ákvarðana yfirvalda um málefni einstaklinganna á hverjum tíma. Ég vil vera trú einvæðingarhugmyndinni og halda mig sem mest við efni sem tengist þeim einstaklingum sem við sögu koma hér á eftir. Aðstæður þeirra eru þó markaðar af þeirri formgerð sem að framan greinir.

---

[207] Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, 109–110.
[208] Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 63. Sjá einnig umfjöllun í bók Péturs Péturssonar, *Church and Social Change*, 57–60.
[209] Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, 134.
[210] Ibid., „Tilskipun um vinnuhjú á Íslandi.", *Lovsamling for Island*, IXX, 396.
[211] Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, 135.
[212] Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, 98.
[213] Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 118.

## 2. Austfirðingafjórðungur

*Sögur*

1) **Símon Davíðsson** fæddist í Hörgsdal á Síðu árið 1787. Hann var sonur ekkjunnar Ólafar Þorvarðardóttur í Hörgsdal og ógifts manns, Davíð Jónssonar. Foreldrar Símonar gengu í hjónaband tveimur árum síðar og í prestsþjónustubók Kirkjubæjarklausturssóknar kemur fram að það var sautján ára aldursmunur á þeim hjónum. Ólöf var eldri en Davíð.[214] Þau bjuggu á nokkrum bæjum í sókninni næstu þrjá áratugi og var Símon hjá þeim alla tíð. Þegar Símon var fimm ára skrifaði sóknarpresturinn í sóknarmannatalið að hann væri „mállaus" og síðar kom það fram að hann var einnig heyrnarlaus og var ekki fermdur.[215]

Árið 1821 gerðist það tvennt á heimilinu að vinnukonan á heimilinu eignaðist föðurlaust barn, dóttur sem fékk nafnið Kristín, og Ólöf móðir Símonar lést rúmlega sjötug.[216] Þeir feðgar héldu áfram heimili saman og ári síðar kemur fram í sóknarmannatalinu að Kristín var Símonardóttir og Símon var sagður „mj[ög] ósiðsamur." Kristín fylgdi síðar móður sinni í aðrar vistir og Símon flutti sig til albróður síns, Halldórs og varð vinnumaður hjá honum í Efri-Vík. Hann var svo ýmist vinnumaður eða húsmaður í sókninni næstu sextán árin.[217]

Árið 1837 fluttist Símon til Jóns Steingrímssonar prests í Hruna í Hrunasókn en þeir voru sammæðra.[218] Þar var hann vinnumaður og sagður ýmist „skikkanlegur" eða „vandaður" í sóknarmannatölum.[219] Hann fluttist tíu árum síðar ásamt Jóni hálfbróður sínum og fjölskyldu hans að Nesjum á Miðnesi.[220] Árið 1852 hóf hreppsnefndin í Hrunamannahreppi að greiða með Símoni Davíðssyni „dumba" að Nesjum.[221] Tveimur árum síðar var hann fluttur „örvasa maður, mál og heyrnarlaus" fátækraflutningi úr sókninni.[222] Hann var settur niður hjá Kristínu dóttur sinni sem þá var húsfreyja í Gröf í Skaftártungu og fékk hún greitt með honum frá hreppsnefnd Hrunamannahrepps.[223]

Símon Davíðsson lést í Gröf 1. september 1861 af „aldurslasleika" 74 ára gamall.[224]

2) **Sigurður Jóhannesson** fæddist 5. ágúst 1818. Hann var sonur hjónanna Jóhannesar Árnasonar og Kristbjargar Jónsdóttur, búandi í Hlíðarhúsum, Kirkjubæjarsókn, N.- Múl.

---

214 ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1785–1817.
215 ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BC/1–1–1 Sóknarmannatal 1793–1797. ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1805–1821.
216 ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1863.
217 ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1822–1840.
218 ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1863. ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1823–1840.
219 ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1823–1840.
220 ÞÍ. Útskálar í Garði–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1849. Manntal 1816.
221 ÞÍ Sýslumaðurinn í Árnessýslu PA/3 Sveitarbók Hrunamannahrepps 1838–1886.
222 ÞÍ. Útskálar í Garði–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1850–1880.
223 ÞÍ. Ásar í Skaftártungu–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1855–1873 og 1875–1881. ÞÍ Sýslumaðurinn í Árnessýslu PA/3 Sveitarbók Hrunamannahrepps 1838–1886.
224 ÞÍ. Ásar í Skaftártungu–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók Búlands 1816–1875. Manntal 1816.

Hann var skírður skemmri skírn af foreldrum sínum sem prestur staðfesti svo í kirkju nokkru seinna. Hann ólst ekki upp hjá foreldrum sínum og var fermdur frá húsbændum sínum á Þorbrandsstöðum í Hofssókn í Vopnafirði árið 1832. Hann kunni „í meðallagi“ og „var „skikkanlegur.“ Eftir fermingu var Sigurður léttadrengur og síðar vinnumaður á ýmsum stöðum í gamla Jökulsárdalshlíðarhrepp, síðast á Ósi árið 1838.[225] Árið 1839 úthlutaði hreppsnefndin bóndanum á Ósi 70 fiska með „krossberanum S. Jóhannessyni.“

Næstu árin er borgað með Sigurði sem fótalausum niðursetningi allt frá 240 fiskum árin 1840 og 1841 niður í 100 fiska árin 1842–1846.[226] Ekki er minnst á Sigurð í hreppsskjölum árið 1847 en það ár er hann sagður vera á „sveitarinnar framfæri“ í sóknamannatali Hofteigssóknar.[227]

Árið 1849 var Sigurður kominn í stöðu matvinnungs á Stórabakka í Kirkjubæjarsókn og var skráður vinnumaður á sama bæ í manntalinu árið 1850.[228] Í sóknarmannatalinu kemur fram að hann „sé fóthrumur“ en hann lesi og skrifi vel og sé „dável að sér.“ Árið 1854 gengu þau svo í hjónaband, Sigurður og Sigríður Jónsdóttir sem bæði voru í vinnumennsku á Nefbjarnarstöðum og ári síðar fæddist þeim dóttirin Sigurbjörg þegar þau voru enn í vinnumennsku á Nefbjarnarstöðum.[229] Fjölskyldan flutti sig svo um set árið 1855 og settust að í Hólshjáleigu í Hjaltastaðasókn. Þar voru þau Sigurður og Sigríður búandi hjón í manntalinu 1855 ásamt dóttur sinni, Sigurbjörgu.[230] Dóttirin Stefanía bættist við hópinn í febrúar 1857.

Hinn 6. mars 1859 varð Sigurður Jóhannesson úti. Hann var 41 árs að aldri. Þá var Sigríður langt gengin með soninn Sigurð sem fæddist að föður sínum látnum.[231]

3) **Guðrún Einarsdóttir** fæddist 6. október 1828. Hún var dóttir hjónanna Einars Jónssonar og Svanhildar Magnúsdóttur á Þórarinsstöðum, Dvergasteinssókn, N.- Múl.[232] Þau bjuggu þar myndarbúi ásamt foreldrum Einars. Engar athugasemdir er að finna um Guðrúnu í sóknarmannatölum Dvergasteinssóknar fyrr en árið 1835 þegar hún var orðin sjö ára en þá segir þar: „Liggur rænulaus síðan hún fæddist.“ Í sóknamannatalinu árið eftir er Guðrún sögð „vitfirringur“ og árið 1837 kemur fram að Guðrún hafði „hvorki vit né mál“.[233]

   Hinn 9. október 1839 lést Guðrún á Þórarinsstöðum 11 ára að aldri. Í athugasemdadálki prestsþjónustubókarinnar gefur að líta eftirfarandi yrðingu: „Vitfirringur, abllaus.“[234]

4) **Margrét Sigurðardóttir** fæddist 5. janúar 1830. Hún var dóttir ektahjónanna Sigurðar Benediktssonar og Ingibjargar Jónsdóttur, búandi í Heiðarseli, Kirkjubæjarsókn í

[225] ÞÍ. Kirkjubær í Hróarstungu–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1849.
[226] HérAust. Hrepp 4 Jök 1–1 Jökuldalshreppur. Hreppsbók Jökuldalshrepps 1819–1849.
[227] ÞÍ. Hofteigur á Jökuldal–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1829–1845, 1847–1850, 1853, 1856, 1859, 1861 og 1865.
[228] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/5–1–1. Þingeyjarsýslur, Norður–Múlasýsla og Suður–Múlasýsla.
[229] ÞÍ. Kirkjubær í Hróarstungu–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1850–1871.
[230] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/5–1–1. Þingeyjarsýslur, Norður–Múlasýsla og Suður–Múlasýsla.
[231] ÞÍ. Hjaltastaður í Útmannasveit–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1856–1887.
[232] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1854.
[233] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1834–1870.
[234] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1854.

Hróarstungu. Margrét naut móður sinnar ekki lengi því Ingibjörg lést 1837. Fyrir lát hennar var Margrét komin í fóstur til fyrrum hreppstjórahjónanna í Bót í sömu sókn og var fermd frá þeim árið 1843. Um hana segir prestur við fermingu: „Að kunnáttu, skilningi og bóklestri dável upp frædd." „Siðsöm og vel örtuð."

Eftir örfá ár í vinnumennsku í heimasveitinni giftist Margrét Sigurði Ólafssyni vinnumanni á Surtsstöðum og var Guðmundur Benediktsson, föðurbróðir hennar, svaramaður fyrir hennar hönd.[235] Þeim hjónum fæddust tvö börn, Vilborg árið 1848 og Þóroddur árið 1853.[236] Fjölskyldan bjó víða og jafnan í húsmennsku inni hjá annarri fjölskyldu fram til ársins 1860 þegar hún var leyst upp.[237]

Í manntalinu 1860 var Margrét skráð sem „Kristfjármaður" á Ketilsstöðum í Kirkjubæjarsókn. Ketilsstaðir var svokölluð Kistfjárjörð með sérstaka framfærsluskyldu gagnvart ómögum. Á sama tíma var Sigurður, eiginmaður Margrétar, vinnumaður á Hallgeirsstöðum í sömu sókn ásamt með Þóroddi, syni þeirra hjóna. Vilborg var komin í fóstur í Rauðsholt í Hjaltastaðasókn.[238]

Fátt er um heimildir tengdar Margréti næstu ár en vitað er að Sigurður skildi við hana og flutti til Vesturheims árið 1878. Bæði Vilborg og Þóroddur fylgdu honum eftir þangað á næstu árum.[239] Í manntalinu 1880 var Margrét niðursetningur á Fossvöllum í Kirkjubæjarsókn.[240] Átta árum síðar má sjá í hreppsreikningum Hlíðarhrepps að önnur Margrét, „Margrjet á Fossvöllum" hafi fengið með henni vitskertri 300 fiska, sem var óhemjuhátt meðlag. Meðlagið átti eftir að hækka árin eftir í 400 fiska og sem dæmi má sjá að næsthæsta meðlagið í hreppnum árið 1889 er 240 fiskar. Næsta áratuginn var Margrét niðursett annað hvort á Hrafnabjörgum eða Fossvöllum. Árið 1896 var borgað með henni til Fossvalla kr. 545 sem er þá næst hæsta meðlagið í hreppnum og árin 1897 og 1898 var borgað með henni um og yfir 700 kr. á ári, sem slær öll met.[241]

Hinn 8. júlí 1908 lést Margrét Sigurðardóttir á Fossvöllum 78 ára að aldri. Í dánarfærslunni er tekið fram að hún hafi verið ekkja og sveitarómagi.[242] Sama ár telur hreppurinn sér til tekna kr. 9.00 frá dánarbúi „Margrétar sál.[ugu] á Fossvöllum."[243]

5) **Páll Pálsson**. Um hann segir í *Íslenzkum æviskrám*:

> Páll Pálsson (4. okt. 1836–4. okt. 1890). Prestur. Foreldrar: Síra Páll Pálsson í Hörgsdal og s. k. hans Guðríður Jónsdóttir hreppstjóra hins eyfirzka að Kirkjubæjarklaustri, Magnússonar. Var fyrst kenndur öðrum (Pétri Jónssyni að Fossi á Síðu), en við fermingu gekkst síra Páll í Hörgsdal við honum eða ættleiddi hann. Tekinn í Reykjavíkurskóla

---

235 ÞÍ. Kirkjubær í Hróarstungu–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1849.
236 Ibid., ÞÍ. Eiðar í Eiðaþinghá–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1854. Manntal 1816.
237 ÞÍ. Eiðar í Eiðaþinghá–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1853–1866.
238 ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/5–1–1. Þingeyjarsýslur, Norður–Múlasýsla og Suður–Múlasýsla.
239 VEF. Íslendingabók.is.
240 ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/5–1–1. Þingeyjarsýslur, Norður–Múlasýsla og Suður–Múlasýsla.
241 HérAust. Hrepp 3 Hlí 1–1 Hlíðarhreppur. Hreppsbók 1887–1920.
242 ÞÍ. Kirkjubær í Hróarstungu–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1877–1920
243 HérAust. Hrepp 3 Hlí 1–1 Hlíðarhreppur. Hreppsbók 1887–1920.

1850, fór úr skóla veturinn 1852, fór utan til lækninga (við málleysi) 1853, las síðan utanskóla, stúdent 1858, með 1. eink. (84 st.), tók próf úr prestaskóla 1860, með 1. eink. (52 st.). Vígðist 9. júní 1861 aðstoðarprestur föður síns, fékk Meðallandsþing 28. apr. 1862, Kálfafell 7. jan. 1863, Mosfell í Mosfellssveit 16. ág. 1863, en tók ekki við því, lét af prestskap í bili og lagði sig eftir málleysingjakennslu, hélt síðan uppi skóla handa mál- og heyrnarleysingjum frá 1867 til æviloka. Fékk Kálfafell aftur 5. apr. 1866, Prestbakka á Síðu 7. dec. 1869 (gegndi jafnframt Kálfafelli), Stafafell 6. sept. 1877, Þingmúla (og Hallormsstaði) 23. mars 1881 og hélt til æviloka. Drukknaði í Grímsá á Völlum. Alþm. Skaftf. 1869–73, fyrri alþm. V.- Skaftf. 1875–9. Gáfumaður mikill og málsnjall, drykkfelldur nokkuð og allra manna örlátastur, en þó dugmikill og búsýslumaður. Ritstörf: Biblíusögur og kristin fræði handa mál- og heyrnarlausum og Orðasöfn (3 kver), Kh. 1867; Predikun, Rv. 1879. Byrjaði að prenta „Bendingar um kirkjumál“ (Seyðisf.1883?). Kona 1: Guðrún Þorsteinsdóttir lögregluþjóns í Rv., Bjarnsonar. Þau slitu samvistir. Börn þeirra: Ragnheiður átti Jón Ísleifsson, Páll bjó í Skriðdal. Kona 2: Steinunn Eiríksdóttir í Hlíð í Skaftártungu, Jónssonar. Synir þeirra: Jón sjómaður í Rv., Sveinn í Hábæ, Geir trésmiður í Rv., Arnfinnur kennari í Rv. (Vitæ ord. 1861; BjM. Guðfr.; Sunnanfari III; SGr–Bf.).[244]

6) **Eiríkur Helgason** fæddist árið 1844.[245] Hann var sonur hjónanna Helga Helgasonar og Hólmfríðar Bjarnadóttur sem bjuggu í Holti í Þykkvabæ.[246] Þegar Eiríkur var á þriðja ári veiktist hann illa og var upp frá því með hræðilegan og langvarandi höfuðverk. Hann missti það mál sem hann hafði haft og mátti ekki upp frá því greina hvort hann hefði einhverja heyrn eða enga.[247] Hann bjó hjá foreldrum sínum í Holti „ófermdur“ og „ólæs“ allt til þess að Helgi faðir hans lést árið 1863. Hann taldist eftir það til ómaga hreppsins en bjó áfram í Holti þar sem hann og Hólmfríður móðir hans voru til heimilis hjá systur Eiríks og dóttur Hólmfríðar.

   Eiríkur Helgason niðursetningur í Holti lést í mars árið 1869 „af harðrétti“ 25 ára að aldri.[248]

7) **Jóhann Sigurður Ringsted.** Hinn 16. desember 1846 fæddist Sigríði Jóhannsdóttur, ógiftri stúlku í Hlíðarhúsum í Reykjavík drengur sem fékk nafnið Jóhann Sigurður við skírn hinn 21. desember sama ár.[249] Sigríður lýsti Ditlev Thomsen kaupmann föður að drengnum en kaupmaðurinn neitaði faðerninu alla tíð og var því Jóhann Sigurður Sigríðarson í

---

[244] Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landsnámstímum til ársloka 1940*, 137. Ég hafði færslur Páls Eggerts til hliðsjónar þegar ég valdi stíl á einsögunum þrátt fyrir að yrðingarnar sem Páll Eggert hafði um einstaklinganna komi víðar en úr opinberum heimildum. Sr. Páll er eini einstaklingurinn af hinum 101 sem koma fyrir í bókum Páls Eggerts.
[245] Kirkjubók Þykkvabæjarklausturssóknar frá þessum tíma er glötuð.
[246] ÞÍ. Manntöl 1835,1840, 1845–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AA/1–1–1. Austur–Skaftafellssýsla, Vestur–Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar.
[247] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur yfir mál– og heyrnarlausa fyrir árin 1859, 1860 og 1862.
[248] ÞÍ. Þykkvabæjarklaustur í Veri / Ásaprestakall yngra 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1846–1870.
[249] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1839–1860.

manntölum og sóknarmannatölum fram yfir fermingu.[250] Hann var á sveit í Reykjavík þar til eftir fermingu þegar hann fór að vinna fyrir sér með fiskveiðum.[251]

Árið 1876 eignaðist Jóhann drenginn Jóhann með Sigríði Gísladóttur sem enn var ógift í Hlíðarhúsum eins og Jóhann.[252] Þau giftu sig svo síðar og fluttu austur á Seyðisfjörð þar sem þau settust að í húsinu Bræðraborg. Þaðan gerði Jóhann út bát og hafði með sér aðra Sunnlendinga í fiskveiðunum.[253] Hinn 29. nóvember árið 1880 kól Jóhann mjög illa og þurfti að taka af honum annan fótinn. Um aðdraganda þess var eftirfarandi skrifað í blaðið *Norðling* hinn 29. janúar 1881:

> 4 sunnlendingar reru á Seyðisfirði til fiskjar og hrakti þá upp undir Skálanessbjörg, þar voru þeir teptir undir bjarginu í 5 sólarhringa, komust þó þaðan lífs en svo voru þeir kaldir að búið var að taka báða fætur af einum, en annan af tveimur. Þann fjórða sakaði eigi því hann hafði stígvéli bæði víð og held, og passaði altaf að vera stigvélafullur af sjó.[254]

Í skýrslu héraðslæknisins á Eskifirði fyrir árið 1881 er minnst á þessar aflimanir (þrisvar sinnum tvöfaldar aflimanir) í framhjáhlaupi án mikilla athugasemda.[255] Í sóknarmannatali Dvergasteinssóknar sama ár var Jóhann húsbóndi á Fjarðaröldu í Dvergasteinssókn og með honum var Sigríður, eiginkona hans og tveir drengir, Jóhann, fimm ára og Sigurður Gísli, 1. árs.[256]

Hinn 11. október árið 1886 lést Jóhann Sigurður Ringsted, giftur húsmaður á Vestdalseyri í Dvergasteinssókn, fertugur að aldri.[257]

8) **Sigrún Sigfúsdóttir**, fædd 26. júní 1849, var dóttir ektahjónanna Sigfúsar Oddssonar bónda í Miðhúsum, Eiðasókn, N.- Múl. og konu hans, Jóhönnu Þorsteinsdóttur.[258] Sigrún bjó í foreldrahúsum fyrstu níu ár ævi sinnar og fannst sóknarprestinum fimm ára stúlkan vera „siðferðisgóð“ í húsvitjuninni árið 1853.[259] Árið 1857 lést Sigfús og fluttist Sigrún samt móður sinni og tveimur systkinum, Önnu Kristínu og Sigfúsi úr sókninni.[260] Fór hún í fóstur

---

[250] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AF/3–1–1. Reykjavík. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/8–1–1.
[251] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/8–1–1.
[252] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/8–1–1.
[253] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/5–1–1. Þingeyjarsýslur, Norður–Múlasýsla og Suður–Múlasýsla. ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1884–1893. Einnig Klyppsstaður frá 1888.
[254] *Norðlingur*, 29. janúar 1881.
[255] ÞÍ. Skjalasafn Landlæknis. Ársskýrslur héraðslækna fyrir árið 1881.
[256] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1884–1893. Einnig Klyppsstaður frá 1888.
[257] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1854–1885; dánir.
[258] ÞÍ. Eiðar í Eiðaþinghá–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1862. Aðeins dánir 1860–1862.
[259] ÞÍ. Eiðar í Eiðaþinghá–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1853–1866.
[260] ÞÍ. Eiðar í Eiðaþinghá–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1862. Aðeins dánir 1860–1862.

að Þorgerðarstöðum í Valþjófsstaðasókn en Jóhanna, móðir hennar varð húskona í Mjóanesi í Hallormstaðasókn.[261]

Sigrún dvaldi á Þorgerðarstöðum næsta áratug, fyrst sem „fósturbarn“ og „léttakind“ en eftir ferminguna árið 1864 komst hún í hóp vinnufólksins á bænum, þar sem hún kunni ágætlega og hegðaði sér vel.[262] Árið 1872 var hún vinnukona á Arnaldsstöðum sem var næsti bær við Þorgerðarstaði.[263] Ári síðar var hún flutt burtu úr sókninni að Eiðum í Eiðasókn með það sem kallað var í prestsþjónustubókinni „fásinna.“[264] Í hreppsreikningum Eiðahrepps árin 1880 og 1881 voru lagðir með Sigrúnur 360 fiskar og hún sett niður á ýmsum bæjum vegna geðveiki.[265]

Hinn 4. apríl 1884 lést Sigrún á Mýnesi í Eiðasókn 35 ára að aldri. Nánari lýsingu á dánarorsök Sigrúnar er að finna í árskýrslu héraðslæknis á Eskifirði til landslæknis, dagsettri 7. janúar 1885 um sullaveikisjúklinga sem höfðu látist í læknishéraðinu árinu áður. Einn „sem var vitskert og óð kona. Sprakk í umbrotum hennar Echinoc [sullur] og mjög mikið af sullvatni og sullur úttæmdist per vaginam.“[266]

9) **Anna Sigríður Magnúsdóttir**, fæddist 10. nóvember 1849. Hún var dóttir hjónanna Magnúsar Péturssonar og Guðnýjar Stefánsdóttur á Skeggjastöðum í Hofteigssókn, N.-Múl. Tvíburasystir Önnu, Guðrún Björg, lést aðeins tveggja ára gömul.[267] Í skýrslum yfir heyrnarlausa í Norður-Múlaprófastsdæmi 1862 kemur í ljós að Anna Sigríður fæddist heyrandi en missti heyrnina eftir veikindi. „I det 2det Alders Aar satte sygdom hende í denne forsatning. Har god sands og god helbred.“[268] Anna Sigríður fermdist ekki með jafnöldrum sínum og var ófermd þegar foreldrar hennar létust á árunum 1869 og 1870.[269]

Eftirfarandi er tilvísun í bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kennslu ómágla stúlku, dags. 31. júlí 1871:

> Eptir að stjórnardeildin hafði sent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá, sem hingað hafði borizt, um það, að ómála stúlka, 22 ára gömul, Anna Sigríður Magnúsdóttir úr Jökuldalshrepp í Norðurmúlasýslu, verði tekin til kennslu á hinn konunglega ómálaskóla í Kaupmannahöfn, hefir téð stjórnarráð tilkynnt oss, að með því stúlkan sé komin svo langt yfir hinn aldur, sem inntaka á téðan skóla er bundinn við, verði það ekki veitt, sem sókt var um; á hinn bóginn leiðum vér athygli yðar að því, að stúlkunni megi ef til vill koma til kennslu hjá Páli presti Pálssyni að

[261] ÞÍ. Hallormsstaður í Skógum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1852–1866.
[262] ÞÍ. Valþjófsstaður í Fljótsdal–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1841–1858 og 1860–1868. ÞÍ. Valþjófsstaður í Fljótsdal–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1867. Manntal 1816.
[263] ÞÍ. Valþjófsstaður í Fljótsdal–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1841–1858 og 1860–1868.
[264] ÞÍ. Valþjófsstaður í Fljótsdal–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1867. Manntal 1816.
[265] HérAust. Hrepp 11 Eið 1–3 Eiðahreppur. Skýrslubók sveitarstjórnar 1879–1907.
[266] ÞÍ. Skjalasafn Landlæknis. Ársskýrslur héraðslækna fyrir árið 1884.
[267] ÞÍ. Hofteigur á Jökuldal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1846–1876.
[268] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um heyrnarlausa fyrir árið 1862.
[269] ÞÍ. Hofteigur á Jökuldal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1846–1876.

Kirkjubæjarklaustri, sem fyrir nokkru hefir kynnt sér kennsluaðferðina í hinum konunglega ómálaskóla hjer í borginni.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að máli.[270]

Anna Sigríður var á Prestbakka á Síðu hjá sr. Páli Pálssyni frá árinu 1873 til og með árinu 1878. Fyrstu árin er hún sögð „Heyrnar og mállaus – ófermd og ólæs" í sóknarmannatölum Prestbakkasóknar á Síðu.[271]

Árið 1876 dró til tíðinda í lífi Önnu Sigríðar. Hinn 19. febrúar eignaðist hún dóttur á Prestbakka sem sr. Páll skírði sama dag Guðnýju í höfuðið á móðurömmu litlu stúlkunnar. Í prestsþjónustubókinni er sagt að Anna Sigríður lýsi föður að Guðnýju „Kr. Jónsson ógiftan vinnum. á sama bæ." Anna Sigríður var svo fermd frá sr. Páli og Guðrúnu Þorsteinsdóttur eiginkonu hans 17. júní árið 1877 og var hún „vel að sér heyrnar og mállaus." Ekkert er skráð í prestsþjónustubók um sérstakt biskupsleyfi.

Hinn 5. desember sama ár vígði sr. Páll þau Önnu Sigríði og Kristján Jónsson vinnuhjú í hjónaband eftir að hafa sótt um sérstakt biskupsleyfi fyrir vígslunni en brúðhjónin bæði mál- og heyrnarlaus.[272] Kristján drukknaði í Skaftá á Þorláksmessu aðeins 18 dögum eftir hjónavígsluna.[273] Eftir að hafa flutt með sr. Páli og allri fjölskyldunni frá Prestbakka að Stafafelli þá fóru þær mæðgur heim að Skeggjastöðum til ættingja sinna þar og þaðan fluttust þær til Vesturheims árið 1888.[274]

Um Guðnýju, dóttur Önnu Sigríðar segir í Íslendingabók: „Fór til Vesturheims 1888 frá Skeggjastöðum, Jökuldals- og Hlíðarhrepp, N.- Múl. Kristján Jónsson var nefndur faðir Guðnýjar, en sr. Páll Pálsson (5) gekkst síðar við henni og borgaði með henni meðlög."[275]

10) **Hans Hansson** fæddist á nýársdag 1854 á Gunnlaugsstöðum í Hallormstaðasókn, S.-Múl. og var skírður á þrettánda dag jóla.[276] Hann var þriðji í röð fjögurra sona bændahjónanna Hans Jakobssonar og Sigríðar Jónsdóttur. Hans ólst upp í föðurhúsum ásamt bræðrum sínum fram yfir tvítugt.[277] Hann fermdist á uppstigningardag árið 1868 og var það tiltekið að Hans væri „siðsamur piltur" og kynni „allt kverið."

Júlímánuðurinn árið 1875 tók mikinn toll af fjölskyldunni á Gunnlaugsstöðum. Hinn 20. júlí lést Jón bróðir Hans úr „bilun", þá rétt þrítugur og innan við viku síðar var bóndinn, Hans Jakobsson allur. Banamein hans var brjóstveiki.[278] Næstu tvö árin hélt Hans heimili með móður sinni og Guðmundi yngsta bróður sínum en árið 1878 varð hann húsmaður á Freyshólum í sömu sókn.[279] Árið eftir flutti hann sig um set í Eiðasókn og kvæntist þar hinn

---

[270] ÞÍ. Íslenska stjórnardeildin. Bréfadagbók nr. 13 1869–1872.
[271] ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1870–1880.
[272] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Vestur Skaftafellsprófastsdæmi (CV/51 1873–1904).
[273] ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1864–1892.
[274] ÞÍ. Hofteigur á Jökuldal–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1881–1931
[275] VEF. Íslendingabók.is.
[276] ÞÍ. Hallormsstaður í Skógum–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1860.
[277] ÞÍ. Hallormsstaður í Skógum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1852–1866. ÞÍ. Hallormsstaður í Skógum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1867–1897. Þingmúli 1881–1897. Hallormsstaðarsókn hverfur 1895.
[278] ÞÍ. Hallormsstaður í Skógum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1854–1882.
[279] Sóknarmannatal 1867–1897. Þingmúli 1881–1897. Hallormsstaðarsókn hverfur 1895.

2. október Björgu Jónsdóttur, 19 ára vinnukonu á Strönd.[280] Þeim hjónum fæddist svo dóttirin Sigríður 22. apríl árið 1880. Hans og Björg voru svo búandi hjón á Stóra Sandfelli þegar manntalið var tekið sama ár.[281]

Það næsta sem vitað er um fjölskylduna á Stóra Sandfelli er að þau fluttu af landi brott árið eftir, eða 1882, og settust fyrst að í Winnipeg í Kanada. Hans Hansson birti eftirfarandi þakkarávarp í blaðinu *Leif* sem gefið var út í Winnipeg í ágúst árið 1884:

> Þegar jeg undirritaður kom til Winnipeg haustið 1882 bæði fjelaus og litt fær til vinnu, þar eð jeg hafði misst báða, fætur, urðu ýmsir mannvinir til að hjálpa mjer og finn jeg mjer því skylt að láta í ljósi þakklæti mitt, fyrir alla þeirra velgjörninga. Sjerstaklega vil jeg tilnefna ættbróður minn, herra Eyjólf Eyjólfsson, sem ekki einasta gekk í broddi fylkingar með að útvega mjer fætur—svo jeg hefi síðan gengið hiklaust og notið atvinnu sem alheill—heldur lánaði hann mjer peningana fyrir þá að undanteknum 42 doll., sem nokkrar heiðurspersónur gáfu mjer. Fæturnir kostuðu hingað fluttir 221 doll., og er því auðsjeð hversu mikið herra E. Eyjólfsson hefir hjálpað mjer. Þeir, sem gáfu mjer, eru þessir: ‚Hið íslenzka Kvennfjelag 1 Winnipeg" $15, herra Árni Friðriksson $3, Signý Pálsdóttir, kona E. Eyjólfssonar, og systur hennar Björg og Sigurborg $4, Þóra Eiríksdóttir 50 cts. Nokkrir göfuglyndir Ameríkumenn $9.50, Stefán Gunnarson, Jón Júlíus, Jón Bjarnarson, Þorsteinn Pjeturson, Sveinn Magnússon, Jón Ívarsson, Sigurður Hermannsson. Jón Jónsson, Þorvaldur Þórarinsson og Guðrún Jónsdóttir $1 hver. Öllum þessum veglyndu velgjörðamönnum votta jeg mitt innilegasta þakklæti, og bið hinn algóða að launa þeim á hinn hátt, sem honum er þóknanlegast.[282]

Hans og fjölskylda hans voru búsett víða í Manitoba í Kanada og síðar í Washington í Bandaríkjunum. Þar lést hann 31. maí 1928, 74 ára að aldri.[283]

11) **Jón Sigurður Sigurðsson,** fæddist 21. september 1856. Hann var sonur hjónanna Sigurðar Arasonar og Gróu Oddsdóttur í Gestshúsum í Bessastaðasókn, Gullbringusýslu[284] Undir tvítugt var hann kominn í sjómennsku austur á Seyðisfjörð.[285] Hann var í áhöfn Jóhanns Ringsted (nr.4) þegar bátur Jóhanns hraktist undir Skálanesbjörgum í óveðri árið 1881 og

[280] ÞÍ. Eiðar í Eiðaþinghá–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1859–1907
[281] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/5–1–1. Þingeyjarsýslur, Norður–Múlasýsla og Suður–Múlasýsla. Í blaðinu *Norðanfara* sem kom út 30. apríl 1881 birtist bréf úr Reyðarfirði en bréfritara er ekki getið í blaðinu. Í þessu bréfi kemur meðal annars fram lýsing á vetrarveðrinu á Austfjörðum undangenginn vetur: „Vetur þessi hefur verið einhver sá einkennilegasti, sem jeg man eptir, engin sjerleg snjó þyngsli, opt jarðir, en vegna grimmda og hvassviðra ekki getað notast […] ungur bóndi og efnilegur Hans Hansson að nafni á Stóra–Sandfelli i Skriðdal, 1á úti eina nótt á svo kölluðum Þórudal, hann missir fætur um mjóaleggi eða ofar." „Bréf úr Reyðarfirði.", 30. apríl 1881.
[282] Hans Hansson, „Þakkarárvarp", 8. ágúst 1884.
[283] *Heimskringla*, 15. desember 1928.
[284] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1862. Manntal 1816.
[285] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1871–1883.

áhöfnin tepptist undir bjarginu í fimm sólarhringa. Jón kól mjög illa og varð að taka af honum báða fæturna rétt fyrir neðan hné.[286]

Næstu þrjú ár var Jón búsettur hjá Jóhanni Ringsted á Vestdalseyri ýmist sem vinnumaður eða húsmaður. Síðan tók við tímabil þar sem Jón hélt heimili með öðrum ógiftum sjómönnum í eða við Seyðisfjörð.[287]

Árið 1892 fæddist stúlkubarnið Sigríður Elenóra á Vestdalseyri og voru foreldrar hennar Jón Sigurður Sigurðsson og Guðrún Sigríður Kristjánsdóttir. Þremur árum síðar bættist önnur stúlka, Gróa Ragnheiður við og í maí árið 1895 gengu Jón og Guðrún í hjónaband.[288] Þau settust síðar að í Norðfirði þar sem Jón Sigurður var afkastamikill útvegsbóndi og formaður á vélbát næstu þrjátíu ár.[289]

Jón Sigurður Sigurðsson lést á Nesi í Norðfirði 2. janúar 1931, 75 ára að aldri.[290]

12) **Guðný Jónsdóttir**, fæddist 10. maí árið 1863. Foreldrar hennar voru Jón Einarsson og Guðný Jónsdóttir búandi hjón á Fossi í Mýrdal.[291] Stúlkubarnið fæddist blind og voru augun þannig að það virtist vanta augasteinanna. Hún fylgdi samt ljósabreytingum með augunum. Að öðru leyti var hún heilbrigð á sál og líkama til að byrja með.[292] Ástand Guðnýjar versnaði með árunum og í skýrslum um blinda þegar hún er sjö ára kemur fram að hún „antages for Idiot" og geti ekkert gert og ekki sé hægt að kenna henni nokkuð.[293] Hún náði því ekki fermingu.

Jón, faðir Guðnýjar lést í mars árið 1880 og fór Guðný í kjölfarið á sveit.[294] Hún var fyrst sett niður á Syðri Götum, „blindur aumingi" í fimm ár og síðar í Skarðshjáleigu í Mýrdal sem „fábjáni", „vitskert", „aumingi" það sem eftir lifði.[295]

Guðný Jónsdóttir lést á Skarðshjáleigu 27. janúar árið 1900 þá 36 ára gömul.[296]

13) **Þorsteinn Snjólfsson.** Hann var fæddur 13. ágúst 1866 á Sandfelli í Öræfum. Foreldrar hans voru Snjólfur Teitsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir, bæði ógift vinnuhjú á Sandfelli.[297] Í manntalinu árið 1870 var Þorsteinn skráður sem niðursetningur og Ingibjörg,

---

[286] Sjá neðanmálsgrein nr. 38.
[287] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1871–1883. ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1884–1893. Einnig Klyppsstaður frá 1888.
[288] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1885–1928, giftir og dánir. ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1885–1928, fæddir og fermdir.
[289] ÞÍ. Manntalið 1901–Statistisk bureau 1914 A/81–1–1. Nes í Norðfirði, Skorrastaður (Neskaupstaður). ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/8–3–1. Nes í Norðfirði. ÞÍ. Manntalið 1920–Hagstofa Íslands 1932 A/24–1–1. Suður– Múlasýsla I.
[290] ÞÍ. Skorrastaður / Nes í Norðfirði–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1921–1940.
[291] ÞÍ. Reynisþing í Mýrdal–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1863. Manntal 1816.
[292] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur yfir blinda fyrir árið 1863.
[293] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur yfir blinda fyrir árið 1870.
[294] ÞÍ. Reynisþing í Mýrdal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Reynis 1848–1882.
[295] ÞÍ. Sólheimaþing í Mýrdal / Mýrdalsþing–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1879–1884 og 1886–1892. ÞÍ. Sólheimaþing í Mýrdal / Mýrdalsþing–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1892–1903.
[296] ÞÍ. Sólheimaþing í Mýrdal / Mýrdalsþing–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1892–1904.
[297] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1858–1886.

móðir hans, var þá ógift vinnukona á sama bæ.[298] Þorsteinn fermdist frá húsbændum sínum á Skaftafelli, þeim Einari Jónssyni og Þórunni Pálsdóttur, hinn 11. júlí árið 1880 og kunni allt „vel.“[299] Í manntalinu sama ár var hann skráður sem léttadrengur hjá þeim hjónum en varð vinnumaður þeirra strax árinu síðar.[300]

Hinn 18. maí árið 1888 birtist eftirfarandi frétt í *Fjallkonunni*: „Þrjá menn kól til skemmda í Öræfum 24. mars; þeir vóru frá Skaftafelli; tveir af þeim mistu fæturna, enn einn komst af lítt skemdr.“[301] Þorsteinn sem var þá 22 ára, var annar þeirra sem misstu fæturna af kali í aðgerð sem var gerð af héraðslækninum og aðstoðarlækni í V- Skaftafellssýslu. Eftirfarandi kemur fram í skýrslu hins síðarnefnda til landlæknis dagsettri 2. janúar 1889:

> Auk þess aðstoðaði jeg hjeraðslæknirinn í 16. læknishjeraði við óperasjónir þær, er hann hann gjörði á 2 mönnum í aprílmánuði síðastliðið ár á Skeiðarársandi. Óperstíónirnar voru þessar: Amputatio eruris og exarticulatio ossiu metafarsi (Lisfrani) á öðrum og en exarticultio pedis (Syme) á hinum. Þessar opretisjónir gengu vel og greru mennirnir fljótt.[302]

Þegar sóknarpresturinn á Sandfelli húsvitjaði á bænum Svínafelli í Öræfum 4. og 5. desember árið 1888 lá Þorsteinn þar sjúklingur sem hafði misst „fæturnar fyrir kal.“[303] Í *Þjóðólfi* sumarið eftir birtist svo eftirfarandi þakkarárvarp frá Þorsteini Snjólfssyni:

> Seint í fyrra vetur kól mig ásamt tveim mönnum öðrum, á fótunum svo að þurfti að taka þá báða af mjer. Læknir Þorgrímur Þórðarson gerði það og tókst honum það ágætlega og á miklar þakkir skilið fyrir það. Læknir Bjarni Jensson aðstoðaði hann við þetta vandaverk, veitti mjer auk þess mikla læknishjálp, án nokkurs endurgjalds. Enn fremur stofnuðu þeir læknarnir, ásamt alþingism. sjera Sveini Eiríksyni, til samskota handa mjer og hinum, sem kól. Fyrir þessa mannkærleiksfullu hjálp, sem þeir auðsýndu mjer, og liðveislu, sem aðrir ljetu mjer í tje, votta jeg mitt innilegasta þakklæti og bið guð að launa það af náð sinni og miskunn.[304]

Þá var Þorsteinn orðinn vinnumaður þar og þess getið í sóknarmannatali að hann sé „fatlaður.“[305] Engar athugasemdir um það rata í manntalið sem var tekið árið eftir.[306]

---

[298] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/1–1–1. Austur–Skaftafellssýsla, Vestur–Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.

[299] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1858–1886.

[300] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/1–1–1. Austur–Skaftafellssýsla, Vestur–Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla. ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1875–1883.

[301] *Fjallkonan* 18. maí 1888.

[302] ÞÍ. Skjalasafn Landslæknis. Ársskýrslur héraðslækna fyrir árið 1888.

[303] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1885–1904, 1906 og 1912.

[304] Þorsteinn Snjólfsson, „Þakkarávarp“, 2. júlí 1889.

[305] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1885–1904, 1906 og 1912.

[306] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/1–1–1. Austur–Skaftafellssýsla, Vestur–Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.

Næstu ár var Þorsteinn vinnumaður á Svínafelli eða allt þar til að hann fluttist um set í Bjarnarnessókn þar sem hann leigði í Brattagerði og vann við heyvinnu og gripahirðingu.[307] Hann lést 15. október 1918 úr lungnabólgu 53 ára, þá vinnumaður í Þinganesi.[308]

14) **Jóhann Kristján Jónsson** fæddist 26. október árið 1867 á Fossi í Mýrdal. Hann var albróðir Guðnýjar Jónsdóttur (nr. 16).[309] Eftir andlát Jóns föður þeirra fylgdi Jóhann móður sinni sem var vinnukona á ýmsum bæjum í Mýrdalnum. Hann var sjálfur „sveitarbarn." Ekki er vitað hvort Jóhann fæddist heyrnar- og mállaus en í skýrslu um heyrnar- og mállausa fyrir árið 1883 kemur fram að hann hafi engrar kennslu notið.[310]

Jóhann Kristján lést 24. september árið 1884 sem mál- og heyrnarlaus niðursetningur á Litlu-Heiði í Mýrdal. Hann var sautján ára gamall.[311]

15) **Pálína Árnadóttir** fæddist 20. júlí 1874. Hún var barn ógiftra foreldra, Árna Jónssonar vinnumanns á Heykollsstöðum í Kirkjubæjarsókn, N.- Múl., og Signýjar Sigfúsdóttur húskonu á sama bæ.[312] Þegar Pálína var nýfædd fékk hún krampa „og var nærri dauð. Síðan hefur vinstri fóturinn á henni verið visinn og er hjer um bil þverhönd styttri vinstra megin en hægra megin."[313] Foreldrar Pálínu fylgdust að næstu árin sem húsfólk eða bóndi og ráðskona á ýmsum bæjum og lengst af á Svínafelli í Hjaltastaðaþinghá. Pálína var eina barnið þeirra og fylgdi þeim þegar þau settust að á Seyðisfirði árið 1885.[314] Tveimur árum seinna lést Árni, þá húsmaður á Fjarðaröldu, og stuttu síðar fluttust þær mæðgur búferlum í Mjóafjörð þar sem Signý var vinnukona í Minnidölum til ársins 1894.[315] Þær fluttu þá ásamt fleira fólki úr Mjóafirði aftur til Seyðisfjarðar.[316] Í hreppsreikningum Hlíðarhrepps árið 1897, sem Seyðisfjörður tilheyrði, kemur fram að Signýju var veittur þurfamannastyrkur upp á kr. 50 og aftur ári síðar.[317] Sumarið 1898 lét hreppsnefndin í Tungnahreppi byggja kofa handa þeim mæðgum til að búa í.[318]

Á gamlársdag árið 1899 eignaðist Pálína dreng sem var komið í fóstur sömu nótt og hann fæddist. Hann var skírður Halldór af presti á nýársdag. Í prestsþjónustubókinni kemur eftirfarandi fram: „Móðir: Pálína Árnadóttir fábjáni á Fremristekk. Faðir: Gísli Þóroddsson húsmaður á Þórarinsstaðareyri, hefur ekki gengst við. Varð úti."[319]

---

[307] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1885–1904, 1906 og 1912.
[308] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1887–1939.
[309] ÞÍ. Reynisþing í Mýrdal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Reynis 1848–1882.
[310] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur yfir mál og heyrnarlausa fyrir árið 1883.
[311] ÞÍ. Sólheimaþing í Mýrdal / Mýrdalsþing–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1879–1884 og 1886–1892.
[312] ÞÍ. Kirkjubær í Hróarstungu–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1850–1876.
[313] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Norður–Múlasýslu 0000 GA/8–2–1. Dóma og þingbók.
[314] ÞÍ. Hjaltastaður í Útmannasveit–prestakall 0000 BC/2–1–1. ÞÍ. Hjaltastaður í Útmannasveit–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1856–1907. Sóknarmannatal 1846–1883.
[315] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1885–1928, giftir og dánir. ÞÍ. Fjörður í Mjóafirði–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1882–1903.
[316] Fjörður í Mjóafirði–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1882–1903.
[317] HérAust. Hrepp 3 Hlí 5–1 Hlíðarhreppur. Gerðabók 1897–1909.
[318] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Norður–Múlasýslu 0000 GA/8–2–1. Dóma og þingbók.
[319] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1885–1928, fæddir og fermdir.

Hinn 20. janúar, eða hálfum mánuði síðar var settur lögregluréttur sýslumannsins í Norður Múlasýslu vegna barnsburðar Pálínu. Meðal vitna sem leidd voru fyrir réttinn var yfirsetukonan

> Hallfríður Brandsdóttir 35 ára, var hún áminnt um sannsögli og gert undir eiði til þá skýrzlu að barn það sem vitfirringurinn Pálína Árnadóttir á Fremrastekk ól síðasta gamlárskvöld hafi verið fullburða en hins vegar hafi hún ekki getað merkt að það hefði neitt fram yfir. Fæðingin gekk fljótt og vel, barnið, piltbarn rjettskapað og efnilegt að sjá. Hún heldur að móðirin hafi vel vitað hvað fram hafi farið, því þegar henni var sýnt barnið vildi hún vera góð við það og láta vel að því. Hins vegar álýtur yfirheyrða að hún geti ekki haft neina hugmynd um hver sje faðir barnsins.[320]

Réttu ári síðar, eða 21. janúar 1901 fellur dómur Landsyfirréttar í máli réttvísinnar gegn Gísla Þóroddssyni. Í honum segir:

> Með eigin játningu hins Ákærða, sem styðst við þær skýrslur, sem á annan hátt eru fengnar í málinu, er það löglega sannað, að hann kringum jólin 1898 kom í kofa nokkurn skamt frá Fornastekk i Seyðisfirði, þar sem ekkjan Signý Sigfúsdóttir býr með dóttur sinni Pálínu Árnadóttur, 25 ára gamalli, sem er fábjáni. Var Pálína ein i kofanum og lá í rúmi sínu óklædd. Hann lagðist ofan á hana og hafði holdlegt samræði við hana, án nokkurs umtals við hana, og án þess á nokkurn hátt að þröngva henni með valdi eða hótunum. Einhvern tíma á góunni 1899 kom hann aftur í kofann; var Pálína ein inni, og átti hann þá aftur holdlegt samræði við hana á sama hátt og fyr greinir. Hinn 31. desember 1899 ól Pálína barn. Pálína er, eftir því sem upplýst er i prófunum og sem styðst við álit hlutaðeigandi læknis, með öllu fábjáni og er lítt eða ekkert talandi. Hinn ákærði, sem er drykkjumaður, var í bæði skiftin, er hann hafði holdlegt samræði við Pálínu, talsvert ölvaður, en þó ekki svo út úr, að hann ekki vissi, hvað hann gjörði. […].
> Því dæmist rétt vera
> Ákærði Gísli Þóroddsson á að sæta betrunarhúsvinnu í 8 mánuði; að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.[321]

Þegar dómurinn yfir Gísla var felldur voru liðnir tæpir tveir mánuðir frá því að hann varð úti í vonskuveðri á Seyðisfirði.[322] Næstu árin borgaði hreppurinn Signýju, móður Pálínu framfærslustyrki auk spítalakostnaðar fyrir hana sjálfa.[323]

Hinn 2. maí 1907 lést sveitarómaginn Pálína Árnadóttir „vitfirringur á Kleppjárnsstöðum“ í Dvergasteinssókn úr sprungnu „magasári“ 33 ára gömul.[324]

[320] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Norður–Múlasýslu 0000 GA/8–2–1. Dóma og þingbók.
[321] *Landsyfirréttardómar*, VI, 274–276.
[322] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1885–1928, giftir og dánir.
[323] HérAust. Hrepp 3 Hlí 5–1 Hlíðarhreppur. Gerðabók 1897–1909.
[324] ÞÍ. Dvergasteinn við Seyðisfjörð–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1885–1928, giftir og dánir.

16) **Guðrún Gísladóttir** fæddist 19. ágúst 1878. Guðrún var dóttir ógiftra foreldra, þeirra Gísla Jónssonar bónda á Hnappavöllum í Öræfum og bústýru hans Guðnýju Eiríksdóttur.[325] Í sóknarmannatali í Hofssókn árið 1881 fékk Guðný ekki stöðu bústýru á heimilinu heldur aðeins skráð sem vinnukona.[326] Þegar hún lést árið 1883 frá dóttur sinni Guðrúnu fimm ára var hún sögð hafa verið bústýra á Fagurhólsmýri.[327]

Guðrún var niðursett á Fagurhólsmýri eftir lát móður sinnar en var síðar flutt sem „sveitarbarn“ að Svínafelli í sömu sókn.[328] Þar var hún til heimilis sem „niðursetningur“, „ófermd“, „fábjáni“ og jafnvel „algjörður fábjáni“ til árins 1893 þegar hún var fimmtán ára gömul.[329] Síðustu níu ár ævi sinnar var hún ýmist á Hofi, Hnappavöllum og síðast á Fagurhólsmýri þar sem hún lést 17. mars árið 1905 27 ára að aldri.[330] Í uppgjöri hreppsnefndarinnar í Hofshreppi um það leyti kemur fram að borgað hafi verið með henni frá hreppnum frá upphafi kr. 1.437,69.[331]

17) **Halldóra Pálsdóttir** var fædd 6. mars 1885.[332] Hún var dóttir hjónanna Páls Þorsteinssonar bónda á Hnappavöllum og eiginkonu hans Kristínar Þorsteinsdóttur.[333] Þetta var seinna hjónaband Kristínar og hjá þeim Páli voru tvö börn Kristínar af fyrra hjónabandi, þau Stefán og Guðrún Þorláksbörn. Halldóra bjó alla sína ævi á Hnappavöllum í skjóli foreldra sinna og allra síðustu árin sín í skjóli Stefáns hálfbróður síns sem tók við búinu árið 1916.[334]

Það var fyrst í manntalinu 1890 sem kom fram að Halldóra, þá fimm ára ætti við einhverja erfiðleika að stríða. Þar er yrðingin „fábjáni“ notuð yfir ástand hennar.[335] Þegar Halldóra var orðin tíu ára þótti sóknarprestinum ráð að setja eftirfarandi umsögn í sóknarmannatalið: „Ekki með öllu v.[iti]“ Árið eftir tiltekur hann að Halldóra „stafi vel“ en setur svo mínus þar fyrir aftan og endurtekur „Ekki með öllu ráði.“ Hann átti eftir að endurtaka þessa umsögn í hverju sóknarmannatali á fætur öðru fram að aldamótum þegar yrðingin „Fáráður“, „Fáráðlingur“ og svo „Aumingi“ tók við.[336] Í manntalinu sem tekið var árið 1901 kom fram að Halldóra vann ekkert á heimilinu en í sóknarmannatölum áranna 1912 og 1913 var hún þó nefnd vinnukona á Hnappavöllum[337].

---

[325] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1858–1886.
[326] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1875–1883.
[327] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1858–1886.
[328] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1875–1883.
[329] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1885–1904, 1906 og 1912.
[330] Ibid., ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1885–1904, 1906 og 1912.ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1887–1939.
[331] HérA–Skaft. Hofshreppur. Gerðabók 1884–1913.
[332] Fæðingardagurinn skv. upplýsingum úr manntalinu sem tekið árið 1910. ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/14–2–1. Sandfell. Skírnarfærsla Halldóru finnst ekki til tiltækum prestsþjónustubókum.
[333] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1885–1904, 1906 og 1912.
[334] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1913–1942.
[335] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/1–1–1. Austur–Skaftafellssýsla, Vestur–Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[336] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1885–1904, 1906 og 1912.
[337] Ibid., ÞÍ. Manntalið 1901–Statistisk bureau 1914 A/1–1–1. Stafafell, Bjarnanes, Einholt, Kálfafellsstaður, Sandfell, Hof.

Hinn 23. maí 1918 lést Kristín móðir Halldóru úr lungnabólgu og þremur árum síðar eða 12. desember 1920 lést Halldóra Pálsdóttir „aumingi á Hnappavöllum. Dánarorsök var „kvefsótt ásamt líkamlegri óhreysti“ 33 ára að aldri.[338]

*Samantekt*

Austfirðingafjórðungur náði til forna yfir svæðið frá Langanesi að Jökulsá á Sólheimasandi.[339] Hér voru sagðar sögur af sautján einstaklingum, sem fæddir voru á tímabilinu 1818–1885, átta konum og níu körlum. Af þessum hópi náðu átta ekki fermingu vegna kvilla sinna og ein kona var fermd með sérstöku biskupsleyfi. Tvö í þessum hópi voru algerlega rúmföst. Símon Davíðsson var mál- og heyrnarlaus og náði ekki fermingu.

Fimm af körlunum í Austfirðingafjórðungnum áttu það sammerkt að vera eða verða fótalausir. Þrír misstu fæturna vegna kals, einn var að öllum líkindum fæddur fóthrumur og sá fimmti, Sigurður Jóhannesson, var fótalaus af ókunnum ástæðum. Hann fór frá því að vera fótalaus ómagi til þrítugs í að kvænast, hefja búskap og eignast börn. Sigurður varð síðar úti í óveðri. Aðstæður kvennanna voru fjölbreyttari. Ein fæddist „rænulaus“ og „afllaus“ og var það allt sitt stutta líf. Önnur varð „vitskert“ á fullorðinsaldri og þriðja var bæði vitskert og sullaveik. Fjórða konan, Anna Sigríður Magnúsdóttir, var mál- og heyrnarlaus en náði að komast í kennslu í bendingarmáli. Hér er einnig aðeins minnst á kennarann, sr. Pál Pálsson, sem kenndi henni bendingarmálið. Samkvæmt *Íslenskum æviskrám* var Páll rangfeðraður við fæðingu en presturinn faðir hann gekkst við honum við fermingu. Páll átti svo síðar eftir að gangast við því að vera barnsfaðir Önnu Sigríðar en ekki fyrr en hún og Guðný dóttir hennar voru fluttar til Vesturheims. Barneignir presta utan hjónabands áttu að kosta þá embættið en feðgarnir Páll og Páll virðast hafa sloppið báðir fyrir horn.

Tvær kvennanna fæddust báðar með mikla þroskahömlun en áttu mjög ólíka ævi. Þar skipti fjárhagsleg og félagsleg staða öllu. Önnur var óskilgetið barn foreldra sem að öllum líkindum fengu ekki að giftast vegna sveitaskuldar en hin bjó við hið besta skjól í foreldrahúsum sem góð félagsleg staða gat veitt.

Lengsta sagan í Austfirðingafjórðungi fjallar um Pálínu Árnadóttur. Ógiftir foreldrar hennar fylgdust að allt frá fæðingu Pálínu þar til faðir hennar lést þegar hún var á fermingaraldri. Pálína náði ekki fermingu enda hafði hún fengið krampa nýfædd og var mjög andlega og líkamlega fötluð upp frá því. Pálína fylgdi móður sinni í ýmsum vistum þar til hreppsyfirvöld brugðu á það ráð að byggja kofa á Seyðisfirði handa þeim mæðgum til að búa í. Þar lá Pálína í fleti og þar var henni nauðgað að minnsta kosti tvisvar. Hún eignaðist barn í kjölfarið og leiddi það til afar merkilegs dómsmáls bæði í héraði og fyrir Landsrétti.

## 3. Sunnlendingafjórðungur

*Sögur*

18) **Jóhannes Pálsson** fæddist 11. júní árið 1828 á Flókastöðum í Fljótshlíð. Hann var sonur hjónanna Páls Þórhallasonar bónda og meðhjálpara og konu hans Málfríðar Einarsdóttur.

[338] ÞÍ. Sandfell í Öræfum–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1887–1939.
[339] Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* I, 37.

Þegar Jóhannes var ellefu ára lést Páll faðir hans „af sótt.“ Við það flosnaði fjölskyldan upp og fylgdi Jóhannes móður sinni í vinnumennsku í nágrannasóknir.[340]

Eftir fermingu varð Jóhannes léttadrengur í Öræfunum en eftir 1850 fór hann í vinnumennsku í Úthlíð í Árnessýslu þar sem hann var næsta áratug og þar finnst hann síðast í sóknarmannatali Miðdalssóknar árið 1859.[341] Í manntalinu ári síðar var Jóhannes skráður niðursetningur á Eyvindarmúla í Fljótshlíð.[342]

Við ómagaráðstöfun í Fljótshlíðarhreppi fyrir fardagaárið 1860 til 1861 var Jóhannes Pálsson „handlama“ settur niður á fimm mismunandi bæjum og lengst 15 vikur í Múla. Árin 1866 til 1868 fékk hann að vera „árlangt“ á Sámsstöðum og var ýmist skráður „handarvana“ eða „handlama.“ Það var til þess tekið að „Jóhannes Pálsson 41 árs handarvana hafði af fyrir sér sem 30 [fiska] um sláttinn sumarið 1868“ en það var í eina skiptið sem hreppsnefndin skráði hjá sér að Jóhannes gæti unnið fyrir sér að einhverju leyti.[343] Næstu fjóra áratugi var Jóhannes settur niður á fjölda bæja í hreppnum hvert ár. Viðkomustaðir hans voru fæstir 3 á sama ári og flestir 11.[344] Þegar yfirvöld létu gera skýrslu yfir alla þurfamenn á landinu árið 1902 kom fram að Jóhannes sem þá var skráður á Sámsstöðum var „einhentur (visinn annar handleggur).“[345]

Árið 1909 var Jóhannes settur niður árlangt á Sámsstöðum og var þar niðursetningur allt til dauðadags hinn 20. júlí árið 1915. Hann var þá fullra 87 ára.[346]

19) **Kristgerður Jónsdóttir** fæddist hinn 20. ágúst árið 1834 í Stórholti á Rangárvöllum. Hún var þriðja barn foreldra sinna, Jón Pálssonar bónda í Stórholti og konu hans Þuríðar Árnadóttur, sem upp komst.[347] Þegar Kristgerður var á þriðja ári var heimilið leyst upp og eldri systkinum hennar komið fyrir sem niðursetningum á nágrannabæjum.[348] Kristgerður fór hins vegar með foreldrum sínum í vinnumennsku að Skeiði í Stórólfshvolssókn.[349]

Ári síðar var Kristgerður komin á Skarð á Landi ásamt móður sinni sem var þar vinnukona. Þar voru þær mæðgur saman í 13 ár. Kristgerður var fermd frá húsbændum sínum árið 1848 og þótti bæði „allvel að sjer og siðsöm.“[350] Tveimur árum síðar var hún orðin vinnukona á Skarði.[351]

---

[340] ÞÍ. Breiðabólsstaður í Fljótshlíð–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1835. Manntal 1816.
[341] ÞÍ. Miðdalur í Laugardal–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1835–1841 og 1843–1861.
[342] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[343] HérRang. Fljótshlíðarhreppur. Sveitarbók 1852–1892, A1–1.
[344] Ibid., HérRang. Fljótshlíðarhreppur. Sveitarbók 1892–1913, A1–2. HérRang. Fljótshlíðarhreppur. Sveitarbók 1912–1926, A1–3.
[345] Nefndur ranglega Jóhann í skránni. Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga*, 334.
[346] HérRang. Fljótshlíðarhreppur. Sveitarbók 1892–1913, A1–2. HérRang. Fljótshlíðarhreppur. Sveitarbók 1912–1926, A1–3. ÞÍ. Breiðabólsstaður í Fljótshlíð–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1891–1934.
[347] ÞÍ. Oddi á Rangárvöllum–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1850. Manntal 1816.
[348] ÞÍ. Oddi á Rangárvöllum–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1837–1852 og 1854–1865.
[349] ÞÍ. Oddi á Rangárvöllum–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1850. Manntal 1816.
[350] ÞÍ. Landþing / Fellsmúli–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók Skarðs 1848–1885.
[351] ÞÍ. Landþing / Fellsmúli–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1822, 1824, 1826, 1828, 1830, 1832, 1834, 1836–1846 og 1848–1850.

Kristgerður missti Þorgerði móður sína í byrjun árs árið 1851 og fór frá Skarði um fardaga sama ár.[352] Hún var vinnukona á ýmsum bæjum á Rangárvöllum næsta áratug.[353] Hinn 4 apríl árið 1867 eignaðist Kristgerður dreng í Haukadal á Landi þar sem hún var búin að vera vinnukona í tvö ár. Drengurinn var skírður sama dag og fékk nafni Jón. Faðir Jóns var skráður Einar Gíslason en hann var eins og Kristgerður vinnuhjú í Haukadal. Þau mæðgin Kristgerður og Jón fylgdust ekki að nema nokkra mánuði og var drengurinn settur niður á Helluvaði á Rangárvöllum en Kristgerður hélt vinnumennsku sinni áfram á nýjum bæ á hverju fardagaári.[354] Hinn 18. nóvember árið 1870 lést Jón Einarsson „niðursetningur á Helluvaði“ á sínu fjórða aldursári.[355] Þá var Kristgerður móðir hans í vinnumennsku í Götu í Holtum. Þaðan fór hún ári síðar í sinn fæðingarhrepp og var sett niður á Eystri-Geldingalæk ófær til vinnu aðeins 37 ára gömul.[356] Ekki er með öllu ljóst hvað kom fyrir Kristgerði og hafa hreppsbækur úr Rangárhreppi frá þessum tíma ekki varðveist. En óvinnufær hreppsómagi var hún síðan á ýmsum bæjum í hreppnum í hátt á fjórða áratug,

Kristgerður Jónsdóttir lést 19. júlí árið 1910, þá á sveit á Reynifelli. Hún „dó úr slagi“ 76 ára að aldri.[357]

20) **Elín Þorbergsdóttir** fæddist hinn 20. júlí árið 1853. Hún var dóttir Þorbergs Þórðarsonar bónda í hjáleigunni Djúpadal í Hvolhreppi og konu hans Guðrúnar Þorsteinsdóttur.[358] Í september ári síðar lést Þorbergur faðir hennar og í kjölfarið var Elín sett niður á Efra-Hvoli.[359] Guðrún móðir Elínar ásamt eldri bróður fóru úr sókninni árið 1856.[360]

Elín fermdist frá þáverandi húsbændum sínum, hjónunum á Sperðli árið 1868, þá sögð „ljettastúlka“ þar á heimilinu.[361] Hún var ómagi á Þórunúpi í Fljótshlíð í manntalinu árið 1870 og vinnukona á Kirkjulandi í Krosssókn árið 1880.[362] Ekki er hægt að finna aðrar heimildir um Elínu og verustaði hennar á milli manntala. En óvinnufær hreppsómagi var hún á ýmsum bæjum í hreppnum í hátt á fjórða áratug.

Árið 1885 var Elín vinnukona á Strönd í Voðmúlastaðasókn en ári seinna var hún komin á skrá yfir hreppsómaga Hvolhrepps þar sem hún var sögð „löt og heilsulítil.“ Næstu ár var

---

[352] ÞÍ. Landþing / Fellsmúli–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók Skarðs 1848–1885.
[353] ÞÍ. Landþing / Fellsmúli–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1851–1853. ÞÍ. Landþing / Fellsmúli–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1854–1867. ÞÍ. Keldnaþing á Rangárvöllum–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1842–1859. ÞÍ. Keldnaþing á Rangárvöllum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1860–1879.
[354] ÞÍ. Oddi á Rangárvöllum–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1851–1890.
[355] Ibid.
[356] ÞÍ. Holtaþing í Holtum–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók Marteinstungu 1849–1886. Manntal 1849.
[357] ÞÍ. Oddi á Rangárvöllum–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1907–1934.
[358] ÞÍ. Stórólfshvoll í Hvolhreppi–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók Stórólfshvols 1817–1860. Manntal 1816.
[359] ÞÍ. Stórólfshvoll í Hvolhreppi–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1815–1849 og 1852–1859.
[360] ÞÍ. Stórólfshvoll í Hvolhreppi–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók Stórólfshvols 1817–1860. Manntal 1816.
[361] ÞÍ. Stórólfshvoll í Hvolhreppi–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók Sigluvíkur 1841–1882. ÞÍ. Landeyjaþing–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1861–1876.
[362] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/1–1–1. Austur–Skaftafellssýsla, Vestur–Skaftafellssýsla, Rangarvallasýsla og Vestmanneyjar.

hún ýmist sögð „löt og veik“ eða „löt og óþæg“ og fékk lengst að vera á sama stað í fimm ár samanlagt.[363] Ekki er hægt að finna neinar heimildir um Elínu frá árunum 1903 til 1909.

Elín Þorbergsdóttir „á sveit í Hvolhreppi“ hengdi sig 1. ágúst árið 1910. Hún var 57 ára.[364]

21) **Guðríður Jónsdóttir** fæddist 1. nóvember árið 1853. Hún var dóttir hjónanna Jóns Jónssonar bónda í Húnakoti í Háfssókn og konu hans Guðríðar Þórðardóttur. Hún ólst upp hjá foreldrum sínum og var fermd frá þeim árið 1868 með þeirri umsögn að hún væri „vel að sér í öllu.“[365] Það hafði enda verið tekið fram í sóknarmannatali tveimur árum áður að hún kynni og læsi „vel“ og væri „búin“ að læra kverið. Þar kom einnig fram að hún væri „máttvana í fótum.“[366]

Á fermingarári Guðríðar fluttist fjölskyldan búferlum og settist að í Hábæ í Háfssókn. Þar var búið í tvíbýli og átti Guðríður þar heimili til æviloka.[367]

Árið 1881 lést Jón bóndi í Hábæ.[368] Ekkjan Guðríður hélt heimili með syninum Birni og dótturinni Guðríði og í sóknarmannatalinu 1885 kemur fram að á heimlinu eru til „nógar og góðar“ bækur. Það sama mátti segja um hitt heimilið á Hábæ.[369]

Það kom svo að því að ekkjan brá búi og fór í húsmennsku og síðar í hornið hjá Birni syni sínum í Hábæ þar sem hún lést árið 1907.[370] Eftir tveggja ára „dvöl“ á Hala í Háfssókn sneri Guðríður aftur í Hábæ þar sem hún var niðursetningur þar til hún lést hinn 2. desember árið 1912 úr lungnabólgu 59 ára að aldri.[371]

22) **Bjarghildur Hildibrandsdóttir** fæddist 2. júlí árið 1863. Hún var dóttir hjónanna Hildibrands Gíslasonar bónda í Hólakoti í Háfssókn og konu hans Sigríðar Einarsdóttur.[372] Fljótlega kom í ljós að Bjarghildur var mál- og heyrnarlaus og er hennar fyrst getið í skýrslu um mál- og heyrnarlausa árið 1870, þegar hún var á sjöunda ári.[373]

Bjarghildur flutti með foreldrum sínum frá Hólakoti að Búðakoti og svo þaðan að Brekku í sömu sókn.[374] Í samhljóða skýrslum um mál- og heyrnarlausa frá árunum 1882 og 1883 kemur fram að Bjarghildur kunni „alla vinnu“, hafi „lært heima hjá foreldrum sínum“ og vinni „sjálf fyrir sér.“[375] Árið 1886 fluttist fjölskyldan búferlum úr sókninni og settist að

[363] HérRang. Hvolhreppur. Sveitarbók 1882–1902, A3–2.
[364] ÞÍ. Oddi á Rangárvöllum–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1907–1934.
[365] ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1855–1879.
[366] ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1866–1875. Bréfabók 1866–1878. Endurritabók 1867–1876.
[367] Ibid., ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1877–1886. ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1887–1889. ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1890–1906.
[368] ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1880–1893.
[369] ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1877–1886.
[370] ÞÍ. Oddi á Rangárvöllum–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1907–1934.
[371] ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1880–1893.
[372] ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Kálfholts 1817–1865.
[373] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Skýrslur um mál– og heyrnarlausa fyrir árið 1870.
[374] ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1866–1875. Bréfabók 1866–1878. Endurritabók 1867–1876. ÞÍ. Kálfholt í Holtum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1877–1886.
[375] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Skýrslur um mál– og heyrnarlausa fyrir árið 1882 og 1883.

í Vetleifsholti á Rangárvöllum.[376] Í sóknarmannatölum áranna 1888 og 1889 segir að Bjarghildur sé „mállaus“ og „fermd“ en hvorki er að finna fermingarfærslu í kirkjubók né undanþágubréf frá biskupi vegna fermingar. Eftir að faðir Bjarghildar lést í Vetleifsholti 19. desember árið 1909 var hún skráð vinnukona á staðnum og sögð ófermd í sóknarmannatali það sama ár.[377]

Bjarghildur Hildibrandsdóttir „vinnukona frá Vetleifsholti, daufdumb“ lést 13. ágúst árið 1914 úr sullaveiki.[378]

23) **Kristján Jóhannes Sigurðsson** fæddist í Vilpu við Húsavík, 19. september árið 1865. Hann var sonur hjónanna Sigurðar Sveinbjörnssonar og Pálínu Pálsdóttur.[379] Þau bjuggu á ýmsum stöðum í nágrenni Húsavíkur og fylgdi Kristján foreldrum sínum fyrstu fimmtán árin.[380] Í sóknarmannatali Húsavíkursóknar árið 1880 er Kristjáns sagður „hálfviti“ og í manntalinu sem tekið var sama ár er hann sagður „fábjáni.“[381]

Árið 1881 fór Kristján að Héðinshöfða og var hann þar sem „vinnuhjú“ og „hálfviti“ allt til ársins 1886.[382] Þá fluttist hann ásamt sr. Kjartani Einarssyni, eiginkonu Kjartans, Guðbjörgu Sveinbjarnardóttur og börnum þeirra, Sveinbirni og Sigríði, frá Héðinshöfða að Holti undir Eyjafjöllum. Í skrá yfir brottflutta í prestsþjónustubók Húsavíkur er Kristján „þeirra tökubarn, 21 árs hálfviti.“[383] Í skránni yfir innkomna í Holtssókn undir Eyjafjöllum er Kristján sagður „ljettapiltur, hálfviti, ófermdur.“[384]

Kristján Jóhannes átti heima í Holti meira og minna það sem eftir var ævinnar. Fyrsta áratuginn eða svo var hann vinnuhjú og síðar matvinnungur.[385] Árið 1905 hjálpaði Sigríður dóttir sr. Kjartans í Holti Kristjáni að skrifa eftirfarandi bréf til kunningja síns:

> Holti, 3. febr. 1905
>
> Bezti kunningi Seinki Hosteins
>
> Nú Sigga skrifa þef y mig, so je ætla enda sem þe bíðða me.
>
> Je einlætt hef góa heisu o einlætt í hósinu. Blí bar hist o átt rauann tapp, so Brand bar hú átti rauann tapp, hann lifandi. Sella átti 81og ó81t app og hann lifandi, so Reyir mín bar með henni Húu minni þeim átti báum kyr sau önnur en sköndótt önnur; hann ætla láta heim lifa. Ha hún Kolla borin, hún bar i hóinn þa eiginn vita, hún so hót á se enginn kom í hósið ba je, þessum stungum heff ekki mikið

[376] ÞÍ. Oddi á Rangárvöllum–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1851–1890.
[377] ÞÍ. Oddi á Rangárvöllum–prestakall 0000 BC/12–1–1. Sóknarmannatal 1908–1912.
[378] ÞÍ. Oddi á Rangárvöllum–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1907–1934.
[379] ÞÍ. Húsavík á Tjörnesi–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1869.
[380] ÞÍ. Húsavík á Tjörnesi–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1841, 1845, 1848 og 1850–1876.
[381] ÞÍ. Húsavík á Tjörnesi–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1841, 1845, 1848 og 1850–1876. ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/5–1–1. Þingeyjarsýslur, Norður–Múlasýsla og Suður–Múlasýsla.
[382] ÞÍ. Húsavík á Tjörnesi–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1880–1901.
[383] ÞÍ. Húsavík á Tjörnesi–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1881–1918.
[384] ÞÍ. Holt undir Eyjafjöllum–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1851–1883
[385] ÞÍ. Holt undir Eyjafjöllum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1852–1887. ÞÍ. Holt undir Eyjafjöllum–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1888–1905. ÞÍ. Holt undir Eyjafjöllum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1906–1917.

> vit sem þeim bea hangað til hún Gudda litla kem o je há heim einlætt be, s ojef fer hyst til húsbóns sem boið í hósið lekkunum mínum. Nú hún Huppa mín átti rauann nautur, nú hún heppnast vel og hún ekkert veik, ún næ dau ífyrra o þá var je svo daufur, en sem henni batna há je verar einlætt kátur.
>
> Nú tæ óbornar o þá litlu kýrnar eptir líka þa hún undan henni Kollu o undar henni Reyu gömlu, sem dau; o hin undan henni línu gömlu sem dó einu sinni. Je hó með kunninga í Skatti sem hann hó heimtil sí o je var eina nótt í Skatti o hina á Eyi, kunningi vildi ekki leppa me heim því he var ökku lítið kendur so je var há honum um nótina. Hann einlætt so góu vi mig.
>
> Je á fleirri kindur en þe kunningi. je á möru og bindu o húsbóndi gaf mjer eina flekkótta o svo je á to gemsa sem húsbóndi kom heim í haust há hann gaf mjer stígvjelaskó so je há nýja peysu o húsmóðr gaf mjer ný föt o Bössi gaf mjer húu.
>
> Sem þjóðminningin var haldin á Lambey í vo há húsbóndi o húsmóðir lofa mjer fara þanga þa va hendur gaman. So he ho upp Skála sem hongið skemta sjer o he ho líka uppá Dal sem húsbóndi messa. Je att heinsa húsið fyr húsmóðir þe skylla ha. Je gaf öllu honginu kaffi í könd sem Sigga skrifa fyrir me.
>
> Sem konan þín kom í sumar há je passa hestinn hennar, mjer lítast vel á hana hún so almennileg vi mig Húsmóðir bi hensa ykkur.
>
> Húsmóðir vill endilega haf mig hú einlætt 82og ó vi mig o systkynin o hongið Manga gamla búi hjá nýjann staf, hún einlætt drahölt killing je vill hana ekki hendur unga stungu. Je bi hensa konunni. Mi langa há bref frá þe bezti kunningi minn! o sá þe engu tím sem þe koma. Vertu sæll kunningi minn tak fyr me alltaf. Kristján Jóhannes Sigurðsson.[386]

Fleiri bréf frá Kristjáni til kunningja sinna hafa varðveist. Í bréfi sem Sigríður skrifar fyrir hann í janúar 1906 er eftirfarandi klausa.

> Ettu nú sæll kunningi minn! Je vill eia þe að ef je kem suður sem je ekki rata. Je bi hensa henni Gunnu há Kíhómma sem missa drenginn sem heita eins og húsbóndi. Sigga seia hú skrifa illa. Hún einæltt hæa sem hún skrifa. Frúin frá Hvoli endileg bidda mi koma ti sín frá húsmóir; hún elta mi um stéttina , je sega je vea kjurr há húsbóns o húsmóir sem þeirra vill hafa vig; það ekki fallegt af henni fala mi frá húsmóir. So je hætta kunningi minn! Je bi heinsa hana. Þinn kunningi Kristján Jóhannes Sigurðsson.[387]

Kristján Jóhannes fékk vinnuhjúaverðlaun Búnaðarsambands Íslands árið 1911. Ekki var tilgreint hvað Kristján fékk en verðlaunin voru „stafir, svipur, skeiðar, skúfhólkar og bækur. [388] Árið 1913 lést sr. Kjartan en árinu síðar var Sigríður Kjartansdóttir orðin

[386] Afrit af bréfi í einkaeigu.
[387] Ibid.
[388] „Vinnuhjúaverðlaun 1911“, 1. janúar 1911.

húsfreyja í Holti.[389] Þá hleypti Kristján heimdraganum og var eitt fardagaár vinnumaður á Nikhól í Skeiðsflatarsókn.[390] Hann kom svo til baka í Holt til Sigríðar húsmóður sinnar árið 1915. Þar var hann vinnumaður til ársins 1934 þegar Sigríður og eiginmaður hennar fluttu burt og nýr prestur tók við brauðinu og býlinu.[391]

Kristján Jóhannes bjó áfram í Holti allt fram á síðustu ár. Hann lést á Syðstu Grund hinn 16. október 1949, fullra 84 ára. Hann var grafinn í Ásólfskálakirkjugarði.[392]

24) **Jón Sigmundsson** fæddist að öllum líkindum um 1770. Hann var sonur hjónanna Sigmundar Andréssonar, þá bónda í Hellisholti í Hrunasókn, og eiginkonu hans Guðrúnar Bjarnadóttur.[393]

Jón flutti með foreldrum sínum að Ási í sömu sókn einhvern tímann fyrir árið 1789 og um aldamótin 1800 voru eftirfarandi yrðingar skrifaðar við nafn Jóns í sóknarmannatölum: (1799) „Næstum hálfviti“, „Ólæs, illa vaninn, skilnings laus“, (1805 og 1806 „illa vaninn, skilningslaus.“[394]

Sigmundur bóndi, faðir Jóns lést úr landsfarsótt 22. júní árið 1806. [395] Sama ár er skrifað við Jón að vanda í sóknarmannatalinu „Illa vaninn, skilningslaus“ og yrðingunni „fáránilegur“ bætt við.[396] Jón virðist ná fermingu um þetta leyti því í sóknarmannatali Tungufellssóknar árið 1809 þar sem Jón var „tökukind“ á Tungufelli kemur fram að hann sé „fermdur en ólæs.“ Hvorki er að finna fermingarfærslu í prestsþjónustubókum né undanþágubeiðni til biskups en þessar yrðingar eru endurteknar í hverju sóknarmannatalinu á fætur öðru næstu ár auk (1817) [hegðan] „hjáránuleg“, (1819) [hegðan] „bráðlyndur“, [kann] „sárdaufur“, (1820) [hegðan] „mislynd“, [kann] „daufl[ega]“, (1822) „fáviti, sárdaufur“, (1823) „mislyndur, fram úr daufur“, (1824) „mislyndur, mikið fáfróður.[397]“

Jón Sigmundsson „niðursetningur á Tungufelli, 53 ára“ lést hinn 30. október 1826. Banamein hans voru „quefsótt og brjóstveiki.“[398]

25) **Ólöf Steingrímsdóttir** fæddist í Götuhúsum í Reykjavíkursókn 26. febrúar árið 1803. Hún var dóttir hjónanna Steingríms Illugasonar húsmanns í Götuhúsum og eiginkonu hans

---

[389] ÞÍ. Holt undir Eyjafjöllum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1884–1918. ÞÍ. Holt undir Eyjafjöllum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1906–1917.
[390] ÞÍ. Holt undir Eyjafjöllum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1884–1918. ÞÍ. Sólheimaþing í Mýrdal / Mýrdalsþing–prestakall 0000 BA/10–1–1. Prestsþjónustubók 1905–1916.
[391] ÞÍ. Holt undir Eyjafjöllum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1884–1918.ÞÍ. Holt undir Eyjafjöllum–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1918–1933.
[392] VEF. „Legstaðaskrá.“
[393] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1768, 1770, 1772, 1773, 1775, 1777, 1784, 1786, 1788–1793 og 1795.
[394] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1796–1822.
[395] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1784–1816.
[396] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1796–1822.
[397] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1796–1822. ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1823–1840.
[398] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1846. Manntal 1816.

Margrétar Gísladóttur.[399] Hjónin í Götuhúsum áttu fjögur börn sem upp komust auk nokkurra fósturbarna.[400]

Ólöf ólst upp með foreldrum sínum og flutti með þeim úr Götuhúsum í Nýjabæ árið 1819.[401] Í júní árið 1821 sendi prófasturinn í Reykjavíkurprófastsdæmi biskupnum yfir Íslandi eftirfarandi undanþágubeiðni:

> Meðal þeirra unglinga sem í vor hafa verð af mér yfirheyrðir til fermingar er stúlka úr Neshverfinu Ólöf Steingrímsdóttir, nú 17 ára að aldri. Hún hefur málfæri nær því óskiljanlegt, nema fyrir gagnkunnuga og þunga heyrn; og það mun með tornæmi, vera helsta orsök til að foreldrar hennar, sem annars mennta einkar vel börn sín hafa hvorki geta kennt henni bóklestur til hlýtar úr (kveri) lærdómsbókinni. Að undanförnu hefi ég fyrir tilmæli foreldrana optar en einu sinni yfirheyrt hana og ráðið til, eptir hennar fyrirfundna ásigkomulagi, að láta koma fram að eins fræðslu og ágripið aptan við lærdómsbókina, hvað nú hefur tekizt að hún kann þetta vel og skilur sæmilega, eins er mín meining var að hún yfirhöfuð að tala er skilningsgóð. Ég dirfist eptir þessum kringumstæður að óska að yðar háæruverðugheitum leyfis til að ferma Ólöfu soleiðis til undirbúna.[402]

Ólöf var síðan fermd með biskupsleyfi þetta sama ár og „kann“ eins og stuttaralega er tekið fram í prestsþjónustubókinni.[403] Næstu ár komu eftirfarandi yrðingar um Ólöfu í sóknarmannatölunum: (1823) „Fermd. Stautar. Hegðan: vel“, (1825) „Málhölt.“[404]

Árið 1824 flutti Ólöf með foreldrum sínum og systkinum að Ráðagerði í Reykjavík. Þar átti hún heimili til dauðadags. Fyrst var hún vinnukona hjá foreldrum sínum en eftir andlát Steingríms föður hennar, sem drukknaði[405] árið 1843, var hún vinnukona hjá Tómasi bróður sínum.

Tómas bróðir Ólafar drukknaði í maí árið 1855.[406] Ólöf var áfram á heimilinu sem vinnukona hjá mágkonu sinni og eftir að hún giftist aftur var Ólöf vinnukona hjá hinum nýja eiginmanni hennar.[407]

---

[399] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1797–1816.

[400] ÞÍ. Manntöl 1935,1940, 1945–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AB/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla.

[401] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1805–1824.

[402] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi (CV/83 1816–1830).

[403] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1838.

[404] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1825–1834.

[405] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1839–1860. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1825–1834. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1835–1845. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1846–1853.

[406] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1839–1860.

[407] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1854–1861.

Ólöf Steingrímsdóttir „ógift fávita á Ráðagerði“ lést 24. maí árið 1863 sextug að aldri.[408]

26) **Guðrún Hafliðadóttir** fæddist árið 1803. Hún var dóttir hjónanna Hafliða Nikulássonar og Kolfinnu Þóroddsdóttur sem bjuggu í Langholti í Laugardælasókn árið 1809.[409]

Hafliði faðir Guðrúnar lést hinn 11. ágúst árið 1819 þá 71 árs gamall. Þá hafði hann „legið í kör af sinnisveiki síðustu 20 ár.“ Á sama tíma var Guðrún niðursetningur á Stekkum í Laugardælasókn. Hún var fermd frá húsbændum sínum Þórði Þorkelssyni og Höllu Jónsdóttur í Halakoti og fékk eftirfarandi umsögn frá sóknarprestinum: „skikkanleg, kann vel, fámál, gáfuð.“[410]

Litlum sem engum sögum fer af Guðrúnu næstu árin en árið 1835 var hún vinnukona á prestsetrinu Hrepphólum í Hrepphólasókn og hún var einnig þar á bæ fimm árum síðar.[411]

Árið 1841 gekk hún í hjónaband með ekkjumanninum Helga Jónssyni í Hólakoti í sömu sókn.[412] Var Helgi 24 árum eldri en Guðrún. Þeim varð ekki barna auðið og lést Helgi hinn 8. júní árið 1855.[413] Fyrstu árin í ekkjustandinu náði Guðrún að lifa „af eignum sínum“ en fór svo í vinnumennsku.[414]

Tíu árum eftir að Helgi lést var Guðrún sett niður í Hellisholtum í Hrunamannahreppi „geðveik“ með 364 fiska meðgjöf. Meðgjöfin hækkaði jafnt og þér næstu árin og hæst í 416 fiska árið 1869.[415] Það ár er hún sögð „frávita“ í sóknamannatali Hrunasóknar. [416] Næstu árin lækkaði meðgjöfin aftur og fór niður í 312 fiska árið 1875.[417]

Guðrún Hafliðadóttir „sveitarómagi á Sólheimum“ lést „úr elli“ hinn 15. mars 1885, 82 ára að aldri.[418]

27) **Solveig Sigurðardóttir** fæddist í Ytri Njarðvík á nýársdag árið 1804. Hún var dóttir hjónanna Sigurðar Árnasonar bónda í Ytri Njarðvík og eiginkonu hans, Sólveigar Snorradóttur [419]. Fáum eða engum sögum fer af Solveigu næstu árin en þegar manntalið í Brautarholtssókn var tekið árið 1816 voru þær mæðgur og nöfnur á Bakka þar í sókn þar sem Sólveig eldri var ekkja og bústýra.

Hinn 6. desember árið 1826 eignaðist Solveig yngri dreng í Brautarholti á Kjalarnesi þar sem hún var heyrnar- og mállaus vinnukona. Faðir drengsins var skráður Páll Jónsson

---

408 ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1861–1880.
409 ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1806, 1809, 1816, 1818, 1821, 1828, 1831 og 1835.
410 ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1854.
411 ÞÍ. Manntöl 1835, 1840, 1845–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AB/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla.
412 ÞÍ. Hrepphólar í Hreppum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1844. Manntal 1816.
413 ÞÍ. Hrepphólar í Hreppum–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1845–1881
414 ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
415 ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu. PA/4 Sveitarbók Hrunamannahrepps 1857–1886.
416 ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1861–1864 og 1866–1876.
417 ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu. PA/4 Sveitarbók Hrunamannahrepps 1857–1886.
418 ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1845–1902.
419 ÞÍ. Útskálar í Garði–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók Hvalsness, Kirkjuvogs og Njarðvíkur 1766–1811.

vinnumaður á Bakka.[420] Í kjölfarið sneri Solveig aftur til frændfólks síns í Njarðvíkunum en drengurinn varð eftir í fóstri á Kjalarnesi.[421]

Hinn 22. maí árið 1830 skrifaði sóknarpresturinn á Kálfatjörn prófastinum bréf varðandi undanþágubeiðni til handa Solveigu vegna fermingar og bað hann að koma beiðninni áfram til biskups. Í bréfinu stendur meðal annars:

> Fulltíða quennsnift Solveig Sigurðardóttir til heimilis á Ytri Njarðvík hjá Sgn Jóni Sighvatssyni gætt firnindisgóðum skilningsgáfum og til verka velkunnandi en er þó bæði heyrnar og mállaus hefir ynnilega laungun eftir confirmation og að gjörast hluttakandi í Drottins quoldmáltíðar. Þeim til henna þekkja einkum hennar góðu húsbændur óska henni mætti það veitast og því er hér með mín auðmjúkasta bón til herra Biskupsins að hans háæruverðugheitum mætti þóknast að sýna áminntum aumingja þá það að leifa mér að mér uppfylla þessa hennar hjartanlegu laungun.

Prófasturinn hafði ýmislegt við þetta bréf að bæta, meðal annars eftirfarandi:

> Af hendingu hefi ég fengið afspurn af Solveigu Sigurðardóttur sem presturinn sækir um að mega fermast þótt hún sé heyrnar og mállaus; og strax og ég heyrði hennar getið [ólæsilegt] fyrrverandi prestur sr Þorleik í Móum um hana og sagði hann mér það um hana að hún væri að öllu leyti efnilegur quennmaður og mundi engan skort hafa á nockurri sálargáfu, hún kynni til allra verka hin besta vinnukona að hún geti með bendingum talað um það sem vera skyldi við þá sem hana um gangast; hún vildi mikið oft fara til kirkju og þegar fólk færi til altaris þá vildi hún vera með, og þegar hún væri þess varnað þá gréti hún. – Ég bað hann þá að grennslast til [ólæsilegt] eptir geti komist að hún hefði nockuð skynbragð á andlegum efnum og lofaði hann mér því, en skömmu seinna vildi það til að hún eignaðist barn er hún gat feðrað og fór við það tækifæri úr Kjalarnes Sóknum til náungafólks sín í Niarðvík hvar hún nú er; Þannig þegar ég vísiteraði syðra get ég ecki hitt hana en hafði þó spurn fyrir hana og fékk að vita af frændkonu minni Katrínu í Niarðvík að eins væri ástatt fyrir henni og hafði áður frést og hún bætti því við að hún fædd í Niarðvík hefði verið eðlilegasta barn og fædd með heyrn og á á öðru ári verið farin að [ólæsilegt] orð og lagst í veiki sem svifti hana undir eins heyrn og máli. Þegar nú hennar núverandi sóknarprestur hefur greint frá með húsbónda hennar aðstoð farið að mennta hana í andlegum efnum, jafnvel með þar að lútandi málraski hans var fullvissun, að hún hefur gott skin á þeim helztu atriðum kristindómsins [..].[422]

[420] ÞÍ. Kjalarnesþing–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Brautarholts 1816–1857. Manntal 1816.
[421] ÞÍ. Manntöl 1835,1840, 1845–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AB/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla. ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi ( CV/83 1816–1830).
[422] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi ( CV/83 1816–1830).

Solveig Sigurðardóttir var fermd á Allraheilagramessu árið 1832 frá húsbændum sínum Jóni Sighvatssyni og eiginkonu hans Oddbjörgu Snorradóttur, sem einnig var móðursystir Solveigar. Solveig hafði „góðar gáfur og [var] siðferðisgóð.[423]

Solveig var vinnuhjú hjá ættmennum sínum í Ytri Njarðvík alla sína ævi. Hún lést 16. júlí árið 1868 „ógift frá frá Ytri Njarðvík. 64 ára Dövstum; vel greind; fermd 1832.“[424]

28) **Hafliði Þorsteinsson** fæddist hinn 30. október árið 1810. Hann var sonur hjónanna Þorsteins Jónssonar bónda á Langholtsparti í Flóa og konu hans Aldísar Hafliðadóttur.[425]

Hafliði ólst upp hjá foreldrum sínum á Langholtsparti. Í sóknarmannatali Hraungerðissóknar árið 1821 kemur fram að Hafliði var „nærri mállaus.“[426] Hann fermdist ekki með jafnöldrum sínum og hvergi kemur fram í heimildum að hann fái nokkra kennslu.[427]

Hinn 2. maí árið 1831, þegar Hafliði var tvítugur lést Þorsteinn faðir hans og var búinu skipt upp milli erfingja hans í kjölfarið.[428] Til arfs gengu ekkjan Aldís og synirnir Guðmundur sem var „giftur“, Jón 28 ára og „Hafliði „mállaus og sagður hálfviti.“ Á uppboði fyrir skiptin var seldur „arfahlutur þess ómynduga mállausa drengs Hafliða sonar hans [Þorsteins].“[429]

Hafliði var með móður sinni á Brunnastöðum í manntalinu 1835 og ári síðar kemur fram í sveitabók Hraungerðishrepps að Brunnastaðir voru einn af fjórum bæjum sem Hafliði var settur niður á fardagaárið 1836–1837.[430] Það er ekki fyrr en árin 1850–1853 að Hafliði sem „á engan að“ og er „mállaus“ fær að vera á einum og sama staðnum í einhvern tíma. Bæjunum fór aftur að fjölga og fardagaárið 1858–1859 var Hafliði settur niður á 16 bæjum í hreppnum. Meðlagið með honum breyttist þó aldrei og var 260 fiskar sem var venjulegt „heilt“ ómagameðlag.[431]

---

[423] ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1850. Manntal 1817.

[424] ÞÍ. Manntöl 1835,1840, 1845–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AB/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla. ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla. ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1851–1894.

[425] ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1784–1816.

[426] ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1806, 1809, 1816, 1818, 1821, 1828, 1831 og 1835.

[427] ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1784–1816. ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1806, 1809, 1816, 1818, 1821, 1828, 1831 og 1835.

[428] ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók Hraungerðis 1817–1853. Manntal 1816. ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu 0000 ED1/3–2–1. Skiptabók 1828–1831.

[429] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu 0000 ED1/3–2–1. Skiptabók 1828–1831.

[430] ÞÍ. Manntöl 1835, 1840, 1845–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AB/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla. Þ.Í Sýslumaðurinn í Árnessýslu. PA/1 Sveitarbók Hraungerðishrepps 1834–1870.

[431] Þ.Í Sýslumaðurinn í Árnessýslu. PA/1 Sveitarbók Hraungerðishrepps 1834–1870.

Hafliði Þorsteinsson „niðursetningur á Króksstöðum“ lést 22. mars árið 1866, 56 ára að aldri. Dánarmein hans var „krampi.“[432] Útfararkostnaður „sveitarómaga nr. 1“ var 35 ríkisdalir og 40 skildingar.[433]

29) **Guðrún Magnúsdóttir** fæddist á Bóli í Biskupstungum 9. maí árið 1814. Hún var dóttir hjónanna Magnúsar Guðmundssonar bónda á Bóli og eiginkonu hans Margrétar Hallgrímsdóttur.[434]

Ekki er alveg hægt að sjá hvort Guðrún fékk að njóta nærveru Margrétar móður sinnar eitthvað en Margrét lést 15. september 1818.[435] Þá var Guðrún komin í fóstur að Langholti á Rangárvöllum.[436] Þar var hún „mállaus“, „dauf“, „vesalingur“, fáráðlingsl[eg]“ í um það bil áratug.[437]

Árið 1820 kvæntist Magnús faðir Guðrúnar aftur og árið 1828 var Guðrún komin heim aftur á fæðingarstað sinn.[438] Þar var hún sem „húsbóndans dóttir“, „hálfviti“ og „aumingi“ til dauðadags.[439]

Guðrún Magnúsdóttir „aumingi frá Bóli, 25 ára“ lést „úr landfarsótt“ hinn 21. janúar árið 1840.[440] Hún var 26 ára að aldri.

30) **Guðmundur Ögmundsson** fæddist árið 1815 að Keldnaholti í Stokkseyrarsókn. Hann var sonur hjónanna þar, þeirra Ögmundar Ólafssonar og Guðrúnar Gísladóttur.[441] Hann var daufdumbur og var sendur til Kaupmannahafnar árið 1827. Þar var hann í ein tvö ár.[442]

Guðmundur var kominn aftur til foreldra sinna í Keldnaholti þegar húsvitjað var þar árið 1829 og skrifaði presturinn yrðinguna „óviti.“ við nafn hans það árið. Hann átti eftir að nota „vitlítill“ og „daufur“ um Guðmund næstu árin.[443]

---

[432] ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók Hraungerðis 1854–1904.
[433] Þ.Í Sýslumaðurinn í Árnessýslu. PA/1 Sveitarbók Hraungerðishrepps 1834–1870.
[434] ÞÍ. Torfastaðir í Biskupstungum / Skálholt–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1782–1816.
[435] ÞÍ. Torfastaðir í Biskupstungum / Skálholt–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1858. Manntal 1816.
[436] Ibid.
[437] ÞÍ. Torfastaðir í Biskupstungum / Skálholt–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1758–1761, 1764–1766, 1769, 1770, 1774, 1775, 1777, 1778, 1781, 1783–1785, 1790–1794, 1799, 1800, 1802, 1803, 1805–1812, 1814–1822, 1824, 1826, 1828, 1830, 1832, 1834 og 1836.
[438] ÞÍ. Torfastaðir í Biskupstungum / Skálholt–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Torfastaða 1820–1867. Manntal 1820.
[439] ÞÍ. Torfastaðir í Biskupstungum / Skálholt–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1837, 1840, 1843 og 1845.
[440] ÞÍ. Torfastaðir í Biskupstungum / Skálholt–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Torfastaða 1820–1867.
[441] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1818–1845. Manntal 1818.
[442] Guðni Jónsson, *Bergsætt*, 341.
[443] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal Gaulverjabæjar og Stokkseyrar 1829–1832.

Í sóknarmannatalinu árið 1842 þegar Guðmundur er 27 ára er hann sagður matvinnungur en strax árið eftir er hann orðinn niðursetningur „dövstum.“ [444] Í manntalinu sem tekið var árið 1845 var Guðmundur skráður „fáviti frá barndómi.“[445]

Guðmundur Ögmundsson frá Keldnaholti, „sveitarómagi ógiptur 38 ára“ lést 25. júlí árið 1854. „Deyði úr taksótt.“[446]

31) **Arndís Jóhannsdóttir** fæddist hinn 27. mars árið 1824 á Efra-Langholti í Hrunamannahreppi. Hún var elsta dóttir hjónanna Jóhanns Einarssonar og Guðríðar Jónsdóttur og annað barn.[447] Þau eignuðust 10 börn sem komust upp.[448] Arndís ólst upp hjá foreldrum sínum í Efra-Langholti og fermdist þaðan árið 1838 með jafnöldrum sínum. Hún þótti „dauf í skilningi og lestri“ en kunni kverið „allvel“ og var „skikkanleg.“[449]

Þegar Arndís var þrítug að aldri árið 1854 lést Jóhann faðir hennar og tæpu ári síðar eða 30 maí árið 1855 var dánarbúið tekið til skipta. Í upptalningu á erfingjum Jóhanns var Arndís sögð „hálfviti“ og „ómagi.“ Það voru 174 ríkisdalir og 89 skildingar sem skiptust á milli ekkjunnar og tíu barna hennar. Hvert barn fékk 7 ríkisdali og 91 skilding í sinn hlut en „arfur Arndýsar leggst með henni til Einars Jóhannssonar.“[450] Einar var eldri bróðir Arndísar og tók hann við búinu í Efra-Langholti.

Í sóknarmannatali Hrunasóknar árið 1854 var Arndís skráð án ákveðins stöðuheitis í Efra-Langholti. Ári eftir búskiptin er hún komin á ómagalista Hrunamannahrepps og fær Einar lagt með henni 260 fiska.[451]

Móðir Arndísar lést 6. janúar árið 1861.[452] Í sóknamannatalinu ári síðar er Arndís sögð „óviti“ og tíu árum síðar eða árið 1872 kemur yrðingin „fráviti.“[453] Það stendur á endum að þegar Arndís flutti ásamt Einari bróður sínum og fjölskyldu hans að Hellisholti þá hækkar meðlagið með henni umtalsvert.[454]

Arndís Jóhannsdóttir sveitarómagi frá Hellisholtum lést 6. febrúar árið 1882, 58 ára „úr uppdrætti.“[455]

32) **Arnbjörn Arnbjörnsson**, fæddist 10. maí árið 1825 á Rafnkelsstöðum í Hrunasókn. Hann var sonur bóndans á bænum, Arnbjörns Ögmundssonar en móðirin var Gróa Eyjólfsdóttir vinnukona á sama bæ. Þetta var þeirra beggja fyrsta frillulífisbrot. Arnbjörn bóndi hafði misst eiginkonu sína til þrjátíu ára nokkru fyrr.[456]

---

[444] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1841–1884.
[445] ÞÍ. Manntöl 1835, 1840, 1845–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AB/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla.
[446] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1845–1890. Manntal 1845.
[447] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1846. Manntal 1816.
[448] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu 0000 ED1/5–1–1. Skiptabók 1848–1859.
[449] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1846. Manntal 1816.
[450] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu 0000 ED1/5–1–1. Skiptabók 1848–1859.
[451] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1841–1845, 1847, 1850, 1852, 1854, 1857 og 1859. ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu PA/3 Sveitarbók Hrunamannahrepps 1838–1886.
[452] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók Hruna 1861–1897.
[453] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1861–1864 og 1866–1876.
[454] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu PA/3 Sveitarbók Hrunamannahrepps 1838–1886.
[455] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók Hruna 1861–1897.
[456] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1846. Manntal 1816.

Arnbjörn og Gróa móðir hans bjuggu áfram á Rafnkelsstöðum, hann sem „launsonur“ bónda skv. sóknarmannatali og hún sem „vinnukona“ og síðar „hjástoð.“ Þegar Arnbjörn var innan við fimm ára þótti hann „efnilegur“ og „vel uppalinn“ en upp frá því var hann skráður „fáráðlingur“ sem kunni „dauflega.“[457]

Ögmundur hálfbróðir Arnbjarnar samfeðra tók við búinu af föður þeirra um miðjan fjórða áratug 19. aldar og fljótlega eftir það var Gróa komin í hóp ómaga sveitarinnar og fékk Ögmundur ígildi 80 fiska með henni[458] Arnbjörn fylgdi síðar móður sinni í ómagahópinn eftir lát föður síns árið 1839. Það sama ár er hann sagður „hálfviti“ sem kann „ekkert“ ólæs og ófermdur í sóknamannatali Hrunasóknar.[459] Skv. dánarbússkiptum eftir Arnbjörn Ögmundsson komu 283 ríkisdalir og 70 skildingar til skipta milli erfingja en Arnbjörn Arnbjörnsson var ekki þar á meðal.[460]

Í „uppteiknun yfir hreppsómaganna nöfn, aldur, samastað og niðursetutíma, samt með gjafarupphæðina“ kemur fram að Arnbjörn „15 ára hálfviti, niðursettur árlángt hjá Ögmundi á Hrafnkelsstöðum“ fái tillag frá hálfsystkinum sínum að ígildi 169 fiska en til viðbótar sé „byggt honum af kristfjárjörðum 91 [fiskur].[461] Þetta var í eina skiptið sem hálfsystkinin létu með Arnbirni og fékk Ögmundur á Hrafnkelsstöðum ígildi 260 fiska með Arnbirni og með Gróu sem var „sjónlítil og heilsuveik“ voru lagðir 104 fiskar.

Þau mæðgin voru saman á sveit á Hrafnkelsstöðum allt til þess að Gróa, sem þá hafði verið alblind um nokkur ára skeið lést af elli 22. maí árið 1860.[462] Áfram greiddi hreppurinn 260 fiska með Arnbirni á hverju fardagaári fram til ársins 1872 en þá var meðlagið hækkað í 312 fiska og hélst það þetta hátt fram til æviloka Arnbjarnar.

Arnbjörn Arnbjörnsson niðursetningur á Hrafnkelsstöðum lést 21. mars árið 1875 úr „uppdrætti.[463] Hann var fimmtugur að aldri. Útgjöld hreppsins vegna legu og útfararkostnaðar voru 63 fiskar.[464]

33) **Beinteinn Vigfússon** fæddist hinn 21. júní árið 1828 líklega á Torfastöðum í Grafningi. Hann var sonur ógiftra vinnuhjúa, þeirra Unu Árnadóttur og Vigfúsar Beinteinssonar. Ekki naut Beinteinn móður sinnar lengi því hún fór af Torfastöðum og úr sókninni sama ár. Einnig þetta sama ár fóru feðgarnir Vigfús og Beinteinn af Torfastöðum að Laugardalshólum. Ekki er ljóst hvar Beinteinn var næstu árin en Vigfús faðir hans sneri aftur í sóknina árið 1830.

Vigfús Beinteinsson drukknaði fyrir utan Álftanes hinn 26. apríl 1834 þá vinnumaður á Bíldsfelli.[465] Dánarbúi hans var skipt upp á milli alsystkina hans og hálfsystkina með úrskurði 22. janúar 1835 og þrátt fyrir að hreppstjórinn í Þingvallahreppi hafi látið

---

457 ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1823–1840.
458 ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu PA/3 Sveitarbók Hrunamannahrepps 1838–1886.
459 ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1823–1840.
460 ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu 0000 ED1/4–2–1. Skiptabók 1838–1843.
461 ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu PA/3 Sveitarbók Hrunamannahrepps 1838–1886.
462 ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1841–1845, 1847, 1850, 1852, 1854, 1857 og 1859. ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1845–1902.
463 ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1845–1902.
464 ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu PA/3 Sveitarbók Hrunamannahrepps 1838–1886.
465 ÞÍ. Þingvellir í Þingvallasveit–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Úlfljótsvatns 1817–1882.

„skiftaforvaltara“ vita af tilvist Beinteins þá gekk hann ekki til arfs eftir föður sinn vegna þess „því barni er að lögum óþinglýst í kuld og kiön getur það hér ei til arfs tekið[talið?].“[466]

Í manntölunum árin 1835, 1840 og 1845 var Beinteinn niðursetningur á Villingavatni í Grafningi „fáviti frá barndómi.“[467] Hann var farinn að „lifa af vinnu sinni“ í manntalinu 1850 „vitstola frá fæðingu.“[468]

Beinteinn fór frá Villingavatni árið 1874 og var þá búinn að vera á bænum í nær 40 ár. Hann fór í vinnumennsku að Völlum í Reykjasókn og var vinnumaður á nokkrum bæjum í þeirri sókn til ársins 1882 þegar hann er settur niður á Bíldsfelli í Grafningi.[469] Aftur fór Beinteinn í vinnumennsku árið 1885 og þá í Selvoginn en árið 1893 er hann aftur kominn á sveit og þá í Hlíð í Grafningi.[470] Á árunum 1898 til 1910 var svo Beinteinn niðursetningur á æskuheimili sínu á Villingavatni.[471]

Beinteinn Vigfússon „niðursettur“ lést í Hagavík 20. ágúst 1912 þá 84 ára gamall. Hann varð bráðkvaddur.[472]

34) **Guðrún Gísladóttir** fæddist hinn 21. júní árið 1831 að Króki í Flóa þó það sé ekki sérstaklega tekið fram í prestsþjónustubókinni. Móðir hennar, Gunnhildur Sæmundsdóttir var þar vinnukona um þetta leyti. Gunnhildur lýsti Gísla nokkurn Ólafsson, lausamann frá Reykjavík, föður að stúlkubarninu.[473]

Ekki er ljóst hvort Guðrún fékk að fylgja móður sinni í vistinni fyrstu árin en árið 1836 var hún orðinn niðursetningur hreppsins. Fyrstu árin fékk hún að vera um tíma hvert ár í Hjálmholti sem var stórbýli hreppsins og árin 1837 og 1838 var hún niðursett þar, „aumingi“, „árlangt“ með 312 fiska meðgjöf.[474]

Þrátt fyrir að manntalið 1840 skráði Guðrúnu niðursetning á Svarfhóli þá kemur fram í sveitarbók hreppsins að fardagaárið 1840–1841 var hún á tveimur öðrum bæjum.[475] Eins er það árið 1845 en þá er hún sögð vera niðursetningur á Arnarstöðum „fáviti frá barndómi“ en samkvæmt sveitarbókinni var hún sett niður á fjórum bæjum það ár „mállaus og vitlaus, á engan að“ með 312 fiskum.[476]

Árið 1847 þegar Guðrún var 16 ára var meðlagið það langhæsta sem var greitt í hreppnum. Hún fékk næstu ár ýmist að vera „árlangt“ á Lambastöðum eða töluverðan tíma

---

[466] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu 0000 ED1/4–1–1. Skiptabók 1834–1837.
[467] ÞÍ. Manntöl 1835, 1840, 1845–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AB/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla.
[468] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[469] ÞÍ. Arnarbæli í Ölfusi / Hveragerði–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1873–1882. ÞÍ. Þingvellir í Þingvallasveit–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1880–1932.
[470] ÞÍ. Selvogsþing–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1891–1898. ÞÍ. Þingvellir í Þingvallasveit–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1880–1923.
[471] ÞÍ. Þingvellir í Þingvallasveit–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1890–1939.
[472] ÞÍ. Þingvellir í Þingvallasveit–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1880–1923.
[473] ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1854.
[474] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu. PA/1 Sveitarbók Hraungerðishrepps 1834–1870.
[475] Ibid., ÞÍ. Manntöl 1835, 1840, 1845–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AB/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla.
[476] ÞÍ. Manntöl 1835, 1840, 1845–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AB/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla. ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu. PA/1 Sveitarbók Hraungerðishrepps 1834–1870.

af árinu þar. Á hverju ári var skráð við nafn hennar í ómagalistanum „mállaus og vitlaus, á engan að.“[477]

Guðrún Gísladóttir „niðurseta á Langstöðum, 23 ára“ lést hinn 9. maí árið 1854. Dánarmein hennar var sagt „innanveiki.“[478] Útfarar- og legukostnaður hennar var greiddur af hreppsreikningi „94 fis[skar]“ eða „7. rd [ríkisdalir],16 [skildingar].“[479]

35) **Salvör Jónsdóttir** var fædd á Rafnkelsstöðum í Hreppum hinn 30. nóvember árið 1833. Hún var dóttir hjónanna Jóns Arnbjörnssonar bónda og eiginkonu hans Margrétar Þorkelsdóttur.[480] Jón var eldri hálfbróðir Arnbjörns Arnbjörnssonar (nr. 24) og bjuggu þau hjón í tvíbýli á Rafnkelsstöðum á móti Ögmundi Arnbjörnssyni albróður Jóns.[481]

Salvör ólst upp á Rafnkelsstöðum ásamt foreldrum og systkinum til fjórtán ára aldurs. Hún var „mállaus“ en talin hafa heyrn.[482] Fjölskyldan flutti úr sókninni árið 1847 að Syðri–Gegnishólum í Gaulverjabæ.[483] Sóknarprestinum þar þótti Salvör „mállítil“ og „dauf“ eða „mállaus að kalla.“[484]

Árið 1853 var fjölskyldan flutt að Dalbæ í sömu sókn og þá fóru að koma yrðingar í sóknarmannatalið um Salvöru á borð við (1861) „biluð“, (1866) „aumingi á sál og líkama.“ Frá þessum tíma hafa varðveist skýrslur um mál- og heyrnarlausa úr Árnesprófastsdæmi en hvergi er nafn Salvarar að finna í þeim.[485]

Árið 1867 var Salvör komin á sveit og var hún „niðursett barn foreldra húsbóndans“ í Dalbæ.[486] Þá voru foreldrar hennar einnig komin á sveit og lést Jón faðir hennar sem niðursetningur 17. apríl 1875.[487] Þá var Salvör komin að Fljótshólum eftir að hafa verið „árlangt“ á nokkrum bæjum í hreppnum. Hún fékk að vera í Fljótshólum í ellefu ár.[488]

Margrét, móðir Salvarar lést hinn 24. febrúar árið 1886 þá „ekkja og niðursetningur frá Hamarshjáleigu.“[489] Strax sama ár var Salvör komin að Hamarshjáleigu og var þar til dauðadags.[490]

Salvör Jónsdóttir „ómagi í Hamarshjáleigu“ lést 14. apríl árið 1899 66 ára að aldri. Dánarorsökin var „ellilasleiki.“[491]

---

[477] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu. PA/1 Sveitarbók Hraungerðishrepps 1834–1870.
[478] ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1854.
[479] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu. PA/1 Sveitarbók Hraungerðishrepps 1834–1870.
[480] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1827–1852.
[481] ÞÍ. Manntöl 1935,1940, 1945–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AA/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[482] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1841–1845, 1847, 1850, 1852, 1854, 1857 og 1859.
[483] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1845–1902.
[484] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1841–1884.
[485] ÞÍ Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um mál og heyrnarlausa fyrir árin 1865–1869.
[486] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1841–1884.
[487] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1916.
[488] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1885–1897.
[489] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1916.
[490] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1885–1897.
[491] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1916.

36) **Guðrún Guðmundsdóttir** fæddist hinn 19. júlí árið 1862 í Traðarholti á Stokkseyri.[492] Hún var dóttir hjónanna Guðmundar Guðmundssonar bónda í Traðarholti og konu hans Guðrúnar Guðmundsdóttur.[493] Þau hjónin áttu fimm börn árið 1870. Guðrún var þeirra elst og næstur henni var Guðmundur sem var árinu yngri en Guðrún.[494]

Guðrún var það sem sóknarpresturinn nefndi „ómáli“ í sóknarmannatalinu árið 1865.[495] Hún ólst upp með foreldrum sínum og systkinum í Traðarholti allt þar til Guðmundur faðir hennar varð bráðkvaddur hin 17. febrúar 1872. Það sama ár fluttist hún burt úr sókninni ásamt móður sinni og þremur bræðrum í Skeiðarhrepp.[496]

Árið 1873 fór Guðrún til kennslu á Prestbakka á Kirkjubæjarklaustri þar sem sr. Páll Pálsson (5) hélt úti kennslu fyrir mál- og heyrnarlausa.[497] Guðrún var með sr. Páli „til kennslu“ næstu sjö árin og fluttist jafnvel með honum og fjölskyldu hans þegar hann tók við Stafafellssókn í Lóni. Sr. Páll fermdi Guðrúnu með sérstöku biskupsleyfi hinn 1. maí árið 1880 á Stafafelli.[498]

Eftir kennsludvölina fór Guðrún til móður sinnar sem var bústýra á Löngumýri á Skeiðum.[499] Hún var vinnuhjú þar í sókn ári síðar en árið 1883 var hún komin á sveit „málleysingi“ á Oddagörðum í Flóa.[500] Þar vann hún „dálítið af algengri vinnu“ og var meðlagið frá Stokkseyrarhreppi 60 kr.[501] Hún var á ýmsum bæjum í Flóanum næstu tíu árin eða allt þar til hún fór sem vinnuhjú á Stokkseyri árið 1893 þá þrítug að aldri.[502] Eftir nokkur ár í vinnumennsku á Stokkseyri fluttist hún til Guðmundar bróður síns sem þá var orðinn bóndi í Dalbæ í Hreppum. Þar bjó Guðrún allt til dauðadags og var skráð sem vinnuhjú fram undir árið 1910 þegar hreppurinn hóf aftur að greiða með henni.[503]

Guðrún Guðmundsdóttir lést í Dalbæ úr sykursýki hinn 21. september 1936 74 ára að aldri. Hún „var Daufdumb.“[504]

37) **Bjarni Þorleifsson** fæddist á Syðri-Brú í Búrfellssókn hinn 2. október árið 1863. Hann var sonur hjónanna Þorleifs Bjarnasonar bónda á Syðri-Brú og konu hans Sigríðar Jónsdóttur. Hann missti móður sína þegar hann var á fjórtánda ári og var fermdur frá föður sínum árið

---

[492] Hún var síðar skráð með fæðingardaginn 19. ágúst í þjóðskrá en hér er farið eftir prestsþjónustubókinni: ÞÍ. Stokkseyri í Flóa / Eyrarbakki–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1857–1882.
[493] Ibid.
[494] Ibid., ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[495] ÞÍ. Stokkseyri í Flóa / Eyrarbakki–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1841–1870.
[496] ÞÍ. Stokkseyri í Flóa / Eyrarbakki–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1857–1882.
[497] ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1864–1892.
[498] ÞÍ. Stafafell í Lóni–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1921.
[499] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[500] ÞÍ. Ólafsvellir á Skeiðum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1868–1888. ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1860–1891.
[501] Biskupsskjalasafn. Skýrslur um mál– og heyrnarlausa fyrir árið 1883.
[502] ÞÍ. Stokkseyri í Flóa / Eyrarbakki–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1893–1895.
[503] ÞÍ. Stórinúpur í Hreppum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1890–1899. ÞÍ. Stórinúpur í Hreppum–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1900–1914.
[504] ÞÍ. Stórinúpur í Hreppum–prestakall 0000 BA/10–1–1. Prestsþjónustubók 1926–1956.

1878.[505] Ári síðar flutti hann burt úr sókninni og varð vinnumaður í Reykjanesi í Mosfellssveit.[506] Ekki var hann lengi í vinnumennsku því hann sneri aftur í fæðingarsóknina árið 1881 en ekki þó til föður síns sem hafði brugðið búi og var orðinn vinnumaður í Kotvogi.[507]

Í skýrslum yfir blinda fyrir árið 1883 kom fram að Bjarni hafði ekki einungis misst sjónina heldur var hann „nokkuð máttlaus öðrum megin." Hann var „alveg sjónlaus" en ástandið „á sálu" var gott.[508] Bjarni Þorleifsson ómagi frá Snæfoksstöðum lést hinn 10 mars árið 1885. Hann var grafinn að Búrfelli.[509]

Í bréfabók hreppsnefndar Grímsneshrepps árið 1886 er skýrsla yfir þá sem höfðu andast á fyrra ári. Þar segir: „Bjarni Þorleifsson á Snæfoksstöðum, 21. árs, hann sjónlaus og heilsulaus því þúngur meðgjafarómagi og eigur hans þrotnar."[510]

38) **Jónína Gestdóttir** fæddist á Syðri Sýrlæk í Flóa hinn 6. apríl árið 1869. Hún var dóttir hjónanna Gests Jónssonar bónda og eiginkonu hans Hildar Jónsdóttur. Jónína var yngri af tveimur dætrum þeirra hjóna.[511]

Jónína ólst upp hjá foreldrum sínum fyrstu átta árin og var „biluð á heilsu."[512] Hinn 27. október árið 1876 lést Gestur faðir Jónínu „úr krampa." Í athugasemdum í prestsþjónustubókinni má lesa eftirfarandi: „Ekkja, 2 dætur ómynd. Nokkur efni."[513]

Á Jónínu er fyrst minnst í skýrslum um mál- og heyrnarlausa fyrir árið 1877. Þar kemur fram að móðir Jónínu sé „heilsulítil" og búi við fremur lítil efni." Jónína var hjá „vandalausum á Flögu í Hróarsholtssókn og látin ganga með því föðurarfur" hennar. Hvað varðaði „ástand málleysingjans" eins og það er nefnt í skýrsluforminu þá virtist Jónína „ekki ógreindarleg" og „heilsugóð." Ætlað var að Jónína væri ekki heyrnarlaus, „þó hún sé alveg mállaus og að hún hafi bilast í þungum og löngum veikindum á 1. árinu eða lengur, þá hún opt sýndist að fram komin."[514]

Föðurarfurinn hrökk ekki lengi til og árið 1879 var lagt með henni að Flögu 72 fiskar. [515] Árið eftir var hún sett niður árlangt í Kolsholt með 220 fiska í meðgjöf og þar var hún ennþá árið 1881 en með töluvert hærri meðgjöf, eða 365 fiska. Ári síðar hafði nýr gjaldmiðill tekið við og þá var lagt með Jónínu kr. 101 og var það hæsta meðgjöfin í

---

[505] ÞÍ. Klausturhólar í Grímsnesi–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók Búrfells 1843–1895.
[506] Ibid., ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[507] ÞÍ. Klausturhólar í Grímsnesi–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók Búrfells 1843–1895. ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[508] ÞÍ Biskupsskjalasafn. Skýrslur um blinda fyrir árið 1883.
[509] ÞÍ. Klausturhólar í Grímsnesi–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók Búrfells 1843–1895.
[510] HérÁrn. 1992/14 Grímsneshreppur. Bréf og bréfadagbók Grímsneshrepps 1856–1909.
[511] ÞÍ. Villingaholt í Flóa–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Villingaholts 1861–1911. Manntal 1860.
[512] ÞÍ. Villingaholt í Flóa–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1857–1887.
[513] ÞÍ. Villingaholt í Flóa–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Villingaholts 1861–1911. Manntal 1860.
[514] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um mál og heyrnarlausa fyrir árið 1877.
[515] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu. PA/3 Sveitarbók Villingaholtshrepps 1870–1884.

hreppnum. Á Kolsholti fékk Jónína að vera allt til dauðadags. Yrðingarnar um hana í sóknarmannatölum og manntölum voru eftirfarandi: (1882) „óhæf“ [til bóknáms], „fáráðlingur“, (1890) „daufdumb“, „fábjáni“, (1901) „fábjáni“, (1910) „þiggur af sveit“, „fábjáni.“[516]

Jónína Gestsdóttir „á sveit í Kolsholti“ lést úr krabbameini hinn 8. júní árið 1919, fimmtug að aldri.[517]

39) **Magnús Guðmundsson** fæddist ásamt tvíburasystur sinni, Guðrúnu, í Dalbæ í Hreppum 15. nóvember árið 1906. Hann var sonur hjónanna Guðmundar Guðmundssonar bónda í Dalbæ og eiginkonu hans, Guðfinnu Kolbeinsdóttur.[518] Magnús var því bróðursonur Guðrúnar Guðmundsdóttur (nr. 36.). Hann fæddist blindur.[519] Magnús ólst upp með foreldrum sínum og sjö systkinum, bæði eldri og yngri.[520] Hann fermdist frá foreldrum sínum 23. október árið 1921 og kunni kristnifræðina upp á „ágætt“ og hegðaði sér einnig „ágætl.[ega]“[521] Magnús var vinnumaður hjá föður sínum og tók svo við búinu ásamt Páli bróður sínum á fimmta áratug síðustu aldar.[522] Hann lifði Pál bónda bróður sinn í átta ár.

Magnús Guðmundsson bóndi í Dalbæ lést 12. maí árið 1974, 67 ára að aldri.[523]

40) **Gísli Loftsson** fæddist að Sandlæk í Hrepphólasókn hinn 5. mars árið 1922. Hann var sonur Lofts Loftssonar ráðsmanns á Sandlæk og Guðlaugar Loftsdóttur lausakonu sem komið hafði að Sandlæk af Vífilstöðum þar sem hún hafði verið sjúklingur.[524] Þau mæðgin fluttu frá Sandlæk til ónefnds staðar árið 1923, líklega til Reykjavíkur.[525] Í manntalinu árið 1930 var Gísli nemandi í Málleysingjaskólanum í Reykjavík. Hann var „málhaltur.[526] Á sama tíma var Guðlaug móðir hans komin aftur á Vífilsstaði.[527] Árið 1932 kom Gísli að Hólakoti í Hrepphólasókn og árið eftir var hann kominn til föður síns að Sandlæk. Þá var Gísli sagður „fáviti.“ Loftur var þá kvæntur og átti einn son í hjónabandi. [528]

---

[516] ÞÍ. Villingaholt í Flóa–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1857–1887. ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal Villingaholts 1901–1914. ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BC/11–1–1. Sóknarmannatal Villingaholts 1915–1931. ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla. ÞÍ. Manntalið 1901–Statistisk bureau 1914 A/13–1–1. Ólafsvellir, Hraungerði (Selfoss), Laugardælir, Kaldaðarnes. ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/30–2–1. Hraungerði (Selfoss).

[517] ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1916–1955.

[518] ÞÍ. Stórinúpur í Hreppum–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1888–1925.

[519] ÞÍ. Stórinúpur í Hreppum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1915–1928.

[520] ÞÍ. Stórinúpur í Hreppum–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1900–1914. ÞÍ. Stórinúpur í Hreppum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1915–1928.

[521] ÞÍ. Stórinúpur í Hreppum–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1888–1925.

[522] ÞÍ. Stórinúpur í Hreppum–prestakall 0000 BC/9–1–1. Sóknarmannatal 1940–1952. ÞÍ. Manntalið 1950–Hagstofa Íslands 1963 A/10–1–1. Árnessýsla II.

[523] VEF. „Legastaðaskrá“, *Garður.is.*

[524] ÞÍ. Torfastaðir í Biskupstungum / Skálholt–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1896–1930. ÞÍ. Manntalið 1920–Hagstofa Íslands 1932 A/7–1–1 Gullbringusýsla II og Kjósarsýsla.

[525] ÞÍ. Torfastaðir í Biskupstungum / Skálholt–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1896–1930.

[526] ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/33–1–1. Reykjavík IV. Laugavegur–Njálsgata.

[527] ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/9–1–1. Gullbringusýsla og Kjósarsýsla II.

[528] ÞÍ. Arnarbæli í Ölfusi / Hveragerði–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal 1920–1936.

Gísli Loftsson lést hinn 14. apríl 1933 á Sandlæk 10 ára gamall. Hann var grafinn á Hrepphólum. Í prestsþjónustubókina er ritað eftirfarandi: „Var hjá föður sínum á Sandlæk. Dánarorsök: Krampi og afleiðingar hans. Fáviti. Var aumingi frá fæðingu, líkamlega og andlega vanheill. (fáviti).“[529]

41) **Jón Gissurarson** fæddist í Hólakoti í Reykjavík 18. júlí árið 1810. Hann var tvíburi og fékk hinn tvíburinn nafnið Bjarni við skírn. Foreldrar þeirra Jóns og Bjarna voru Gissur Magnússon vaktari og kona hans, Vigdís Jónsdóttir.[530] Bjarni var alltaf heldur fyrri til en Jón. Árið 1819 var Bjarni farinn að stafa en Jón ekki. og árið 1823 stautaði Jón en Bjarni stafaði. Þeir bræður þóttu heldur óskýrir í máli.[531] Þeir fermdust ekki með jafnöldrum sínum og lærdómurinn hélt áfram árið 1826 og þegar þeir eru sextán ára gamlir gat Bjarni stafað vel og kunni nokkuð af kverinu en Jón kunni ekkert. „Báðir mikið gáfulitlir.“

Bjarni lést af barkarsótt 14. apríl árið 1826.[532] Fimm árum síðar sendi dómkirkjuprestur eftirfarandi bréf til Biskupsins yfir Íslandi:

> Jón Gissurarson á Hólakoti við Reykjavík, nú á tvítugasta aldurs ári hefir, þrátt fyrir alla mögulega viðleitni vegna sérlegs gáfnaleysis skilnings og minnis tregleika ecki mun gétað náð meir þroska í andlegum efnum mun að hann geta mjög hægt stautast í bók, og hefur lært fræðin og ágripið af höfuðlærdómum kristilegra trúarbragða, samt fáeinar stuttar bænir og vers. Þar ég er nú orðinn úrkula vonar um meir framfarir hjá þessum versaling og það ég afsagt um að nokkur fást fram til að bæta við það sem komet er,–tek ég mér hérmeð þau frávik með lagaleyfi að biðja auðmjúkast yðar háæruverðugheit að leyfa mér á næstkomandi helgum degi að láta téðan Jón vera í flokki þeirra unglinga sem Confirmast eiga í Dómkirkjunni hinn 12. þessa mánaðar. [533]

Jón var síðar fermdur með biskupsleyfi hinn 12. júní árið 1831. Hann kunni „eftir hætti.“ Kunni „aðeins greinarnar aptantil – og fræðin – en gat með aflvana svarað upp spursmál um þau mikilvægustu kristindóms sannindi“ segir í prestsþjónustubók dómkirkjunnar.[534] Stuttu síðar varð hann vinnumaður í Bakarahúsinu í Reykjavík og var þar hjá sömu fjölskyldunni hátt í hálfa öld.[535]

---

[529] ÞÍ. Torfastaðir í Biskupstungum / Skálholt–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1930–1960.
[530] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1797–1816.
[531] ÞÍ. Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1805–1824.
[532] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1838.
[533] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi ( CV/84 1831–1844).
[534] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1838.
[535] ÞÍ. Manntöl 1935,1940, 1945–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AC/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringu– og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1835–1845.ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1846–1853.[ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1854–1861.

Jón Gissurarson „ógiftur vinnumaður í Bakarahúsi“ lést hinn 5. febrúar árið 1880.[536] Hann var sjötugur að aldri.[537]

42) **Árni Jónsson** fæddist á Óttarstöðum á Álftanesi 9. júní árið 1819. Hann var sonur hjónanna Jóns Árnasonar bónda á Óttarstöðum og eiginkonu hans, Guðbjargar Jónsdóttur.[538] Þau hjón bjuggu myndarbúi og áttu nokkur börn þar á meðal dótturina Jórunni sem var fimm árum eldri en Árni. Jórunn var sögð „málhölt“ og jafnvel „hálfviti“ í sóknarmannatölum Garðasóknar.[539]

Þau systkini Árni og Jórunn náðu ekki fermingu. Þau fluttu með foreldrum sínum í Ofanleiti í Reykjavíkursókn árið 1835 og í sóknarmannatali Reykjavíkursóknar árið 1844 tekur dómkirkjupresturinn fram að Árni sé „fatlaður á viti og mæli“ og það sama átti við um Jórunni.[540] Guðbjörg húsfreyja í Ofanleiti lést 15. júní árið 1846 og ári síðar kvæntist Jón, faðir Árna aftur Guðrúnu Vigfúsdóttur ekkju í Helgakoti. Árni bjó með þeim í Ofanleiti allt þar til faðir hans lést árið 1859 en þá var hann 48 ára gamall.[541] Árni átti heimili hjá stjúpmóður sinni um nokkurra ára skeið. Hann varð vinnumaður í Hólkoti í Reykjavík árið 1868 og var þar til dauðadags. Hann var sitt á hvað skráður sem vinnumaður eða „lifir af eigum sínum“ í sóknarmannatölum Reykjavíkursóknar.[542] Árið 1886 hóf Fátækranefndin í Reykjavík að greiða með Árna 10 kr. á hverjum mánuði og var það gert í tvö ár.[543]

Árni Jónsson „uppgjafa gamalmenni á Hól við Læknisgötu“ lést 9. júlí árið 1887 „68 ára, hálfbjáni, ófermdur.“[544]

43) **Þorbjörg Einarsdóttir** fæddist hinn 19. febrúar árið 1820 í Eyrarkoti á Vatnsleysuströnd. Hún var dóttir hjónanna Einars bónda Jónssonar í Eyrarkoti og eiginkonu hans Hallvarar Björnsdóttur.[545] Ekki er að sjá hvar Þorbjörg var fyrstu ár ævi sinnar en þegar hún var sex ára var hún orðin tökubarn á Innri Ásláksstöðum á Vatnsleysuströnd „Lærir fr[æðin]. kann. V[ers] og b.[ænir] nærri blind.“

---

[536] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1861–1880.

[537] Klemens Jónsson ritaði bernskuminningar sínar um Jón Gissurarson í grein sinni „Einkennilegt fólk“, 191–195.

[538] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1862. Manntal 1816.

[539] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1821–1830, 1833, 1835 og 1837–1839.

[540] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1835–1845. Sóknarmannatal 1835–1845. Árni var fæddur holgóma. Sjá. Símon Eiríksson, „Fyrir 65 árum. Ferðaminningar Símonar Eiríkssonar. Ritaðar af honum sjálfum.“, 154.

[541] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1839–1860.

[542] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal 1868–1874. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/11–1–1. Sóknarmannatal 1875–1880.

[543] BS. Gjörðabók Fátækranefndar 1876–1893. Aðfnr. 42.

[544] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/10–1–1. Prestsþjónustubók 1881–1898. Fermdir–Dánir.

[545] ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1850. Manntal 1817.

Tveimur árum síðar eða árið 1828 var Þorbjörg komin að Breiðagerði á Vatnsleysu; þar lærði hún „fræðin, nærri því blind.“ Þar var hún í það minnsta í fjögur ár „umíngi til alls og nær blind“ en fór þaðan til foreldra sinna í Hlöðunes.[546]

Árið 1837 bað prófastur um undanþágu til handa Þorbjörgu vegna fermingar. Í bréfi til biskups segir meðal annars:

> Stúlka nockur í Kálfatjarnarsókn, að nafni Þorbjörg Einarsdóttir fædd þann19da Febr. 1820, var sökum efnahags foreldra hennar uppalin af vandalausum, máske ecki sem skynsamlegast og er nockru síðan kominn á sveit og fyrir nærverandi tíð til veru hjá öðrum Hreppstjóranum í góðum samastað. Henni hefir ecki sökum gáfnatregleika og það með svo mikil sjónleysis að ei er veglegt orðið kennt að lesa á bók og nú loksins nýlega fyrir mikla ástundum verið munnlega kenndar greinarnar eður inntakið af höfuðlærdómum Kristilegra trúarbragða og nauðsynlegustu bænir samt Lúthers litlu fræði; Yfirhöfuð er hún svo mikil aumingi svo vel til sálar og líkamlegs atgiorfis og vart eru nockur líkindi til, að hún til hlýtar fái meira lært – Mín auðmjúk bæn er sú til yðar háverðugleika að yður mætti þóknast leifa mér að confirmera nefnda stúlku með öðrum börnum á þessu vori. Ég lifi í von náðugs andsvars við þóknanlegt fallandi tækifæri. Herra stiftsprófastinum er ecki að öllu leiti ókunnugt um stúlkunnar ásigkomulag og því vona ég hans góðsamrar erklæringar í þessari sök.[547]

Þorbjörg var fermd þetta sama ár frá húsbændum sínum, hjónunum fá Minni Vatnsleysu. Hún kunni „vel það litla lært hefur og auki mjög dauf til skilnings. Siðuð miog vel Nær því blind og ólæs.“[548] Þorbjörg var á Minni Vatnsleysu í nokkur ár „Fákunnandi, aumingi, nær blind.“[549] Síðustu ár ævi sinnar var hún niðursetningur í Ytri Njarðvík.[550]

Þorbjörg Einarsdóttir lést í Ytri Njarðvík hinn 15. apríl árið 1848 „í dvöl í Ytri Njarðvík 28 ára. Deyði af lifrarveiki og innvortis meinsemd, var hálfblind og aumingi alla æfi.“[551]

44) **Sæfinnur Hannesson** fæddist á Björk í Flóa 1. júní árið 1826. Hann var sonur hjónanna Hannesar Guðmundssonar og eiginkonu hans Guðlaugar Sæfinnsdóttur.[552] Þau hjónin áttu

[546] ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1826, 1828, 1830, 1832, 1834, 1836, 1838 og 1840.
[547] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi ( CV/84 1831–1844).
[548] ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1850. Manntal 1817.
[549] ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1826, 1828, 1830, 1832, 1834, 1836, 1838 og 1840.
[550] ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1846–1847.
[551] ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1850. Manntal 1817.
[552] ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók Hraungerðis 1817–1853. Manntal 1816.

ásamt börnum sínum heimili á ýmsum stöðum í Flóa og Ölfusi en þó lengst af á Hlíðarenda.[553]

Árið 1841 lést Guðlaug móðir Sæfinns af barnsförum. Hún hafði gengið með tvíbura og fæddist annar þeirra lifandi en hinn látinn.[554] Ári síðar var Sæfinnur fermdur frá föður sínum í kirkjunni á Hjalla. Hann þótti kunna „nockuð“, vera „treggáfaður“ en „hegðar sier skikkanlega.“[555]

Þremur árum síðar, eða árið 1845 flutti Sæfinnur að prestsetrinu Gaulverjabæ. Þar var hann fyrst „matvinnungur“, síðar „vikapiltur“ og svo „vinnumaður“ allt til ársins 1853.[556] Þá fluttist hann út í Selvog.[557] Árin 1860 til 1865 var hann vinnumaður í Krýsuvík.[558]

Árið 1866 réð danskur kaupmaður í Hafnarfirði Sæfinn til sín og var Sæfinnur í Hafnarfirði í vist hjá kaupmanninum í að minnsta kosti tvö ár.[559] Þá flutti kaupmaðurinn og fjölskylda hans til Reykjavíkur og settust að í húsi því við Vesturgötuna sem síðar átti eftir að ganga undir nafninu Glasgow. Sæfinnur flutti með fjölskyldunni og settist að í útihúsi við Glasgow.[560] Sæfinnur varð svo eftir þar þegar kaupmaðurinn flutti burt úr Reykjavík og var næstu ár skráður „sjálfs sín“, „húsmaður“ og síðast „vatnsberi“ í sóknarmannatöl Dómkirkjunnar í Reykjavík, alltaf búsettur í Glasgow.[561]

Hinn 12. júlí árið 1890, þegar Sæfinnur var búinn að búa í Reykjavík í 22 ár birtist grein í *Ísafold* undir fyrirsögninni „Þokkalegt hreiður.“ Þar segir meðal annars:

> Meðal merkilegra sýnismuna, er Reykjavík hefir upp á að bjóða ókunnugum til fróðleiks og skemmtunar, er mannskepna ein, ákaflega fáránleg. Kynnu menn nú hina fornegypzku list, að búa svo um lík, að þau verði að steingjörfing og varðveitist þannig um aldur og æfi, meðan heimur stendur, þá væri sjálfsagt að gjöra slíkan grip úr manni þessum, þegar hann fellur frá, eins og hann er að öllu leyti, að búningnum ógleymdum. […]
>
> Allir skilja undir eins, að þetta, að ganga á sextán skóm, getur ekki verið eitt einstakt auðkenni á manninum; það er leiðarvísir að því nær ótal auðkennum öðrum. Enginn gengur með sextán skó á fótunum, hvern utan yfir öðrum, og svo með t. d. eina sokka, einar buxur, eina skyrtu, eina treyju o. s. frv. Nei, sextánföldum skófatnaði

[553] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal Gaulverjabæjar og Stokkseyrar 1829–1832. ÞÍ. Arnarbæli í Ölfusi / Hveragerði–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1822 (brot) og 1837–1844.
[554] ÞÍ. Arnarbæli í Ölfusi / Hveragerði–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1853.
[555] ÞÍ. Arnarbæli í Ölfusi / Hveragerði–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1822 (brot) og 1837–1844.
[556] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1818–1845. Manntal 1818. ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1841–1884.
[557] ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1845–1890. Manntal 1845.
[558] ÞÍ. Selvogsþing–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1860–1890.
[559] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1858–1867.
[560] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal 1868–1874.
[561] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal 1868–1874. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/11–1–1. Sóknarmannatal 1875–1880. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/12–1–1. Sóknarmannatal 1881–1885. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/13–1–1. Sóknarmannatal 1886–1889.

fylgir að minnsta kosti áttfaldur annar fatnaður, eða þá alltjend rytjur af áttföldum fatnaði. Og þótt spjarirnar sjálfar sjeu ekki nema átta hver utan yfir annari, þá má sjálfsagt tvöfalda þá tölu eða þrefalda, ef farið er að rekja ætt og uppruna hverrar flíkur fyrir sig. Ein úlpa er ef til vill samsteypa úr tíu öðrum, – úr tíu uppgjafaúlpum og uppgjafafrökkum og uppgjafatreyjum, af mönnum af öllum stjettum og ýmsum þjóðum. Einn einasti vetlingsþumall er ef til vill skeyttur saman úr tuttugu þumalsgörmum, af börnum og fullorðnum, og er sjálfur mestur garmurinn. Svona má tína upp allan fatnaðinn.

En hve ómælilegt djúp nýtni, samhaldssemi, sparsemi, nægjusemi býr undir þessum ytri auðkennum og allri þeirri framgöngu, er þeim fylgir!

Sæfinnur á bæli, eða rjettara sagt hefir átt, í geymsluhúsklefagarmi á húsabaki við eitt hið mesta stórhýsi bæjarins. Klefagarmur þessi var raunar ekki annað en afþiljað hólf af smáhýsi, er naumast þykir kurteist að nefna fullum stöfum á prenti. Hann mun hafa átt þar heima full tuttugu ár eða vel það. […]

Að hann hafi átt sjer þar bæli, er rjett að orði komizt, í hvaða merkingu sem það orð er tekið. Rúmið sitt hefir hann haft þar, ef rúm skyldi kalla haug af alls konar rusli, ekki fatnaði, heldur skrani, með skóbótum, torfusneplum og einhverjum tuskuræflum innan um, sem einhverntíma höfðu verið vaðmálspjötlur eða ljereptsræmur.

Við ræningjabæli kynni einhver að hafa viljað líkja þessum óviðjafnanlega samastað, einhver ókunnugur, sem ekki vissi það, sem er, að Sæfinnur gamli er ráðvendnin sjálf. Þó að hann hafi varla annað gjört í tómstundum sínum í tuttugu ár, milli þess sem hann hefir verið að stunda sína löglegu atvinnu –að sækja vatn–, en að viða að þessu heimkynni sínu, að draga í bælið, þá mun hver Reykvíkingur þora að fullyrða, að þar hafi aldrei komið ófrjáls hlutur inn fyrir dyr.[562]

Ástæðan fyrir þessari grein var að að morgni 10. júlí þetta sama ár var Sæfinnur „borinn út“ úr bústað sínum að munnlegri skipan bæjarfógetans í Reykjavík.[563] Þetta var gert án vitundar Sæfinns sem var að vatnsburði þegar „haugurinn var rofinn“ og allt var flutt í „sjó niður.“ Fljótlega fundust nokkrir peningar inni í alls kyns umbúðum og allt í allt voru þetta 400 krónur sem fundust og mikið af úreltri mynt, spesíum, ríkisdölum og skildingum. Það var til þess tekið að 28 hattar fundust, „fornir mjög, miglaðir og ekki mjög haldgóðir.“ Peningana tók bæjarfógetinn til vörslu en hvergi er að sjá í gögnum hans eða Fátækranefndarinnar í Reykjavík að hann hafi skilað þeim til Sæfinns.[564]

Ekki var að sjá á Sæfinni nein svipbrigði þegar hann kom að heimili sínu en um kvöldið fór hann að tína það saman úr fjörunni sem hann náði í og bera það í afkima þar skammt frá. Þáverandi húseigandi sem hafði krafist útburðarins lánaði Sæfinni annan afkima í

562 „Þokkalegt hreiður“, 12. júlí 1880.

563 Þessi lýsing er úr handriti Jóns Borgfirðings sem þarna var nýhættur störfum sem lögregluþjónn í Reykjavík og var sjónarvottur að atburðinum og afleiðingum hans. Jón Borgfirðingur, „Minnisgreinir og skjalaúrdrættir; Ísland.“

564 ÞÍ. Borgarfógetinn í Reykjavík 0000 ED1/4–2. Skiptabók. BS. Gjörðabók Fátækranefndar 1876–1893. Aðfnr. 42.

pakkhúsi á lóðinni og tók Sæfinnur upp sína venjulegu hætti.[565] Árin 1890, 1891 og 1892 er ekki hægt að finna nafn Sæfinns í sóknarmannatölum Dómkirkjunnar en árið 1893 er hann sagður „húsmaður“ á sínum gamla stað.[566]

Sæfinnur Hannesson „niðursetningur í Skildinganesi um tíma“ lést 5. febrúar árið 1896 þá sjötugur.[567]

45) **Vilborg Guðnadóttir** fæddist á Ingunnarstöðum í Kjós hinn 16. apríl árið 1828. Móðir Vilborgar var Sigríður Gísladóttir bóndadóttir á bænum og faðir hennar Guðni Jónsson vinnumaður á sama bæ. Foreldrarnir gengu í hjónaband ári síðar eða 6. október árið 1829.[568]

Vilborg ólst upp hjá foreldrum sínum á Ingunnarstöðum og var ekki farin að stafa og stauta fyrr en undir tíu ára aldur. Hún var send í fóstur til móðursystur sinnar í Hvítanes í Kjós og var þar næstu árin. Árið 1842 var hún farin að lesa „dálítið.“[569]

Árið 1844 sendi prófasturinn í Kjalarnesprófastsdæmi frá sér eftirfarandi beiðni um undanþágu til fermingar til handa Vilborgu:

> Stúlka þessi heitir Vilborg Guðnadóttir, nú 16 ára að aldri og má fremur kallast aumingi, bæði til sálar og líkama. Hún hefir í mörg ár verið til fósturs hjá bóndanum Birni Guðlaugssyni á Hvítanesi hier í sókn, og þannig hitt fyrir þann stað sem ég ætla einhvern hinn líklegasta með barnauppfræðslu; en er og sagt, að uppfræðsla hennar hafi verið haldið áfram bæði sumar og vetur – og [ólæsilegt] og að þetta var tilfellið á næstliðnu sumri. En allt fyrir þetta hefur henni ekki orðið meira ágengt en að hún hefur lært af lærdómsbókinni, að fráteknum skíringargreinunum, allt nema 6ta kap., ástamt skriftarmálum og altarisgöngu bænum. Allt þetta hefur orðið að kenna henni utan bókar, því bóklestur hefur gengið stirt. Þá má hún, að mínu áliti teljast læs þótt hún lesi seint og henni hætti til að anda á milli einstakra orða eða við annað hvert orð – og hvað seint henni hafi farið framá þetta ræð ég af húsvitjunarbókum formanns míns fyrir 3 árum er sagt hún „lesi nokkurt“ og aptur seinna, að hún „lesi stirt.“ Kunnáttu hennar og skilning hefi ég haft tækifæri til að ransaka iðulega í vetur, fyrst við húsvitjun, og nú síðar, þar henni hefur verið komið fyrir á næsta bæ, svo hún geti fylgt öðrum úngmennum til yfirheyrslu. Mér hefir virst, að hún kynni vel greinarnar utanað, og mun yfir höfuð minni hennar vera sæmilegt en næmið ofur lítið. Skilningurinn er sérlega tæpur, þó getur hún ef aukalega er spurt, gefið allsæmileg svör, en varla nema um höfuðatriði trúarbragðanna […]. Þetta er nú sú nákvæmasta lýsing, sem ég get gefið á högum ofnanefndrar Vilborgar Guðnadóttur, og finst mér ekki að ég geti upp á mitt eindæmi tekið hana til framfæris en get því ekki annað en álitið, að henni sé lítilla framfara von einkum þar hún nú, kringumstæðnanna vegna hlýtur að víkja aptur til foreldra

[565] Jón Borgfirðingur, „Minnisgreinir og skjalaúrdrættir; Ísland.“
[566] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/14–1–1. Sóknarmannatal 1890–1895.
[567] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/10–1–1. Prestsþjónustubók 1881–1898. Fermdir–Dánir.
[568] ÞÍ. Reynivellir í Kjós–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1845. Manntal 1816.
[569] ÞÍ. Reynivellir í Kjós–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1831–1843.

> sinna bláfátækra, hvað hún naumast hefir annarra eins fræðslu að vænta og hjá fósturforeldrunum – og ég óska þess í undirgefni yðar háæruverðugheita úrskurðar um hvort ekki muni leyfilegt að taka hana til Confirmationar á yfirstandandi vori.[570]

Biskupsleyfi fékkst og var Vilborg fermd frá fósturforeldrum sínum í Hvítanesi árið 1844. Hegðun þótti „skikkanleg Kann sæmil[ega]. Mjög gáfnalítil.“ Í sérstakri færslu heldur sóknarpresturinn áfram. „Nr. 7 hefir sleppt 6ts kap og er fermd með biskupsleyfi.“[571] Eftir það fór Vilborg aftur til foreldra sinna á Ingunnarstöðum og var þar þegar manntalið var tekið árið 1845.[572]

Vilborg Guðnadóttir „frá Ingunnarstöðum“ lést hinn 24. júlí árið 1847 19 ára að aldri.[573]

46) **Ragnhildur Ólafsdóttir** fæddist hinn 27. júlí árið 1831 á Gauksstöðum í Útskálasókn. Hún var dóttir hjónanna Ólafs Gamalíelssonar bónda á Gauksstöðum og eiginkonu hans Agnesar Helgadóttur.[574]

Ragnhildur varð „sveitarbarn“ á Litla Hólmi aðeins tveggja ára gömul og var þar til ársins 1837. Þá var hún sett niður í Móakoti og var farin að stafa.[575] Í janúar árið 1839 lést Ólafur faðir Ragnhildar þá „giftur sveitarómagi á Gauksstöðum. Deyði úr holdsveiki, eftirlætur 3 börn og konu.“[576]

Árið 1844 sendi sóknarpresturinn í Útskálasókn bréf til biskupsins yfir Íslandi dagsett 27. febrúar, þar var meðal annars eftirfarandi klausa:

> var mér full alvara að biðia yður að veita mér confirmation leyfi fyrir sveitar barn nockurt Ragnhildi Ólafsdóttur, þegar náð hefur fullum aldri / hún er nú 13 ára / sem er svo yfirkomin af holdsveiki að hún er blind að kalla og vegna brjóstþyngsla er henni örðugt um mál. Utanbókar hefur hún lært fræðin og er mjög tornæm, á bóklestri var hún miög skammt komin þegar við hana var vegna veikindanna hætt. Vil ég biðia yður veita henni þetta því hún hefur löngun til þess en vandræði er um hvað líf hennar kann lengi að treinast með þessa vesöld.“[577]

Ragnhildur Ólafsdóttir „holdsveikur sveitar ómagi deyði úr holdsveiki þungt þjáð og kaunum hlaðin“ hinn 9. mars árið 1844 á 13. ári. Hún var ófermd.[578]

47) **Margrét Arnljótsdóttir** fæddist í Reykjavík hinn 12. maí árið 1834. Hún var „óegta“ dóttir Arnljóts nokkurs Jónssonar og Soffíu Pálsdóttur. Þetta var þeirra fyrsta frillulífisbrot.

---

[570]ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi ( CV/84 1831–1844).
[571] ÞÍ. Reynivellir í Kjós–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1898.
[572] ÞÍ. Manntöl 1935,1940, 1945–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AB/3–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla.
[573] ÞÍ. Reynivellir í Kjós–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1898.
[574] ÞÍ. Útskálar í Garði–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1849. Manntal 1816
[575] ÞÍ. Útskálar í Garði–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1827–1847.
[576] ÞÍ. Útskálar í Garði–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1849. Manntal 1816.
[577]ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi ( CV/84 1831–1844).
[578] ÞÍ. Útskálar í Garði–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1849. Manntal 1816.

Foreldrar Margrétar gengu í hjónaband 5. janúar árið 1835 og tók dómkirkjupresturinn það sérstaklega fram í prestsþjónustubókinni að Arnljótur væri „allvel efnaður, en mikill drykkjumaður ættaður úr Mýras.“ og „Sophia Pálsdóttir bústýra hans á téðu nýbýli“ væri „ættuð hieðan.“[579] Margréti var komið í fóstur hjá Sigvalda Nikulássyni og eiginkonu hans, Ingunni Einarsdóttur, og átti hún skjól hjá þeim alla tíð.[580] Arnljótur faðir Margrétar varð bráðkvaddur árið 1837 og fljótlega eftir það flutti Soffía móðir hennar norður í land og giftist þar.[581] Fátækranefnd Reykjavíkur hóf að greiða með Margréti til Sigvalda og Ingunnar árið 1844 og í gjörðabókinni kemur fram að Margrét hafði dvergvöxt. Ekki var meðgjöfin mikil í upphafi, ekki nema ígildi 3 fiska en átti eftir að hækka upp í 14 fiska þegar Margrét komst á unglingsár.[582] Margrét var farin að stafa árið 1840 og „lesa vel“ árið 1842. Dómkirkjuprestinum þótti Margrét „ei óskýrleg prýðilega meðhöndluð, er hefur dvergvöxt um hið efra, og er þá engi von um gaivu, nema ef hún lærði eitthvað til handanna.“ Árið 1846 var Margrét „búin“ með barnalærdóminn.[583]

Árið 1848 gerði Fátækranefndin tilraun til að höfða til ábyrgðar Soffíu, móður Margrétar um framfærslu hennar. Í bréfi til hreppstjóra þess hrepps sem hún bjó í fyrir norðan segir:

> Margrét þessi verður confirmeruð í vor en skortir illa gáfur, er illa að sér, er mikil lítil vexti þess vegna hún ecki er fær um að vinna sér brauð en ætti þó nú þessu miklu að geta lært að spjara sig með vinnu í höndum […] því engum ætti þó að vera riettara og skildara en móðurinni, að giöra það hún farsælst geta til að veita barni sínu forsorgan.[584]

Margrét fermdist frá húsbændum sínum þeim Sigvalda og Ingunni árið 1848 og var „sæmileg.“[585] Áfram greiddi Fátækranefndin með henni 14 fiska á hverju ári. Hinn 27 apríl árið 1853 eru málefni Margrétar tekin fyrir á fundi Fátækranefndar og var ákveðið að „koma Margrjeti Arnljótsdóttur fyrir á þeim stað, þar hún gieti lært að sauma og aðra konuvinnu og er staður þakkl. fenginn hjá Ingibjörgu Jóhannsdóttur.“ Á sama fundi er það bókað að enn geri nefndin kröfu á móður Margrétar og stjúpföður um greiðslu meðlags.[586] Árin 1853 og 1854 var Margrét til heimilis hjá Ingibjörgu og eiginmanni hennar en kom svo til baka til Sigvalda og Ingunnar árið 1855.[587] Hún var aldrei á fullu meðlagi eftir það.[588]

---

579 ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1838.
580 ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1835–1845.
581 BS. Bréfasafn fátækramála 1847–1893. Aðfnr. 1016. Örk 2.
582 BS. Gjörðabók Fátækranefndar 1837–1847 og Fátækrasjóðsbók 1870–1872. Aðfnr. 39 og 40.
583 ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1835–1845.
584 BS. Bréfasafn fátækramála 1847–1893. Aðfnr. 1016.
585 ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1861–1880.
586 BS. Gjörðabók Fátækranefndar 1847–1876. Aðfnr. 41.
587 ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1846–1853. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1854–1861.
588 BS. Gjörðabók Fátækranefndar 1847–1876. Aðfnr. 41.

Hinn 24. júní árið 1865 kom lítið stúlkubarn í heiminn í Reykjavík. Hún var skírð sama dag og fékk nafnið Júlíana Margrét. Móðir stúlkunnar var Margrét Arnljótsdóttir. Hún lýsti ógiftan assistent Julius Andersen föður að barni sínu en hann neitaði faðerninu. Í athugasemd við skírnarfærslu Júlíönu Margrétar er ritað: „Móðirin dvergvaxin, barnið tekið með sectio cæsarea, hennar 1. brot, tilkynnt bæjarfógeta 25. júlí."

Margrét Arnljótsdóttir lést daginn eftir fæðingu barnsins, hinn 25. júní árið 1865, 31 árs gömul. Hún var grafin 2. júlí í Hólavallagarði.[589] Í ársskýrslu landlæknis fyrir árið 1864 er eftirfarandi frásögn:

> Den 24. juni f.A saa jeg mig nödsaget til at foretage sectio Cæsarea paa en primipara hvor Forlösingen paa enhver anden Maade paa Grund af Bækkenseverheden, maatte unsees for at være en reen physisk Umuelighed. Den Paaggjældende var en Dværgpige, 1 Alin og 16 Tommer höj, som laa i Barselseng med et fuldbaarent levende Foster. Jeg foretog Operationen under Assistence af Hr Cancelliraad Hjalmarsen og den franske Station Overlæge Dr. Chastang. Barselkonen blev fört stærk Chloroformieret, og Operationen der kun varede 5 minutter, foretages under en fuldkommen Anæsthisering, der först blev afbrudt ved Indstikningin af de sidste Suturnaale i Bugsaaret. Et levende Foster, der veiede omtrent 6 Pund, bragtes paa denne Maade til Verden. Barselkvinen befandt sig i förstningen forunderlig vel, og forsikkrede, at hun intet havde mærket, hvad der ver foregaaet med hende, men til al Uheld var der en meget slem Complication tilstede, nemlig en stærk Catarrk, og der med fölgende hyppig og haard Hoste, der nok blev lidt lindret ved de anvendte Sedaturer, men var dog vistnok ved den Rystelse, son den foraarsagede i Abdomen, som en medvirkende Aarsag til den 24 timer efter Operationen paafulgte acute Peritonitis [lífhimnubólga] hvor af hun gik til Grunde. Den Afdöde blev af mig, i Overværelsen af den herværende franske Læge obduceret og det viiste sig, at hun var gaaet til Grunde af en diffus exsudativ Peritontitis. Ved de Bækken udmaulinger vi foretog paa Liget viiste det sig, at Operattionen haved været det eneste Middel, man under slige Omstændigheder kunde gribe til. Dr Chastang optegnede strax paa Stedet alle Enkelheder ved Operationen, den derpaa fölgenden Peritontitis og Obductionen, og talte om at ville indtrykke det i en ella anden fransk Yournal, og hvis det höje Collegiom maatte önske det, skal jeg medsende hans Beskrivelse af dette Tilfælde der er forfattet i det franske Sprog.[590]

48) **Þórey Eyjólfsdóttir** fæddist 23. október árið 1837 á Esjubergi á Kjalarnesi. Hún var dóttir hjónanna Eyjólfs Hinrikssonar bónda á Esjubergi og eiginkonu hans, Guðrúnar Eyvindsdóttur.[591] Hún flutti með foreldrum sínum að Móakoti í Garðasókn á sínum allra fyrstu árum.[592]

[589] Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1861–1880.
[590] ÞÍ. Skjalasafn Landlæknis. Ársskýrsla Landlæknis fyrir árið 1865.
[591] ÞÍ. Kjalarnesþing–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Brautarholts 1816–1857. Manntal 1816. Sóknarmannatal 1844–1854.
[592] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1840–1857.

Þegar Þórey var á fjórða ári fékk hún bólusótt og eftir það var hún alveg blind.[593] Hún náði þó fermingu fimmtán ára, árið 1852, enda „uppfrædd af foreldrum“ sínum sem kennt höfðu henni „alla lærdómsbókina með skíringum og greinum.“

Árið 1858 lést Eyjólfur faðir Þóreyjar.[594] Hún átti þó skjól hjá móður sinni í nokkur ár en var komin „á sveit“ á Hausastöðum árið 1862.[595] Tveimur árum síðar var það skráð í skýrslur um blinda að hún hefði það gott á líkama en væri „noget tungsindig“ á sálu.[596] Í skýrslunni árið 1865 var sérstaklega tiltekið að Þórey „Strikker og maler korn.“[597]

Árið 1872 komst Þórey í skjól hjá systur sinni sem var orðin húsfreyja í Ráðagerði á Álftanesi. Það átti hún heimili þar til tíu árum síðar að hún fluttist til bróður síns sem var orðinn bóndi í Hlíð á Álftanesi.[598] Það ár er Þórey sögð „þunglynd“ á sálu og „sullaveik“ í skýrslu um blinda. Árið 1875 var hún orðin „geðveik.“[599]

Hinn 21. janúar árið 1880 lést Þórey Eyjólfsdóttir, „óm. í Ráðagerði“ 43 ára að aldri og tveimur mánuðum síðar lést Guðrún móðir hennar „ekkja í Hlíð.“[600]

49) **Ragnhildur Símonardóttir** fæddist hinn 3. október árið 1841 í Móhúsum í Reykjavík. Hún var dóttir hjónanna Símonar Sveinssonar sjómanns og eiginkonu hans Guðrúnar Jónsdóttur.[601] Ragnhildur ólst upp hjá foreldrum sínum í Móhúsum og var farin að „kveða að“ sex ára og „stafa“ árið eftir. Ragnhildur var búin að læra allan barnalærdóminn árið 1852, þá ellefu ára gömul.[602] Hún var fermd frá foreldrum sínum í Móhúsum 6. sunnudag eftir páska árið 1856 og var kunnátta hennar „ágæt.“[603]

Hinn 6. september árið 1860 hélt Fátækranefndin í Reykjavík fund og eitt af erindunum sem lágu fyrir fundinum var að svara beiðni Símonar, föður Ragnhildar um lán vegna vitskertrar dóttur. Voru Símoni, sem þá var orðinn hringjari Dómkirkjunnar, lánaðir 3 ríkisdalir og 80 skildingar. Á næsta fundi nefndarinnar aðeins 20 dögum síðar, var rætt um að koma „hinni brjáluðu dóttur hans Ragnhildi vetrarlángt.“ í burtu frá foreldrum sínum.[604] Af því varð ekki fyrr en ári síðar þegar Ragnhildur var send sem „sveitarlimur“ að Eyhóli í Kjós.[605]

Árið 1862 var Símon sjálfur kominn á lista yfir ómaga hreppsins og var hann þá „59 ára geðveikur í Móhúsum.“ Sama ár seldi Fátækranefndin bæinn Móhús til kaupmanns nokkurs í Reykjavík:

[593] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um blinda fyrir árið 1885.
[594] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1862. Manntal 1816.
[595] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1858–1867.
[596] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Skýrslur um blinda fyrir árið 1864.
[597] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Skýrslur um blinda fyrir árið 1865.
[598] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1868–1879.
[599] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Skýrslur um blinda fyrir árið 1882,1884 og 1885.
[600] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/4–1–1.Prestsþjónustubók 1863–1910.
[601] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1839–1860.
[602] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1846–1853.
[603] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1846–1853.
[604] BS. Gjörðabók Fátækranefndar Reykjavíkur 1847–1876. Aðfnr. 42.
[605] ÞÍ. Reynivellir í Kjós–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1849–1854 og 1856–1879.

> með þeim rétti til þessarar eignar sem Símon Sveinsson hefur haft yfir henni. Sala þessi gjörist með þeim skilmálum, að Guðrúnu Jónsdóttur, konu Símonar Sveinssonar, er áskilinn réttur til leigulausrar ábúðar í bænum æfilangt samt kálgarðsstykki leigulaust uppá nákvæmara samkomulagi af kálgörðum þeim sem þar eru, einnig æfilangt. Það er þarhjá áskilið, að Fátækranefndin leitast eptir við bæjarstjórnina, að réttindi þau sem kaupandi gengur að, verði án tillits til lífs eða dauða Símonar eða konu hans, fulltryggð þá lóð, sem tiltalin er í heimildabréfi 8. sept. 1848. Af kaupverðinu tekur kaupandi undir sjálfum sér skuldir þær, samtals 90rkd, sem hann hefur tiltalið í búi Símonar og borgar enn fremur allan næstan Júnímán. loka 60 rd. en allt kaupverðið greiðir hann á einu ári frá því að kaupsamningur verður gjörður.

Árið 1863 voru þau feðgin bæði á lista yfir ómaga hreppsins, Símon „karlægur og geðveikur“ í Móhúsum og Ragnhildur „slagaveik og brjáluð, á Hækingsdal“ í Kjós.[606]

Foreldrar Ragnhildar, þau Símon og Guðrún létust með tveggja ára millibili árin 1866 og 1868.[607] Ragnhildur var þá enn upp í Kjós og var skráð vinnukona á Eyjum árið sem móðir hennar lést og var þar næstu þrjú ár sem vinnukona en með meðgjöf frá Fátækranefndinni.[608]

Hinn 12. júlí árið 1871 eignaðist Ragnhildur dóttur í Reykjavík. Sú var skírð 17. júlí og fékk nafnið Guðrún Símonía. Faðir hennar var skv. prestsþjónustubókinni „Ingimagn Einarsson, ógiftur vinnumaður á Þverárkoti.“[609] Ragnhildur var með dóttur sína hjá sér þar sem Fátækranefndin hafði sett hana niður í Reykjavík en ári síðar bað sá sem var þar í forsvari um að Ragnhildi yrði ráðstafað annað „með því að hann ýmissa atvika vegna gæti eigi haldið hana lengur, og lofaði nefndin, að reyna til, að koma nefndri Ragnhildi fyrir á öðrum stað.“[610] Ekki er ljóst hvort stúlkubarnið var þá á sama stað og móðirin.

Ragnhildi var flækt á milli staða í Reykjavík og árið 1875 var hún komin út í Skildinganes. Í sama heimilishaldi og hún var sett niður var önnur ung stúlka sem sögð var vera brjáluð. Tveimur árum síðar neyddist Fátækranefndin að taka þá stúlku burt af heimilinu „sökum illrar meðferðar.“ Á næsta fundi var svo tilkynnt að Ragnhildur hefði líka verið tekin af heimilinu og væri komin til konu einnar í Melshúsum í Reykjavík. Þar fékk hún að vera samfellt í sjö ár. Næstu fjögur ár þar á eftir var hún til heimilis á tveimur stöðum inni í Skuggahverfi.[611]

Ragnhildur Símonardóttir lést 30. september árið 1890 48 ára að aldri.[612]

---

[606] BS. Gjörðabók Fátækranefndar Reykjavíkur 1847–1876. Aðfnr. 42.
[607] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1861–1880.
[608] ÞÍ. Reynivellir í Kjós–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1849–1854 og 1856–1879. BS. Gjörðabók Fátækranefndar Reykjavíkur 1847–1876. Aðfnr. 42.
[609] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1861–1880.
[610] BS. Gjörðabók Fátækranefndar Reykjavíkur 1847–1876. Aðfnr. 42.
[611] Ibid.
[612] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/10–1–1. Prestsþjónustubók 1881–1898. Fermdir–Dánir.

50) **Margrét Guðmundsdóttir** fæddist í Brekku á Álftanesi hinn 22. mars árið 1849. Hún var dóttir hjónanna Guðmundar Núpssonar og eiginkonu hans Þorbjargar Þorsteinsdóttur.[613]

Margrét ólst upp hjá foreldrum sínum á Brekku. Hún var farin að stafa og læra boðorðin á níunda ári og þrátt fyrir að lesa „sæmilega“ tólf ára, árið 1861 þótti hún „skilningslaus.“[614]

Árið 1862 lést Þorbjörg, móðir Margrétar og ári síðar Guðmundur, faðir hennar.[615] Margrét fluttist að Skógtjörn og var sögð „tökubarn“ þar í sóknarmannatölum. Hún þótti áfram „kunna illa“ en lesa „sæmilega.“ Hún var jafnvel sögð „alveg skilningslaus; fáráðlingur“ árið 1866. Margrét var fermd frá húsmóður sinni, ekkjunni á Skógtjörn árið 1871 með sértöku biskupsleyfi.[616] Hún þótti kunna og lesa „sæmilega og hegða sér „ágætl[ega].“

Hinn 11. september árið 1876 ól Margrét barn í „duli.“[617] Hún læddist úr rúmi sínu á Skógtjörn, fór út í eldhús og fæddi barnið. Hún skildi fylgjuna eftir á eldhúsgólfinu og bar barnið úr í bæjarforina, „þar sem það fannst daginn eftir örent.“[618] Í vitnaleiðslum í kjölfar þessa atburðar játaði Margrét verknaðinn en „prófdómarinn“ sem hélt mörg próf yfir henni komst að þeirri niðurstöðu að:

> hin ákærða ekki virðist bera neitt skynbragð á, að hún hafi unnið glæpaverk, því af svörum hennar og háttalagi fyrir rjettinum sje ekki annað að sjá, en að hún hafi enga meðvitund um, að þetta verk hennar sje hegningarvert, nje heldur unnt að finna á henni, að hún álíti það siðferðislega illt; hvernig sem talað sje við hana um verkið, sje hún köld og tilfinningarlaus og glotti við tönn.[619]

Niðurstaða Landsyfirréttar var að sýkna Margréti af glæpnum á þeirri forsendu að hún væri ósakhæf vegna geðveiki og verknaðurinn „því að álítast vítalaust.“[620]

Eftir dóminn flosnaði Margrét upp frá Skógtjörn og var sett niður á ýmsum stöðum í Garðahreppi. Lengst var hún þrjú ár á Jófríðarstöðum í Hafnarfirði.[621] Margrét Guðmundsdóttir „sv[eitar] ómagi á Vífilsstöðum“ lést 2. ágúst árið 1884 35 ára að aldri.[622]

51) **Sigþrúður Oddsdóttir** fæddist á Króki á Kjalarnesi hinn 4. nóvember árið 1854. Hún var dóttir hjónanna Odds Þorlákssonar og Guðrúnar Ásbjörnsdóttur búandi á Króki.[623] Hún var í hópi tólf barna þeirra hjóna sem komust á legg.

---

613 ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1862. Manntal 1816.
614 ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1858–1867.
615 ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1863–1910.
616 *Landsyfirrjettardómar* I, 199.
617 ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1863–1910.
618 *Landsyfirrjettardómar* I, 199.
619 Ibid., 200–201.
620 Ibid., 201.
621 ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1880–1889.
622 ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1863–1910.
623 ÞÍ. Kjalarnesþing–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Brautarholts 1816–1857. Manntal 1816. Sóknarmannatal 1844–1854.

Sigþrúður var eitthvað farin að stafa fimm ára gömul og lesa „nokkuð“ átta ára. Henni virtist fara aftur í lestri á næstu árum og þótti „ónæm.“[624] Sigþrúður var þó fermd á hefðbundum aldri annan sunnudag eftir Trinitatis árið 1869. Hún „Stautar, kann kristindóm vel, hegðar sér d[á ]v[el]. ág. Uppfrædd af foreldrum í 7 ár. Lærði ekki smáa stílinn.“[625]

Sigþrúður hélt áfram að vera til heimilis í Króki með foreldrum sínum.[626] Oddur faðir hennar lést árið 1876 en ekkjan hélt áfram búskap þar til sonur hennar tók við búinu árið 1896.[627] Þá var Sigþrúður sögð „vinnukona“ eða „systir húsbónda“ í sóknarmannatölum.[628]

Árið 1897 fór Sigþrúður í kaupstaðaferð til Reykjavíkur og kom meðal annars við í Thomsens Magasín í Hafnarstræti. Þar tók hún

> með launung og án þess að borga það sjal eitt rautt, er þar var á hillu fyrir innan borðið og sem kostaði 3 kr. 50 a. Stakk hún sjalinu inn á sig og fór með það í aðra búð, þar sem farangur hennar var, og ætlaði að láta það þar ofan i koffort sitt, en verzlunarþjónn úr Thomsens búð hafði veitt henni eptirför þangað og ljet hana kannast við þjófnaðinn og borga sjalið.[629]

Sigrúður var ákærð fyrir þjófnað þrátt fyrir að hafa greitt fyrir sjalið og hún var dæmd í aukaréttardómi í 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Landsyfirréttur þyngdi dóminn í 10 daga en við „venjulegt fangaviðurværi.“ Svona var dæmt þrátt fyrir að héraðslæknirinn á Kjalarnesi vottaði að

> hún sje mjög treggáfuð og roluleg, og þykir honum rjett sennilegt, að hún kunni illa að gjöra grein á rjettu og röngu i siðferðislegu tilliti. Með tilliti til þessa virðist mega láta hina ákærðu sæta nokkuð vægari refsingu en hinni lögákveðnu, þó að eigi verði á hinn bóginn álitið, að hún hafi ekki verið sjer þess meðvitandi að verk hennar væri hegningarvert.[630]

Fjölskyldan í Króki stóð þétt saman og var Sigþrúður vinnukona og síðar bústýra hjá bróður sínum. Eftir að hann drukknaði árið 1919 tók systir Sigþrúðar við bænum og eftir að hún lést árið 1927 var Sigþrúður í horninu hjá börnum hennar á Króki. Hún hætti að hafa „fótaferð“ fyrir árið 1920.[631]

---

624 ÞÍ. Kjalarnesþing–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1863–1879.
625 ÞÍ. Kjalarnesþing–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1880.
626 ÞÍ. Mosfell í Mosfellssveit–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1869–1881. ÞÍ. Mosfell í Mosfellssveit–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1882–1888. ÞÍ. Mosfell í Mosfellssveit–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1888–1897.
627 ÞÍ. Kjalarnesþing–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1880.
628 ÞÍ. Mosfell í Mosfellssveit–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1888–1897.
629 *Landsyfirrjettardómar* V, 606–607.
630 Ibid.
631 ÞÍ. Mosfell í Mosfellssveit–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1898–1911. ÞÍ. Mosfell í Mosfellssveit–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1912–1920. ÞÍ. Mosfell í Mosfellssveit–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1921–1927. ÞÍ. Mosfell í Mosfellssveit–prestakall 0000 BC/9–1–1. Sóknarmannatal 1928–1937.

Sigþrúður Oddsdóttir lést á heimili sínu að Króki á Kjalarnesi 27. apríl árið 1932 þá komin hátt í áttrætt. Hún dó úr „ellilasleika.“[632]

52) **Helga Þorkelsdóttir** fæddist hinn 23. nóvember árið 1857 í þurrabúðinni Borg á Kjalarnesi. Hún var dóttir hjónanna Þorkels Guðmundssonar og Helgu Þorkelsdóttur.[633] Helga fæddist með visinn fót og gekk við hækju frá unga aldri.[634]

Þegar Helga var á fimmta ári fluttist fjölskyldan að Melshúsum á Seltjarnarnesi og síðar að Káravík á Seltjarnarnesi.[635] Hún var orðin læs átta ára og var búin með kverið 13 ára.[636] Helga fermdist á Hvítasunnu árið 1872 frá foreldrum sínum. Hún las, kunni og skildi allt „prýðilega“, og var „siðsöm.“[637]

Í *Þjóðólfi* 26. ágúst árið 1880 birtist eftirfarandi þakkarávarp:

> Af því eg, sem nú er 22 ára að aldri, er fædd fótlama og get eigi unnið fyrir lífi mínu með neinni þeirri vinnu er ferlivistar krefur, og foreldrar mínir hafa verið svo fátækir, að þeir eigi hingað til hafa getað keypt mér kennslu, gengust þau herra dómkirkjuprestur séra Hallgrímur Sveinsson og frú hans fyrir því, að útvoga mér styrk hjá frúm þeim í Reykjavík, er standa fyrir félagssjóðnum til hjálpar fátækum stúlkum og útveguðu þau mér síðan saumakennslu hjá jómfrú Andreu Fr. Guðmundsdóttur. Læt eg því hér með í ljósi mitt innilegt hjartans þakklæti og foreldra minna til ofannefnds dómkirkjuprests, og allra þeirra, er í þessu efni auðsýndu mér mannkærleika og veittu mér liðsinni.[638]

Helga bjó með foreldrum sínum í Káravík allt til ársins 1889 en þá fór hún í vist á Akranes.[639] Um mánaðarmótin júní, júlí eignaðist Helga tvíburadætur heima í Káravík. Faðir stúlknanna var Guðni Guðmundsson sem þá var vinnumaður á Skipaskaga.[640] Helga og Guðni giftu sig og settust að í Guðnabæ á Akranesi. Þar fæddist þeim þriðja dóttirin árið 1894.[641]

---

632 ÞÍ. Mosfell í Mosfellssveit–prestakall 0000 BA/10–1–1. Prestsþjónustubók 1931–1947.
633 ÞÍ. Kjalarnesþing–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Brautarholts 1816–1857. Manntal 1816.
634 Ólafur B. Björnsson „Hversu Akranes byggðist“, 1. janúar 1955.
635 ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/9–1–1. Sóknarmannatal 1861–1867.
636 Ibid., ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal 1868–1874.
637 ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1861–1880.
638 Helga Þorkelsdóttir, „Þakkarávörp“, 26. ágúst 1880, 88.
639 ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/14–1–1. Sóknarmannatal 1890–1895.
640 ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/10–2–1. Prestsþjónustubók 1881–1898.
641 ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1864–1902.

Helga bjó og starfaði alla sína ævi á Akranesi. Hún missti Guðna eiginmann sinn árið 1923 og hélt heimili eftir það með dætrum sínum og barnabörnum. [642] Hún lést á Akranesi 76 að aldri, hinn 20. ágúst árið 1933 „ekkja í Göthúsum.“[643]

53) **Ásvaldur Magnússon** fæddist í Bergholtskoti í Staðarsókn á Snæfellsnesi 12. nóvember árið 1861. Hann var sonur hjónanna Magnúsar Jónssonar og Ingunnar Jónsdóttur sem voru „búandi í Bergholtskoti.“[644]

Eftir vinnumennsku í Hnappadalssýslu, Gullbringusýslu og Dalasýslu og sjómennsku á Ísafirði settist Ásvaldur að í Reykjavík ásamt eiginkonu sinni og dóttur árið 1904.[645] Fjölskyldan bjó á Grettisgötu árið 1910 og var Ásvaldur þá atvinnulaus daglaunamaður.[646] Hann fékk síðar vinnu við hina miklu hafnargerð sem fór fram í Reykjavík á árunum 1913–1917.

Hinn 12. júlí árið 1917 varð Ásvaldur undir járnbrautarvagni hlöðnum grjóti. Í *Tímanum* 14. júlí sama ár kom fram í frétt um slysið að meiðsli hans hafi verið svo mikil „að taka varð af honum báða fæturna um knén.“ Lá hann á sjúkrahúsi fram undir haustnætur.[647]

Í Vísi 24. febrúar árið eftir skrifaði prestur Fríkirkjunnar grein undir fyrirsögninni „Berum hver annars byrði.“ Þar lýsti hann aðstæðum Ásvaldar eftir heimkomuna:

> En hann kom heim sem farlamamaður, eins og hjálparlaust barn, sem enga eða litla getur björg sér veitt. Er það sorgleg sjón, að sjá þennan stóra sterklega mann liggja sem visið kalstrá á legubekknum í stofunni sinni, hjálparvana hvers sem hann þarf. Fyrir skynugum mönnum mun ekki þurfa að lýsa því hvernig heimilisástæðurnar og efnahagurinn muni vera, þar sem slíkir erfiðleikar bera að höndum. Tímarnir þykja, og eru erfiðir þeim, sem heilar hafa hendur og fætur og óskerta alla líkamskrafta. Það er nú hér sem oftar, að ekki tjáir að sakast um orðinn hlut. Hitt er nær, að reyna að bæta úr slysinu eftir föngum; hefir mönnum því komið í hugað reyna að útvega þessum manni tilbúna fætur frá Danmörku; þar er félag manna, sem starfar í þá átt að bæta þeim mönnum missi sinn, sem verða fyrir því að missa hendur eða fætur. Dönsk kona, sem búsett er hér í bænum, hefir gerst milligöngumaður og ritað um þetta félagi einu í Kaupmannahöfn. Eru allar horfur til þess, að maðurinn geti fengið fæturna, og þeir verði gefnir honum að einhverju leyti. En hann verður að koma til Kaupmannahafnar; og þá kemur það til, sem erfiðast er, og það er ferðakostnaðurinn. Ef nú Danir vilja sýna þá mannelsku og göfuglyndi, að gefa manni þessum að

[642] ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1903–1933. ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/14–1–1. Sóknarmannatal 1918–1931.
[643] ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1903–1933.
[644] ÞÍ. Staðastaður í Staðarsveit–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1857–1901.
[645] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/2–1–1. Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla. ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla. ÞÍ. Manntalið 1901–Statistisk bureau 1914 A/18–1–1. Krýsuvík, Staður í Grindavík, Kirkjuvogur, Hvalsnes. ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/47–1–1. Grettisgata 33–Grímsstaðir II.
[646] ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/47–1–1. Grettisgata 33–Grímsstaðir II.
[647] „Slys“, 14. júlí 1917.

> einhverju leyti nýja fætur og gera honum dvölina í Khöfn ódýra, getum og viljum við Reykvíkingar þá ekki „skildinga saman“ í ferðakostnaðinn? Af því maður þessi er alveg farlama, og getur enga björg sér veitt, mállaus, þegar þangað kemur, og öllum ókunnugur, þá er helst i ráði, að maður fari með honum, til að annast um hann á allri ferðinni. Æskilegast er, að geta sent manninn til Khafnar í næsta mánuði, svo að hann geti, ef alt gengur vel, haft eitthvert gagn af næsta sumri. Eg leyfi mér nú að beina þeim tilmælum til góðra manna hjer í bænum, að skjóta saman fé handa manni þessum til framangreindrar farar. Ef margir leggjast á eitt, þá þarf þetta ekki að verða hverjum einstökum manni tilfinnanlegt .[648]

Alls söfnuðust um 3100 krónur á innan við mánuði. Ásvaldur þakkaði fyrir sig með eftirfarandi ávarpi í Vísi 23. mars 1918:

> Þar sem áformað er að eg yfirgefi heimili mitt um tíma og með tilstyrk góðra manna ferðist til Kaupmannahafnar, af þeirri von að f á bætur á slysi því er eg varð fyrir síðastliðið sumar, eftir því sem mögulegt er, þá get eg ekki farið svo, að votta ekki mitt innilegasta hjartans þakklæti, öllum þeim mörgu sem hafa rétt mér hjálparhönd fyrir alla þá miklu fyrirhöfn og göfuglyndi er bæði karl og kona hefir mér í té látið. Mig bresta orð að lýsa þakklætistilfinningum mínum, til allra þeirra er rétt hafa mér og mínum hjálparhönd, frá því fyrsta er þetta kom fyrir, og sem hefir gert mér léttara að una tilverunni. Eg nefni engin nöfn, eg veit að þau eru skráð þar sem engin tímans tönn fær þau afmáð. Ég bið guð að launa ykkur öllum ríkulega.[649]

Ásvaldur sigldi út til Kaupmannahafnar með farþegaskipinu Botníu 24. maí.[650] Ekki er að finna fréttir um heimkomu hans en í manntalinu 1920 var hann búsettur ásamt eiginkonu og dóttur á Stýrimannastíg „fyrrv. verkamaður“, „fótalaus.“[651] Tíu árum síðar var hann búin að missa eiginkonu sína og bjó einn við Bergstaðastræti og vann „við tóbaksskurð.“[652]

Ásvaldur Magnússon lést 21, september árið 1940 78 ára að aldri.[653] Hann hvílir í Hólavallagarði.[654]

54) **Jóhanna Sigríður Guðmundsdóttir** fæddist í Holti við Ólafsvík 6. október 1870. Hún var dóttir hjónanna Guðmundar Ólafssonar og Rósu Guðmundsdóttur sem þá bjuggu í Holti.[655]

Árin 1873 til 1876 bjó Jóhanna ásamt foreldrum sínum og systur á Kverná í Setbergssókn og þau voru þar búandi þegar Guðmundur faðir Jóhönnu varð úti í Arnardalsskarði.[656] Þær mæðgur fluttu að Hólkoti í Staðarsveit og var Jóhanna þá níu ára

[648] Ólafur Ólafsson, „Berum hver annars byrði“, 24. febrúar 1918.
[649] Ásvaldur Magnússon, „Þakkarávarp“, 23. mars 1918.
[650] „Farþegar á Botníu.“, 23. maí 1918.
[651] ÞÍ. Manntalið 1920–Hagstofa Íslands 1932 A/31–1–1. Reykjavík IV.
[652] ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/30–1–1. Reykjavík I. Aðalstr.–Brunnstígur.
[653] ÞÍ. Fríkirkjan í Reykjavík 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1937–1944.
[654] VEF. „Legstaðaskrá.“
[655] ÞÍ. Nesþing / Ólafsvík–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1850–1875.
[656] ÞÍ. Setberg í Eyrarsveit / Grundarfjörður–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1875–1884.
ÞÍ. Setberg í Eyrarsveit / Grundarfjörður–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1856–1914.

„ekkert farin að læra“ og „stautar hið versta.“[657] Sóknarpresturinn lagði svo fyrir Jóhönnu að „læra Helgakver“ ári síðar.[658]

Árið 1884 var Jóhanna komin á eigin spýtur og orðin léttastúlka á Sólmundarhöfða á Akranesi.[659] Hún var fermd í Garðasókn á Akranesi árið 1885 og þótti lesa „dável“ á bók og kunna barnalærdóm, bænir og sálma einnig „dável.“[660] Vorið áður en hún fermdist var Jóhanna að sprengja hvellettur á fiskasteini og við það hrökk brot upp í annað augað. Brotið var ekki fjarlægt og þess vegna þvarr sjónin og augað þornaði upp. Hún var því eineygð.[661]

Jóhanna var vinnukona á nokkrum stöðum á Akranesi áður en hún fór í vinnumennsku til Reykjavíkur.[662] Þar var hún vinnu- og lausakona á ýmsum stöðum fram yfir aldamótin 1900.[663]

Á Krossmessu árið 1907 réðst Jóhanna sem bústýra til Eiríks Sigurðarsonar trésmiðs á Skólavörðustíg 12 og tveimur árum síðar eða hinn 19. ágúst árið 1909 eignuðust þau saman son. Hann var nefndur Sigurþór.[664] Þetta sama haust datt Jóhanna í stiga og meiddi sig á hné. Hún var hölt allan veturinn og um vorið var hún flutt á Landakotsspítalann og lá þar í tíu mánuði. Meðal annars var fótur hennar „höggvinn af um mitt læri.“[665]

Eiríkur barnsfaðir Jóhönnu flutti til Ameríku en mæðginin héldu heimili saman í Reykjavík.[666] Í manntalinu 1920 bjuggu þau sem leigjendur á Vesturgötu 35A og það er tekið fram að Jóhanna hafi misst annan fótinn og annað augað.[667] Tíu árum síðar var Jóhanna komin á framfæri Sigurþórs sonar síns og var hann þá verkamaður sem „vinnur við það sem bíðst.“ Þau bjuggu í kjallara í Traðarkotssundi 3 og þar var hvorki miðstöðvarhitun eða vatnssalerni.[668] Árið 1950 bjuggu þau mæðgin enn í sama kjallaranum og var hann þá orðinn „óíbúðarhæfur.“[669]

Jóhanna Sigríður Guðmundsdóttir lést hinn 10 maí árið 1957, 87 ára að aldri. Heimilisfang við andlát var Traðarkotssund 3. Hún hvílir í Hólavallagarði.[670]

55) **Oddur Sigurgeirsson** fæddist í Sauðagerði í Reykjavík hinn 29. október árið 1879. Móðir Odds, Jórunn Böðvarsdóttir bústýra í Sauðagerði lýsti giftan mann frá Akranesi, Sigurgeir

---

657 ÞÍ. Staðastaður í Staðarsveit–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1875–1879.
658 Ibid.
659 ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1878–1885.
660 ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1864–1902.
661 S.B., „Svipir úr daglega lífinu“, 17. nóvember 1938.
662 ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1878–1885. ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1886. ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1887–1889.
663 ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AC/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringu– og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
664 S.B., „Svipir úr daglega lífinu“, 17. nóvember 1938, 4. ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/11–1–1. Prestsþjónustubók 1899–1909.
665 S.B., „Svipir úr daglega lífinu.“, 17. nóvember 1938.
666 Ibid.
667 ÞÍ. Manntalið 1920–Hagstofa Íslands 1932 A/31–1–1. Reykjavík IV.
668 ÞÍ. Manntalið 1940–Hagstofa Íslands 1955 A/19–1–1. Reykjavík XI. Tjarnargata–Vífilsgata.
669 ÞÍ. Manntalið 1950–Hagstofa Íslands 1963 A/26–1–1. Reykjavík XII.
670 VEF. „Legstaðaskrá.“

Guðmundsson, föður að barni sínu.[671] Mánuði síðar samdi Fátækranefndin í Reykjavík við húsbónda Jórunnar að:

> halda barn vinnukonu hans Jórunnar Böðvarsdóttir fyrst um sinn fyrir 8 krónur um mánuðinn og samþykkti nefndin það, með því hún ekki treystist til að koma því annarsstaðar fyrir minni meðgjöf. Stúlka þessi kvað vera sveitlæg í Hraunhreppi í Mýrarsýslu, en faðir þess er bláfátækur giptur maður á Akranesi, Siggeir Guðmundsson á Sólmundarhöfða.[672]

Oddur var á fyrsta ári sendur í fóstur í fæðingarhrepp Jórunnar, móður sinnar.[673] Hún gekk í hjónaband í Reykjavík árið 1881, eignaðist stúlkubarn og lést svo 19. júlí árið 1882. Dóttir hennar, innan við ársgömul, var grafin með móður sinni.[674] Oddur fór í fóstur á Sólmundarhöfða en ekki í heimilishald föður síns heldur föðurbróður sem átti heima þar. Þar var föðuramma Odds bústýra.[675] Framfærsla Odds var til vandræða og sendi Sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu Fátækranefndinni í Reykjavík bréf árið 1884 þess efnis að Sigurgeir á Sólmundarhöfða „væri svo fátækur að hann gæti ekkert gefið með syni sínum Oddi." Sýslumaðurinn lagði til að Oddur yrði sendur fátækraflutningi til Reykjavíkur. Það var úr að Fátækranefndin „ákvað að bjóða, að borga föðurnum eða þeim sem barnið væri hjá 40 kr. um árið frá nýári 1884."[676] Oddur var því áfram til heimilis hjá föðurbróður sínum sem gifti sig um þetta leyti.

Árið 1886 var Oddur farin að þekkja stafi en þótti „bleztur" í máli.[677] Eftirfarandi yrðingar er að finna í sóknarmannatölum Garðasóknar á Akranesi: (1890) „les. Blestur", (1891) „Vel að sér í lestri. 1. kafli í kristindómi byrjaður en kann ekkert í reikningi. blestur", (1892) „Vel að sér í lestri. Allt kverið. skilur lítið. blestur.", (1893) „Vel að sér í lestri. Allt kverið, kann lítið skilur ekki. skrifar stafi. kann ekkert í reikningi. blestur og skilningslítill", (1894) „Vel að sér í lestri. Allt kverið, skilur ekki. skrifar vel. kann ekkert í reikningi. blestur og skilningslítill."[678] Hinn 2. júní árið 1895 var Oddur fermdur að Görðum og þótti hann lesa „dável. kann barnalærdóm, vers og sálma laklega, skrifar laklega, óhæfur í reikningi, hegðar sér dável."[679]

Hægt er að rekja ferðir Odds næstu ár í gegnum gjörðabók Fátæktarnefndarinnar í Reykjavík. Fyrst er honum komið fyrir í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi og síðan í Engey með meðgjöf. Eftir það er hann settur niður í Nýborg við Kaplaskjól og átti hann þar heimili þegar manntalið var tekið árið 1901. Í manntalinu kemur fram að Oddur lifi af

---

[671] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1861–1880.
[672] BS. Gjörðabók Fátækranefndar Reykjavíkur 1876–1895. Aðfnr. 42
[673] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[674] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/10–1–1. Prestsþjónustubók 1881–1898. Fermdir–Dánir.
[675] ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1878–1885.
[676] BS. Gjörðabók Fátækranefndar Reykjavíkur 1876–1895. Aðfnr. 42.
[677] ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1886.
[678] ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/9–1–1. Sóknarmannatal 1890. ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal 1891–1900.
[679] ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1864–1902.

„fátækrastyrk“ og sé „fábjáni.[680] Í skýrslu yfir alla þurfamenn á landinu árið 1902 kom fram að Oddur sé „heyrnarlítill, vangæfur að skapsmununum.“[681]

Oddur stundaði sjómennsku næstu árin. Hann var meðal annars sjómaður í vinnumennsku á Vatnsleysuströnd[682]

Hinn 13. febrúar 1915 sagði hann sig til sveitar í Reykjavík. Í skýrslu sem var þá tekin kom fram að hann væri líkamlega heilsugóður en hefði „ekki fulla vitgrein.“ Í sömu skýrslu eru ástæður hans raktar til fátæktar og rænuleysis.[683] Í manntalinu árið 1920 var hann leigjandi í Selbúð og sagður stunda sjómennsku á mótorbát og vinna við götugerð í Reykjavík.[684] Árið 1921 greiddi Fátækranefndin níu reikninga vegna Odds í nóvember og desember.

Árið 1922 var Oddi komið fyrir á vegum bæjarins í húsi við Spítalastíg og var greidd meðgjöf með honum. Hinn 5. febrúar árið 1925 var Oddur sviftur lögræði með dómi í Aukarétti Reykjavíkur samkvæmt vottorði geðveikralæknis um að nauðsynlegt sé að koma honum í örugga gæslu. Í febrúar árið 1926 skrifaði húsráðandi Odds til Fátækranefndar og segir að hann „hvorki má, né vil, sjálfs mín vegna, konu minnar og leigjenda í hús mínu halda hann lengur en orðið er, hvað sem í boði væri.“

Oddur lagðist inn á Landakotsspítala 10. júlí árið 1926 og var skorinn upp við sullaveiki. Hann lá inni til 3. september. Hinn 19. september réðst Oddur með broddstaf að manni sem var á leið upp Bankastræti. Oddur hreytti auk þess fúkyrðum að manninum sem á móti hótaði honum með lögreglunni. Oddur brást við með því að elta manninn með opinn hníf í hendi þegar maðurinn lagði á flótta og kom sér í skjól í nærliggjandi verslun. Þetta var bara ein af mörgum kærum sem lögreglunni í Reykjavík barst vegna Odds. Í skýrslu yfirlögregluþjóns til lögreglustjóra dagsettri 25. september segir:

> Þó að Oddur sje aðra stundina í sæmilegu skapi, er hann ef til vill rokinn upp áður en við er litið. Stafar það oft af því að ýmsir strákagárungar, sem hafa gaman af að koma Oddi í æst skap, fara að stæla við hann um ýms málefni, sem endar oft með því að hann verður svo æstur að hann ræður ekki við sig og lendir reiðin þá oft niður á vegfarendum. Auk þess er Oddur maður mjög heyrnardaufur, og þar sem hann fer svo óvarlega á götunni hefir stundum munað litlu að hann yrði fyrir bifreiðum.

Oddur var lagður aftur inn á Landakot hinn 26. september og var þá skorinn upp við krabbameini. Hann var útskrifaður 5. nóvember sama ár. Hinn 16. apríl árið 1929 sendi Fátækranefndin umsókn um inntöku „á hið nýja Geðveikrahæli á Kleppi.“ Það er alls óvíst hvort Oddur fór inn á Klepp í þetta skiptið en þangað var hann færður vegna ölæðis laugardaginn 15. apríl árið 1933.

[680] BS. Gjörðabók Fátækranefndar 1894–1906. ÞÍ. Manntalið 1901–Statistisk bureau 1914 A/24–1–1. Framnesvegur 1, Reykjavík–Höfnin í Reykjavík.
[681] Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga*, 154.
[682] ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/38–1–1. Kálfatjörn.
[683] BS. Fi/284 „Oddur Sigurgeirsson.“
[684] ÞÍ. Manntalið 1920–Hagstofa Íslands 1932 A/31–1–1. Reykjavík IV.

Árið 1935 samþykkti bæjarstjórnin í Reykjavík að byggja yfir Odd 24 fermetra skúr í landi bæjarins í Laugarási við Kleppsveg.[685] Þar bjó hann þar til að hann fór inn á elliheimilið Grund nokkrum árum fyrir andlátið. Oddur Sigurgeirsson andaðist á Grund hinn 7. maí, 1953, 73 ára að aldri.[686]

56) **Einar Hákonarson** fæddist hinn 6. ágúst árið 1883 í Nýlendu á Miðnesi. Hann var sonur hjónanna Hákonar Tómassonar bónda og meðhjálpara í Nýlendu og eiginkonu hans Guðnýjar Einarsdóttur. Einar lést 10. ágúst sama ár, aðeins fjögurra daga gamall.[687]

Héraðslæknirinn skrifaði eftirfarandi í ársskýrslu sína til Landlæknis fyrir árið 1883:

> Atresia ani. Þetta tilfelli kom fyrir mig seint í júlímánuði á Miðnesi. Jeg var sóttur 24 tímum eptir fæðinguna, það eð enginn hafði tekið eptir vanskapnaðinum fyr. Barnið var drengbarn, fullburða og rjett skapað að öðru; það drakk með lyst, en hafði þó uppköst á milli. Ekkert op fyrir anus og engin upphækkun á þeim stað, en þó mátti þar sjá nokkrar hreifingu niður á við, hvert sinn og barnið rembdist. Jeg gaf lascautia og beið í 16 tíma. Eptir þann tíma var ástandi sama, uppköstin tíðar, barnið daufara, engin upphækkun að sjá í regis analis. Sá jeg því eigi annað fært en gjöra incirio og skera eptir þeirri stefnu, er rectum hefur, en það var til einskis, og þegar jeg var búinn að skera svo langt, að hætt var við að peritonunum hefði skaddast, ef lengra hefði verið farið, þá stakk jeg með hesta troiscart upp, og fjekk jeg þá með sondu og innsprauta af volgu vatni dálítið út af falces [svo]. Ljet jeg svo pípuna liggja inni og lagði svo fyrir að inn skyldi við og við sprauta volgu vatni. Tveim dögum seinna frjetti jeg, að uppköstin hafi aukizt og við eitt þeirra hafi pípan skotizt út, og barnið dáið nokkru eptir.[688]

57) **Jón Kristinn Sigfússon** fæddist hinn 27. júlí árið 1891. Hann var sonur hjónanna Sigfúsar Jónssonar og Sigríðar Jónsdóttur sem voru þá „húshjón í Keflavík.“[689] Jón Kristinn fæddist mál- og heyrnarlaus.[690] Fjölskyldan fluttist til Njarðvíkur árið 1895 og settist að í Hákoti og svo litlu síðar í Tröð í sömu sókn.[691]

Hinn 10. október árið 1902 átti hreppsnefnd Garðahrepps aukafund með sér og þá var tekin fyrir umsókn Sigfúsar, föður Jóns Kristins, um leyfi til að setjast að í Hafnarfirði:

> Skilríki þau er fylgdu umsókninni, bera það með sér, að maðurinn er öreigi, er liggur við sveit, eða hefur jafnvel þurft að vera upp á sveitarsjóð kominn, að hann hefur

[685] BS. Fi/284 „Oddur Sigurgeirsson.“
[686] VEF. „Legstaðaskrá.“
[687] ÞÍ. Útskálar í Garði–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1881–1891.
[688] ÞÍ. Skjalasafn landlæknis. Árskýrslur héraðslækna fyrir árið 1883.
[689] ÞÍ. Útskálar í Garði–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1881–1891.
[690] ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BC/12–1–1. Sóknarmannatal 1899–1910.
[691] ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal 1886–1897. ÞÍ. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd–prestakall 0000 BC/12–1–1. Sóknarmannatal 1899–1910.

talsverða ómegð, 5 börn, hið elsta 12 ára sem er aumingi heyrnar og mállaus. Beiðanda er því synjað leyfisins.[692]

Jón Kristinn fór til „kennslu“ að Stóra Hrauni í Stokkseyrarsókn árið 1903 og var þar í það minnsta til ársins 1907.[693] Hann fluttist aftur til foreldra sinna sem höfðu sest að í Reykjavík.[694] Hann stundaði bakaranám og vann í Alþýðubrauðgerðinni allan sinn starfsaldur.[695]

Jón Kristinn gekk að eiga Sigríði Kristínu Kolbeinsdóttur 16. desember 1922.[696] Hún var einnig mál- og heyrnarlaus. Þau eignuðust þrjú börn, tvær stúlkur og einn dreng og var sú elsta heyrandi en hin tvö mál- og heyrnarlaus.[697]

Jón Kristinn Sigfússon lést í Reykjavík 3. júlí árið 1944, 53 ára gamall.[698]

58) **Halldóra Bjarnadóttir** fæddist í Hagakoti á Álftanesi hinn 11. júlí árið 1901. Foreldrar hennar voru Bjarni Halldórsson og Kristín Einarsdóttir. Þau voru hjón búandi í Hagakoti.[699] Halldóra var yngst þriggja barna þeirra sem komust á fullorðinsár.[700] Halldóra var farin að stafa „mjög vel“ á fimmta ári og árið 1907 taldist hún læs og kunni bæði „faðir vor og barnasálma.[701] Fjölskyldan flutti síðan inn í Hafnarfjörð árið 1914. Ári síðar, hinn 11. maí var Halldóra fermd í Hafnarfjarðarkirkju. Hún kunni að lesa „dável“ og það sama mátti segja um kristnidómskunnáttu hennar. Hún hegðaði einnig sér „ág.“[702] Halldóra fór að vinna í fiski í Hafnarfirði en var áfram til heimilis hjá foreldrum sínum og systkinum. Sumarið 1920 átti Halldóra mjög erfitt. „Hún varð veik á sinni um nokkurt skeið en síðan batnaði það og bar ekki síðar á því.“[703]

Árið 1924 lést Bjarni faðir hennar og ári síðar lést Kristín móðir hennar.[704] Halldóra hvarf úr Hafnarfirði og við taka nokkur ár þar sem Halldóra finnst ekki í opinberum heimildum. Ekki er að sjá að hennar nafn sé að finna í manntalinu árið 1930, hvorki í Hafnarfirði né Reykjavík.[705]

---

[692] BH. Fundargerðir hreppsnefndar Garðahrepps 1899–1908.
[693] ÞÍ. Stokkseyri í Flóa / Eyrarbakki–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1899–1907.
[694] ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/45–1–1. Bræðraborgarstígur 24–Framnesvegur 1.
[695] ÞÍ. Manntalið 1920–Hagstofa Íslands 1932 A/30–1–1. Reykjavík III. ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/30–1–1. Reykjavík I. Aðalstr.–Brunnstígur.
[696] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/13–1–1. Prestsþjónustubók 1918–1923.
[697] „Sigríður Kristín Kolbeinsdóttir“,30. maí 1997, 43.
[698] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/21–1–1. Prestsþjónustubók séra Bjarna Jónssonar 1940–1948; fermdir og dánir 1940–1948.
[699] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1863–1910.
[700] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1901–1903.
[701] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1901–1903.
[702] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1911–1927.
[703] *Hæstaréttardómar* IX, 442.
[704] ÞÍ. Garðar á Álftanesi / Hafnarfjörður–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1911–1927.
[705] ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/26–1–1. Hafnarfjörður I. ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/27–1–1. Hafnarfjörður II og Ísafjörður. ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/30–1–1. Reykjavík I. Aðalstr.–Brunnstígur. ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/31–1–1. Reykjavík II. Bræðraborgarst.–Haðarstígur.

Hinn 26. júní 1934 eignaðist Halldóra barn í Reykjavík. Þetta var drengur sem fékk nafnið Einar Guðmundur Sólberg við skírn. Halldóra lýsti Axel Guðmundsson föður að barninu og gekkst hann við því. Sökum sérstakra veikinda Halldóru á meðgöngunni hafði Axel verið fyrirskipað af lögreglustjóranum í Reykjavík að greiða Halldóru 200 kr. styrk til framfærslu með sérstakri stefnu.[706] Barnaverndarnefnd kom Guðmundi litla fyrir í fóstri og Halldóra réð sig í vist til hjónanna Jóns Erlendssonar og Ásthildar Höllu Guðmundsdóttur sem bjuggu þá í Sauðagerði í Reykjavík. Þau áttu tvær dætur.[707] Fyrir þessa vist hafði hún verið um mánaðartíma í annarri vist en þáverandi húsmóðir hennar „kærði sig þá ekki um að hafa hana lengur." Hún lýsti Halldóru síðar sem vandræðamanneskju og „tæplega með réttu ráði" en sagði hana „vandaða og góða í sér, óframfærna, en ímyndunarfulla og umtalsilla um fólk." Á þeim mánaðartíma sem Halldóra var í vistinni hefði hún verið „fremur veikluð og lá iðulega þennan tíma og var þá slæm á skapsmunum og grét oft." Húsmóðir hennar kallaði á lækni hinn 26. nóvember 1934 til að skoða Halldóru og greindi læknirinn hana með „hysteria." Hún var því „öðruvísi og vesælli en fólk er flest."

Eftir að Halldóra hafði verið veturlangt í vist hjá Jóni og Ásthildi þá brann Sauðagerði. Þau hjónin lentu í töluverðum hrakningum og var Halldóra með þeim. Þau sendu hana svo í kaupavinnu í mánaðartíma norður í land um sumarið og um haustið fór Halldóra með þeim hjónum og dætrum þeirra til Eskifjarðar. Þar settust Jón og Ásthildur að og keyptu sér hús. Var Halldóra þar hjá þeim sem vinnukona.[708] Halldóra fékk ekki greitt kaup nema rétt fyrir þá vetrarmánuði sem hún var hjá þeim hjónum í Sauðagerði og laun hennar fyrir kaupavinnuna runnu beint í vasa Ásthildar.[709]

Vistin á Eskifirði var Halldóru skelfileg. Hún fékk ekki nægilega að borða og var oft lokuð inni í húsinu að degi til þegar hjónin voru ekki heima. Það var að þeirra sögn vegna þess að þau töldu Halldóru „andlega brjálaða." Þau hjónin áttu það einnig til að berja Halldóru og sparka í hana og í raun kúga hana á margvíslega vísu.[710] Aðfararnótt 16. september árið 1936 hvarf Halldóra. Hún hafði verið að taka saman föggur sínar daginn áður þar sem hjónin, Jón og Ásthildur, ætluðu að senda hana burt til Reykjavíkur. Næstu daga var leitað að Halldóru í nágrenninu og fjörur voru gengnar.

Hinn 30. september fannst lík Halldóru við kaupstaðarbryggjuna á Eskifirði.[711] Í prestsþjónustubók Eskifjarðar er eftirfarandi skráð: „16. september látin, grafin 6. október í Eskifjarðarkauptúni: Halldóra Bjarnadóttir vk. á Eskifirði, talin hafa drukknað, fannst í sjónum við Eskifjarðarbryggju í Eskifjarðarkaupstað 14 dögum eftir að hún hvarf."[712] Halldóra var 36 ára þegar hún lést.

---

ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/32–1–1. Reykjavík III. Hafnarst.–Lauganesspítali. ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/33–1–1. Reykjavík IV. Laugavegur–Njálsgata. ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/34–1–1. Reykjavík V. Njarðargata–Suðurgata. ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/35–1–1. Reykjavík VI. Suðurgata–Öldugata. Skip.

[706] BS. Úrskurður lögreglustjórans í Reykjavík 11. júní 1934. Fi/1339 – Axel Guðmundsson.

[707] *Hæstaréttardómar* IX, 442.

[708] Ibid., 443.

[709] Ibid., 444.

[710] Ibid., 454–455.

[711] Ibid., 438.

[712] ÞÍ. Hólmar í Reyðarfirði / Eskifjörður 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1928–1938.

59) **Kristrún Bjarnadóttir** fæddist á Heynesi í Garðasókn 14. ágúst árið 1841. Hún var yngsta dóttir hjónanna Bjarna Helgasonar og eiginkonu hans, Guðrúnar Sigmundsdóttur. Þau hjónin eignuðust alls 11 börn. Árið 1848 fluttist Kristrún ásamt foreldrum sínum og hluta af systkinahópnum að Kalastöðum á Hvalfjarðarströnd. Þar skráði sóknarpresturinn í Saurbæ „dumbi" við nafn hennar í sóknarmannatali tveimur árum síðar.[713] Hún var einnig skráð hjá honum „mál og heyrnarlaus" og „Daufdumb."[714] Guðrún móðir Kristrúnar lést 29. desember árið 1859. Hún hafði legið í „meinsemdum í tvö ár."[715] Í kjölfarið leystist heimilið á Kalastöðum upp og Kristrún fór með Bjarna föður sínum að Glammastöðum þar sem ein eldri systir hennar var orðin húsfreyja.[716] Þegar Bjarni svo lést 27. maí árið 1862 „úr taki" og ljóst var að dánarbú hans var þrotabú fór Kristrún á sveit.[717] Fyrstu áratugina var hún ófermdur sveitarómagi á Hvalfjarðarströnd en hvarf svo úr sóknarmannatölum þar 1881.[718] Í sóknarmannatali Garðasóknar fyrir árið 1887 var Kristrún skráð „á sveit", „heyrnar og mállaus" að Innra Hólmi. Þar kom fram að bóndinn og hreppstjórinn á Innra Hólmi fékk 35 kr. með Kristrúnu. Þetta var ítrekað í sóknarmannatalinu tveimur árum síðar.[719] Kristrún dvaldi á Innra Hólmi til ársins 1905 en ekki er vitað um dvalarstað hennar næstu tvö ár. Árin 1907 og 1908 var hún „á sveit" í Dægru þar í nágrenninu og var svo flutt að Görðum á Akranesi árið 1909.[720]

Kristrún Bjarnadóttir „sveitarómagi frá Görðum" lést úr heilablóðfalli 1. febrúar árið 1914 73 ára að aldri. Hún var „Heyrnar og mállaus."[721]

### *Samantekt*

Sunnlendingafjórðungur náði til forna yfir svæðið frá Jökulsá á Sólheimasandi að Hvítá í Borgarfirði.[722] Sagðar eru sögur af 41 einstaklingi, sem fæddir voru á tímabilinu 1787–1901, 24 konum og 17 körlum. Þau urðu allt frá fjögurra daga gömul til 87 ára. Sex þeirra voru blind og mörg einnig með aðra kvilla svo sem afleiðingar holdsveiki eða sullaveiki. Tíu þeirra voru andlega skert og fjórum konum var lýst sem geðveikum. Af hópnum voru tólf mállaus og flest þeirra einnig heyrnarlaus. Þrír karlar og ein kona voru fótlama á ýmsan hátt og einn, Jóhannes Pálsson, var handlama. Ekki er ljóst hvort um slys eða sjúkdóm var að ræða en eftir að hann hafði verið í vinnumennsku fram til þrítugs fór hann á sveit. Hann var á framfærslu hreppsins í meira en hálfa öld. Það er athyglisvert að hreppsyfirvöld skráðu hjá sér aðeins einu sinni á

---

[713] ÞÍ. Saurbær á Hvalfjarðarströnd–prestakall 0000 BC/4–1–1.Sóknarmannatal 1843–1849, 1855, 1860 og 1866–1872.
[714] Ibid.
[715] ÞÍ. Saurbær á Hvalfjarðarströnd–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1844–1888.
[716] ÞÍ. Saurbær á Hvalfjarðarströnd–prestakall 0000 BC/4–1–1.Sóknarmannatal 1843–1849, 1855, 1860 og 1866–1872.
[717] ÞÍ. Saurbær á Hvalfjarðarströnd–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1844–1888. ÞÍ. Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar– og Mýrasýslu 0000 ED1/8–2–1. Skiptabók Borgarfjarðarsýslu 1857–1866.
[718] ÞÍ. Saurbær á Hvalfjarðarströnd–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1843–1849, 1855, 1860 og 1866–1872.ÞÍ. Saurbær á Hvalfjarðarströnd–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1873–1882.
[719] ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1887–1889.
[720] Ibid. ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal 1891–1900. ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BC/12–1–1. Sóknarmannatal 1907–1912.
[721] ÞÍ. Garðar á Akranesi–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1903–1933.
[722] Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* I, 37.

þessum áratugum að Jóhannes hafi unnið fyrir sér sjálfur. Það var um sláttinn árið 1868 og endurgjaldið nam um það bil 6 vikna framfærslu. Hvað hann gerði þetta sumar liggur ekki fyrir.

Af hópnum náðu sex ekki fermingu vegna kvilla sinna og aðrir sex voru fermdir með sérstöku biskupsleyfi. Biskup var búinn að veita stúlku einni eina undanþágu til viðbótar en hún lést áður en kom að fermingunni. Sólveig Sigurðardóttir var mál- og heyrnarlaus og var að mati prófastsins í Kjalarnesprófastsdæmi að öllu leyti efnilegur kvenmaður. Hún óskaði sjálf eftir að fá að fermast til að öðlast sáluhjálp altarissakramentisins. Það er athyglisvert að undanþágubeiðnin var ekki send biskupi fyrr en eftir að Sólveig hafði eignast barn á Kjalarnesi og því hafði verið komið fóstur og Sólveigu komið í vinnumennsku hjá ættingjum í Njarðvík og þaðan var hún fermd.

Fimm af þessum einstaklingum lentu í því á barnsaldri að heimili þeirra voru leyst upp vegna fátæktar, sem hafði undantekningarlaust alvarleg áhrif á framtíð þeirra sem ómaga á sveitarframfærslu. Af þessum hópi urðu tvö fjörgömul. Það er merkilegt að sjá hvernig forlögin æxluðust þannig að mál- og heyrnarlaus kona, sem hafði verið í vinnumennsku kom inn á heimili bróður síns og mágkonu og bjó þar og starfaði ásamt blindum bróðursyni sínum það sem eftir var ævinnar.

Fjórar lengri sögur voru sagðar úr fjórðungnum, sem allar tengjast Reykjavík. Þær eru af tveimur körlum sem voru mjög áberandi í bæjarlífinu hvor á sinni öldinni sakir sérstöðu sinnar. Tvær einstakar örlagasögur af konum, einnig frá sitt hvorri öldinni voru einnig sagðar og þá var sérstaklega hugað að harmþrungnum ævilokum þeirra.

## 4. Vestfirðingafjórðungur

*Sögur*

60) **Guðrún Bjarnadóttir** fæddist í Sunndal í Kaldrananeshreppi um 1770.[723] Faðir hennar var Bjarni Pétursson bóndi í Sunndal en óvíst er um nafn móður Guðrúnar. Bjarni lést 9. apríl 1793. Þá var hann ekkjumaður. [724] Guðrún var að öllum líkindum fermd í Fellssókn í Kollafirði árið 1788.[725]

Árið 1790 var Guðrún vinnukona á Bæ í Árnessókn. Hún var fermd „meinhæg í giedi kann vel sinn kristindóm.“ Eftir vinnumennsku á Bæ fór hún að Veiðileysu í sömu sókn og þaðan að Melum árið 1796. Þar var hún sögð „HiaVika Söm“ og „Sæmilega kunnandi.“ Um aldamótin 1800 eru hún komin í vinnumennsku til bróður síns á Finnbogastöðum og þótti „holl og trú vel kunnandi.“[726]

Hinn 19. maí árið 1805 gekk Guðrún í hjónaband með ekkjumanninum Magnúsi Jónssyni og var morgungjöf hans til Guðrúnar 16 ríkisdalir. Við hjónabandið gekk Guðrún Guðbjörgu dóttur Magnúsar í móðurstað. Sem húsfreyja í Munaðarnesi þótti Guðrún „forstöndug og vel að sier“ auk þess að vera „skörungsleg.“ Árið 1810 lést Magnús úr

[723] ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1828. Manntal 1816.
[724] ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1787–1814.
[725] ÞÍ. Tröllatunga í Tungusveit / Kollafjarðarnes–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1785–1816.
[726] ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1782 og 1784–1795.

„Lángvarandi innvortis veikindum.“[727] Bú hans var metið til 124 ríkisdala og 28 skildinga við búskiptin sama ár og voru það bara þær tvær, ekkjan og einkadóttirin sem gengu til arfs eftir Magnús.

Í ekkjustandinu í Munaðarnesi var Guðrún sögð „góð giorða Som“ og „vel að sier.“ Hún hélt fjóra vinnumenn og eina vinnukonu árið 1816. Einhvern tímann á árunum frá 1816 til 1829 fluttist Guðrún frá Munaðarnesi að Reykjanesi í sömu sókn. Þar bjó hún stórbúi ásamt Jóni Einarssyni og eiginkonu hans.[728] Yrðingarnar um Guðrúnu á Reykjanesi voru „Forstöndug“, „vel að sier“, „minnug“, „greind“, „Ráðvendismanneskja“ og svo „heirnardauf.“ Eftir 1841 var hún skráð „Gamalmenni“ í sóknarmannatölum.[729]

Guðrún Bjarnadóttir lést sem „gamalmenni frá Reikjanesi“ hinn 4. febrúar árið 1859. Hún var 88 ára að aldri.[730]

61) **Hallgerður Magnúsdóttir** fæddist 26. júní árið 1811 á Stóra Fjalli í Stafholtstungum. Hún var dóttir hjónanna Magnúsar Magnússonar bónda á Stóra Fjalli og eiginkonu hans Þórdísar Sveinsdóttur.[731] Hallgerður var heyrnar- og mállaus frá fæðingu.[732] Hallgerður ólst upp með foreldrum sínum og eldri systkinum, þeim Magnúsi og Unni. Unnur lést árið 1819 af „höfuðpínu.“ Magnús faðir Hallgerðar lést árið 1825 og tók Magnús yngri við búinu af föður sínum.[733] Í sóknarmannatölum Stafholtstungnasóknar kom fram að Hallgerður var „mjög óskír“ og dauf.[734] Hinn 14. júlí árið 1830 eignaðist Hallgerður stúlku sem fékk nafnið Guðrún við skírn. Faðir Guðrúnar var giftur maður og vinnumaður á bæ þar í nágrenninu. Árið 1833, sama árið og Hallgerður var fermd með sérstöku biskupleyfi án þess að kunna „nockuð“, lést Guðrún litla á þriðja ári úr „Barnaveiki“ 20. júní. Réttu ári síðar eða 12. júní árið 1834 eignaðist Hallgerður annað barn, dreng sem fékk nafn föður síns Arngríms. Sá var „vinnumaður á Þórustöðum í Saurbæjarsókn.“[735] Arngrímur var alinn upp á Stóra Fjalli og voru Magnús móðurbróðir og eiginkona hans skráð sem fósturforeldrar hans.[736]

Hinn 15. janúar árið 1840 eignaðist Hallgerður sitt þriðja barn. Það var drengur sem fékk nafnið Jóhannes. Faðir hans var giftur bóndi í Laxholti og skráði presturinn þetta sem

---

727 ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1764–1816.
728 ÞÍ. Sýslumaðurinn í Strandasýslu 0000 ED1/1–3–1.Skipta– og uppskriftabók. (1805–1821).
729 ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1834–1849.
730 ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1852–1891. Í Íslendingabók gefur að líta eftirfarandi upplýsingar um Guðrúnu Bjarnadóttur: „1771–4. febrúar 1859. Sennilega sú sem var vinnukona á Finnbogastöðum, Árnessókn, Strand. 1801. Húsfreyja í Munaðarnesi 1, Árnessókn, Strand. 1816. Var á Reykjanesi, Árnessókn, Strand. 1835, 1840 og 1855. Nefnd „Fótalausa–Gunna“ skv. Æ.A–Hún.“ VEF. Íslendingabók.is. Sjá einnig sagnaþáttinn „Gunna fótalausa“, 4–5.
731 ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók Hjarðarholts 1817–1836. Manntal 1816.
732 ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1811–1820, 1822, 1824, 1826 og 1828.
733 ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók Hjarðarholts 1817–1836. Manntal 1816.
734 ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1830, 1832, 1834, 1835 og 1837–1840. ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1811–1820, 1822, 1824, 1826 og 1828.
735 ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1840.
736 ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1830, 1832, 1834, 1835 og 1837–1840.

hans „1ta hórdómsbrot“ en Hallgerður var með þessu að fremja sitt „3ia“ brot. Litli drengurinn lést heima hjá föður sínum mánuði síðar úr „kíhósta og andþrengingum.“[737]

Hallgerður og Arngrímur sonur hennar voru saman til heimilis á Stóra Fjalli allt þar til að Þórdís móðir Hallgerðar lést úr „Ellikröm“ níræð að aldri, árið 1856.“[738] Um sama leyti skrifaði prestur eftirfarandi athugasemd um Hallgerði í sóknarmannatalið í nokkur ár: „Varð heyrnar og mállaus – nýfarin að draga í mál.“ Eftir árs vinnumennsku hjá nýjum bónda á Stóra Fjalli fluttist Hallgerður til Arngríms sonar síns sem hafði tekið við búskap í Laxholti. Þar átti hún heima í tvö ár þangað til að Arngrímur brá búi og varð vinnumaður í Grísatungu og hafði móður sína með sér þangað.[739]

Hallgerður Magnúsdóttir „vinnukona frá Grísatungu“ lést 24. júní árið 1860 úr bráð[ólæsilegt] Taugaveiki“ þá 49 ára að aldri.

62) **Ásdís Jónsdóttir** fæddist á Valþúfu á Fellsströnd árið 1828.[740] Hún var dóttir hjónanna Jóns Jónsonar bónda á Valþúfu og eiginkonu hans Ólafar Helgadóttur. Jón faðir Ásdísar lést 1. júlí árið 1834.[741] Ásdís fór í fóstur til bróður síns á Orrahóli í sömu sveit. Á tíunda ári þótti hún „mjög torrnæm“ en „stautaði.“ Hún var orðin „tæpl[ega] læs árið 1842.[742] Hinn 16. ágúst árið 1843 lést Ólöf móðir Ásdísar og skildi eftir sig arf.[743] Ásdís fór frá því að vera „fósturbarn“ bróður síns yfir í stöðu vinnukonu hjá honum á árunum milli 1845 og 1850.[744] Tíu árum síðar var hún komin á sveit og þótti bæði „fábjánal[eg]“ og „meinleysisl[eg].“ Síðustu æviár sín var hún á Kjarlaksstöðum á Fellsströnd.[745]

Ásdís Jónsdóttir „sveitarómagi á Kjarlaksstöðum“ lést 22. apríl árið 1878 fimmtug að aldri.[746]

63) **Jóhanna Pálsdóttir** fæddist á Hrauni á Ingjaldssandi 5. ágúst árið 1832. Hún var dóttir hjónanna Páls Jónssonar og Guðrúnar Ásbjörnsdóttur sem þá voru í vinnumennsku á Hrauni.[747] Einhvern tímann á milli 1840 og 1845 tóku foreldrar Jóhönnu við búi á Saurum í Hraunssókn og það var í sóknarmannatalinu árið 1847 sem það kom fram fyrst að Jóhanna var heyrnar- og mállaus eða „daufdumb.“[748]

Hinn 4. júlí féll Páll bóndi á Saurum „í sjó“ og fannst þar örendur.[749] Í kjölfarið varð Guðrún húsfreyja að fara aftur í vinnumennsku og fylgdi Jóhanna móður sinni fyrst að

---

[737] ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1840.
[738] ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1863.
[739] ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1855–1866.
[740] Skírnarfærsla í prestsþjónustubók hefur ekki varðveist.
[741] ÞÍ. Hvammur í Hvammssveit–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók Staðarfells 1818–1869. Manntal 1817.
[742] ÞÍ. Hvammur í Hvammssveit–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal Staðarfells 1827, 1828, 1830–1835, 1838, 1840 og 1841.
[743] ÞÍ. Hvammur í Hvammssveit–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók Staðarfells 1818–1869. Manntal 1817.
[744] ÞÍ. Hvammur í Hvammssveit–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1866–1869.
[745] ÞÍ. Hvammur í Hvammssveit–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1870–1877.
[746] ÞÍ. Hvammur í Hvammssveit–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1867–1905.
[747] ÞÍ. Sandar í Dýrafirði / Þingeyri–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1864
[748] ÞÍ. Sandar í Dýrafirði / Þingeyri–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1829, 1830, 1838–1841, 1847 og 1850.
[749] ÞÍ. Sandar í Dýrafirði / Þingeyri–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1864.

Múla, síðar að Hofi og að lokum að Kirkjubóli. Þar var hún fyrst „ljettlingur“ rúmlega þrítug en síðar vinnukona. Yrðingarnar um Jóhönnu á árunum á Kirkjubóli voru helst „“illa uppfrædd“, „meinhæg“, „óconfirm“, „ei illa uppfrædd“, „vönduð“, „á bágt með mál“, „málstöv“ og „daufd[umb].“[750]

Árið 1873 lést Guðrún móðir Jóhönnu „vinnukona frá Kirkjubóli“ úr „innvortis veiki.“[751] Jóhanna var áfram vinnukona á Kirkjubóli en fór þaðan í vinnumennsku að Brekku á Ingjaldssandi árið 1877. Hún var á Brekku árið 1879 þegar það kom fram í skýrslu um mál- og heyrnarlausa fyrir það ár að hún hefði „sjálf ofan af fyrir sjer og fullgild til allra verka.“ Einnig kom þar fram að hún ynni öll „Venjuleg heimilisstörf innan og utanbæjar“ og „Hefur hvergi notið neinnar kennslu.“[752] Árið 1882, þegar Jóhanna stóð á fimmtugu flutti hún með bróður sínum, systur, mági og systurdóttur frá Ingjaldssandi í Dýrafjörð. Þar var hún vinnukona hjá bróður sínum fyrst á Brekku, síðar á Bakka og síðast á Gemlufalli. Það er ekki fyrr en árið 1899 sem hún var skráð ómagi og þá búsett á Gili.[753]

Jóhanna Pálsdóttir „sveitarómagi frá Gili“ lést 17. janúar árið 1904. Hún var 72 ára að aldri.[754]

64) **Sveinbjörn Vigfússon** fæddist á Ásbjarnarstöðum í Hvítársíðu hinn 11. apríl árið 1851. Foreldrar hans voru ógiftir þegar hann kom í heiminn. Það voru þau Vigfús Jónsson vinnumaður á Ásbjarnarstöðum og bóndadóttirin María Halldórsdóttir á sama bæ. Ári síðar fara þau mæðgin María og Sveinbjörn úr Gilsbakkasókn að Kvíakoti í Norðurárdal og þá var María „forgift.“[755] Foreldrar Sveinbjörns gengu í hjónaband og fyrstu árin bjuggu þau í Kvíakoti en fluttu árið 1856 að Hálsum í Hvanneyrarsókn.[756] Þar fór Sveinbjörn að „taka saman“, og læra „fræðin.“[757] Árið 1864 var Sveinbjörn „búinn“ að meðtaka það sem þurfti til fermingar. Sveinbjörn var fermdur í Hestþingsprestakalli. Hann hafði verið undirbúinn af „foreldrum og presti í fjögur ár“. Sveinbjörn las „á bók nokkuð vel“, kunni „bænir og vers nokkuð vel“ og „hegðaði sér nokkuð vel.“[758]

Nú fór að draga af Sveinbirni. Í sóknarmannatölunum eftir fermingu þegar fjölskyldan hafði sest að á Mófellsstöðum kom fram að hann var „krypplingur“, „málhaltur“ og „visinn.“[759] Í manntalinu sem tekið var árið 1870 var skrifað um Sveinbjörn og yngri bræður hans tvo eftirfarandi yrðing: „Svo máttlítil að þau hafa ekki fótavist.“[760]

Sveinbjörn Vigfússon lést 30. júlí árið 1872, 21 árs að aldri. Hann var „krypplingur.“[761]

---

[750] ÞÍ. Sandar í Dýrafirði / Þingeyri–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1860, 1863–1872 og 1874–1884.
[751] ÞÍ. Sandar í Dýrafirði / Þingeyri–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1865–1901.
[752] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Skýrslur um mál og heyrnarlausa fyrir árið 1879.
[753] ÞÍ. Dýrafjarðarþing–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1890–1911.
[754] ÞÍ. Dýrafjarðarþing–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1887–1951.
[755] ÞÍ. Gilsbakki í Hvítársíðu–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1869
[756] ÞÍ. Hvammur í Norðurárdal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1856–1858 og 1860–1868.ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1884
[757] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1846–1866.
[758] ÞÍ. Biskupsskjalasafn–fermingarskýrslur 0000 FC/18–2–1.
[759] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1866–1883.
[760] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[761] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1884.

65) **Kaprasíus Guðmundsson** fæddist í Brúsholti í Reykholtsdal hinn 9. janúar 1853. Hann var sonur hjónanna Guðmundar Björnssonar bónda í Brúsholti og eiginkonu hans Kristínar Kaprasíusdóttur.[762] Þau hjónin áttu fjögur börn saman en einnig voru á heimilinu stjúpbörn Kristínar frá fyrra hjónabandi.[763]

Kristín móðir Kaprasíusar lést 28. september árið 1857.[764] Ekki er ljóst hvort Kaprasíus var enn í Brúsholti þegar móðir hans lést en sama ár fór hann í fóstur til föðurforeldra sinna Björns Guðmundssonar og Guðrúnar Einarsdóttur sem bjuggu á Breiðabólstað í Reykholtsdal. Þau hjón voru þá hátt á sjötugsaldri. Strax árið eftir eru hjónin Jóhann Jónsson og Guðríður Björnsdóttir föðursystir Kaprasíusar tekin við búinu en föðurforeldrarnir komnir í „hornið“ hjá dóttur sinni og tengdasyni. Í sóknarmannatalinu í Reykholtssókn kom fram árið 1859 að tökubarnið Kaprasíus, 6 ára „kveður að“, „kann lítið“ og sé „þægur.“[765]

Árið 1861 flutti heimilisfólkið að Breiðabólstað ásamt vinnufólki búferlum úr sókninni og settist að á Laxfossi í Norðurárdal. Kaprasíus og föðuramma hans Guðrún fóru með en Björn gamli fyrrum bóndi settist að hjá Guðmundi syni sínum og föður Kaprasíusar í Brúsholti.[766] Á Laxfossi lærði Kaprasíus að lesa og tók að læra barnalærdóminn. Hann var nefndur „Léttadrengur“ „lesandi“ og „sæmilega kunnandi“ í sóknarmannatalinu árið 1869.[767] Kaprasíus var fermdur frá fósturforeldrum sínum Jóhanni og Guðríði sama árið og kunni „vel, les sæmilega, hegðar sér dável.“ Hann hafði verið bólusettur „2var.“

Hinn 19. febrúar árið 1870 lést Guðrún Einarsdóttir „ekkja á Laxfossi“ af „ellilasleika“ 81 árs gömul.[768] Í maí ári síðar gerðu hreppstjórinn og prófasturinn í Stafholti sér ferð að Laxfossi undir því yfirskyni að bólusetja Kaprasíus. Þetta gerðu þeir vegna þess að þeir höfðu heyrt það utan að sér að hann lægi þar veikur af illum aðbúnaði og menn kölluðu það „máttleysu.“ Þessar fregnir höfðu farið illa í embættismennina því „sá rómur hefði ætíð legið á, að heldur illa væri farið með fólk á Laxfossi.“[769] Þegar þeir gengu í bæinn fundu þeir ekki Kaprasíus:

> og sáu hann hvergi í rúmunum, spurðu þeir þá börnin hvar Kaprasíus væri og hefðu þau þá bent á rúmið hvar Kaprasíus lá hefði hann þá breytt yfir höfuðið brekaninni og undir sér hafði hann haft rekkjuvoð en engan kodda, hefðu þeir þá flett brekaninu ofan af honum og hefði hann legið í nærfötunum og hefðu þeir spurt hvað að honum gengi og hefði hann þá svarað að hann gæti eigi á fæturna staðið fyrir máttleysi og að hann fengi svima og hjartslátt, undir eins og hann stæði á fæturna, en að sér hafi gleymst að spyrja hann að því hvað lengi hann hefði verið svona; skýrir hann frá að

762 ÞÍ. Reykholt í Reykholtsdal–prestakall 0000 BA/11–1–1. Prestsþjónustubók 1843–1886.
763 ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
764 ÞÍ. Reykholt í Reykholtsdal–prestakall 0000 BA/11–1–1. Prestsþjónustubók 1843–1886.
765 ÞÍ. Reykholt í Reykholtsdal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1834–1837, 1839, 1841, 1843–1864 og 1866.
766 ÞÍ. Reykholt í Reykholtsdal–prestakall 0000 BA/11–1–1. Prestsþjónustubók 1843–1886. ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1863.
767 ÞÍ. Stafholt í Stafholtstungum–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1867–1875.
768 ÞÍ. Reykholt í Reykholtsdal–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók Reykholts 1843–1889.
769 ÞÍ. Skjalasafn Sýslumanna. Dómabók Mýra– og Hnappadalssýslu IV–9–1871–1877.

> hold hafi verið nokkuð á hönd og úlnliðum en mjög hafi hann verði vöðvalaus, segist hann hafi spurt Kaprasíus að því, hvort hann fengi nóg að borða og hafi hann sagzt fá nóg að borða eða hafa fengið það, en konan hafi neitað því og sagt að Kaprasíus segði það ósatt „því hún yrði að draga við fólkið“ og að hún væri „feitarlaus“, en kjöt hefði hún haft að sumarmálum annanhvorn dag; [..] börnin hin á heimilinu hafi veri „magursleg“ og eins hún sjálf en þó öll á fótum; húsbóndinn Jóhann Jónsson hafi verið við sjó.[770]

Hreppstjórinn gekk á húsfreyju og spurði hana af hverju hún hefði ekki leitað Kaprasíusi lækninga „en hún hafi sagt að eigi gæti hún sókt lækni á sinn kostnað.“ Þá sagði hreppstjórinn að hann myndi koma aftur daginn eftir með lækninn með sér og þá fannst Guðríði það líta „illa út fyrir sig að hafa á móti því.“ Þegar hreppstjórinn kom með lækninn daginn eftir lá Kaprasíus enn í rúminu:

> en haft undirsæng og kodda og rekkjuvoðir 2 í rúminu; hafi Kaprasíus þá skýrt þeim Blöndal frá að hann hafi fengið verki innan um sig af matnum, sem hann hefði borðað um morguninn, hvaða matur það var spurði hreppstjórinn hann eigi að; segir Runólfur að læknirinn hafi kallað á sig að skoða höfuðið á drengnum, því það hafi verið grátt af lús og hafi læknirinn þar í baðstofunni strax sagt við sig, svo konan heyrði að sjúkleiki Kaprasíusar væri af viðurværi slæmu og illum aðbúnaði, og hafi konan þá spurt læknirinn „hvort það frá að hans áliti væri hor“ sem að Kaprasíusi gengi, og hafi þá læknirinn svarað því „það hafi ég eigi sagt að veikindin sé tómur hor“ og skipað henni að hún yrði að þrífa piltinn og gefa honum góðan mat t.a.m. nýmjólk, en hún hafi svarað að hún gæti eigi gefið honum nema 1 kaffibolla á dag af nýmjólk og hafi læknirinn sagði það væri hvergi nærri nóg; töluðu þeir R. og læknirinn um við hana að Kaprasíus yrði að takast burt, fyrst hún gæti eigi látið hann hafa hentugt viðurværi, en hún hafi eigi vilja það fyr en maður sinn komi frá sjó; að því búnu hafi þeir Blöndal farið.[771]

Hreppstjórinn fékk vottorð frá lækninum um að lífi Kaprasíusar væri hætta búin ef hann væri lengur á Laxfossi og við svo búið fékk hann verustað fyrir Kaprasíus í Sólheimatungu í sömu sveit. Hann fór við annan mann tveimur dögum seinna til að sækja Kaprasíus. Þrátt fyrir hörð mótmæli Guðríðar húsfreyju og raunar Kaprasíusar sjálfs settu þeir hann upp í söðul og fluttu hann í Sólheimatungu.[772]

Í Pólitírétti sem sýslumaðurinn í Mýra og Borgarfjarðarsýslu hélt hinn 14. júní 1871 um þetta svonefnda glæpamál sagði bóndinn í Sólheimatungu svo frá:

> að drengurinn Kaprasíus Guðmundsson þegar hann um kveldið kom að Sólheimatungu hafi getað gengið upp á baðstofu-loptið að rúminu sem hann átti að liggja í með því að styðja sig við, hafi hann þá í hálfan mánuð að eins komið ofan

[770] Ibid.
[771] Ibid.
[772] Ibid.

> úr rúminu, á meðan búið var um hann, hafi hann engan mat þolað eigi einu sinni vatnsblandaða nýmjólk fyrstu dagana, hafi hann þá fengið frá lækninum meðöl og honum þá farið að verða betra af mat sem honum var gefið, hafi hann alltaf viljað liggja á bakinu og þegar spurt var að því, hvers vegna hann gerði það, þá tóku menn eptir að hann hafði sár á hnútunum.
> Skýrir vitnið frá að Kaprasíus hafi verið mjög þrútinn í andliti og lítið sézt í annað augað og höfuð grátt af lús með hrúðrum, en hárið hafi af honum verið klippt, þegar Kapr.[asíus] kom til hans, og að hann hafi heyrt fólk það, sem stundaði hann, segja hann væri mjög holdgrannur; skýrir vitnið frá, að Kaprasíus framan af degi hverju hafi gegnt, þegar á hann var yrt, en seinni part dags ætið kvartað um verk fyrir bringspölunum og lítið talað; við ber það ennfremur að hann aldrei hafi heyrt Kaprasíus tala um það (á Laxfossi) að hann hafi átti illt á Laxfossi, né heldur hafi hann verið um það spurður. Skýrir vitnið frá því að þegar hann hafi verið búinn að vera hálfan mánuð hjá sér hafi hann farið að klæðast og alltaf farið batnandi og nú borði hann flestan mat en þó verði honum illt enn af hörðum fiski. Og álítur hann nú ferðafæran í góðu veðri eptir 5 vikna dvöl hjá honum. Þarmeð aðspurður lætur vitnið það álit sitt í ljósi að Kaprasíus Guðmundsson hafi að eins verið veikur af illum aðbúnaði til fatar og matar.[773]

Í aukarétti 16. júní var Kaprasíus sjálfur yfirheyrður og spurður út í vist sína á Laxfossi. Hann sagði að þau Jóhann og Guðríður hafi alið sig upp:

> og hafi hann þar ekkert kaup; þar um að spurður segir hann að þau hafi verið góð við sig nema miklu lakari í vetur; þjónustu hafi hann þar alltaf haft slæma og eigi haft nema einn fatnað, er hann hafi verið látinn ganga í á meðan hann hafi enzt og hafi því eigi getað skipt fötum og hafi því komið á sig óþrif og lús af því, en þó hafi það verið verst í vetur; bætir hann því við að hitt fólkið á heimilinu hafi haft þar lítið betri þjónustu, skýrir hann þá að hann að sönnu aldrei hafi kvartað yfir þessari vondu þjónustu, því hann vissi það myndi eigi vera til neins fyrir sig, rúm segist hann hafa haft þar þannig brekán yfir sér, koddamynd og rekkjuvoð og svo hey undir. Hann skýrir frá að hann, þegar húsbóndi hans Jóhann hafi í vetur farið að sjó, hafi hann gegnt þar fénaði hans ásamt fullorðinni dóttur hans; hafi hann haft þennan klæðnað: skyrtu úr vaðmáli og þar utan yfir peysu, hvorttveggja mjög lélegt, tvennar götugar buxur og 2 sokkar mjög lélegir; hafi hann aldrei getað skipt þessu fötum, því hann hafi eigi haft annað að fara í; hafi hann kvartað yfir því við dótturina sem með honum var vanalega yfir fénu að hann gæti eigi staðið yfir fé svona útbúinn, en eigi hafi hann nefnt það við húsmóður sína af því hann hafi eigi haldið hún mundi bæta úr þessu; segist hann hafa orðið veikur um sumarmál hann heldur einungis af þessum illa aðbúnaði; hann skýrir frá að hann hafi fengið nóg að borða þangað til húsbóndi hans fór til sjóar; eptir það hafi hann hér um bil hálfan mánuð fengið að borða á morgnana 3 marka ask af graut með mjólk saman við vatnið, á daginn 1 þorskhöfuð og stundum fiskbita með, kaffi 2 á dag og vatnsblandaða mjólk á kveldin flóaða; en

[773] Ibid.

> eptir það hafi hann þangað til hann lagðist fengið graut á morgnana eins og áður, ½ köku þura á miðjan daginn og aldrei kaffi; segir hann hitt fólkið á bænum hafi fengið sama fæði og hann. Eptir að hann lagðist segir hann að aldrei hafi verið búið um sig og aldrei skipt fötum, þar hann eigi hafi haft þau til; segist hann hafa þá fengið sömu fæðu eins og hér ofan segir (nema hvað hann) segir hann að hann hafi haft matarlyst fyrst eptir hann lagðist en eigi komist á fætur sökum máttleysis og vegna verkjar, er hann hafi fengið innan um sig; hafi konan og börn en þó einkum elzta dóttirin verið vond við sig og haldið að hann gerði sér upp veikindin og segir hann enginn lækni eða læknishjálp hafi verið reynd við sig þar á heimilinu af fólkinu þar; seinustu dagana áður en hann var tekinn burt af hreppstjóranum segizt hann hafa fengið illt af fiskinum innan um sig; hann segir að húsbændur sínir hafi opt í vetur verið mjög vondir við sig í orðum og eigi líka það hann gerði, hafi hann þangað til húsbóndi hans fór til sjávar gegnt skepnum með honum og hafi hann opt barið hann, að honum fannst ástæðulaust, af því Jóhann hafi sagt hann smalaði illa; yfirhöfuð hafi hann aldrei átt eins illt eins og þennan síðasta vetur og vor; segir hann föt þau, sem hann var í, þegar hann var tekinn burt af heimilinu Laxfossi, hafi verið lánuð frá Stóru-Skógum, því fatagarmar sínir hafi verið orðnir svo slæmir að hann hafi eigi getað verið í þeim; hann aftekur að fara að Laxfossi. Kaprasíus er í orði greindur; að vexti og framförum mjög lítilfjörlegur; játað rétt bókað, þegar upplesið var.[774]

Við sama rétt var Jóhann, fyrrverandi húsbóndi Kaprasíusar og fósturfaðir, yfirheyrður. Hann sagðist oft áður hafa barið Kaprasíus af því hann:

> hafi verið sér óþekkur en í vetur neitar hann að hafa barið hann. Jóhann segir að fatnað hafi Kaprasíus haft lítinn, en þó allaf, að því að hann veit til, haft nærfatnað til skipta, en eigi ber hann á móti því að þjónusta hafi eigi verið góð, því hann hafi enga vinnukonu og því verði konan sín og unglingsstúlka að þjóna þeim öllum, og svo sé mjög vont að þjóna honum eptir sögn þeirra er það hafa átt að gera. Kaprasíus þessi, segir Jóhann, að hafi verið hjá sér alls ein 12 ár, hafi hann reynst sér ódyggur, óþekkur, ósannorður og ófrómur og yfirhöfuð illa innrættur og segist hann hafa haldið hann af því að hann hafi verið að búast við að hann mundi skána og bæta ráð sitt en feginn vilja sleppa honum. Upplesið, játað rétt bókað.
> Kona Jóhanns Guðríður Björnsdóttir var einnig með fyrirkalli birt af stefnuvottum boðið að mæta hér í dag, en þar eð tjást vera veik, hefur hún eigi getað mætt.[775]

Þegar Kaprasíus var orðinn ferðafær fluttist hann aftur í sinn fæðingarhrepp og var „léttadrengur með meðgjöf" heima hjá hreppstjóranum á Stóra Kroppi í Reykholtsdal.[776] Þegar manntalið var tekið í Reykholtssókn árið 1880 var Kaprasíus enn á Stóra Kroppi og

[774] Ibid.
[775] Ibid.
[776] ÞÍ. Reykholt í Reykholtsdal–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók Reykholts 1843–1889.
ÞÍ. Reykholt í Reykholtsdal–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1867–1872 og 1883–1893.

þá sem fullgildur vinnumaður.[777] Hinn 5. október árið 1892 eignaðist Kaprasíus „ókvæntur vinnumaður á Stóra Kroppi“ dreng með Guðrúnu Gísladóttur sem var „ógift vinnukona á s.[ama] b.[æ].“ Drengurinn fékk nafnið Þorbjörn við skírn 7. október.[778] Kaprasíus og Guðrún bjuggu ógift saman í húsmennsku á Stóra Kroppi með Þorbirni syni sínum árið 1892.[779]

Kaprasíus Guðmundsson „ókvæntur húsmaður á Augastöðum“ lést 16. september árið 1893 fertugur að aldri.[780]

66) **Guðfinna Jónsdóttir** fæddist að Syðstu Görðum í Kolbeinstaðahreppi 20. september árið 1853. Hún var dóttir hjónanna Jóns Ögmundssonar bónda á Syðstu Görðum og eiginkonu hans, Sveinbjargar Sveinsdóttur.[781] Það var mikill aldursmunur á þeim hjónum en Jón var þremur áratugum eldri en Sveinbjörg. Guðfinna átti tvo eldri bræður þá Ögmund og Árna.[782]

Guðfinna ólst upp með foreldrum sínum og systkinum á Syðstu Görðum. Sóknarprestinum þótti hún „mállítil“ þegar hún var fimm til átta ára en eftir það skrifaði hann yrðinguna „mállaus“ við nafn hennar áratugum saman.[783] Árið 1870 þegar Guðfinna var 17 ára bætti presturinn við yrðingunni „aumingi ófermd.“[784] Jón bóndi á Syðri Görðum lést árið 1876 og tók Ögmundur sonur hans við búinu.[785] Sveinbjörg móðir þeirra Guðfinnu var bústýra hjá syni sínum og samkvæmt skýrslum yfir heyrnar- og mállausa fyrir árin 1884 og 1885 hafði Guðfinna sjálf „ofan af fyrir sér“ með „ullarvinnu“ á Syðri Görðum.[786]

Árið 1887 brá Ögmundur búi og flutti til Vesturheims.[787] Við það fóru þær mæðgur Sveinbjörg og Guðfinna á sveitina. Sveinbjörg var sett niður á Snorrastöðum en nafn Guðfinnu er ekki að finna í sóknarmannatölum næstu ár.[788] Þrátt fyrir að vera skráð sem niðursetningur á Stóra Hrauni í manntalinu 1890 þá er hún ekki skráð þar í sóknarmannatalinu.[789] Eina skiptið sem nafn hennar er skráð í sóknarmannartal fram til ársins 1917 er árið 1910 og þá er hún skráð á Heggstöðum bæði í sóknarmannatali og manntali. Í manntalinu var ekki skráð (eins og hjá öðrum) hvenær og hvaðan hún kom á

[777] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[778] ÞÍ. Reykholt í Reykholtsdal–prestakall 0000 BA/12–1–1. Prestsþjónustubók 1887–1942.
[779] ÞÍ. Reykholt í Reykholtsdal–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1867–1872 og 1883–1893.
[780] ÞÍ. Reykholt í Reykholtsdal–prestakall 0000 BA/12–1–1. Prestsþjónustubók 1887–1942.
[781] ÞÍ. Hítarnesþing–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1854.
[782] ÞÍ. Hítarnesþing–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1853–1868.
[783] Ibid., ÞÍ. Hítarnesþing–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1869–1874.
[784] ÞÍ. Hítarnesþing–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1869–1874.
[785] ÞÍ. Hítarnesþing–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1855–1885. ÞÍ. Hítarnesþing–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1875–1891.
[786] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um mál og heyrnarlausa fyrir árin 1884 og 1885.
[787] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Strandasýslu 0000 RC/1–9–1.
[788] Prestsþjónustubók 1855–1885. ÞÍ. Hítarnesþing–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1875–1891. ÞÍ. Miklaholt í Miklaholtshreppi / Söðulsholt–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1890–1908.
[789] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/2–1–1. Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla. ÞÍ. Miklaholt í Miklaholtshreppi / Söðulsholt–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1890–1908.

bæinn.[790] Það er svo árið 1917 sem Guðfinna er skráð „í dvöl“ í Haukatungu í Kolbeinsstaðasókn.[791]

Guðfinna Jónsdóttir „í dvöl í Haukatungu“ lést úr heilablóðfalli 4. september árið 1920, 67 ára gömul.[792]

67) **Þórarinn Brandsson** fæddist í Miðhúsum á Mýrum hinn 5. júní árið 1855. Hann var sonur hjónanna Brands Sigmundssonar og Sigríðar Þórarinsdóttur sem bjuggu í því sem kallað var „Miðhúsa Vesturbæ[r]“ í prestsþjónustubók Borgarþinga.[793] Þau hjónin áttu þrjá drengi sem þóttu „efnileg[ir] þrátt fyrir að Þórarinn litli hefði fæðst heyrnar- og mállaus.“[794]

Árið 1868 þegar Þórarinn var þrettán ára var hann sendur til kennslu til sr. Páls Pálssonar (nr. 14) sóknarprests í Kirkjubæjarklaustursókn sem þá var farinn að halda úti kennslu fyrir mál- og heyrnarlausa.[795] Þórarinn var „til kennslu“ hjá sr. Páli í fimm ár og var fermdur af honum með sérstöku biskupleyfi árið 1873.[796] Sr. Páll réð svo Þórarin til sín sem smala og var hann á Prestbakka eitt ár í viðbót.[797]

Um haustið árið 1874 sneri Þórarinn til baka í foreldrahús sem þá voru Einarsneskot á Mýrum. Við það tækifæri skrifaði sóknarpresturinn í Borgarþingum eftirfarandi við hann innkominn í sóknina: „Daufdumbi, hefur tekist að lesa upphátt, nýlega fermdur.“ Þórarinn var hjá foreldrum sínum þar til móðir hans lést í desember árið 1881.[798] Ekki fer neinum sögum af honum næsta árið eða svo en vorið 1883 flutti hann til Reykjavíkur og hóf skósmíðanám með fjárhagslegri aðstoð „fátæks föður.“ Í skýrslu um mál- og heyrnarlausa í Reykjavíkursókn þetta sama ár skrifar dómkirkjuprestur eftirfarandi um framtíðarmöguleika Þórarins: „Hefur væntanl. haft ofan af fyrir sér sjálfur framvegis með iðn sinni.“[799] Í manntalinu árið 1890 var Þórarinn skráður skósmiður í Veltusundi 3 „daufdumbur.“[800]

Hinn 12. janúar árið 1901 eignaðist Þórarinn dreng með Sesselju Knútsdóttur. Þau voru ógift. Drengurinn fékk nafnið Guðjón við skírn.[801] Guðjón litli ólst upp hjá vandalausum.[802]

Næstu tvo áratugi vann Þórarinn að skósmíðum í Reykjavík en hinn 24. ágúst árið 1922 sagði hann sig til sveitar í Reykjavík. Fátækrastyrkurinn var í upphafi 100 kr. á mánuði en

---

[790] ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/74–1–1. Kolbeinsstaðir. ÞÍ. Miklaholt í Miklaholtshreppi / Söðulsholt–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1909–1920.
[791] ÞÍ. Miklaholt í Miklaholtshreppi / Söðulsholt–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1909–1920.
[792] ÞÍ. Miklaholt í Miklaholtshreppi / Söðulsholt–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1917–1949.
[793] ÞÍ. Borgarþing / Borg á Mýrum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1848–1886.
[794] ÞÍ. Borgarþing / Borg á Mýrum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1847–1862.
[795] ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1864–1892.
[796] Ibid.
[797] ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1870–1880.
[798] ÞÍ. Borgarþing / Borg á Mýrum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1848–1886.
[799] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Skýrslur um mál og heyrnarlausa fyrir árið 1883.
[800] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[801] ÞÍ. Fríkirkjan í Reykjavík 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1899–1908.
[802] BS.Fi/992 „Sesselja Knútsdóttir.“

fór hækkandi eftir því sem á leið.[803] Í upphafi árs 1931 var Þórarinn fluttur á elliheimilið Grund og þar lést hann hinn 13. febrúar árið 1936.[804] Hann var þá áttræður að aldri.

68) **Sigurður Vigfússon** fæddist á Hálsum í Hvanneyrarsókn hinn 23. apríl árið 1858. Hann var annar sonur hjónanna sem þá bjuggu á Hálsum, þeirra Vigfúsar Jónssonar og eiginkonu hans Maríu Halldórsdóttur.[805] Þau áttu fyrir soninn Sveinbjörn (nr. 64).

Sigurður ólst upp með foreldrum sínum, bróður og síðar bræðrum á Hálsum, Mófellsstöðum og síðar Stóru Drageyri. Hann var farin að stafa „vel" sex ára og þremur árum síðar eða 1867 var hann „í fræðum. Krypplingur." Ári síðar bætti sóknarpresturinn við yrðingunni „málhaltur" um leið og hann skráði framvindu Sigurðar í barnalærdómnum."[806] Árið 1869 þegar Sigurður var tíu ára var hann „búinn með fræðin" en „visinn." Eins og áður kom fram stóð í manntalinu sem tekið var árið 1870 að börnin á heimilinu væru „Svo máttlítil að þau hafa ekki fótavist."[807]

Sigurður var fermdur árið 1872 og var umsögn prestsins ekki af verri endanum. „Bóklestur dável, Kunnátta ágætlega, hegðun dável."[808] Þeir bræður voru samt sem áður að mati sóknarprestsins „Máttlausir krypplingar."[809] Sigurður Vigfússon „17 ára bóndasonur á Stóru Drageyri lést 1. mars árið 1876.[810]

69) **Halldór Vigfússon** fæddist að Hálsum í Hvanneyrarsókn hinn 31. nóvember árið 1859. Hann var sonur hjónanna að Hálsum þeirra Vigfúsar Jónssonar og eiginkonu hans, Maríu Halldórsdóttur.[811] Halldór átti tvo eldri bræður, þá Sveinbjörn (nr. 64) og Sigurð (nr. 68).

Halldór var „málhaltur" en hann var farinn að stafa fyrir tíu ára aldur og var búinn að læra „allan Basl.[ev]", þ.e. barnalærdóminn árið 1869. Ári síðar er sagt um drengina þrjá í manntalinu 1870 að þeir væru svo máttlitlir að þeir „hafa ekki fótavist."[812] Halldór var fermdur í Hestþingi árið 1874. Hann hafði þá verið undirbúinn af foreldrum og presti í „5 ár." Umsögnin hefði ekki getað verið betri: „Bóklestur dável, Kunnátta dável, hegðun Ágæt."[813]

Halldór Vigfússon „17 ára bóndason frá Stóru Drageyri" lést hinn 18. júní árið 1877.[814]

---

[803] BS. Fi/759 „Þórarinn Brandsson."
[804] Ibid., VEF. „Legstaðaskrá."
[805] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1884.
[806] ÞÍ. Hvammur í Norðurárdal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1856–1858 og 1860–1868.
[807] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[808] ÞÍ. Biskupsskjalasafn–fermingarskýrslur 0000 FC/21–2–1.
[809] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1866–1883.
[810] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1884.
[811] Ibid.
[812] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AB/2–1–1. Árnessýsla, Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.
[813] ÞÍ. Biskupsskjalasafn–fermingarskýrslur 0000 FC/21–2–1.
[814] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1884.

70) **Einar Björnsson** fæddist hinn 3. ágúst 1860 á stórbýlinu Ögri við Ísafjarðardjúp. Foreldrar hans voru gift vinnufólk á Ögri, þau Björn Benediktsson og Sigríður Jóhannsdóttir. Einar var eina barn þeirra hjóna.[815]

Eftir nokkur ár í vinnumennsku með son sinn í Ögri hófu þau hjónin Björn og Sigríður sjálfstæðan búskap í Strandseli í Ögursókn.[816] Einar var fermdur frá foreldrum sínum búandi í Strandseli árið 1875 og kunni hann „vel", skildi sæmilega og hegðan hans þótti „dágóð."[817] Björn bóndi í Strandseli lést 3. febrúar árið 1880 og við það leystist heimilið upp.[818] Þau mæðgin fylgdust að í vinnumennsku hér og þar um sóknina og árið 1889 voru þau komin aftur í Ögur.[819] Þar áttu þau heimili það sem eftir var ævi þeirra.

Í Dymbilvikunni árið 1899 var Einar á ferð fram í Laugardal í Ísafirði. Hann „náði ekki bæjum og lá þar úti um nótt." Hann kól svo illa að taka þurfti af honum báða fæturna, annan um ristina en hinn um öklann og var aðgerðin gerð á Ísafirði.[820]

Í sóknarmannatali Ögursóknar fór Einar frá því að vera skráður vinnumaður í að verða „sonur ekkjunnar" móður sinnar þetta ár en næsta ár var hann aftur skráður vinnumaður. Í manntalinu sem tekið var árið 1910 kom þó fram að Einar var aðeins „matvinnungur á heimilinu" þrátt fyrir að vera upp frá þessu ávallt með stöðu vinnumanns í Ögri.[821]

Einar Björnsson „ókvæntur vinnumaður í Ögri" lést hinn 24. nóvember árið 1918 úr lungnabólgu þá 58 ára gamall.[822]

71) **Ingigerður Gunnlaugsdóttir** fæddist í Mýrarhúsum í Höskuldsstaðasókn í Húnavatnssýslu 4. október árið 1869. Hún var dóttir hjónanna Gunnlaugs Björnssonar bónda í Mýrarhúsum og eiginkonu hans Margrétar Sigurðardóttur. Þau hjón áttu fjórar dætur alls og var Ingigerður yngst.

Fjölskyldan í Mýrarhúsum fluttist búferlum í Dalasýslu árið 1873. Þau settust fyrst að á Sauðafelli en síðar hófu þau Gunnlaugur og Margrét búskap í Kringlu í Sauðafellssókn.[823] Þau bjuggu í Dölunum allt til ársins 1888 þegar fjölskyldan flutti frá Gilsbakka í Snóksdalssókn að Hömrum í Setbergssókn á Snæfellsnesi. Við það tilefni skrifaði sóknarpresturinn eftirfarandi og mjög svo óvanalegan pistil í húsvitjunarbókina við sóknarmannatalið árið 1888:

> Jafnframt og hér með vottast að Gunnlaugur bóndi Björnsson, 62 ára, sem á eftir standandi vori vék frá Gilsbakka í Snóksdalssókn að Hömrum í Setbergssókn með konu sinni Margréti Sigurðardóttir 58 ára og dætrum sínum konunni Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur 23 ára og Ingigerði Gunnlaugsdóttur ófermdri [...] skal þess getið

815 ÞÍ. Ögurþing / Súðavík–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1881. Manntal 1816.
816 ÞÍ. Ögurþing / Súðavík–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1868, 1870–1874 og 1876–1880.
817 ÞÍ. Ögurþing / Súðavík–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1881. Manntal 1816.
818 Ibid., ÞÍ. Ögurþing / Súðavík–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1868, 1870–1874 og 1876–1880.
819 ÞÍ. Ögurþing / Súðavík–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1884–1894.
820 „Kalinn", 2.maí 1899.
821 ÞÍ. Ögurþing / Súðavík–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1911–1916.
822 ÞÍ. Ögurþing / Súðavík–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1881–1924.
823 ÞÍ. Höskuldsstaðir á Skagaströnd / Skagaströnd–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1849–1883.

> að ofan nefnd dóttir hans Ingigerður er mjög málhölt svo til þessa hafa ekki skilið hana nema þeir sem hafa umgengist hana daglega. Hún er mjög svo veigalítil og minnislaus og hefur ekki þrátt fyrir ítrekaða ástundun foreldranna getað lært bóklestur sér til nokkur gagns. Í því sem reynt hefur verið að kenna henni af bænum og versum skilur hún mjög lítið og það sem hún man eina stundina man hún ekkert í hina. Hún virðist helst geta skilið það sem talað er við hana ljóst og lipurt í stuttum setningum. Hún er mjög grandvör í hegðan sinni og vel þenkjandi eptir sínu litla viti. Hún elskar guð og frelsara sinn og veit að Guð elskar allt gott og að frelsarinn af elsku til mannanna leið fyrir þá. Hún hefur nokkra hugmynd um altaris sakramentið og langar mjög til að komast í kristinna manna tölu með því að verða fermd því hún hefur hugmynd um að það sé þýðingarmikið þó að hún geti ekki gert ljósa grein fyrir því. Jeg hefi álitið þýðingarlaust að reyna að sækja um fermingarleyfi fyrir hana fyrr en að hún væri fullra 18 ára – Jeg er sannfærður um að hún sé meira guðsbarn en sumir þeir sem hafa fulla greind. Guð veri með henni![824]

Það má leiða að því líkum að ástæða fyrir búferlaflutningum út á Snæfellsnes hafi verið sú að Ingibjörg var að taka við búsýslu á Höfða í Setbergssókn og þar voru þau öll búsett árið 1890.[825]

Það er ekki ljóst hvenær Ingigerður og foreldrar hennar fluttu til baka í Dalina en árið 1892 fékk sóknarpresturinn þar þá ósk sína uppfyllta að ferma Ingigerði í kirkjunni að Snóksdal 6. sunnudag eftir páska, með sérstöku biskupsleyfi sem dagsett var 21. febrúar árið 1892.[826] Það er athyglisvert að í fermingarfærslunni var heimili Ingigerðar tiltekið að Geitastekk í Hörðudal. Þar bjó ljósmóðir héraðsins, Ásgerður elsta systir Ingigerðar ásamt eiginmanni og börnum. Það er ekki hægt að sjá það í sóknarmannatölum að Ingigerður hafi átt heimili á Geitastekk, hvorki þetta ár né önnur.[827]

Ingigerður var í vinnumennsku á fjölda bæja í Dölunum og síðast á Dunkárbakka. Hún gegndi bæði heyvinnu og eldhússtörfum.[828] Ingigerður fluttist til Kanada og þá að öllum líkindum til Ásgerðar systur sinnar árið 1921.[829]

Ekki er vitað með vissu hvenær Ingigerður lést.

72) **Níels Jónsson**. Hinn 19. maí árið 1870 fæddust hjónunum Jóni bónda Bjarnasyni í Saurlátri við Stykkishólm og eiginkonu hans Margéti Andrésdóttur tvíburar. Þetta voru drengur og stúlka sem fengu nöfnin Níels og Dagbjört Hannessína við skírn.[830] Fyrir áttu þau hjón börnin Bjarna og Guðrúnu og síðar komu Kristín og Andrés í heiminn.[831]

---

[824] ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1885–1897.
[825] ÞÍ. Setberg í Eyrarsveit / Grundarfjörður–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1885 (brot) og 1888–1892.
[826] ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1853–1896.
[827] ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1885–1897.
[828] ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1885–1897. ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BC/9–1–1. Sóknarmannatal 1917–1924. ÞÍ. Manntalið 1901–Statistisk bureau 1914 A/40–1–1. Snóksdalur, Sauðafell, Stóra–Vatnshorn, Hjarðarholt (Búðardalur). ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/79–1–1. Snóksdalur.
[829] ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1897–1933.
[830] ÞÍ. Helgafell í Helgafellssveit–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1898.
[831] ÞÍ. Helgafell í Helgafellssveit–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1874–1879.

Það var árið 1880 sem það var fyrst fært til bókar að Níels gengi ekki heill til skógar. Í sóknarmannatali Helgafellssóknar það ár var Níels skráður „barn þeirra", „idiot" og í skýrslu um mál- og heyrnarlausa fyrir árið 1880 segir „Er að sjá vitfirringur", „Er á framfæri foreldra sinna."[832] Í manntalinu sem tekið var þetta sama ár er Níels „fábjáni." Síðar kom í ljós í færslu í sóknarmannatali að Níels hafði verið „vitfirringur frá fæðingu."[833]

Saurlátur var mikið fjölskylduheimili og átti Níels þar skjól alla tíð. Árið 1899 bjuggu bræður hans tveir, Bjarni og Andrés þar í húsmennsku með eiginkonum sínum og árið eftir voru tvíburasystir Níelsar, Dagbjört Hannessína og eiginmaður hennar tekin við búinu og foreldrarnir komnir í hornið hjá dóttur sinni. Níels var þá kominn á framfæri hreppsins.[834] Jón Bjarnason „fyrrv.[erandi] bóndi á Saurlátri" lést í janúarlok árið 1905 úr krabbameini í hálsi. Tveimur árum síðar var búið að breyta heiti bæjarins úr Saurlátri í Sellátur.[835]

Níels Jónsson „þurfalingur í Sellátri" lést 23. júlí árið 1917 úr „Krampaveiki."[836] Hann varð 55 ára gamall.

73) **Rannveig Jóhannesdóttir** fæddist á Hóli í Lundarreykjadal hinn 25. mars árið 1872. Hún var dóttir hjónanna Jóhannesar Jónssonar bónda og þáverandi hreppstjóra á Hóli og eiginkonu hans Kristínar Björnsdóttur. Eitthvað var koma Rannveigar í heiminn erfið því hún var skírð skemmri skírn strax við fæðingu.[837] Rannveig ólst upp á Hóli og það kom fram í sóknarmannatalinu í Lundarsókn árið 1877 að hún væri „sjúk."[838] Sóknarpresturinn í Lundarsókn ritaði eftirfarandi lýsingu á ástandi Rannveigar í skýrslu fyrir mál- og heyrnarlausa árið 1886, þegar Rannveig var á fermingaraldri:

> Stúlkubarn þetta hefur frá fæðingu verið mjög magn- eða máttlítið. Hún getur tæpast haldið höfði og hefur því nær enga handastjórn á að gjöra neitt, en hefur samt löngun til að taka það eptir er hún sjer fyrir sjer, en verður ekki annað sjeð en að hún hafi fullt vit; hún virðist og hafa fullkomna heyrn og svo er að sjá sem hún hafi mikla tilfinningu fyrir ástandi sínu yfir höfuð; málleysi virðist stafa frá magnleysinu; hún gjörir tilraunir eða myndar sig til að tala en svo lítur út sem hún hafi eigi mátt til að hreifa varirnar eða færa þær saman til orðmyndana. Eigi er útlit fyrir að barn þetta geti nokkurn tíma lært neitt, nje á nokkurn hátt haft ofan af fyrir sjer.[839]

Fjórum árum síðar ítrekaði sóknarpresturinn að Rannveig væri „mállaus, hefur heyrn" en að öðru leyti voru engar athugasemdir skráðar um Rannveigu í sóknarmannatölum árum saman.[840]

---

[832] ÞÍ. Helgafell í Helgafellssveit–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal Stykkishólms 1879–1892. ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um mál og heyrnarlausa fyrir árið 1880.
[833] ÞÍ. Helgafell í Helgafellssveit–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal 1895–1903.
[834] ÞÍ. Helgafell í Helgafellssveit–prestakall 0000 BC/10–1–1. Sóknarmannatal 1895–1903.
[835] ÞÍ. Helgafell í Helgafellssveit–prestakall 0000 BC/11–1–1. Sóknarmannatal 1907–1919.
[836] ÞÍ. Helgafell í Helgafellssveit–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1899–1931.
[837] ÞÍ. Lundur í Lundarreykjadal–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1864–1906.
[838] ÞÍ. Lundur í Lundarreykjadal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1864–1878.
[839] ÞÍ Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um mál og heyrnarlausra fyrir árið 1886.
[840] ÞÍ. Lundur í Lundarreykjadal–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1892–1896. ÞÍ. Lundur í Lundarreykjadal–prestakall 0000 BC/7–1–1.Sóknarmannatal 1897–1905.

Þegar Kristín móðir Rannveigar lést urðu umskipti á stórbýlinu Hóli. Björn bróðir Rannveigar tók við búinu og Jóhannes gerðist húsmaður hjá syni sínum.[841] Þá var Rannveig skráð „systir bónda“ eða „dóttir föður bónda“ á víxl og árið 1901 var tekið fram að hún væri „heyrnar og mállítil.“[842] Jóhannes lést árið 1908.[843]

Rannveig átti áfram heimili á Hóli. Í manntalinu árið 1920 kom fram að hún lifði „á vegum hjónanna mállaus og máttlítil“ og áratug síðar var hún enn „á framfæri bróður síns.“[844] Hún lést á Hóli 7. nóvember árið 1932, sextug að aldri.[845]

74) **Jónína Guðmundína Jóhannsdóttir** fæddist í Kolbeinsvík á Ströndum 25. júlí árið 1873. Hún var dóttir hjónanna Jóhanns Pálssonar bónda í Kolbeinsvík og eiginkonu hans Rósu Jónsdóttur.[846] Jónína var önnur í röðinni af börnum þeirra hjóna. Elstur var Kristmundur sem var fimm árum eldri en Jónína.

Jónína flutti með foreldrum sínum og systkinum úr Árnessókn yfir í Kaldrananessókn þar sem þau settust að í Reykjavík. Í sóknarmannatalinu árið 1880 voru skrifaðar eftirfarandi athugasemdir við systkinin Kristmund og Jónínu: hana „mun vanta heyrn og mál“ en „málfæri bágt“ á Kristmundi.[847]

Hinn 20. desember 1883 lést Rósa móðir Jónínu og í kjölfarið flutti Jóhann með eftirlifandi börn sín aftur yfir í Árnessókn.[848] Þar bjuggu þau í nokkur ár en fluttu aftur inn í Kaldrananessókn og settust að í hinum afskekkta Goðdal.[849] Þar var Jónína þegar manntalið var tekið árið 1890 „mál og heyrnarlaus.“[850] Kristmundur bróðir Jónínu gekk í hjónaband og þau hjón settust einnig að í Goðdal ásamt börnum sínum.[851] Þar voru einnig önnur hjón í húsmennsku. Lítið var um gestagang á bænum og var til þess tekið að Jónína fór eingöngu tvisvar af heimilinu til kirkju á árunum 1891–1895.[852]

Það var hinn 25. júlí 1895 sem Jónína Guðmundína lagðist á sæng og eignaðist stúlkubarn. Hún fékk nafnið Guðrún við skírn hinn 4. ágúst sama ár og er eftirfarandi skráð í prestsþjónustubók Staðarsóknar í Steingrímsfirði varðandi foreldra hennar: „Jóhann Pálsson bóndi í Goðdal og dóttir h.[ans] Jónína Guðmundína sama staðar (21).“[853]

Hinn 4. september sama ár var haldinn lögregluréttur að Stað við Steingrímsfjörð varðandi faðerni barnsins. Þar voru leidd fyrir réttinn vitni sem greindu frá því að þau feðgin hefðu sængað saman nokkrum sinnum og einnig hefði Jónína sótt í að vera með föður sínum

---

841 ÞÍ. Lundur í Lundarreykjadal–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1864–1906.
842 ÞÍ. Lundur í Lundarreykjadal–prestakall 0000 BC/7–1–1.Sóknarmannatal 1897–1905.
843 ÞÍ. Lundur í Lundarreykjadal–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1907–1932.
844 ÞÍ. Manntalið 1920–Hagstofa Íslands 1932 A/8–1–1. Borgarfjarðarsýsla. ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/10–1–1. Borgarfjarðarsýsla II.
845 ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1928–1961.
846 ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1852–1891.
847 ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1864–1869, 1871–1873 og 1875–1880.
848 ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1883–1891. ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1868–1869 og 1881–1900.
849 ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1883–1891.
850 ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/3–1–1. Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
851 ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1892–1906.
852 ÞÍ. Sýslumaðurinn í Strandasýslu 0000 GA/2–3–1. Dóma- og þingbók, 1892–1906.
853 ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1865–1895.

í útihúsum við gegningar. Seinna sama dag var lögregluréttinum framhaldið og þá í Goðdal þar sem Jóhann var yfirheyrður. Þar viðurkenndi hann afdráttarlaust að „hann hafi haft holdlegt samræði við dóttur sína Jónínu Guðmundínu á þeim tíma að hann geti verið faðir barns þess, er hún ól 25. júlí þ. ár og í skírninni hlaut nafnið Guðrún.“ Í kjölfarið á játningu Jóhanns var því lýst yfir að það yrði höfðað sakamál gegn honum og honum bannað að fara nokkuð burt úr hreppnum. Í aukarétti hinn 30. október var sakamálið gegn Jóhanni bónda tekið fyrir. Þar var lagt fram vottorð frá „hlutaðeigandi sóknarpresti um að stúlkan Jónína Guðmundína dóttir og barnsmóðir hins ákærða væri algjörlega heyrnarlaus og mállaus og hefði aldrei neinnar uppfræðslu notið. Vegna þessa ástands hinnar umræddu stúlku var ekki hægt að leita nokkurrar skýrslu af henni.“ Jafnframt kom fram í réttinum að dómarinn hefði flutt Jónínu af heimilinu eftir réttarhaldið í Goðdal í september og falið hana „hlutaðeigandi hreppsnefndar aðstoðar til ráðstöfunar.“[854]

Sakamáli í héraði var áfrýjað til Landsyfirréttar þar sem eftirfarandi dómur var kveðinn upp yfir Jóhanni árið 1896:

> Hinn ákærði Jóhann bóndi Pálsson á Goðdal i Strandasýslu er í máli þessu sakaður fyrir það, að hann hafi haft holdlegt samræði við og getið barn með dóttur sinni Jónínu Guðmundínu, sem er heyrnar- og málleysingi, rúmlega tvítug að aldri, og var hann með aukarjettardómi Strandasýslu, uppkveðnum 9. nóvbr. f. á., dæmdur til að sæta 6 ára betrunarhúsvinnu fyrir brot þetta, og til að greiða allan löglegan kostnað málsins, en dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir Vesturamtinu skotið til yfirdómsins.
> Það er sannað í málinu með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur, er fengnar hafa verið, að hann hafi fleirsinnis haft holdlegt samræði við dóttur sína Jónínu Guðmundínu árin 1894 og 1895 og einu sinni enn áður, og að hann hafi haft holdlegar samfarir við hana á þeim tíma, að hann geti verið faðir barns þess, sem Jónina ól 25. júlí f. á. Á hinn bóginn er eptir skýrslum málsins eigi ástæða til að ætla, að nokkur annar karlmaður hafi haft holdlegt samræði við Jónínu, en eptir vitnaframburðunum virðist hún hafa sótt eptir samvistum við föður sinn i einrúmi, og ekkert atvik bendir í þá átt, að hann hafi beitt nokkurri þvingun við hana eða sjerlegri tælingu til að komast yfir hana, en að vísu virðist málið hafa verið fremur slælega rannsakað að því þetta atriði snertir. Eptir vitnisburði heimilisfólksins svaf hún fleirsinnis í sæng með föður sínum, þegar gestir voru nætursakir i Goðdal, því að þá var það venja, að hann gekk úr rúmi sínu fyrir þeim, og þetta kom einmitt fyrir um rjettaleytið 1894.
> Jónina Guðmundína, dóttir ákærða, er eptir skýrslum hlutaðeigandi prests og læknis algjörlega heyrnarlaus og mállaus, og hefur engrar uppfræðslu notið; auk þess hefur hún þau líkamslýti, að hún haltrar; að öðru leyti kemur hún fyrir sjónir eins og fólk flest í betra lagi, vinnur vanalega innanbæjarvinnu, og virðist hafa sæmilega skynsemi og greind. Þeir, sem eru henni kunnugir, geta gjört sig skiljanlega fyrir henni með bendingum. Hún hefur ekki verið sett undir ákæru i þessu máli.

[854] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Strandasýslu 0000 GA/2–3–1. Dóma- og þingbók, 1892–1906.

> Afbrot hins ákærða Jóhanns Pálssonar, sem er sextugur að aldri og eigi hefur áður verið sakaður eða dæmdur fyrir nokkurn glæp, heyrir undir 162. gr. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og þykir refsing sú, sem ákveðin er í aukarjettardóminum, 6 ára betrunarhúsvinna, hæfileg fyrir ákærða. Með því að einnig verður að fallast á málskostnaðarákvæði aukarjettardómsins, ber að staðfesta dóm þennan eins og hann er.[855]

Í kjölfarið á dómi þessum var heimilið í Goðdölum leyst upp og Jónína fór til dvalar að Klúku í sömu sókn. Þar var hún næstu ár og vann fyrir sér eins og kom fram í manntalinu árið 1901.[856]

Árið 1906 var Jónína komin í skjól til Kristmundar bróður síns og eiginkonu hans í Sunndal í Kaldrananessókn. Þau höfðu alið upp Guðrúnu dóttur Jónínu og nú voru þær mæðgur saman á heimili. Á árunum 1906 og 1907 fór Guðrún frá því að vera skráð „fósturdóttir“ hjónanna í að verða „dóttir hennar“, þ.e. Jónínu.[857] Á árunum eftir 1910 fluttu þær mæðgur með Kristmundi og fjölskyldu hans aftur í Goðdal og þar áttu þær heimili alla sína ævi fyrst í skjóli Kristmundar og síðar sonar hans sem tók við búinu. Kristmundur lést úr „ellilasleika“ hinn 10. júlí 1948 og þá hafði Jónína legið í kör í nokkurn tíma „blind“ og „fáráður.“[858]

Þær mæðgur Jónína Guðmundína og Guðrún fórust í snjóflóði sem féll á bæinn í Goðdal hinn 12. desember árið 1948. Jónína Guðmundína var 75 ára að aldri og Guðrún 53 ára.[859]

75) **Þórður Jónsson** fæddist hinn 6. júlí árið 1874 á Mófellsstöðum í Skorradal. Foreldrar hans voru þau Jón Þórðarson bóndi á Mófellsstöðum og eiginkona hans Margrét Einarsdóttir. Þórður var elstur í stórum barnahópi þeirra hjóna.[860]

Á þriðja aldursári fór sjón Þórðar að dofna smám saman og um fermingaraldur sá hann aðeins mun dags og nætur.[861] Þórður var fermdur á annan í hvítasunnu árið 1889 „ólæs“ en kunni „lærdómsbókina ágætlega“ utan að og reiknaði „dável.“ Hann hegðaði sér einnig „ágætlega.“[862]

Ekki er hægt að sjá í heimildum hvenær Þórður byrjaði að vinna við trésmíði en það kom fram í manntalinu árið 1910 að hann stundaði „trjesmíðar“ á Mófellsstöðum.[863] Í blaðinu *Lögréttu* birtist eftirfarandi pistill í mars árið eftir undir fyrirsögninni „Blindur maður smíðar“:

---

855 *Landsyfirjettardómar* VI, 310–313.
856 ÞÍ. Manntalið 1901–Statistisk bureau 1914 A/51–1–1. Árnes í Trékyllisvík, Staður í Steingrímsfirði (Hólmavík), Tröllatunga, Prestbakki í Hrútafirði.
857 ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1892–1906. ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1906–1916.
858 ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1941–1958. ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BC/9–1–1. Sóknarmannatal 1923–1940.
859 ÞÍ. Staður í Steingrímsfirði / Hólmavík–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1941–1958.
860 ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1841–1884.
861 ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Skýrslur um mál og heyrnarlausa fyrir árið 1880.
862 ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1885–1927
863 ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/69–1–1. Hvanneyri.

> Í vetur í desembermánuði tók jeg mjer ferð á hendur fram í Skorradal í Borgarfirði, að bæ þeim er heitir að Mófellsstöðum. Ferð mín þangað var aðallega forvitnisför, því jeg heyrði talað um blindan mann þar, sem smíðaði fullum fetum og fult eins vel og vanur smiður. Lítilsháttar smíðisgrip eftir hann sá jeg í sumar og þótti mjer hann vel gerður, og trúði tæpast að satt væri, að blindur maður hefði smíðað. Þess vegna rak forvitnin mig til að finna þennan mann, enda hafði hann líka gert mjer orð, að koma og skoða kommóðu, er hann hefði smíðað og var fyrsti gripurinn, sem hann hafði gert. Jeg skoðaði nú kommóðuna vandlega og varð öldungis hissa, er jeg sá, að hún hafði ekki neinn galla, eftir því sem jeg hef best vit á. Líka sýndi hann mjer hefla, sem hann hafði smíðað, af ýmsri gerð, og voru þeir mæta vel gerðir. Hann fellir saman undir lím, og margt fleira gerir hann vandasamt og fer það vel úr hendi. Þessi maður er búinn að vera blindur síðan hann var barn, að mig minnir á öðru eða þriðja ári. Þá fjekk hann veiki í höfuðið og tapaði sjóninni, svo að hann hefur ekki sjeð dagsljósið síðan. Hann er ekki síður til bókarinnar, ef á þarf að halda. Það, sem hann heyrir, nemur hann á svipstundu. Hann hefur mikla löngun til að læra, sjerstaklega smíðar, eða fá einhverja tilsögn í þeirri iðn; en eins og nærri má geta, reynist honum það ómögulegt, ef enginn verður til að styrkja hann á einhvern hátt, því foreldrar hans eru fátæk og beygð af elli.
>
> Væri nú ekki þarft verk af einhverjum góðum manni, að hjálpa til að styrkja þennan blinda mann, svo hann gæti fengið góða tilsögn og þá fremur bjargað sjer, ef hann missir aðstandendur sína? Annars mun það fyrir honum liggja, að hröklast á sveit sína. Það er margur styrktur, sem minni þörf hefur fyrir það en þessi maður og ekki á það fremur skilið.
>
> Jeg, sem þetta rita, óska, að fleiri vildu athuga þetta og kynnast manninum.[864]

Hinn 23. janúar árið 1917 lést Jón bóndi á Mófellsstöðum en ekkjan og fullorðin börn hennar héldu áfram heimili saman.[865] Árið 1924 voru fimm fullorðin börn Margrétar ekkju heima á Mófellstöðum en tveimur árum seinna var Vilmundur, einn bróðirinn giftur og tekinn við búinu.[866] Þórður bjó ávallt á Mófellstöðum og stundaði smíðar þó hann fengi ekki kennslu í faginu.[867] Hann þótti þrátt fyrir það „hagleikssmiður.“[868]

Þórður Jónsson, til heimilis á Mófellsstöðum, lést 6. ágúst árið 1962, 88 ára að aldri.[869]

76) **Sigríður Jósepsdóttir** fæddist hinn 27. september árið 1877 og var skírð sama dag. Hún var dóttir hjónanna á Lambastöðum í Laxárdal, þeirra Jóseps Jónssonar og Helgu Bjarnadóttur. Sigríður var ekki nema fjögurra ára þegar Helga móðir hennar lést af barnsförum árið 1881.

---

[864] „Blindur maður smíðar“, 5. apríl 1911.
[865] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1885–1927.
[866] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1901–1926.
[867] ÞÍ. Manntalið 1950–Hagstofa Íslands 1963 A/30–1–1. Borgarfjarðarsýsla.
[868] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1927–1949.
[869] VEF. „Legstaðaskrá.“

Ekki er nákvæmlega hægt að sjá hvar Sigríður var næstu árin eftir að Jósep og Guðrún, eldri systir Sigríðar, fluttu úr sókninni í Snóksdalssókn árið 1884.[870] Hún var þó flutt til föður síns og stjúpmóður að Geitastekk í Snóksdalssókn árið 1887. Þar lærði hún að lesa og læra barnalærdóminn.[871] Hún fermdist frá föður sínum og stjúpu árið 1893. Hún gat lesið „sæmilega“, kunni „sæmilega“ en var „óhæf“ bæði í skrift og reikningi. Hún hegðaði sér samt sem áður „dável.“

Sigríður var vinnukona á Geitastekk þar til hún fór í vinnumennsku að Bugðustöðum í sömu sókn. Þaðan fór hún svo í Laxárdal um aldamótin 1900.[872] Sigríður var vinnukona á Ljárskógum árið 1901 en í sóknarmannatali Hjarðarholtssóknar árið eftir var hún orðin „vitskerðingur“ í Ljárskógum.[873]

Hinn 17. október árið 1903 skrifaði héraðslæknirinn skýrslu að beiðni sýslumannsins í Dalasýslu um aðbúnað Sigríðar Jósepsdóttur sem þá var vistuð í prestsetrinu Hjarðarholti. Í skýrslunni segir meðal annars:

> Í bréfi meðteknu um kveldið þ. 14. þessa mán hafið þér velborni herra sýslumaður, mælst til þess, að jeg sem allra fyrst skoði hvort svo fari um Sigríði Jósepsdóttur í Hjarðarholti sem ætlast megi til þess um manneskju. Jafnvel þótt mjer væri kunnugt um það, fór jeg samkvæmt brjefi yðar að Hjarðarholti eptir að póstar voru farnir hinn 16. þ.m. Sigríður Jósepsdóttir er í bás í fjósinu í Hjarðarholti innst, inn í Gaflhlaðið. Básinn er alþyljaður sterkum borðum upp yfir henni, og fyrir gafli, og sömuleiðis til hliðanna. Flórinn er hækkandi inn eptir fjósinu, og rúmið er hærra en flórinn, og svo langt, að hún ekki getur náð frá höfðalagi til fótagafls; en vegna óþægðar hennar og þverúðar, gat jeg eigi borið saman lengd rúmsins og líkamslengd hennar, því að hér er hún ekki fáanleg til að liggja öðruvísi en öll í keng, og svo er hún líka kreppt í hnjáliðum, en sú kreppa (kontraktúr) á þeim vöðvasinum , sem tengja fótleggina við lærin, var á þeim er jeg skoðaði hana og rúm hennar einum degi eptir að hún var lögð í það eptir tilmælum húsbændanna í Hjarðarholti. Var þá eptir það farið að nugga þessar sinar með mýkjandi áburði (Andarnefjulýsi); og get jeg eigi betur fundið en að þær hafi mýkst töluvert og að kreppan sje minni. Geðveikar manneskjur rífa opt ofan af sjer fötin, og er Sigríður ekki undantekning frá þeirri reglu; hún þvælir því saman sem hún liggur á og kastar ofan af sjer. Og manneskja, sem opt liggur; hvernig skyldi það vera fyrir hana að liggja í köldu herbergi; að minnsta kosti eru herbergin – þó ekki sjeu framskýli eða afstúkaðar kompur – köld á nóttunni hjá oss flestum hjer á vetrurna; vitfirringar breiða jafnan ekki fötin ofan á sig aptur, heldur ósjálfrátt hnipra sig saman, og liggja þannig löngum og kreppast svo. Frá þessu stafar kreppa helzt. Áður hafði hún, að sögn húsbóndans í Ljárskógum í mín eyru og fleiri manna, látið öll sín saurindi í bólið. Nú gjörir hún það ekki, og hefur hún fengist til að brúka koppinn til að hægja sér í. Kroppur hennar er hreinn, og enginn óþefur leggur af henni, og hún vætir sig ekki eða saurgar nú, og nú er henni aldrei kalt, og tel ég þetta þýðingarmikið til þess að fari um hana sem ætlast má til

[870] ÞÍ. Hjarðarholt í Laxárdal–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1868–1920.
[871] ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1885–1897.
[872] ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1853–1896.
[873] ÞÍ. Hjarðarholt í Laxárdal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1877–1906.

> um manneskju. Grindarhurð er milli bássins sem Sigríður er afþyljuð í og fjóssins, og leggur skímu í gegn um hurðina úr fjósinu. Ekki var mjer unnt að ráða svo við Sigríði að jeg gæti sjeð hvort hún gæti staðið upprjett í klefanum, þó virtist mjer það; en til þess hefur ekki komið frá því að hún kom að Hjarðarholti síðastliðið vor, því hún hefur ekki reynt að rísa frekar upp, en til að setjast á koppinn. Í fjósinu er auðvitað lengi verið með ljós kvöld og morgun eftir að fór að dimma, og á sjúklingnum sjálfum má sjá að opt er vitjað um hana. Hún hefur verið fremur spök og viðráðanleg í sumar, en nú er hún í 2 til 3 síðustu vikur aptur óþjálli, og optar með sönglátum og kvæðastagli en áður.
>
> Af því sem að framan er talið, fer að mínu áliti vel um hana; hjer er heldur ekkert geðveikrahæli til, svo sem kunnugt er.[874]

Árið 1907 tók Kleppsspítali til starfa og sama ár var Sigríður flutt þangað úr fjósinu í Hjarðarholti.[875] Þegar manntalið var tekið í Reykjavík var hún „sinnisveik“ á Kleppi ásamt 56 öðrum sjúklingum.[876] Sigríður lést áratug síðar eða 6. júlí árið 1917 á Kleppi, 39 ára að aldri.[877]

77) **Ingibjörg Jóhannesdóttir** fæddist 26. júlí árið 1883 í Ásgrímsbúð í Ingjaldshólssókn þar sem síðar varð þéttbýlið Ólafsvík. Hún var dóttir hjónanna Jóhannesar Bjarnasonar og Rósbjargar Hallgrímsdóttur.[878] Ingibjörg flutti á þriðja ári með foreldrum sínum og fóstursystur að Vindási í Setbergssókn.[879]

Sóknarpresturinn í Setbergssókn var óhemju nákvæmur og þá sérstaklega er varðaði barnalærdóm sóknarbarna sinna. Árið 1889 skráði hann við nafn Ingibjargar að hún þekki orðið „stafi“ en sé „fjarskalega bögumælt og lítt skiljandi.“ Þrátt fyrir að vera „málhölt“ þannig að það sé í frásögur færandi þá var Ingibjörg farin að „kveða vel að“ árið 1891 en prestinum fannst vanta sárlega „sunnudagslestrarbók“ á heimilið á Vindási.[880]

Foreldrar Ingibjargar voru á faraldsfæti um sóknina. Árið 1893 voru þau sest að á Skerðingsstöðum og þar var Ingibjörg stautandi „málhölt.“ Hún kunni þó „fræðin hálf“ og skildi „sæmil.[ega].“ Tveimur árum síðar var Ingibjörg að „læra 7 kafla“ barnalærdómsins en var bæði „málhölt og höfuðveik.“ Eitthvað hafði skilningur hennar á lærdómnum dalað að mati prestsins. Ári síðar þegar Ingibjörg var að „stagla“ í 10. kafla barnalærdómsins kvað sóknarpresturinn upp með að hún væri „andlegur aumingi.“[881]

Ingibjörg var fermd frá foreldrum sínum sem þá bjuggu í svokallaðri „Suðurbúð“ í sókninni árið 1898. Sóknarpresturinn skrifaði eftirfarandi athugasemd um dreng sem var að fermast og honum þótti „gáfnadaufur“ og Ingibjörgu: „nr. 2 af stúlkunum er og gáfnadauf

---

[874] ÞÍ. Skjalasafn sýslumanna. Sýslumaðurinn í Dalasýslu. B/33 Bréfasafn.
[875] ÞÍ. Hjarðarholt í Laxárdal–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1868–1920.
[876] ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/51–1–1. Kirkjustræti 10–Laufásvegur 38.
[877] ÞÍ. Fríkirkjan í Reykjavík 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1912–1917.
[878] ÞÍ. Nesþing / Ólafsvík–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1876–1896.
[879] ÞÍ. Setberg í Eyrarsveit / Grundarfjörður–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1856–1914.
[880] ÞÍ. Setberg í Eyrarsveit / Grundarfjörður–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1885 (brot) og 1888–1892.
[881] ÞÍ. Setberg í Eyrarsveit / Grundarfjörður–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1893–1914.

og fjarskalega málhölt.“ Bæði eru að áliti prests og sóknarnefndar álitin óhæf til að læra „skript og reikning.“[882] Þar með var hlutverki prestsins lokið gangvart uppfræðslu Ingibjargar og með því hurfu hinar nákvæmu athugasemdir úr sóknarmannatölunum.[883]

Rósbjörg móðir Ingibjargar lést aldamótaárið 1900 úr „sullaveiki og vatnssýki.“[884] Ekki er hægt að sjá á heimildum hvort Ingibjörg var farin til vinnumennsku að Hallgrímsbúð á Rifi þegar Jóhannes faðir hennar lést árið 1901.[885] Þar var hún vinnukona í að minnsta kosti fjögur ár.[886] Þegar manntalið er tekið árið 1910 þá hafði Ingibjörg hleypt rækilega heimdraganum og var í vinnumennsku í Húnavatnssýslu.[887]

Fjórum árum síðar settist Ingibjörg að á Búðum og var þar í vinnumennsku jafnframt því að sinna ljósmóðurstörfum. Hún tók ljósmóðurprófið 28. mars árið 1917 og var ljósmóðir Breiðavíkurumsdæmis frá árinu 1917 til 1925.[888]

Ingibjörg gekk í hjónaband með Steingrími Guðbjarti Péturssyni hin 9. maí árið 1920 og eignuðust þau andvana fætt sveinbarn réttu ári síðar. Steingrímur lést 4. október árið 1926.

Ingibjörg Jóhannesdóttir „ekkja frá Ólafsvík“ lést hinn 7. október árið 1929 úr „innvortis meinsemdum.“[889] Hún var 46 ára að aldri.

78) **Ingibjartur Guðmundur Kristjánsson** fæddist á Næfranesi við Dýrafjörð hinn 4. desember árið 1885. Hann var sonur hjónanna Kristjáns Sigurðssonar, bónda á Næfranesi, og eiginkonu hans Halldóru Greipsdóttur.[890] Ingibjartur Guðmundur átti tvö eldri systkini þau Ólöfu og Bjarna.[891]

Kristján bóndi í Næfranesi lést frá eiginkonu og börnum í apríl árið 1899.[892] Þá var Ingibjartur kominn í 5. kafla í barnalærdóminum og var „vel“ læs og skrifandi.[893] Þegar hann var svo fermdur frá móður sinni á hvítasunnudag árið 1901 þótti hann „sæmil[egur]“ í „kr[istin]d.[óminum]“ en alveg „ómögul.[egur]“ í reikningi.[894]

Árið 1903 var búið að leysa upp heimilið í Næfranesi og Halldóra og Bjarni voru komin í húsmennsku í Lambadal í sömu sókn. Þar var Ingibjartur vinnupiltur. Ári síðar voru þau komin öll aftur að Næfranesi en þá einungis í húsmennsku. Þegar Halldóra móðir Ingibjarts lést í maí árið 1905 héldu þeir bræður Bjarni og Ingibjartur Guðmundur saman í nokkur ár allt þangað til Ingibjartur fór í vist til kaupmanns nokkurs á Ísafirði árið 1911.[895]

---

[882] ÞÍ. Setberg í Eyrarsveit / Grundarfjörður–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1856–1914.
[883] ÞÍ. Setberg í Eyrarsveit / Grundarfjörður–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1893–1914.
[884] ÞÍ. Setberg í Eyrarsveit / Grundarfjörður–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1856–1914.
[885] Ibid., Dánarár Jóhannesar er fengið úr Íslendingabók. VEF. Íslendingabók.is.
[886] ÞÍ. Nesþing / Ólafsvík–prestakall 0000 BC/11–1–1. Sóknarmannatal 1897–1906.
[887] ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/96–3–1. Breiðabólsstaður (í Vesturhópi).
[888] *Ljósmæður á Íslandi* I, 309.
[889] ÞÍ. Staðastaður í Staðarsveit–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1901–1936.
[890] ÞÍ. Dýrafjarðarþing–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1858–1887.
[891] ÞÍ. Dýrafjarðarþing–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1870–1889.
[892] ÞÍ. Dýrafjarðarþing–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1858–1887.
[893] ÞÍ. Dýrafjarðarþing–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1890–1911.
[894] ÞÍ. Dýrafjarðarþing–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1887–1951.
[895] ÞÍ. Dýrafjarðarþing–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1890–1911.

Það var svo um áramótin 1912–1913 að maður nokkur á Ísafirði tapaði rúmlaki og tveimur vasaklútum af snúru. Þegar þetta gerðist aftur mánuði síðar gekk maðurinn í málið og eftir lauslega athugun kom í ljós að Ingibjartur Guðmundur, sem nú var farið að kalla Guðmund Ingibjart, hafði sést setja lak „í bólið sitt." Þegar maðurinn gekk á Guðmund Ingibjart vegna laksins og vasaklútanna þá neitaði hann að hafa tekið lakið en rétti honum annan vasaklútinn og sagði að hinn væri í þvotti. Maðurinn fór rakleiðis og kærði Guðmund Ingibjart fyrir þjófnað. Við rannsóknina sem var mjög ítarleg kom í ljós eftirfarandi atburðarrás. Á meðan Guðmundur Ingibjartur var til heimilis hjá kaupmanninum stal hann ýmsum fötum og þar á meðal forláta sjali. Hann skilaði öllu nema sjalinu sem hann sagðist hafa gleymt í Æðey þar sem hann var við sjóróðra fyrir kaupmanninn. Kaupmaðurinn sagði við yfirheyrslu að Guðmundur Ingibjartur væri „ræfill sem tæpast sé sakhæfur. Þess vegna hefði hann ekki kært hann."[896] Þess í stað kom kaupmaður Guðmundi Ingibjarti fyrir í húsnæði annars staðar en á eigin heimili. Þar réði ríkjum par nokkurt sem bjó saman ógift. Húsmóðir Guðmundar þar tók að gera hann út til að krækja í ýmislegt sem hana langaði í þar á meðal náttkjól sem hann náði af snúru hjá húsmæðraskólanum þar í bæ. Hann þekkti vel til þar sem húsmæðraskólinn var í húsnæði kaupmannsins. Ýmislegt sem Guðmundur Ingibjartur stal fyrir húsmóður sína fór svo til vina og vandamanna og var þetta allt hið vandræðalegasta mál. Allt í allt var góssið metið á kr. 74 og 23 aura.

Hinn 10 maí 1913 var svo höfðað sakamál á hendur Guðmundi Ingibjarti og húsbændum hans báðum. Guðmundur Ingibjartur var dæmdur í fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, húsmóðirin í 2x5 daga og húsbóndinn sem var aðeins dæmdur fyrir vitorð í málinu í 5 daga fangavist.[897]

Þegar Guðmundur Ingibjartur varð aftur uppvís að þjófnaði réttu ári síðar varð dómurinn í héraði helmingi þyngri. Þeim dómi var áfrýjað til Landsyfirréttar sem dæmdi í málinu með eftirfarandi rökstuðningi:

> Nú er hann í þessu máli aftur sakaður um þjófnað, og er það með játningu hans og öðrum skýrslum sannað, að hann hafi rétt fyrir síðastliðin jól stolið brúkaðri regnkápu úr anddyri á húsi einu á Ísafirði og selt hana daginn eftir Friðriki nokkrum Andréssyni fyrir 5 krónur. Kápan, sem upprunalega hafði kostað 20 kr. var afhent réttum eiganda aftur. Um vitsmuni og gáfnafar ákærða hafa sóknarprestar hans vottað það, annar, „að gáfnafar hans sé svo vangefið, að honum geti tæplega ætlast sjálfstæð tilfinning fyrir eignarrétti", og hinn, að hann hafi heyrt þess getið, „að hann væri mjög einfaldur", og í hinu fyrra sakamálinu gegn honum kallar verjandi hans hann hálfgerðan fábjána, ef ekki bjána. Ákærði gaf þó fyrir rannsóknarréttinum greið og glögg svör, og eftir því sem fram er komið í málinu að öðru leyti, verður hann eigi kallaður bjáni eða yfirleitt tillit tekið til 40. gr. hegningarlaganna, þegar meta skal sakhæfi hans.[898]

[896] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Ísafirði 0000 GA/6–2–1. Dóma- og þingbók 1911–1915.
[897] Ibid.
[898] *Landsyfirrjettardómar* IX, 346–348.

Eftir ævintýri sín á Ísafirði fór Guðmundur Ingibjartur aftur heim í Dýrafjörð. Þar var hann vikamaður á Mýrum þegar manntalið var tekið árið 1920.[899] Einhvern tíma á þriðja áratug 20. aldar fór hann í vinnumennsku í Dalina og þaðan svo í vinnumennsku að Fossi í Bíldudalssókn árið 1929.[900] Guðmundur Ingibjartur hóf að kalla sig Guðmund Dýrfjörð um þetta leyti. Hann var ýmist í vinnumennsku, lausamennsku eða húsmennsku í og við Bíldudal til ársins 1945. Eftir það finnst engin útgáfa af nafni hans í sóknarmannatölum Otradalsprestakalls.[901]

Ekki er kunnugt enn hvar, og þá hvenær Ingibjartur Guðmundur Kristjánsson lést.

79) **Guðrún Björnsdóttir** fæddist í Kúvíkum í Árnessókn á Ströndum 30. júní árið 1891. Hún var skírð skemmri skírn við fæðingu. Foreldrar Guðrúnar voru Björn Jónsson og Guðrún Loftsdóttir sem voru „gift vinnuhjú í Kúvíkum“ um þessar mundir.[902] Ekki er ljóst hvers vegna Guðrún litla var sett strax í fóstur til vandalausra en á fæðingarári sínu var hún orðin „sveitarbarn“ í Kjós á Ströndum og var að sjá aldrei í neinu sambandi við foreldra sína.[903]

Guðrún var í Kjós fyrstu sjö ár ævi sinnar en þegar hún var á áttunda ári var henni komið fyrir í Litlu-Ávík. Yrðingar um Guðrúnu í sóknarmannatali Árnessóknar voru „fábjáni“ og „aumingi á sveit.“[904] Hinn 30. apríl árið 1908 þegar Guðrún var ekki orðin sautján ára eignaðist hún drengbarn sem fékk nafnið Guðmundur við skírn. Þar sem Guðrún gat ekki tjáð sig á nokkurn hátt varð Guðmundur ekki feðraður og var Hansson þau þrjú ár sem hann lifði sem „sveitarbarn á Gíslabala“.

Aftur eignaðist Guðrún Björnsdóttir „(insana) sveitarómagi í Litlu-Ávík“ barn hinn 8. maí árið 1914. Í þetta sinn var um stúlkubarn að ræða sem fékk nafnið Guðrún.[905] Hún fór í fóstur til vandalausra. Móðurinni Guðrúnu var í kjölfar fæðingarinnar komið fyrir á Gíslabala þar sem drengurinn hennar hafði látist þremur árum áður.[906] Það má leiða að því góðum líkum að Guðrún Björnsdóttir hafi ekkert vitað um eftirmála þess að hún eignaðist Guðrúnu. Upp hófust málaferli um faðerni hennar sem lauk með eftirfarandi Landsyfirréttardómi sem kveðinn var upp hinn 16. apríl árið 1917:

> Með aukaréttardómi Strandasýslu, uppkveðnum 30. nóv. 1915, var ákærði Jón Magnússon bóndi í Litlu Ávik i Árneshreppi í Strandasýslu dæmdur til að sæta 2 ára betrunarhússvinnu fyrir brot gegn 171. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869. Svo var ákærði og dæmdur til að greiða allan sakarkostnað og til að greiða Árneshreppi meðlag og útfararkostnað barnsins Guðmundar, að upphæð 246 kr. Dómi þessum hefir samkvæmt kröfu ákærða verið skotið til yfirdómsins. Við rannsókn málsins hefir ákærði kannast við það, að hann eitt sinn vorið 1907 hafi haft holdlegt samræði við fábjána þar á heimilinu, að nafni Guðrúnu Björnsdóttur. Hefir ákærði skýrt svo

[899] ÞÍ. Manntalið 1920–Hagstofa Íslands 1932 A/13–1–1. Vestur– Ísafjarðarsýsla.
[900] ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/14–1–1. Barðastrandasýsla II og Ísafjarðarsýsla I.
[901] ÞÍ. Otradalur í Arnarfirði / Bíldudalur–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1932–1942. ÞÍ. Otradalur í Arnarfirði / Bíldudalur–prestakall 0000 BC/9–1–1 Sóknarmannatal 1943–1952.
[902] ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1891–1924.
[903] ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1868–1869 og 1881–1900.
[904] Ibid., ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1901–1903.
[905] ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1891–1924.
[906] ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1915–1924.

frá, að nefnt vor, í 10. eða 11. viku sumars, hafi hann rifið baðstofuna í Litlu-Ávík, og fólkið þá flutt sig út á dyraloft. Hafi hann þá einu sinni, er kona hans var í eldhúsi og annað fólk, að því er hann minnir, við ávinslu eða heyskap úti á túni, skroppið upp á dyraloftið, þar sem Guðrún var ein; hafi hann þá gengið að henni og sagst vilja hafa afskifti af henni og ýtt við henni um leið, hafi hún þá brosað og fleygt sér aftur á bak; hafi hann því næst haft samræði við hana. Ákærði hefir haldið því fast fram í öllum prófunum, að hann hafi ekki nema í þetta eina skifti haft holdlegt samræði við nefndan fábjána. Guðrún þessi er talin fædd 30. júní 1891, og hefir þannig verið 16 ára, er ákærði hafði samræði við hana. Hreppsnefndin í Árneshreppi hafði komið henni fyrir hjá ákærða, er hún var á 8. ári og upp frá því var hún stöðugt hjá honum þar til vorið 1914, er henni var komið fyrir á öðrum bæ. — Hinn 30. apríl 1908 ól Guðrún barn og hinn 8. maí 1914 ól hún barn i annað sinn, en engar upplýsingar hafa fengist um það, hver muni vera faðir að því barni.

Guðrún er, eftir því sem upplýst er í prófunum og sem styðst við álit hlutaðeigandi læknis, með öllu fábjáni. Fætur hennar eru snúnar um öklaliðinn; hefir hún því aldrei komist á fót, og báðir fætur hennar talsvert visnir, en að öðru leyti er hún líkamlega heilbrigð.

Brot hins ákærða, sem er 67 ára að aldri og hefir ekki áður sætt hegningu fyrir neitt afbrot, hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 171. gr. hegningarlaganna, og virðist mega ákveða hegningu ákærða betrunarhússvinnu í 8 mánuði. Svo ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 15 krónur til hvors þeirra.

Meðlag með barni Guðrúnar, Guðmundi, er fæddist 30. apríl 1908 og ákærði getur verið faðir að, til dánardags og útfararkostnaður þess, samtals 246 kr. er héraðsdómarinn hefur dæmt ákærða til að endurgreiða Árneshreppi, verður ekki tekið til greina í máli þessu, enda sést það ekki af dómsgerðunum að hreppsnefndin hafi krafist þessarar greiðslu.

Um meðferð málsins í héraði athugast það, að rannsókn þessa hefir farið fram fyrir aukarétti i staðinn fyrir lögreglurétti. Málið hefir verið mjög lengi á leiðinni. Barnsfæðing Guðrúnar var tilkynt sýslumanni í júní 1914, en rannsókn var ekki hafin fyr en 26. nóv. s. á. Rannsókn var þá lokið 5. des 1914, og ekki tekin upp aftur fyr en 26. sept. 1915. Málið var tekið undir dóm 29. sept. s. á. og dómur því næst uppkveðinn 30. nóv. a. á. Það kom síðan. fyrir yfirdóm 25. sept. f. á. en sökum ýmsra galla á dómsgjörðunum og sökum þess að undirdómarinn hafði vanrækt að rita á dómsgjörðirnar yfirlýsingu sína um að hann léti sér nægja stefnu þá, er út hafði verið gefin í málinu, var því vísað frá yfirdómi með dómi réttarins uppkveðnum 23. okt. f. á. Kom. það svo aftur fyrir yfirdóminn 26. febr. þ. á. — Fyrir framan umgetinn drátt á málinu og frágang á, dómsgerðunum, er málið hið fyrra sinnið kom fyrir yfirréttinn, getur undirdómarinn ekki komist hjá, að sæta sekt til hlutaðeigandi fátækrasjóðs, og ákveðst hún 50 kr.

Það vottast að málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Magnússon á að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 15 krónur til hvors.[907]

Guðrún Björnsdóttir „niðurseta á Gíslabala“ lést úr „heilabilun“ hinn 6. ágúst árið 1919.[908] Hún var 28 ára að aldri.

80) **Ásgerður Jósepsdóttir** fæddist á Geitastekk í Hörðudal 24. ágúst árið 1898. Hún var yngsta barn hjónanna Jóseps Jónssonar bónda á Geitastekk og eiginkonu hans Ásgerðar Gunnlaugsdóttur húsfreyju og ljósmóður. Ásgerður Gunnlaugsdóttir og Ingigerður Gunnlaugsdóttir (nr. 71) voru alsystur.

Ásgerður yngri naut ekki foreldra sinna á Geitastekk lengi. Hinn 2. febrúar árið 1900 lést Jósep faðir hennar frá eiginkonu og sjö börnum á lífi.[909] Heimilið var leyst upp og börnin dreifðust um sveitina. Ásgerður fór fyrst um sinn sem fósturbarn að Hóli með „meðgjöf frá einum manni“ en síðar sem „sveitarbarn“ eða „tökubarn“ til hreppstjórahjónanna á Ketilsstöðum.[910]

Árið 1905 þegar Ásgerður var á sjöunda ári og farin að stafa flutti móðir hennar úr sókninni, fyrst til Stykkishólms, síðar til Reykjavíkur og þaðan til Kanada árið 1912.[911] Ásgerður ólst upp á Ketilsstöðum og fermdist þaðan árið 1913 með „dáv.[el]“ góðum umsögnum í öllu nema reikningi. Hún þótti einnig hegða sér „dáv.[el].“[912] Hún var strax komin í stöðu vinnukonu á heimilinu ári eftir fermingu og var það allt þar til hún var flutt á Klepp árið 1921.[913] Í manntalinu sem tekið var árið 1930 var Ásgerður til húsa á „Gamla Kleppi“ ásamt 66 öðrum sjúklingum. Á „geðveikrahæli[nu] „Nýja Kleppi“ voru á sama tíma 53 sjúklingar.[914]

Ásgerður Jósepsdóttir lést á „Gamla Kleppi“ hinn 27. mars árið 1935 á sínu 37 ári.[915] Hún er grafin í Fossvogskirkjugarði.[916]

*Samantekt*

Vestfirðingafjórðungur náði yfir svæðið frá Hvítá í Borgarfirði að Hrútafjarðará.[917] Sagðar voru sögur af 22 einstaklingum, sem fæddir voru á tímabilinu frá 1770–1898, 13 konum og 9 körlum.

---

907 *Landsyfirrjettardómar* X, 90–93.
908 ÞÍ. Árnes í Trékyllisvík–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1891–1924.
909 ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1897–1933.
910 ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1898–1907 og 1909–1916.
911 Ibid., ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1897–1933. *Ljósmæður á Íslandi* I, 309.
912 ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1897–1933.
913 Ibid., ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BC/9–1–1. Sóknarmannatal 1917–1924.
914 ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/32–1–1. Reykjavík III. Hafnarst.–Lauganesspítali.
915 ÞÍ. Fríkirkjan í Reykjavík 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1924–1936.
916 VEF. „Legstaðaskrá.“
917 Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, 37.

Tíu þeirra voru mállaus eða mállítil og mörg þeirra með aðra kvilla. Fjögur þeirra voru andlega skert og þremur konum var lýst sem geðveikum. Tvö voru fótlama og einn var blindur. Þremur bræðrum var lýst sem visnum krypplingum.Sjö náðu ekki fermingu vegna kvilla sinna og eru það allt konur. Félagsleg staða þessa hóps var margvísleg, allt frá því að standa fyrir myndarbúi í að vera sveitarómagar allt sitt líf.

Fjórar lengri sögur voru sagðar úr Vestfirðingafjórðungnum, sem allar tengdust málaferlum af einhverju tagi. Maður einn var gerður út til þjófnaðar og annar nánast sveltur í hel af húsbændum sínum. Tvær konur eignuðust börn eftir misnotkun húsbænda sinna sem í öðru tilvikinu var einnig faðir konunnar.

## 5. Norðlendingafjórðungur

*Sögur*

81) **Sólveig Eiríksdóttir** fæddist í júlí árið 1780 á Litla-Eyrarlandi í Eyjafirði og var skírð 11. ágúst það sama ár. Foreldrar hennar, Eiríkur Jónsson og Kristbjörg Ketilsdóttir sem var á sinni tíð vinnukona mjög víða í Eyjafirði voru ekki í hjónabandi og var því Sólveig „óegta“ við fæðingu.[918] Sólveig hafði lítið sem ekkert af móður sinni að segja og var alin upp á Eyrarlandi hjá Jóni föðurbróður sínum sem var bóndi og meðhjálpari og var Eiríkur faðir hennar þar einnig. Í sóknarmannatali Hrafnagilssóknar árið 1785 þegar Sólveig var fimm ára „fósturbarn“ kemur fram að Eiríkur var „fákunnandi“ og rétt stautaði.[919]

Sólveig naut föður síns ekki lengi. Hann lést 8. október 1786 á Eyrarlandi. Þá var hann 66 ára gamall og hafði aldrei kvænst.[920] Sólveig hélt áfram að vera fósturbarn og var farin að „lesa nockuð“ níu ára gömul og þótti „meinlaus.“[921]

Í mars árið sem Sólveig varð tíu ára drukknaði Jón föðurbróðir hennar. Hann varð mörgum harmdauði því hann hafði verið „skynsamur maður“ eins og segir í prestsþjónustubókinni.[922] Eftir það var Sólveig uppfóstruð hjá vandalausum fram að fermingu. Þegar hún var nýkomin að Háa-Hamri ellefu ára þótti hún „bænafær“ og „sýnilega kunnandi.“ Ári síðar þegar Sólveig var komin að Stóra-Hamri til Magnúsar Jónsonar sem einnig var föðurbróðir hennar var hún „all sæmilega að sér“ þótt að hún væri „lýtt læs.“[923] Sólveig var fermd á sínu fjórtánda ári og kunni bæði bænir og sálma og „lesandi.“[924] Hún bjó sem fósturbarn á Stóra-Hamri áfram og var orðin þar vinnukona um aldamótin 1800.[925]

---

[918] ÞÍ. Hrafnagil í Eyjafirði / Akureyri–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1754–1784.
[919] ÞÍ. Hrafnagil í Eyjafirði / Akureyri–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1785–1798.
[920] ÞÍ. Hrafnagil í Eyjafirði / Akureyri–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1785–1818.
[921] ÞÍ. Hrafnagil í Eyjafirði / Akureyri–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1785–1798.
[922] ÞÍ. Hrafnagil í Eyjafirði / Akureyri–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1785–1818.
[923] ÞÍ. Munkaþverá í Eyjafirði–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1785–1796
[924] ÞÍ. Munkaþverá í Eyjafirði–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1785–1796.
[925] ÞÍ. Munkaþverá í Eyjafirði–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1800–1825.

Í maí árið 1801 lést Magnús Jónsson bóndi og hreppstjóri á Stóra-Hamri.[926] Í kjölfarið fór Sólveig af heimilinu og árið 1804 fékk hún hvergi vist.[927] Í hreppsbók Öngulstaðahrepps árið 1809 er eftirfarandi umsögn um Sólveigu þá 29 ára gamla:

> [Sólveig] hefur fullkomna krafta og heilsu til að vinna sér brauð eins og aðrar heilbrigðar manneskjur, en engu að síður er hún soddan ódresi og ónytjungur til allra verka, sem viljaleysi hennar og þverskÖllun má óneitanlega vera mesta orsök til, að enginn maður vill taka hana til vistar, ekki eingang rétt fyrir fæði, því hún er kort sagt öllum hvimleið, svo hreppurinn má þess vegna undir dúsa að ala hana sem annan fátækra lim. Dugir því ekki annað en setja hana niður til næstu fardaga.

Næstu ár náði Sólveig að vera matvinnungur á bæjum í hreppnum á sumrin en var niðursett á veturna og þá oft á fimm eða sjö bæjum hvert fardagaár. Árið 1816 var hún sögð „allra mesta ódresi, hvimleið og vankunnandi til verka og viljalaus, þar með svo lúsug, að enginn getur liðið hana nærri sér, líka kjöftug og lýgin, hvers vegna enginn fæst til að halda hana viku lengur án nauðungar. Með henni verða að leggjast 102 fiskar.“

Yrðingarnar í hreppsbókinni um Sólveigu á þriðja áratugnum eru margvíslegar en þessar helstar: „óþekk, ónýt og ógeðsleg“, „Hvimleitt ónytjungs gægsni“, „Hlýtur af vana sökum leti, hvimleiðra geðsmuna, ónýtjungsskapar og ódrægisháttar að niðursetjast“, „Hennar dugleysis, ódresisháttar og hvimleiðisskapar vegna vill enginn halda hana fáum nóttum lengur.“ Árið 1823 tekur hreppsnefndin til þess ráðs að láta Sólveigu ganga um hreppinn þveran og endilangan og gista eina, tvær eða þrjár nætur á hverjum bæ „að fráteknum 10 vikna tíma sem hún niðursedst í vetur.“[928] Þetta gerði hún svo næstu árin. Hún náði stundum að vinna fyrir fæði sínu og nokkrum sinnum er tiltekið að hún hafi náð að vinna fyrir einhverjum klæðum.[929]

Árið 1841 þegar Sólveig var komin á sjötugsaldur var hún enn „látin ganga ofan eftir tiltölu“ og má leiða að því nokkrum líkum að hún hafi verið á göngu næsta áratug eða svo.[930] Árin 1857–1859 er hún niðurseta á Stóra-Hamri og ýmist á Ytri-Tjörnum, Öngulstöðum, Jódísarstöðum eða Grýtu.[931]

Sólveig Eiríksdóttir lést „niðurseta, ógift á Öngulstöðum“ 3. október 1868, 88 ára að aldri.[932]

---

[926] VEF. Íslendingabók.is.
[927] HskjAk. H–12/1 Öngulsstaðahreppur. Hreppsbók 1796–1815.
[928] HskjAk. H–12/2 Öngulsstaðahreppur. Hreppsbók 1816–1831.
[929] Ibid., HskjAk. H–12/65 Öngulsstaðahreppur. Hreppsprótokoll 1831–1845.
[930] HskjAk. H–12/65 Öngulsstaðahreppur. Hreppsprótokoll 1831–1845.
[931] ÞÍ. Munkaþverá í Eyjafirði–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1848–1894. Sóknarmannatal 1832–1842, 1844 og 1845. ÞÍ. Hrafnagil í Eyjafirði / Akureyri–prestakall 0000 BC/9–1–1 Sóknarmannatal 1850–1864.
[932] ÞÍ. Munkaþverá í Eyjafirði–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1848–1894.

82) **Sæunn Jónsdóttir** fæddist á bænum Geitaskarði í Langadal norður árið 1790. Hún var dóttir hjónanna Jóns Gíslasonar þáverandi bónda á Geitaskarði og eiginkonu hans Ingveldar Sigurðardóttur og var þeirra fyrsta barn sem upp komst.[933]

Á fyrstu æviárum Sæunnar fluttist fjölskyldan sem stækkaði stöðugt að Illugastöðum á Vatnsnesi og þar ólst Sæunn upp í foreldragarði. Foreldrarnir voru til mikillar fyrirmyndar. Jón bóndi þótti lesa „sæmilega“, vera „vinnusamur“ og „riett greindur.“ Húsfreyjan Ingveldur las „í betra lagi“, þótti „þrifin“ og ekki hvað síst „fróð og guðleg.“[934] Þegar sóknarpresturinn í Tjarnarsókn fór að hafa eitthvað til að skrifa um Sæunni voru yrðingarnar eftirfarandi: (1794) „ótalandi“, (1795) „ómálga barn“, (1804) „ófermd skikkanleg“, (1807) hegðar sér „ecki óskikkanlega mállaust getur ei lært“, (1811) „siðgóð hlýðin getur ei lært nie talað so skiliist.“ Sæunn var fermd frá foreldrum sínum árið 1818 með sérstöku biskupsleyfi og var það tiltekið að hún væri „skýr en mállaus.“

Jón Gíslason faðir Sæunnar lést úr landsfarsótt 20. júlí árið 1821 og Ingveldur móðir hennar 6. mars árið 1823 úr því sem presturinn skrifaði „þúng og löng ellikröm.“[935] Á fardögum árið 1824 hleypti Sæunn heimdraganum og fór ásamt annarri konu af Illugastöðum í vinnumennsku að Þorkelshóli í Breiðabólstaðasókn.[936] Þar átti hún eftir að eiga heimili sitt í meira en þrjá áratugi.[937]

Sóknarprestunum í Breiðabólstaðasókn þótti ýmislegt til um Sæunni. Þeim fannst hún (1826) „velkunnandi“, (1830) „skikkanleg“ í hegðun og „kann mikið gott“, (1836) siðferðisgóð“, (1841) „þæg manneskja“, (1844) „hefur góða greind og eptirtektarl.[ega] siðsöm.“[938] Árið 1852 var Sæunn komin á sveit og um hana skrifaði sóknarpresturinn eftirfarandi eftir húsvitjun: „mállaus, ber furðanl.[ega] skin á trú sína, hegðar sér undarl[ega] en skikkanl.[ega] góð.“[939]

Árið 1830 fæddist húsbændum Sæunnar drengur sem fékk nafnið Baldvin.[940] Þau Sæunn fylgdust að á Þorkelshóli í nær 30 ár. Sæunn kenndi Baldvini sem og öðrum á bænum eigið tungumál sem hún hafði þróað með sér frá barnæsku og með því gat hún átt í samskiptum við sitt nánasta umhverfi. Þegar Baldvin var orðinn aldraður tók hann saman skrá yfir orð og orðasambönd sem Sæunn notaði og hefur hún varðveist.[941]

Sæunn Jónsdóttir „niðurseta í Víðidalstungu“ lést úr „kvefsótt“ 28. maí árið 1862.[942] Hún var 72 ára gömul.

83) **Guðríður Ögmundsdóttir** fæddist í Garðshorni á Þelamörk hinn 10. júlí árið 1798. Hún var dóttir hjónanna Ögmundar Ólafssonar og Guðríðar Ingimundardóttur.[943] Þau hjónin

[933] ÞÍ. Tjörn á Vatnsnesi–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1785–1823. ÞÍ. Tjörn á Vatnsnesi–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1858. Manntal 1816.
[934] ÞÍ. Tjörn á Vatnsnesi–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1785–1823.
[935] ÞÍ. Tjörn á Vatnsnesi–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1858. Manntal 1816.
[936] ÞÍ. Breiðabólsstaður í Vesturhópi 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1858.
[937] ÞÍ. Breiðabólsstaður í Vesturhópi 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1816–1845.
[938] Ibid., ÞÍ. Breiðabólsstaður í Vesturhópi 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1846–1860.
[939] ÞÍ. Breiðabólsstaður í Vesturhópi 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1846–1860.
[940] ÞÍ. Breiðabólsstaður í Vesturhópi 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1858.
[941] „Sæunnarmál“, 2. september 1891, 113–119.
[942] ÞÍ. Breiðabólsstaður í Vesturhópi 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók Víðidalstungu 1817–1868.
[943] ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1794–1823.

voru sárafátæk og fluttu fram og til baka um Öxnadal og Hörgárdal. Þau fluttu úr Garðshorni yfir í Efri Vindheima og þaðan í Fagranes fyrstu æviár Guðríðar.[944]

Ögmundur faðir Guðríðar lést 12. ágúst árið 1810 í Fagranesi.[945] Ekki leið á löngu þar til Guðríður var komin á sveit í Glæsibæjarhreppi og var henni komið fyrir á Neðri Vindheimum. Þegar sóknarprestur Bægisársóknar skráði manntalið árið 1816 bjuggu 12 manns á Neðri Vindheimum, hjónin Jón Ólafsson og Kristín Bergsdóttir, fjórir synir þeirra, tvær vinnukonur, tveir húsmenn og fjörgamall niðursetningur auk Guðríðar.[946]

Í gjörðabók hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps var sagt um Guðríði að hún væri „vitskert mjög og gétur hvorki til munns eða handa lært að gagni."[947] Yrðingar sóknarprestsins um Guðríði voru í sömu átt: (1818) „vitsk.[ert]", (1822) „fávita skepna", (1823) „hálfviti, ólæs" og „óþæg", (1824) „minnislaus fáráðlingur", (1825) „ólæs fáráðlingur hefur ecki alvit", (1826) „vitskert", (1827) „ecki þæg", (1828) „getur ecki þekkt kristindóm."[948] Hreppsnefndin lét þó þess getið að Guðríður ynni „nockuð úti og inni."[949]

Um það bil sem engjaslætti var að ljúka árið 1827 fór það ekki fram hjá neinum að Guðríður gekk með barni. Hún kom að máli við Ólaf yngsta bóndasoninn á bænum og sagði honum tíðindin. „Ólafur gegndi þar til „ecki á ég það." Ekki töluðu þau meira um þetta þá.[950] Það var svo 2. nóvember sem Guðríður lagðist á sæng og eignaðist stúlkubarn sem fékk nafnið Guðrún við skírn daginn eftir. Guðforeldrar barnsins voru Jón og Kristín, húsbændur Guðríðar og foreldrar Ólafs sem ekki var orðinn myndugur. Um foreldrana skrifaði sóknarpresturinn „ófermd Guðríður Ögmundsdóttir og Ólafur Jónsson."[951] Þrátt fyrir að faðernið væri svona skráð í prestsþjónustubókina var kallað til lögreglurannsóknar um barnfaðernismálið 13. febrúar árið 1828 enda Guðríður „ófirmuð" og „hálfvita." Kallaðir voru til vitnis Jón bóndi, þrír synir hans, Stefán, Kristján og Ólafur auk Friðriks Kristjánssonar vinnumanns á staðnum. Bæði Ólafur og Friðrik viðurkenndu samræði við Guðríði en bara alls ekki á getnaðartíma barnsins. Enginn þóttist nokkuð vita um „nein hennar lostalæti." Ólafur vildi þó að það kæmi fram í réttinum að Guðríður:

> sagði eitt sinn við föður minn, líka eins við aðra fleiri að hún vildi bara barnið út, og ecki láta sækja prestinn; þetta var Barnsfæðingar Daginn þegar Barnið var komið til.

Þegar Guðríður sjálf var kölluð til vitnis var henni:

---

[944] ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1788–1795, 1800, 1801, 1818 (tvö) og 1819.
[945] ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1794–1823.
[946] ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók Bægisár 1816–1843. Manntal 1816.
[947] HskjAk. H–9/2 Glæsibæjarhreppur. Hreppsbók 1818–1843.32–1834 og 1836.
[948] ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1822–1830, 1832–1834 og 1836.
[949] HskjAk. H–9/2 Glæsibæjarhreppur. Hreppsbók 1818–1843.32–1834 og 1836.
[950] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri 0000 GA/5–2–1. Dóma- og þingbók, 1827–1831.
[951] ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók Bægisár 1816–1843. Manntal 1816.

tilhaldið að segja, á hvaða tíð og hvar samræði Ólafs við hana ævinlega verið hafi? Hún svarar: Það var á framanverðum vetri í fyrra, á jólum, um miðjan vetur, á Þorranum og Góunni og fram undir páska. Það var ýmist í Rúminu mínu, í Baðstofu krónni í Bæardyrunum, í Fjósinu og Loptinu.[952]

Þegar gengið var á Ólaf nokkru seinna í réttarhaldinu vildi hann ecki beint gangast við barninu en heldur ekki sverja það af sér með eyði. Hann vildi heldur „taka það að mér til forsorgunar en vera tortryktur af Foreldrum mínum og Bræðrum, sem Presti mínum og fleirum fyrir að eg hefði svarið rángan Eið.[953]“ Hinn 29. maí dæmdi undirréttur svo þau Ólaf og Guðríði „hvort um sig til 10 vandarhagga pólitilaga innan luktra dyra og til að borga, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, allan af þessu máli löglega leiðandi kostnað.“[954]

Norðuramtið skaut dómnum til Landsyfirréttar til þess að fá skorið úr um lögmæti hans einkum vegna vafa um vitsmuni Guðríðar og þekkingu hennar á „á trúarbragðanna – lærdómum.“ Rétturinn kvað upp eftirfarandi dóm 7. september árið 1829:

Hvað nú kröfunnar fyrri greinum viðvíkur, finnur landsyfirrjetturinn þvi síður þörf á þeirra vegna að heimvísa málinu, að auðsætt er, að sje Guðríður vitskert, hæfir henni ekki neitt straff fyrir lausaleiksbrot í fyrsta sinni, nje heldur Ólafi Jónssyni, þar lög ekki leggja sjerlegt straff við legorð með hálfvita framar en heilvita persónu. Nú er í vitnisburðum hennar sóknarprests frá 22. desbr. f. á., af grannkunnugum hreppstjórum og málsfærslumönnum og dómara i hjeraði fram borið, að Guðríður sje hálfviti álitin, að minnsta kosti með köflum, og að hún vegna vitsmuna- og gáfnabrests hvorki sje hún konfirmeruð, en þótt 29 ára á fullorðinna aldur komin, nje verði það nokkum tíma eptir líkindum. Henni má því ekki ætlast sú þekking á kristindómsins lærdómum, sem af fermdu fólki er heimtandi, og þó enn síður þekking á saknæmi legorða ófermdra unglinga eptir lögum.
Hvað þar hjá áhrærir þesskháttar legorða saknæmi, sýnir nú tilskipun frá 3. Junii 1746, um hjónabands- og lauslætismál á Islandi, i 13. gr., að þar tiltekið straff samkvæmt tilskipun fyrir Danmörku og Noreg frá 2. septbr. 1745 sje, eptir formála þessarar, einkanlega fyrirskipað vegna þess hneykslis, sem unglingar gefi öðrum með lausung, á meðan þeir undirbúist sjerstaklega til staðfestingar i lærdómum trúarbragðanna og þeirrar einberu vanvirðu, sem þeir i slíku framferði auglýsa gegn þeim, um hverja þeir þó af sók(n)arprestum sjerlega menntast og áminnast þeim að hlýða, en einkanlega til að fyrirbyggja fermingu hálfmenntaðra unglinga til að komast hjá straffi og ná hjónabandi i ótíma. Bæði sjest nú hjer, að þessi laganna ástæða ekki verður heimfærandi til Guðríðar, sem hvorki finnst verið hafa undir neinum sjerlegum undirbúningi af presti til fermingar, þegar hún fjell i þetta legorðsmál, nje heldur á þeim aldri, að — eptir hennar vitsmuna- og gáfnaástandi — hennar fermingar sje framar von, sem viðkomendur málsins og dómari í hjeraði ei

[952] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri 0000 GA/5–2–1. Dóma- og þingbók, 1827–1831.
[953] Ibid.
[954] Ibid.

> heldur álita, því svo löng forsómun hennar uppfræðingar — álitist nauðsynleg uppfræðing annars möguleg — mátti ella vera viðkomandi yfirvöldum ekki óljós eða prestum hennar ákærulaus, eptir tilskipun frá 25. Maii 1759 2. og 3. gr., nema hálfviti og gáfnalaus fullorðinn og þegar miðaldra væri alþekktur þanninn og álitast ókonfirmerandi nokkurn tíma. […]
> Ber nú hálfvitann Guðríði Ögmundsdóttur öldungis að frífinna frá sekt og málskostnaði öllum, en Ólaf Jónsson frá rjettarins frekari ákærum, þó svo, að hann einn standi allan málskostnað til beggja rjetta, bæði dæmd laun talsmanna við undirrjettinn og allan til landsyfirrjettarins, […]
> Guðríður Ögmundsdóttir á Vindheimum i Eyjafirði á að öllu leyti frí að vera af rjettvísinnar ákærum um sekt og kostnað i þessu máli. En Ólafur Jónsson sama staðar fríkennist fyrir hennar frekari ákærum, þó svo, að hann einn standi allan kostnað málsins til undir- og landsyfirrjettarins […].[955]

Á meðan á réttarhöldunum stóð var Guðríður flutt í skjól fyrst að Vindheimum í Þelamörk og síðar til bróður síns og móður út á Árskógströnd. Þegar hún var skráð innkomin í dvöl á Krossum skrifaði sóknarpresturinn í Stærri Árskógssókn eftirfarandi yrðingu við nafn Guðríðar „hefur átt barn, kann eckert gott orð og tjáir að henni verði ecki kennt.“[956] Guðríður dvaldi í Stærri Árskógssókn það sem eftir var ævinnar. Hún var ýmist skráð „í dvöl“ eða „vitskert en vinnukona“ sem kunni „eckert gott orð.“ [957]

Guðríður Ögmundsdóttir lést 25. júní árið 1840 „í dvöl hjá bróður sínum, Jónatan bónda í Litla-Skógi. Gat að sögn aldrei lært barnalærdóm og var og mikið heyrnardauf. Deyði af sprungnum meinlætum“ 42 ára gömul.[958]

84) **Kristján Benediktsson** fæddist að öllum líkindum að prestsetrinu Eyjardalsá í Bárðardal 23. apríl árið 1804. Foreldrar hans voru hjónin Benedikt Þorgrímsson og eiginkona hans Anna Oddsdóttir.[959] Kristján fór strax í fóstur, fyrst að Hvarfi og síðar til föðurömmu sinnar á Stóruvöllum.

Hjónin Benedikt og Anna hófu eigin búskap að Hallstöðum í Bárðardal árið 1807 og þá fór Kristján til þeirra og yngri systkina sinna. Árið 1815 settust þau svo að í Heiðarseli þar sem þau hjón bjuggu þann tíma sem þau áttu heima í Bárðardal. Í sóknarmannatali árið 1819 skrifaði sóknarpresturinn við nafn Kristjáns í Heiðarseli „lesandi ófermdur ecki rétt gegninn

[955] *Landsyfirrjettardómar 1802–1873* III, 335–338.
[956] ÞÍ. Stærri–Árskógur á Árskógsströnd / Hrísey–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1846.
[957] ÞÍ. Stærri–Árskógur á Árskógsströnd / Hrísey–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1818–1823, 1826, 1828, 1830–1833, 1835, 1837, 1838 og 1840–1842.
[958] ÞÍ. Stærri–Árskógur á Árskógsströnd / Hrísey–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1846.
[959] ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók Eyjardalsár 1817–1847. ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1785, 1786, 1790, 1791, 1796, 1797, 1799, 1800, 1803–1810, 1812, 1815 og 1819.

eður meðfærinn kann nockuð."[960] Sami prestur fermdi hann svo árið eftir og lét þess getið að Kristján væri „heldur óviðfeldinn í viðbúð“ og „slakur til lærdóms."[961]

Ekki er hægt að sjá á samtímaheimildum hvert leið Kristjáns lá eftir fermingu en árið 1835 var hann vinnumaður hjá kaupmanni nokkrum á Eskifirði.[962] Strax árið eftir var Kristján komin á sveit í sínum fæðingarhreppi sem var Ljósavatnshreppur. Það ár stóð við nafn hans í hreppsbókinni „haltur af hörmum“ ogvar meðgjöfin með honum óvenjulega há miðað vð aðra niðursetninga.

Kristján átti eftir að vera sveitarlimur í Bárðardalnum í á sjötta áratug. Meðgjöfin lækkaði nokkuð fyrstu árin og stóð lengi í stað. Yrðingarnar um hann í sveitarbókunum eru eftirfarandi: (1837) „kalnar af hendur og fætur“, (1838) „handa og fótakalinn“, (1844) „hvimleiður“ og aftur (1845–1850) „handa og fótakalinn."[963]

Þrátt fyrir að hægt sé að sjá svart á hvítu hvaða húsbændur í hreppnum fengu greitt með Kristjáni árin 1835–1850 og svo aftur 1878–1890 þá heyrði það til undantekninga að hann væri skráður heimilismaður á einhverjum bænum í sóknarmannatölum.[964] Í raun leið heill áratugur þar til hann var fyrst skráður niðursetningur á Stóruvöllum „Nockuð dintóttur í lundu. Kann lærdóminn.“ Ári síðar var hann einnig skráður á Stóruvöllum og þótti kunna „nockuð af guðsorði meinþægur.“ Árið 1861 var hann skráður á Sandhaugum og var hegðan hans „svona og svona.“ Hann þótti þó vera „vel greindur í andl.[egum]."[965] Um miðjan níunda áratuginn fór meðgjöfin að hækka með Kristjáni þrátt fyrir að dvalarstöðunum fækkaði lítið sem ekkert. Hann var skráður „ellihrumur fingra og fótalaus“ árið 1886 og svo var hann alveg kominn í kör á Sigurðarstöðum árið 1890.[966]

Kristján Benediktsson „hreppsómagi“ án nokkurrar nánari staðsetningar í Bárðardal lést 21. mars árið 1891, 87 ára að aldri.[967] Útgjöld hreppsins vegna útfarar hans voru 11 krónur og 92 aurar.[968]

85) **Sigríður Benediktsdóttir** fæddist 18. desember 1815 í Flöguseli í Myrkársókn í Eyjafirði. Myrkársókn var á þessum tíma ásamt Möðruvallaklausturssókn, Bakkasókn og Bægisársókn í Skriðuhreppi.[969] Foreldrar Sigríðar voru hjónin Benedikt Sigfússon bóndi í

---

[960] ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1785, 1786, 1790, 1791, 1796, 1797, 1799, 1800, 1803–1810, 1812, 1815 og 1819.
[961] ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók Eyjardalsár 1817–1847.
[962] ÞÍ. Manntöl 1935,1940, 1945–Commissionen for det statistiske tabelværk 1904 AA/6–1–1. Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarsýsla, Norður–Múlasýsla og Suður–Múlasýsla.
[963] Ibid.
[964] HérÞing. HRP–31/4 Ljósavatnshreppur. Hreppsbók Ljósavatnshrepps 1820–1850. HérÞing. HRP–30/2 Ljósavatnshreppur. Hreppsbók Ljósavatnshrepps 1877–1899.
[965] ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1835, 1837, 1839, 1841, 1845, 1846, 1849–1879 og 1881–1892.
[966] HRP–30/2 Ljósavatnshreppur. Hreppsbók Ljósavatnshrepps 1877–1899.
[967] ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1847–1892.
[968] HRP–30/2 Ljósavatnshreppur. Hreppsbók Ljósavatnshrepps 1877–1899.
[969] ÞÍ. Myrká í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1784–1816. Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, 112. Sjá einnig Eva Þórdís Ebenezersdóttir og Sólveig Ólafsdóttir, „From life with a different body to recreated folklore of accentuated difference. Sigríður Benediksdóttir vs. Stutta–Sigga.“

Flöguseli og kona hans Rósa Oddsdóttir. Þau áttu fjölda barna og voru þau níu í Flöguseli í manntalinu 1816, ári eftir að Sigríður fæddist og hún þá yngst.[970]

Sigríður bjó í Flöguseli allt þar til móðir hennar lést 1845 eða í þrjátíu ár samfellt. Sóknarpresti þótti lítið til fólksins koma, kallaði þau „allt fánýtt armingjafólk" og sagði að heimilið væri „heldur óþrifalegt." Um Sigríði skrifaði hann eftirfarandi yrðingar: (1825 – 10 ára): „Mállítil, dauf og vansæl", (1826 – 11 ára): „mesti aumingi alls vegna." (1828 – 13 ára): „talar ecki nie lærir neitt." (1832 – 17 ára): „getur eckert lært." (1833 – 18 ára): „talar ei." (1834 – 19 ára): „stautar – talar ei né lærir neitt." (1835 – 20 ára): „Gáfnalaus" (1836 – 21 árs): les „nockuð – nærri óviti – getur ei lært." Næsta ár skipti sóknarpresturinn um tón í yrðingum sínum um Sigríði. Þá skrifaði hann að hún gæti ekki „lært neitt gott" og árin þar á eftir skrifaði hann „vitskert" í dálkinn þar sem hegðan sóknarbarnanna var skráð.[971]

Tveimur árum eftir að Rósa, móðir Sigríðar lést er fyrst minnst á hana í hreppsbók Skriðuhrepps þar sem ómagar hreppsins voru skrifaðir upp. Þar var eftirfarandi skráð:

> Sigríður Benedikts Dóttir á Sörlatungu. Mesta afstyrmi, heilsulítil og hefur verið haldin alla hennar æfi fáráðlingur og þar fyrir á meðan var í foreldra húsum laklega framföruð til allrar munnlegrar siðsemi og á kristinsdóms þekkingu, en nú næst liðið ár var hún tekin úr föðurhúsum og hefur nú með ýtarlega tilsegj[ingu] að hún kann fræðin og þekkingu á kristindóm, hvað um mun giora hvar nokkra von um að lukkast kunni um þar fyrir niður komið í líklegasta stað til lærdóms þennan vetur. Meðlag hennar er 148 [fiskar]. [972]

Næsta fardagaár var Sigríður í Sörlatungu hjá hjónunum Guðjóni Grímssyni bónda og konu hans Ólöfu Jónsdóttur. Um Ólöfu skrifaði sóknarpresturinn eftirfarandi í sóknarmannatalið snemma árs 1846: „Án efa hin besta manneskja í M[yrkár].sókn." Í sömu húsvitjun kemur fram að þó Sigríður væri „ólæs" þá kynni hún utan að bæði „fræðin og trúarjátninguna" og í stað þess að í hegðunardálkinn væri færð yrðingin „vitskert" var hegðan Sigríðar „skikkanleg."[973] Sigríður var síðar sama ár fermd með biskupsleyfi frá húsbændum sínum, hjónunum í Sörlatungu. Þá kunni hún „lúters litlu fræði og Höfuðlærdómann, líka vers og bænir; er ólesandi, málhölt og mjög skilningsdauf."[974]

Snemma árs 1847 lést Benedikt faðir Sigríðar úr brjóstþyngslum. Hann var sagður orðinn örvasa.[975] Þá um vorið var Sigríður sett niður á prestsetrinu á Bægisá eftir að hafa verið matvinnungur með meðlagi á Féeggsstöðum. Við það tækifæri var eftirfarandi klausa færð í hreppsbókina: „Mesta afstyrmi fær hvergi vist og ekki helst hún sem matvinnungur, þar að auki mjög heilsulítil. Hennar meðlag nú í ár 120 [fiskar]."[976] Næstu ár þvældist Sigríður um hreppinn frá einum bæ til annars og yrðingarnar í hreppsbókinni fjölluðu helst um „óþægð" hennar og „leti."[977]

---

970 ÞÍ. Myrká í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1784–1816.
971 ÞÍ. Myrká í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1820–1830 og 1832–1847.
972 HskjAk. H–7/3 Skriðuhreppur. Hreppsbók 1835–1849.
973 ÞÍ. Myrká í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1820–1830 og 1832–1847.
974 ÞÍ. Myrká í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1839–1858.
975 Ibid.
976 HskjAk. H–7/3 Skriðuhreppur. Hreppsbók 1835–1849.
977 Ibid.

Hinn 22. september árið 1855 ól Sigríður barn. Barnið var drengur sem skírður var sama dag á Hólum í Bakkasókn þar sem hún var niðursett það árið. Hann fékk nafnið Kristján Magnús og lýsti Sigríður „Friðrik Elíasson vinnamann úr Fnjóskadal föður að barninu.“[978] Þau mæðgin voru svo saman á Hólum um veturinn en við fardaga vorið 1856 var drengurinn settur niður á Syðri-Bægisá í Bægisársókn og Sigríður í Saurbæ í Myrkársókn. Um Sigríði var sagt í hreppsbókinni að hún væri „fáfróð mjög, smá vegsti, ólagin til vinnu og löt. Því mjög verkasmá, leggst henni því í ár 62 [fiskar].“[979] Þar sem Kristján Magnús var ófeðraður þurfti hreppurinn að borga með honum 323 fiska enda innan við eins árs og enn „á hendi“ eins og sagt var í hreppsbókinni.[980] Sigríður og sonur hennar áttu því heimili á sama stað í um það bil átta mánuði. Drengurinn lést svo á Syðri-Bægisá úr barnaveiki 20. desember 1859 aðeins fjögurra ára gamall.[981]

Í þessi fjögur ár sem Kristján Magnús lifði var skrifað um hann í hreppsbókina á hverju ári. Það kom fram að Friðrik sá sem Sigríður lýsti föður neitaði faðerninu með eiði og því var drengurinn ávallt kenndur við móður sína. Þá var einnig kvartað undan því að engin formleg rannsókn hefði farið fram á faðerni drengsins. Hann lést því föðurlaus og ekki er að sjá hvorki í hreppsbókinni né í dómabók Eyjafjarðarsýslu að nokkur tilraun hafi verið gerð að því að komast að því hver var faðir Kristjáns Magnúsar til þess að innheimta hreppsskuldina.

Árið sem drengurinn lést var Sigríður niðurseta á Neðstalandi „verkasmá og fákunnandi.“ Þar fékk hún að vera í tvö ár en þar á eftir var hún sett niður í Auðbrekku í Möðruvallaklaustursókn og var þar næstum því í áratug. Hún var heilsulítil í upphafi en braggaðist nokkuð þegar leið á. Með henni var gefið hálft ómagameðlag, eða 120 fiskar. Næsta áratug var hún niðursett hjá systur sinni, Rósu og eiginmanni hennar Guðmundi Guðmundssyni.[982] Hún fluttist með þeim milli bæja frá Ásgerðarstaðarseli að Flögu og þar var hún skráð í manntalinu 1880 með yrðingunni „fábjáni.“[983] Sama ár var hún sögð „kriplingur“ í hreppsbókinni.[984] Eftir þetta virðist Sigríður hafa lagst í flakk og það var til þess tekið að ekki þurfti að borga með henni nema 15 kr. til húsbændanna í Nýjabæ árið 1881 vegna þess að hún hafði „mikið flakkað.“[985]

Sigríður átti aftur nokkur ár í skjóli hjá Rósu systur sinni og mági á Nýjabæ í Myrkársókn. Þá voru yrðingarnar um hana „fábjáni“, „hálfbjáni“, „fákæn“ og „munaðarlaus.“ Árið 1888 eða þegar Sigríður var orðin 73 ára var hún orðin „hrum.“[986] Aftur var hún sögð „fábjáni“ í manntalinu árið 1890.[987] Árið 1891 er hún nefnd „Sigríður stutta“ í hreppsbókinni og þá aftur sett niður í Auðbrekku. Þar fékk hún að vera næstu átta

[978] ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók Bakka 1844–1880.
[979] HskjAk. H–7/3 Skriðuhreppur. Hreppsbók 1835–1849.
[980] Ibid.
[981] ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1844–1880.
[982] HskjAk. H–7/3 Skriðuhreppur. Hreppsbók 1835–1849.
[983] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/4–1–1. Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla.
[984] HskjAk. H–7/3 Skriðuhreppur. Hreppsbók 1835–1849.
[985] Meðlagið var nú reiknað í krónum í stað fiska. HskjAk. H–7/26 Skriðuhreppur. Gjörðabók hreppsnefndar 1881–1902.
[986] HskjAk. H–7/26 Skriðuhreppur. Gjörðabók hreppsnefndar 1881–1902.
[987] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/4–1–1. Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla.

árin þrátt fyrir að vera skráð á bæinn Skriðu í gjörðabók hreppsnefndarinnar enda orðin „örvasa gamalmenni.“[988]

Sigríður Benediktsdóttir lést 15. apríl aldamótaárið 1900, „sveitarómagi á Hólkoti“ í Möðruvallaklausturssókn í Eyjafirði 84 ára að aldri.[989]

86) **Guðrún Ólafsdóttir** fæddist 2. nóvember árið 1827 á Neðri Vindheimum í Bægisársókn. Hún var dóttir Guðríðar Ögmundsdóttur (nr. 83.) og Ólafs Jónssonar yngsta bóndasonar hjónanna á Neðri Vindheimum. Foreldrar Ólafs voru skírnarvottar að skírn Guðrúnar heima að Neðri Vindheimum 3. nóvember.[990]

Guðrún litla fæddist með „þann vanskapnað að vera holgóma og nærist ecki án ádreypingar að öðru leiti að sjá ecki óefnileg.“[991] Ekki er ljóst hvar Guðrún var sitt fyrsta æviár en leiða má að því líkum að henni hafi fljótlega verið komið fyrir á Efri Rauðalæk í næsta nágrenni við Neðri Vindheima. Þar hafði hún að mati hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps „sérlega góðan viðurgjörning“ á sínu öðru ári.

Þrátt fyrir að Ólafur, faðir Guðrúnar borgaði sinn hlut af meðgjöfinni varð hreppurinn að standa straum af kostnaði móðurinnar Guðríðar sem var þá komin í skjól hjá móður sinni og bróður á Árskógsströnd.[992] Árið 1833 gat svo Ólafur ekki lengur greitt með dóttur sinni vegna þess að þá hafði hann „2 börn önnur að forsorga. Móðir hennar [Guðrúnar] er dáin þá félaus.“ Þarna var meðlag hreppsins einnig farið að lækka töluvert enda Guðrún að komast á legg.[993]

Sóknarprestinum á Bægisá láðist fyrstu árin að halda Guðrúnu til haga í sóknarmannatali sínu. Eitt sinn var nafn hennar fært eftir á á spássíu bókarinnar en nokkrum sinnum gleymdist hún alveg. Árið 1836, þegar Guðrún var orðin níu ára skrifaði hann við nafn hennar sem tökubarns á bænum: „holgóma þægðar barn.“ Árið 1839 var hún svo „farin að læra.“[994]

Guðrún var fermd frá húsbændum sínum og „fósturforeldrum“ á Efri Rauðalæk og var „velkunnandi og skikkanleg.“[995] Næstu ár fékk hún um sig eftirfarandi yrðingar í sóknarmannatölunum: (1843) „Tökustúlka les vel kann dável siðlát“, (1844) „Fósturdóttir les og kann prýðilega siðsöm“, (1845) „Vinnukona vel að sér vel gáfuð og siðsöm.“[996]

Árið 1853 kom nýr vinnumaður að Efra-Rauðalæk. Hann hét Stefán og var Jónsson úr Skagafriði. Hinn 10. júlí gengu þau Guðrún og Stefán í hjónaband í Bægisárkirkju og var

---

988 ÞÍ. Möðruvallaklaustur í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1881–1899. HskjAk. H–7/26 Skriðuhreppur. Gjörðabók hreppsnefndar 1881–1902.

989 ÞÍ. Möðruvallaklaustur í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1857–1900.

990 ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók Bægisár 1816–1843. Manntal 1816.

991 HskjAk. H–9/2 Glæsibæjarhreppur. Hreppsbók 1818–1843.

992 ÞÍ. Stærri–Árskógur á Árskógsströnd / Hrísey–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1818–1823, 1826, 1828, 1830–1833, 1835, 1837, 1838 og 1840–1842.

993 HskjAk. H–9/2 Glæsibæjarhreppur. Hreppsbók 1818–1843.

994 ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1839, 1840 og 1843.

995 ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók Bægisár 1816–1843. Manntal 1816.

996 ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1839, 1840 og 1843. ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1843–1859.

fósturfaðir Guðrúnar hennar svaramaður.[997] Þau hjónin héldu áfram í vinnumennsku á Efri Rauðalæk út fardagaárið en þá settu þau saman bú að Dagverðartungu. Þar fæddist þeim frumburðurinn Ólafur Stefán 15. desember árið 1855.[998] Þau hjón fluttust burt úr sókninni árið eftir. Fyrst komu þau við árlangt í Lögmannshlíðarsókn þar sem fyrsta stúlkubarn þeirra fæddist árið 1857. Hún fékk nafnið Guðrún Valgerður við skírn.[999] Árið 1859 settust þau að í Goðdalasókn sem að stórum hluta var í Lýtingsstaðahreppi.[1000] Í manntalinu sem tekið var árið 1860 kom fram að Stefán bóndi fengi „lagt af sveit" en því miður hafa viðkomandi hreppsreikningar ekki varðveist eða verið gerðir aðgengilegir.[1001] Frá árinu 1861 bjuggu Guðrún og Stefán ásamt sístækkandi barnahópi að Miðvöllum í Goðdalasókn. Þaðan fluttu þau til Vesturheims árið 1882.[1002]

Guðrún Ólafsdóttir, þá orðin ekkja, lést hjá syni sínum Sigurgeiri bónda í Pembina héraði í Norður Dakota hinn 14. febrúar árið 1913.[1003] Hún varð 85 ára að aldri.

87) **Björg Ólafsdóttir** fæddist á Grund í Vesturhópi 17. janúar árið 1831. Hún var dóttir hjónanna á Grund, þeirra Ólafs Guðmundssonar bónda og Helgu Jónsdóttur húsfreyju og prestsdóttur frá Breiðabólstað í sömu sókn.[1004]

Það hefur verið einhver óhamingja í hjónabandi Ólafs og Helgu því árið 1835 var Helga komin með dætur sínar inn á heimili foreldra sinna á Breiðabólstað og þar var Björg litla skráð af afa sínum í sóknarmannatalið sem tökubarn á Breiðabólstað „heyrnar og mállaus."[1005] Helga móðir Bjargar tók sig svo upp árið 1842 með dætrum sínum og fluttist úr sókninni til að gerast bústýra að prestsetrinu Vatnsdalshólum.[1006] Þar gengu þau í hjónaband Helga og presturinn á Vatnsdalshólum og bjó Björg þar hjá móður sinni og stjúpa.[1007]

Sóknarpresturinn á Vatnsdalshólum og stjúpfaðir Bjargar var jafnframt prófastur í Húnavatnsprófastsdæmi. Hann hafði mikinn metnað fyrir hönd Bjargar að hún næði fermingu þó að hún væri komin inn á þrítugsaldurinn. Hann sendi því undanþágubeiðni til biskups þar sem hann bað um leyft til að ferma hana. Þessi beiðni varð til þess að biskup skrifaði menntamálaráðuneytinu danska hinn 29. febrúar árið 1856 og lagði út af máli Bjargar til að sýna fram á það ófremdarástand sem væri á Íslandi í málefnum heyrnar- og mállausra. Hér vantaði sárlega skóla eða góðan stað þar sem mál og heyrnarlausir gætu

---

997 ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1843–1859.
998 ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók Bægisár 1844–1880.
999 Ibid., ÞÍ. Glæsibær í Eyjafirði–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók Lögmannshlíðar 1817–1860. Manntal 1816. Sóknarmannatal Glæsibæjar og Lögmannshlíðar 1861.
1000 ÞÍ. Goðdalir í Dölum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1856–1901.
1001 ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/4–1–1. Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla.
1002 ÞÍ. Goðdalir í Dölum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1856–1901.
ÞÍ. Goðdalir í Dölum–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1850, 1851, 1853, 1855–1880 og 1882–1885.
1003 Ólafur S. Thorgeirsson, *Almanak fyrir árið 1914*, 183–184.
1004 ÞÍ. Breiðabólsstaður í Vesturhópi 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1858.
1005 ÞÍ. Breiðabólsstaður í Vesturhópi 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1816–1845.
1006 ÞÍ. Vesturhópshólar í Vesturhópi–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1863. Manntal 1816.
1007 ÞÍ. Vesturhópshólar í Vesturhópi–prestakall 0000 BC/1–1–1. Sóknarmannatal 1785–1803, 1805–1812 og 1815–1853.

fengið uppfræðslu í góðum siðum og bendingamáli. Ástæðan fyrir því að hann gæti gefið prófastinum í Húnavatnssýslu leyfi til að ferma Björgu væri að

> Pigen, der er 22 aar gamme har nydt en eftir Omstændighederne umhyggelige opdragelse hos sin Stedfader [..] der í Forening með Pigens Söster ved Tegnsprog har sögt ad bibringe hende kundskab om de vigtiger Reliogus Sandheder.[1008]

Á meðan beðið var eftir undanþágunni stóðu búferlaflutningar yfir hjá prófastsfjölskyldunni á Vatnsdalshólum. Þau hjón fluttu snemma árs árið 1857 að Staðarbakka í Miðfirði ásamt Björgu og Helgu eldri systur hennar.[1009]

Björg Ólafsdóttir var svo fermd með „leyfi kirkjustjórnarinnar" af stjúpföður sínum hinn 20. apríl árið 1856 á Staðarbakka í Miðfirði. Hún var 26 ára gömul.[1010] Tveimur árum síðar flutti fjölskyldan aftur búferlum og nú að Gilsbakka í Hvítársíðu.[1011] Þar lést stjúpfaðir Bjargar og í manntalinu sem tekið var árið 1860 kom fram að Björg sem var skráð „daufdumb" var barn prestsekkjunnar Helgu sem „nýtur náðarárs."[1012] Þetta sama ár var skrifað um Björgu í skýrslur um mál- og heyrnarlausa:

> Formodentligen bleven dövstum ved en heftig Sygdom i hendes 1te Aar og har i flere Aar været sygelig og undertiden plaget af Hysterie. Hun har fortræffelige Naturgaver og forsörges nu af sin fattige alderstegne Moder, so blev Præste enke í afvigste Aar.[1013]

Þær mæðgur Björg og Helga fluttu í lok náðarársins til Helgu eldri systur Bjargar sem þá var orðin hreppstjórafrú í Síðumúla. Þar nutu þær mæðgur skjóls allt þar til Helga, móðir Bjargar lést 20. maí árið 1871[1014]

Í skýrslunni sem tekin var um mál og heyrnarlausa fyrir árið 1887 má lesa eftirfarandi um ástand Bjargar, þá 56 ára:

> Vitskert, gjörir ekkert. Hún naut í móðurhúsum tilsagnar bæði í kristindómi og venjulegri kvenfólksvinnu. Tilsögnin öll var veitt með bendingum. Hún er nú vitskert, getur því ekki unnið fyrir sjer, og nýtur einskis opinbers styrks, en er forsorguð af ættingjum.[1015]

---

1008 ÞÍ Biskupsskjalasafn. III. Bréfabók biskups 1856.
1009 ÞÍ. Vesturhópshólar í Vesturhópi–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1863. Manntal 1816.
1010 ÞÍ. Staðarbakki í Miðfirði–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1859.
1011 ÞÍ. Gilsbakki í Hvítársíðu–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1869.
1012 ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AE/6–1. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla.
1013 ÞÍ Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um mál og heyrnarlausa fyrir árið 1860.
1014 ÞÍ. Gilsbakki í Hvítársíðu–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Síðumúla 1816–1878. Manntal 1816.
1015 ÞÍ Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um mál og heyrnarlausa fyrir árið 1887.

Björg hélt áfram að eiga skjól í Síðumúla hjá systur sinni og mági alveg fram á langsíðustu ár ævi sinnar. Það vekur þó athygli að hún lést 27. febrúar árið 1904 sem „ómagi á Þorgautsstöðum“ í Síðumúlasókn. Hún varð „bráðkvödd“ 73 ára gömul.[1016]

88) **Ásmundur Ásmundsson** fæddist 23. apríl árið 1845 á Bægistöðum í Þistilfirði. Hann var sonur hjónanna Ásmundar Jónssonar og Kristínar Ingveldar Jónsdóttur, sem þá bjuggu á Bægistöðum.[1017] Um það leyti sem Ásmundur var farinn að stafa fluttist fjölskyldan úr sókninni og settist að á Tjörnesi.[1018] Hann fermdist frá foreldrum sínum í Mánárseli í Húsavíkursókn 11. júlí árið 1859 þar sem hann þótti lesa prýðilega, kunna bæði og skilja „allt kverið smátt og stórt siðprúður og gegn.“[1019] Eftir fermingu hófst hefðbundin vinnumennska hjá Ásmundi bæði í Þistilfirði og Kelduhverfi.[1020] Hann kom svo aftur í foreldrahús sem þá voru í Þórunnarseli í Kelduhverfi eftir 1861.[1021]

Það var í mars, að öllum líkindum árið 1868, að Ásmundur fór einhvera erinda yfir Axarfjarðarheiði og lenti í grimmdarfrosti og kafaldsbyl. Hann reyndi að snúa til baka en hrapaði fram af hengiflugi. Þar lá hann illa slasaður heila nótt og daginn eftir, eftir að hríðinni slotaði, reyndi hann að komast til byggða. Við tók sólahrings villa í hreinviðri en mikilli frosthörku. Þá loks komst hann í húsaskjól og þá kom í ljós að fætur hans báðir og vinstri höndin voru beinkalin. Limir hans vor þíddir í snjóvatni í tíu daga en engu varð bjargað.[1022]

Mánuði eftir hrakfarirnar var hann kominn til foreldra sinna í Þórunnarsel. Þar kom héraðslæknirinn frá Akureyri og tók af vinstri höndina rétt fyrir framan miðjan framhandlegg og annan fótinn um ökkla. Aðstoðarmaður héraðslæknisins tók síðan hinn fótinn nokkru síðar.[1023] Ásmundur lá rúmfastur í rúmt ár eftir aðgerðirnar. Hann flutti til foreldra sinna sem þá voru sjálf flutt á Tjörnesið. Á meðan Ásmundur var enn að ná styrk sínum lést móðir hans 1. ágúst árið 1869. Þeir feðgar bjuggu saman í Húsavík næstu árin og vann Ásmundur fyrir sér bæði á sjó og landi. Hann gekk í hjónaband með Kristbjörgu Jónsdóttur árið 1875.[1024] Þau hjón settust að í húsmennsku í Kúðá í Þistilfirði og bjuggu þar næstu tólf árin.[1025] Árið 1883 fluttu þau hjónin Ásmundur og Kristbjörg til Vesturheims og settust að í Argylebyggð þar sem þau stunduðu ýmis landbúnaðarstörf.

---

1016 ÞÍ. Gilsbakki í Hvítársíðu–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1870–1918.
1017 Skírnarfærsla Ásmundar finnst ekki í kirkjubók. ÞÍ. Svalbarð í Þistilfirði / Raufarhöfn–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1847–1852, 1856, 1861, 1867, 1870, 1872–1875 og 1877–1891. Sjá einnig Jónas Þorbergsson. „Ásmundar saga fótalausa.“, 173.
1018 ÞÍ. Svalbarð í Þistilfirði / Raufarhöfn–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1847–1852, 1856, 1861, 1867, 1870, 1872–1875 og 1877–1891. ÞÍ. Svalbarð í Þistilfirði / Raufarhöfn–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1850–1891.
1019 ÞÍ. Húsavík á Tjörnesi–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1869.
1020 ÞÍ. Svalbarð í Þistilfirði / Raufarhöfn–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1847–1852, 1856, 1861, 1867, 1870, 1872–1875 og 1877–1891. ÞÍ. Garður í Kelduhverfi–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1847–1883.
1021 ÞÍ. Garður í Kelduhverfi–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1847–1883.
1022 Jónas Þorbergsson. „Ásmundar saga fótalausa“, 174–175.
1023 Ibid., ÞÍ. Skjalasafn Landlæknis. Ársskýrslur héraðslækna fyrir árið 1868.
1024 ÞÍ. Húsavík á Tjörnesi–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1870–1880.
1025 ÞÍ. Svalbarð í Þistilfirði / Raufarhöfn–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1847–1852, 1856, 1861, 1867, 1870, 1872–1875 og 1877–1891.

Ásmundur Ásmundsson lést 24. janúar árið 1924 í Kanada.[1026] Hann var 78 ára að aldri.

89) **Soffía Emilía Friðfinnsdóttir** fæddist á Litluvöllum í Bárðardal hinn 22. nóvember árið 1847. Hún var dóttir hjónanna Friðfinns Illugasonar bónda og eiginkonu hans Rósu Tómasdóttur. Soffía var yngst sex barna þeirra hjóna.[1027]

Soffía ólst upp með foreldrum sínum og systkinum á Litluvöllum. Hún var farin að lesa árið 1853 en veiktist og missti bæði mál og heyrn um það leyti.[1028] Árið 1858 skráði sóknarpresturinn við nafn hennar í sóknarmannatalinu að hún væri „haldin heyrnar og mállaus."[1029] Tíu árum síðar fór Soffía, þá rúmlega tvítug, „til lærdóms" að Prestbakka á Síðu til sr. Páls Pálssonar. Þar var hún í þrjú ár.[1030]

Sr Páll Pálsson (5) fermdi Soffíu Emilíu í Dómkirkjunni í Reykjavík fjórða sunnudag eftir Trinitatis árið 1871 með sérstöku biskupsleyfi dagsettu 28. júní sama ár.[1031] Að því búnu flutti Soffía burt frá Prestbakka aftur í foreldrahús í Bárðardal ásamt Hólmfríði eldri systur sinni sem hafði verið vinnukona á Prestbakka síðasta ár Soffíu þar.[1032]

Eftir að Friðfinnur faðir Soffíu lést haustið sem þær systur komu heim urðu mikil umskipti í fjölskyldunni. Tómas bróðir þeirra hafði nokkrum árum áður tekið við búinu á Litluvöllum og var Rósa móðir þeirra í horninu hjá honum á meðan Jón, annar bróðir, og Hólmfríður settu saman sjálfstætt bú á Íshóli og höfðu Soffíu með sér þangað.[1033]

Í skýrslu um mál- og heyrnarlausa sem tekin var saman fyrir árið 1880 kom fram að Soffía hafi „ofan af fyrir sér sjálf" með tóvinnu.[1034] Ári síðar var Soffía í stöðu húskonu á Íshóli. Þegar Jón gifti sig, fluttu þær systur Soffía og Hólmfríður að Hrappsstöðum þar sem Hólmfríður stóð sjálfstætt fyrir búinu og var Soffía vinnukona hjá henni.[1035] Þær áttu eftir að búa þar saman það sem eftir lifði ævi Soffíu.

Soffía Emilía Friðfinnsdóttir lést á Hrappstöðum 14. október árið 1910 úr bjúgbólgu 63 ára gömul. Í athugasemd í prestsþjónustubókinni kom fram að hún hafi verið „heyrnar og máll.[aus] frá æsku lærði fingramál hjá sr. Páli Prestbakka."[1036]

90) **Jón Björnsson** fæddist í Þórormstungu í Vatnsdal 18. janúar árið 1851. Hann var sonur hjónanna Björns Jónssonar bónda í Þórormstungu og eiginkonu hans Gróu

[1026] „Æfiminning Ásmundar Ásmundssonar 1845–1924", 2.
[1027] ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Lundarbrekku 1817–1847.
[1028] ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1835, 1837, 1839, 1841, 1845, 1846, 1849–1879 og 1881–1892. ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890– Statistisk bureau 1904 AA/5–1–1. Þingeyjarsýslur, Norður–Múlasýsla og Suður–Múlasýsla.
[1029] ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1835, 1837, 1839, 1841, 1845, 1846, 1849–1879 og 1881–1892.
[1030] ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1864–1892.
[1031] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1861–1880.
[1032] ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1864–1892.
[1033] ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1835, 1837, 1839, 1841, 1845, 1846, 1849–1879 og 1881–1892.
[1034] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Skýrslur um mál og heyrnarlausa fyrir árið 1880.
[1035] ÞÍ. Lundarbrekka / Eyjardalsá í Bárðardal–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1835, 1837, 1839, 1841, 1845, 1846, 1849–1879 og 1881–1892.
[1036] ÞÍ. Mývatnsþing–prestakall 0000 BA/5–1–1 Prestsþjónustubók 1875–1951.

Snæbjörnsdóttur.[1037] Þegar Jón flutti burt úr sókninni á ellefta ári ásamt foreldrum sínum og bræðrum að Snæringsstöðum í Svínadal var hann ekki bara orðinn vel læs heldur kunni hann vers og bænir og þótti í alla staði mjög „efnilegur.“[1038]

Jón var fermdur frá foreldrum sínum á Snæringsstöðum árið 1865 og þótti hegðan hans „góð“ og kunnáttan „prýðileg.“[1039] Hann hélt áfram að búa með foreldrum sínum og flutti með þeim að prestsetrinu Ríp í Hegranesi þegar bróðir hans tók við brauðinu þar. Í manntalinu sem tekið var árið 1870 var Jón vinnumaður á Ríp.[1040]

Árið 1877 þegar Jón var 26 ára gamall tók hann við búskapnum á Höllustöðum í Blöndudal.[1041] Bústýra hans var Elín Jónsdóttir sem hafði alist upp á Höllustöðum hjá foreldrum sínum. Þau Jón og Elín gengu í hjónaband hinn 17. júlí árið 1881.[1042]

Jón og raunar öll hans fjölskylda hafði verið óvenju heilsuhraust. Hann sjálfur hafði fengið hettusótt sem unglingur og lá fjóra daga í mislingum stuttu eftir að þau Elín giftu sig. [1043] Um sumarmál árið 1883 var Jón að venju að sinna búverkum og stóð í vatni allan daginn. Hann fékk „ónota og verk í hægri fótinn“ sem settist svo að í hnénu. Sársaukinn var mestur ef hann rétti úr fætinum eða kreppti hann saman. Fyrst var leitað til hómópata en meðul hans komu að engu liði. „Leið svo fram um jól. Hætti þá sjúklingurinn að hafa fótavist.“ Aftur var hómópatinn sóttur en án nokkurs árangurs. Þá var loksins sóttur læknir sem greindi Jón með „vatn í hnéliðnum.“ Læknirinn ráðlagði joðbakstra og bindi um fótinn. Í mars skoðaði læknirinn Jón aftur „og lagði þrístandi bindi á hnéð og gaf styrkjandi meðal og brjóstmeðal því sjúklingurinn hafði töluverðan bronchitis.“ Læknir þessi hafði samt sem áður áhyggjur af ástandi Jóns sérstaklega vegna þess að hann var svo langt í burtu frá allri læknishjálp. Hann hafði meðal annars samband við Landlækni til að leita ráða. Þegar heilt ár var liðið frá því að Jón kenndi sér fyrst meins þá „sprakk hnémeinið úr, og útkom í fyrstu litlaus vökvi, en brátt tók gröftur að vella út, og hnéð að bólgna.“ Eftir að læknir hafði skorið aftur og aftur í bólguna var Jón fluttur heim til læknisins. Þar gekk „hnéð úr liði og allt umhverfðist sem mest mátti vera. Stórkostleg legusár mynduðust og sjúklingur megraðist og tærðist.“ Jón var fluttur á sjúkrahúsið á Akureyri og hinn 8. júlí árið 1884 var fóturinn fjarlægður. Það stöðvaði samt ekki gröftinn sem „gróf sig upp með beininu og kring um það og át sig upp með því að utan.“ Þá var kallaður til danskur læknir sem var á skipi sem lá í höfn á Akureyri. Hann skar í gröftinn en það nægði ekki til að stöðva sýkinguna. Á endanum var Jón fluttur til Reykjavíkur þar sem enn stærri hluti að fætinum var skorinn af hinn 11. desember. „Síðan hefur gengið vel með sjúklinginn og útlit er fyrir að hann grói. Hann er orðinn vel styrkur og búinn að ná holdum sínum aftur.“[1044]

Jón Björnsson „óðalsbóndi á Höllustöðum“ lést 20. maí árið 1887 þá 36 gamall.[1045]

---

[1037] ÞÍ. Grímstungur í Vatnsdal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1871.
[1038] Ibid. ÞÍ. Grímstungur í Vatnsdal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1849–1873.
[1039] ÞÍ. Auðkúla í Svínadal–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1866.
[1040] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/4–1–1. Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla.
[1041] ÞÍ. Auðkúla í Svínadal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1866–1891.
[1042] ÞÍ. Auðkúla í Svínadal–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók Svínavatns 1867–1907.
[1043] ÞÍ. Skjalasafn Landlæknis. Skýrsla héraðslækna fyrir árið 1884.
[1044] Ibid.
[1045] ÞÍ. Auðkúla í Svínadal–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók Svínavatns 1867–1907.

91) **Finnbogi Björnsson** fæddist í Fjarðarbotni í Fjörðum hinn 9. september árið 1852. Hann var sonur hjónanna Björns Magnússonar bónda í „Botni“[1046] og eiginkonu hans Kristínar Finnbogadóttur. Þegar Finnbogi var á fjórða ári veiktist hann illa og var blindur upp frá því. Ekki er ljóst hvort hann hafði fram að því þroskast eðlilega en þegar fram liðu stundir var augljóst að honum varð ekkert kennt „til munns nje handa.“[1047]

Finnbogi bjó með foreldrum sínum og systkinum í Botni í nær tvo áratugi. Björn, faðir hans lést 14. febrúar árið 1871 og bjó Kristín áfram með börn sín í Botni. Í skýrslu um blinda fyrir árið 1874 kom fram að Finnbogi naut framfærslu frá móður sinni og var ekki hreppslægur.[1048] Það breyttist síðar og var Finnbogi skráður ómagi í Botni „ólæs ófermdur blindur“ í sóknarmannatalinu árið 1873.[1049]

Kristín móðir Finnboga lést „ekkja í Botni“ 7. júlí árið 1887.[1050] Þá var Finnbogi búinn að vera ómagi á bænum Keflavík í næsta nágrenni Botns í tvö ár. Síðar var hann settur niður á Arnareyri.[1051]

Finnbogi Björnsson „sveitarómagi“ lést 21. janúar árið 1889.[1052] Hann varð 36 ára gamall.

92) **Björn Sigurður Jónsson** fæddist 28. nóvember árið 1856 norður á Knarrareyri á Flateyjardal við Skjálfanda. Foreldrar hans voru hjónin Jón Jónsson og Elínborg Finnbogadóttir búandi á Knarrareyri – eða „Eyri“.[1053] Björn ólst upp í foreldrahúsum með systkinum sínum og föðurömmu. Eitthvað stóð á því að Björn færi að stafa, kveða að, hvað þá stauta og árið 1866 þegar Jón faðir Björns lést var Björn ennþá alveg ólæs.[1054]

Heimilið á Knarrareyri var leyst upp í kjölfarið af andláti Jóns bónda og kom hreppsnefndin í Hálshreppi Birni fyrir í Hjaltadal í Fnjóskadal og síðar á Litlu Tjörnum.[1055] Í húsvitjun sóknarprestsins í Hálssókn árið 1872 var Björn „léttadrengur“ á Litlu Tjörnum og sama ár var hann fermdur frá húsbændum sínum, hjónunum á Litlu Tjörnum og þótti bæði kunnátta Björns og hegðan vera „sæmileg.“[1056]

Árið 1873 fór Björn aftur í Hjaltadal sem „léttadrengur“ en tveimur árum síðar var hann kominn á sveitina aftur „treglæs og málhaltur.“[1057] Þá lá leið Björns heim til móður sinnar sem bjó í Nýjabæ í Flateyjardal.[1058] Þar var hann til heimilis innan við ár ásamt bróður sínum og systur sem var „vitskert.“ Næsta áratug var Björn á sveit á nokkrum bæjum í

---

1046 Bæjarnafnið Fjarðarbotn var ávallt stytt í Botn í Sóknarmannatölum Þönglabakkasóknar. ÞÍ. Þönglabakki í Fjörðum–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1867. ÞÍ. Þönglabakki í Fjörðum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1862–1888.
1047 ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um blinda fyrir árið 1871.
1048 ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um blinda fyrir árið 1874.
1049 ÞÍ. Þönglabakki í Fjörðum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1862–1888.
1050 ÞÍ. Þönglabakki í Fjörðum–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók Þönglabakka 1868–1901.
1051 ÞÍ. Þönglabakki í Fjörðum–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1889–1928.
1052 ÞÍ. Þönglabakki í Fjörðum–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók Þönglabakka 1868–1901.
1053 ÞÍ. Þönglabakki í Fjörðum–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók Flateyjar 1817–1867. Manntal 1816.
1054 Ibid., ÞÍ. Þönglabakki í Fjörðum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1862–1888.
1055 ÞÍ. Háls í Fnjóskadal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1868–1873 og 1875–1877.
1056 ÞÍ. Háls í Fnjóskadal–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Háls 1817–1881.
1057 ÞÍ. Háls í Fnjóskadal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1868–1873 og 1875–1877.
1058 ÞÍ. Þönglabakki í Fjörðum–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók Flateyjar 1868–1901.

Flateyjardal og þá lengst í Vík.[1059] Fardagaárið 1888–1889 var honum komið fyrir í Grímsey og þegar hann var skráður brottfluttur úr eyjunni var hann skráður vinnumaður en ekki með neinn ákveðinn áfangastað.[1060]

Þegar hreppsnefnd Hálshrepps kom sama hinn 5. október árið 1889 til að ræða um „ómagahald og vandræðamenn hreppsins“ ályktaði hún að Björn fengi að vera veturlangt í Flateyjarsókn að þessu sinni.[1061] Björn var aftur kominn í Fnjóskadal ári síðar og þar var hann fram yfir aldamótin 1900 og þegar manntalið var tekið árið 1901 var hann „matvinnungur“ í Garði í Fnjóskadal. „Fötlun: „fábjáni.“ Atvinna: „vinnur mörg vanda minni störf.“ Árin 1904–1905 var Björn skráður sem vinnumaður á Veisu og þaðan fluttist hann yfir á Lómatjörn í vinnumennsku í eitt ár. Þegar hann komi til baka inn í Hálssókn árið 1907 var skrifað „(búfr.[æðingur]“ við nafn hans í prestsþjónustubókina.

Hinn 25. febrúar 1908 lést Björn Sigurður Jónsson „vinnumaður í Austari-Krókum.“ Hann drukknaði „í Fnjóská niður um ís.“[1062] Hann var þá 51 árs að aldri. Í fundargerð hreppsnefndarinnar í Hálshreppi 13. júní sama ár var reikningur „yfir útför Björns sál. Jónssonar“ að upphæð kr. 45.86 aurar samþykktur „að frádregnum kr. 6. 96 legkaup og líksöngseyrir er nefndin áleit ekki bera skyldu til að borga, þar er hinn látni hefði verið á sveit.“[1063]

93) **Guðmundur Gíslason** fæddist í Húsey í Glaumbæjarsókn hinn 29. ágúst árið 1859. Foreldrar hans voru Gísli Gíslason bóndi í Húsey og eiginkona hans Margrét Gottskálksdóttir. Guðmundur var yngstur af þremur sonum þeirra hjóna.[1064] Þau hjónin skildu að skiptum nokkru síðar og var Guðmundi komið í fóstur að Ytri Brekkum í Hofstaðasókn. Síðustu fjögur árin fyrir fermingu var Guðmundur alltaf skráður sem léttadrengur í sóknarmannatali.[1065]

Á hvítasunnudag árið 1874 var Guðmundur fermdur í kirkjunni í Glaumbæ í Skagafirði. Þá voru foreldrarnir skráðir „þáverandi hjón“ og voru til heimilis hvort á sínum bænum. Guðmundur þótti „vel læs kann og skilur eins siðsamur.“[1066]

Eftir ferminguna fór Guðmundur að Krossanesi í Glaumbæjarsókn sem smali. Fyrri hluta árs 1877 varð Guðmundur fyrir einhverju áfalli sem gerði hann ekki einungis óvinnufæran heldur að öllum líkindum ósjálfbjarga um tíma. Hvernig þetta áfall var og hverjar afleiðingar það hafði kemur ekki fram í opinberum samtímaheimildum. Í hreppsreikningum Seyluhrepps var bókað að greiða 120 kr. ómagameðlag með Guðmundi að Krossanesi árið 1877. Þetta var langhæsta meðlagið sem greitt var með ómögum hreppsins, ekki bara þetta ár heldur í mörg ár, bæði á undan og eftir.[1067] Árið 1879 var Guðmundur settur niður á Skarðsá og var þá meðlagið með honum 100 kr. á ári. Í

---

[1059] ÞÍ. Þönglabakki í Fjörðum–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1862–1888.
[1060] ÞÍ. Miðgarðar í Grímsey–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1843–1923.
[1061] HérÞing. HRP–40/3 Hálshreppur. Fundabók sveitanefndarinnar í Hálshreppi 1879–1895.
[1062] ÞÍ. Háls í Fnjóskadal–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1890–1921. ÞÍ. Háls í Fnjóskadal–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1882–1948.
[1063] HérÞing. HRP–36/3. Hálshreppur. Sveitarbók Hálshrepps 1905–1915.
[1064] ÞÍ. Glaumbær á Langholti–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1849–1885.
[1065] ÞÍ. Hólar í Hjaltadal / Viðvík–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1866–1877 og 1879.
[1066] ÞÍ. Glaumbær á Langholti–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1849–1885.
[1067] HérSkag. Safn N00004–Seyluhreppur Skagafirði: Skjalasafn. N00004_D_1_4.pdf.

manntalinu sem tekið var árið 1880 var Guðmundur skráður sem fatlaður niðursetningur á Skarðsá án nokkurra annarra athugasemda.[1068]

Guðmundur Gíslason fór til Vesturheims frá Skarðsá árið 1883.[1069] Hann var þá 24 ára að aldri. Í hreppsreikningum Seyluhrepps er meðlag með honum kr. 338 kr. 74 aur. fært til gjalda árið 1883.[1070] Guðmundur lést hinn 11. maí 1886.“[1071]

94) **Vermundur Guðmundsson** fæddist í Kaldbaksseli á Skagaströnd hinn 24. ágúst árið 1860. Foreldrar hans, Guðmundur Magnússon og Guðný Pálsdóttir voru ógift og var þetta þeirra annað lausaleiksbrot saman.[1072] Miklar líkur eru á því að Vermundur hafi fæðst „illa fatlaður á fæti.“[1073]

Vermundur fylgdi foreldrum sínum á milli kotbæja í sókninni næstu árin. Hann var seinn til lesturs og var enn „illa stautandi“ á sínu fjórtánda ári og „ei byrjaður“ á barnalærdómi.[1074] Hann náði þó fermingu árið 1877, las vel og hafði „kynnt sér biflíusögur.“[1075] Foreldrar Vermundar bjuggu hvað lengst í Sléttárdal og eftir fermingu var Vermundur hjá þeim sem niðursetningur.[1076] Í sóknarmannatali Höskuldsstaðarsóknar árið 1882 kemur fram að þau þiggja öll þrjú af sveit. Eftirfarandi athugasemd var skrifuð við nöfn þeirra: „ef til vill alfarin síðan send saman að Hurðabaki.“ Ekki varð úr þessum áætluðu hreppaflutningum fyrr en árið 1887 og þá voru það Vermundur og Guðný móðir hans sem voru flutt þangað.[1077] Þegar manntalið var tekið árið 1890 var Vermundur orðinn vinnumaður á Efri Mýrum á Skagaströnd. Þar var eldri systir hans bústýra, móðir hans húskona og faðir hans sveitarómagi.[1078]

Árið 1891 fór Vermundur að búa í Kollugerði ásamt „fylgikonu“ sinni Lovísu Hjálmarsdóttur. Þau eignuðust nokkur börn saman í Kollugerði, Jakobínu Sigurlaugu árið 1891, Jón Magnús, f. 1893, d. 1894, Pétur Jón, f. 1894 og Önnu Sigríði, f. 1897. Guðmundur faðir Vermundar lést árið 1897, níræður að aldri og Guðný móðir hans lést ári síðar.[1079]

Hinn 20. júlí árið 1898 eignaðist Arnfríður Sigurðardóttir, vinnukona í Sneis í Blöndudal, stúlkubarn sem fékk nafnið Kristín Karólína við skírn. Við það tilefni lýsti

---

1068 ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/4–1–1. Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla.
1069 ÞÍ. Glaumbær á Langholti–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1849–1885.
1070 HérSkag. Safn N00004–Seyluhreppur Skagafirði: Skjalasafn. N00004_D_1_4.pdf.
1071 Dánardagur Guðmundar er fenginn úr Íslendingabók. VEF. Íslendingabók.is.
1072 ÞÍ. Höskuldsstaðir á Skagaströnd / Skagaströnd–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1849–1883.
1073 Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga*, 249.
1074 ÞÍ. Höskuldsstaðir á Skagaströnd / Skagaströnd–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1864–1876.
1075 ÞÍ. Höskuldsstaðir á Skagaströnd / Skagaströnd–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1849–1883.
1076 ÞÍ. Höskuldsstaðir á Skagaströnd / Skagaströnd–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1877–1907.
1077 ÞÍ. Höskuldsstaðir á Skagaströnd / Skagaströnd–prestakall 0000 BA/6–1–1.Prestsþjónustubók 1883–1908.
1078 ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/4–1–1. Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla.
1079 ÞÍ. Höskuldsstaðir á Skagaströnd / Skagaströnd–prestakall 0000 BA/6–1–1.Prestsþjónustubók 1883–1908.

Arnfríður Vermund föður að barninu.[1080] Kristín var sett niður á Sölvabakka í Höskuldstaðasókn.[1081] Í manntalinu sem tekið var árið 1901 var Lovísa flutt frá Vermundi í Kollugerði og hjá honum var dóttir þeirra Jakobína. Í skrá þeirri sem tekin var saman yfir alla þurfamenn landsins árið 1902 var eftirfarandi athugasemd skrifuð um Vermund:

> Hann er óskynsamlega uppalinn; fékkst innan við tvítugsaldur eigi til að læra söðlasmíði sem hreppsnefndin gaf kost á og var ei unnt að ráða við hann fyrir þvermóðsku. En er svo fatlaður í fæti að hann getur ei gengið til algengrar vinnu. Einrænn og drykkfelldur. Á fjögur börn í lausaleik, eitt aðeins ókomið.[1082]

Hinn 16. nóvember árið 1902 fæddist þeim Vermundi og Arnfríði andvana sveinbarn og þremur árum síðar kom Jónas sonur þeirra í heiminn.[1083] Árið 1907 var Vermundur lausamaður á Blálandi og þar var einnig Arnfríður vinnukona með Jónas litla. Sambúð þeirra Vermundar og Arnfríðar stóð ekki lengur en til ársins 1909 og fór þá Jónas sem tökubarn til vandalausra.[1084] Vermundur sjálfur flutti sem „tökumaður“ að Holti í Þingi árið 1915 þar sem Jakobína dóttir hans var bústýra. Anna alsystir Jakobínu var einnig vinnukona í Holti.

Vermundur Guðmundsson „tökumaður í Holti“ varð úti „í hríð á leið frá Bl[öndu]ós til Hnjúka“ í svokölluðu Halaveðri 8. febrúar árið 1925.[1085] Hann var 64 ára að aldri.

95) **Valgerður Pétursdóttir** fæddist að Reykjum í Hrútafirði 27. febrúar árið 1860. Hún var dóttir hjónanna Péturs Sigurðssonar sjómanns á Reykjum og eiginkonu hans Sigríðar Guðmundsdóttur. Valgerður var yngsta barn þeirra hjóna og fæddist blind.[1086] Í skýrslu um blinda fyrir árið 1883 kom fram að foreldrar Valgerðar væru „búandi fátæk.“ Valgerður var þá búin að læra allan barnalærdóminn utan að á tveimur árum en var líkamlega „veik.“[1087] Hún var því fermd „heima“ með sérstöku biskupsleyfi 12. júlí árið 1886 að viðstöddum tveimur sóknarnefndarmönnum sem vottuðu ferminguna. Hún kunni „ágætlega“ og skildi „allvel.“[1088] Undir aldamótin 1900 komu foreldrar Valgerðar sér fyrir í húsmennsku á Fossi og önnuðust um hana það sem eftir lifði ævinnar. Síðustu árin var hún skráð sem sveitarómagi.[1089]

Valgerður Pétursdóttir „niðurseta á Fossi“ lést 12. apríl árið 1912, 52 ára að aldri.[1090]

---

[1080] ÞÍ. Blöndudalshólar í Blöndudal–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók Holtastaða 1877–1908.

[1081] ÞÍ. Manntalið 1901–Statistisk bureau 1914 A/56–1–1. Höskuldsstaðir, Spákonufell (Skagaströnd), Hof.

[1082] Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga*, 249.

[1083] ÞÍ. Höskuldsstaðir á Skagaströnd / Skagaströnd–prestakall 0000 BA/6–1–1.Prestsþjónustubók 1883–1908.

[1084] ÞÍ. Höskuldsstaðir á Skagaströnd / Skagaströnd–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1907–1923.

[1085] ÞÍ. Þingeyraklaustur í Þingi / Blönduós–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1911–1939.

[1086] ÞÍ. Staður í Hrútafirði–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1865–1899.

[1087] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur um blinda fyrir árið 1883.

[1088] ÞÍ. Staður í Hrútafirði–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1865–1899.

[1089] ÞÍ. Prestsbakki í Hrútafirði–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1910–1914

[1090] ÞÍ. Prestsbakki í Hrútafirði–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1899–1937.

96) **Hólmfríður Jónatansdóttir** fæddist hinn 18. júní árið 1870 á Siglunesi í Hvanneyrarsókn. Foreldrar hennar, þau Jónatan Jónatansson bóndi á Siglunesi og unnusta hans Guðný Björnsdóttir ekkja giftu sig síðar sama ár.

Hólmfríður fluttist með foreldrum sínum og hálfsystkinum sammæðra yfir í Skagafjörð árið 1874 og settust þau að í Bæ í Höfðasókn.[1091] Þar ólst hún upp og var fermd frá foreldrum sínum hinn 6. júní árið 1885. Hún las „dável", kunni „ágætlega", skildi heldur „laklega" og skrifaði einnig „laklega."[1092]

Fljótlega eftir fermingu veiktist Hólmfríður á sinni og varð alveg sambandslaus við umhverfi sitt.[1093] Fjölskyldan flutti að Mannskaðahóli í sömu sókn og var Hólmfríður áfram á heimili foreldra sinna. Hinn 30. september árið 1894 eignaðist Hólmfríður stúlkubarn á Mannskaðahóli sem fékk nafnið María við skírn.[1094] Hólmfríður gat ekki greint frá faðerni Maríu vegna veikinda sinna.[1095] María litla fór strax í fóstur til vandalausra.[1096] Árið 1901 voru þær mæðgur fluttar hreppaflutningi í fæðingarhrepp Hólmfríðar við Siglufjörð. Í skránni yfir þurfamenn sem tekin var saman árið 1902 kom fram að yfirvöld á Siglufirði höfðu miklar áhyggjur að því að „stúlka þessi [verði] þungur ómagi framvegis."[1097] Hólmfríður var „hér og þar í hreppnum" eins og skrifað var við nafn hennar í sóknarmannatali Hvanneyrarsóknar árið 1904.[1098] Þegar manntalið var tekið árið 1910 var Hólmfríður sjúklingur á Kleppsspítala.[1099] Hún var þar til æviloka.

Hólmfríður lést á Kleppsspítala hinn 1. mars árið 1925 og hvílir í Hólavallagarði í Reykjavík.[1100] Hún var 54 ára að aldri.

97) **Steinunn Sigurðardóttir** fæddist hinn 5. febrúar árið 1871 á Bakka í Vatnsdal. Hún var dóttir húshjónanna Sigurðar Sigurðarsonar og Unu Bjarnadóttur.[1101] Steinunn ólst að mestu leyti upp hjá foreldrum sínum fram undir fermingu en var tökubarn bæði í Koti og á Hofi á meðan hún var að læra fræðin. Hún kunni kristindóminn „dável" þegar hún var á Hofi árið 1882.[1102]

Steinunn var fermd frá húsbændum sínum á Ási í Vatnsdal árið 1885. Auk þess að kunna sinn kristindóm las hún „dável" og hegðunin var „ágætl.[eg]." Hún fluttist svo úr sókninni til Hafnarfjarðar árið 1888.[1103]

Hinn 27. apríl árið 1899 eignaðist Steinunn stúlkubarn í Reykjavík. Stúlkan var skírð að Litla Bergi í Reykjavík þar sem Steinunn var vinnukona og fékk nafnið Una Sigurrós. Við

---

1091 ÞÍ. Hvanneyri í Siglufirði / Siglufjörður–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1910.
1092 ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1840–1895
1093 Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga*, 274.
1094 ÞÍ. Hofsþing–prestakall 0000 BA/3–1–1. Prestsþjónustubók Hofs (að mestu) 1852–1895.
1095 Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga*, 274.
1096 ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1899–1901.
1097 Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga*, 274.
1098 ÞÍ. Hvanneyri í Siglufirði / Siglufjörður–prestakall 0000 BC/9–1–1. Sóknarmannatal 1902–1914.
1099 ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/51–1–1. Kirkjustræti 10–Laufásvegur 38.
1100 VEF. „Legstaðaskrá."
1101 ÞÍ. Undirfell í Vatnsdal–prestakall 0000 BA/2–1–1. Prestsþjónustubók 1816–1875. Manntal 1816.
1102 ÞÍ. Undirfell í Vatnsdal–prestakall 0000 BC/3–1–1. Sóknarmannatal 1873–1894.
1103 ÞÍ. Undirfell í Vatnsdal–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1875–1922.

það tækifæri lýsti Steinunn sænskan sjómann að nafni Karl Sigfrid Nilsen föður að barni sínu.[1104] Við barnsburðinn flosnaði Steinunn upp úr vistinni og voru þær mæðgur settar niður á sinn hvorn bæinn í Ásahreppi, Steinunn á Eyjólfsstaði og Una litla í Kot.

Hinn 19. desember árið 1900 eignaðist Steinunn dreng á Eyjólfsstöðum og fékk hann nafnið Haraldur. Faðir hans var Hjálmur Hjálmsson sem þá var lausamaður í Saurbæ.[1105] Haraldur litli fór sem niðursetningur fyrst að Snæringsstöðum og síðar að Ásbjarnarnesi í Vesturhópi.[1106]

Steinunn dvaldi hjá foreldrum sínum um jólin árið 1902. Þau voru þá húshjón á Bakka í Vatnsdal. Hún hafði mikinn hug á að heimsækja drenginn sinn um þetta leyti enda var hún á leið í vist á útmánuðum og sá ekki fram á annað tækifæri til slíkrar farar. Hún lagði því af stað þrátt fyrir ískyggilegt veðurútlit á annan dag jóla ásamt öðrum manni sem átti í svipuðum erindagjörðum. Það skall á stórhríð sem slotaði ekki fyrr en eftir þrjá sólahringa. Steinunn og ferðafélagi hennar villtust í hríðinni og lágu úti þar til birti upp 29. desember. Þá komust þau í húsaskjól illa kalin á fótum og höndum.

Steinunn var síðar flutt á Blönduós þar sem tveir héraðslæknar söguðu af henni fæturna um „Kálfsporð“ og vísifingur vinstri handar. Ferðafélagi hennar fékk svipaða útreið.[1107] Eftir að hafa gróið sára sinna hjá foreldrum sínum á Bakka var Steinunn sett niður hjá hreppstjóranum í Þórormstungu. Hún gat fljótlega farið að vinna fyrir sér með einu og öðru og var í stöðu vinnukonu á heimilinu þegar sóknarmannatalið var tekið árið 1904. Steinunn fylgdi hjónunum á Þórormsstöðum þegar þau fluttu að Undirfelli.[1108] Þar var hún heimilisföst alla tíð síðan. Steinunn sinnti innanhússtörfum og saumaskap á heimilinu allt fram yfir 1940.[1109]

Síðustu æviár sín dvaldi Steinunn á elliheimilinu Grund. Þar lést hún 19. desember árið 1952 úr lungnabólgu. Hún var grefruð í kirkjugarðinum að Undirfelli hinn 3. janúar árið 1953.[1110] Steinunn var komin yfir áttrætt þegar hún lést.

98) **Ólína Þorbjörg Jónsdóttir** fæddist að Hleiðargarði í Eyjafirði, nánar tiltekið í Saurbæjarsókn hinn 26. desember árið 1880. Hún var dóttir Guðrúnar Jónsdóttur ekkju og ókvænts bóndasonar á bænum, Jóns Ólafssonar.[1111] Á Hleiðargarði var tvíbýli og bjó nýgift systir Jóns með eiginmanni sínum á hinu heimilinu.

Engum sögum fór af Ólínu Þorbjörgu í sóknarmannatölum Saurbæjarsóknar fyrr en hún var tíu ára, árið 1890. Þá kom fyrst fram að hún var „blind.“ Móðir hennar var þá í stöðu vinnukonu á heimilinu en faðir hennar var enn hluti af barnahópi hinna búandi hjóna. Tveimur árum síðar var Jón tekinn við búskap af föður sínum og Guðrún komin í stöðu

---

[1104] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BA/11–1–1. Prestsþjónustubók 1899–1909.

[1105] ÞÍ. Undirfell í Vatnsdal–prestakall 0000 BA/4–1–1. Prestsþjónustubók 1875–1922.

[1106] ÞÍ. Manntalið 1901–Statistisk bureau 1914 A/54–1–1. Þingeyrar, Hjaltabakki (Blönduós), Undirfell. Sjá einnig Kristjana Ó. Benediktsdóttir, „Í norðlenskri stórhríð“, 103.

[1107] Ibid., 106.

[1108] ÞÍ. Undirfell í Vatnsdal–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1894–1909.

[1109] ÞÍ. Manntalið 1901–Statistisk bureau 1914 A/54–1–1. Þingeyrar, Hjaltabakki (Blönduós), Undirfell. ÞÍ. Manntalið 1930–Hagstofa Íslands 1944 A/18–1–1. Húnavatnssýsla II. ÞÍ. Manntalið 1940–Hagstofa Íslands 1955 A/30–1–1. Austur Húnavatnssýsla II.

[1110] ÞÍ. Þingeyraklaustur í Þingi / Blönduós–prestakall 0000 BA/7–1–1. Prestsþjónustubók 1940–1960.

[1111] ÞÍ. Saurbær í Eyjafirði–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1860–1884.

bústýru á heimilinu. Ólína Þorbjörg var þá í fyrsta skipti skráð sem „barn þeirra blind óviti." Í húsvitjun sóknarprestsins árið 1901 skráði hann Þorbjörgu Ólínu sem fermda. Hann strikaði svo yfir það og skrifaði yrðinguna „fábjáni" við nafn hennar. Aftur gerði hann slíkt hið sama tveimur árum síðar nema þá skrifaði hann yrðinguna „óviti."[1112] Sú yrðing fylgdi Ólínu Þorbjörgu næsta áratug. Þá féll nafnið Ólína í burtu og árið 1918 var Þorbjörg skráð sem „dóttir húsfreyju aumingi."[1113]

Guðrún móðir Þorbjargar lést árið 1921 og þremur árum síðar eða 25. júní árið 1924 lést Þorbjörg Jónsdóttir „fábjáni í Hleiðargarði" úr berklum.[1114] Hún var 44 ára að aldri.

99) **Mikael Jónsso**n fæddist á nýársdag árið 1891 á Siglufirði. Foreldrar hans voru hjónin Jón Þorsteinsson sjómaður og eiginkona hans Hólmfríður Jónsdóttir. Mikael var einkabarn þeirra hjóna.[1115] Litla fjölskyldan flutti sig milli staða fyrstu ár Mikaels en árið 1893 settust þau að á Hvanneyri. Í sóknarmannatali Hvanneyrarsóknar á Siglufirði fyrir árið 1896 kom fram að Mikael var farinn að „stafa mikið vel" og kunni bæði „bænir og vers." Ári síðar var hann „stautfær vel" en „veikur."[1116]
Í ágúst árið 1898 drukknaði Jón faðir Mikaels við sjöunda mann þegar hákarlaskipið Helga frá Staðarhóli fórst. Þá var Mikael sjö ára gamall.[1117] Hólmfríður móðir hans flutti í kjölfarið að Sandhóli með drenginn og móður sína. Í húsvitjun sama ár gat sóknarpresturinn þess að Mikael væri „vel læs og gefinn fyrir bækur (Er máttlaus)." Árið 1899 var Mikael „farinn að læra B.[iblíu]sög.[ur] (Er veikur)" og ári síðar var hann búinn með „N.[ýja] T.[estamentið] vel læs og skrifar talsvert."[1118] Í skrá yfir alla þurfamenn á Íslandi sem tekin var saman árið 1902 kom eftirfarandi fram um Hólmfríði móður Mikaels:

> Maðurinn hennar drukknaði fyrir 2 árum og eftirlét ekkjunni heilsulausan son 9 ára, hann er síðan rúmfastur krypplingur, sem alltaf fer hnignandi, og er furða hvað ekkjan bjargast með þvílíkan aumingja.[1119]

Mikael Jónsson lést hinn 13. mars árið 1903.[1120] Hann náði 12 ára aldri.

100) **Jón Halldór Jónsson** fæddist á Vatni á Höfðaströnd 16. júlí árið 1906. Hann var næstelsta barn foreldra sinna, þeirra Jón Jónssonar bónda á Vatni og eiginkonu hans Sigríðar Halldórsdóttur.[1121] Ekki er ljóst hvort Jón Halldór fæddist heilbrigður eða ekki. Þrátt fyrir þær upplýsingar úr manntalinu sem tekið var árið 1910 að Jón Halldór væri „fábjáni" þá voru engar athugasemdir skráðar við nafn hans í sóknarmannatölum fyrr en árið 1920, þ.e.

---

1112 ÞÍ. Saurbær í Eyjafirði–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1860–1867 og 1873–1886.
1113 ÞÍ. Saurbær í Eyjafirði–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1905–1920.
1114 ÞÍ. Grundarþing / Laugaland– prestakall 0000 BA/7–1–1.Prestsþjónustubók 1885–1933.
1115 ÞÍ. Hvanneyri í Siglufirði / Siglufjörður–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1910.
1116 ÞÍ. Hvanneyri í Siglufirði / Siglufjörður–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1889–1901.
1117 ÞÍ. Hvanneyri í Siglufirði / Siglufjörður–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1910.
1118 ÞÍ. Hvanneyri í Siglufirði / Siglufjörður–prestakall 0000 BC/8–1–1. Sóknarmannatal 1889–1901.
1119 Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga*, 275.
1120 ÞÍ. Hvanneyri í Siglufirði / Siglufjörður–prestakall 0000 BA/9–1–1. Prestsþjónustubók 1862–1910.
1121 ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1896–1917.

um það leyti sem hann hefði átt að fermast.[1122] Þá skrifaði sóknarpresturinn sömu yrðinguna og kom fram í manntalinu, þ.e. „fábjáni.“ Það endurtók hann í fimm ár.[1123] Árið 1925 skrifaði hann „Heyrnar og mállaus og að öðru fatlaður.“ Ári síðar kom yrðingin „Heyrnar og mállaus aumingi.“ Árin 1927 og 1928 var skrifað „Fábjáni.“[1124]

Jón Halldór Jónsson lést „hjá foreldrum á Mannsk.[aða]h.[óli]“ hinn 22. maí árið 1929 úr infúensu.[1125] Hann var 22 ára gamall.

101) **Jón Alfreð Andersen** fæddist á Akureyri hinn 19. júlí árið 1910. Hann var sonur Georgs Andersen „mótorista“ á Akureyri og bústýru hans og verðandi eiginkonu, Kristínar Kristinsdóttur.[1126] Jón Alfreð fluttist með foreldrum sínum til Siglufjarðar og fermdist í Siglufjarðarkirkju 8. júní árið 1924 með sérstöku leyfi. Í áliti sóknarprestsins um „hvernig barnið les, kann kristindóm, skrifar, reiknar og hegðar sér“ fékk Jón eftirfarandi umsagnir: „vel+, vel+, vel+, ág.[ætlega].“[1127]

Í byrjun árs 1929 fóru Jón Alfreð og foreldrar hans í skemmtiferð inn á Ólafsfjörð með báti. Þar varð það óhapp að skot hljóp úr hlaðinni haglabyssu í eigu Jóns og hæfði „i vinstri handlegg hans og tætti hann í sundur svo taka varð af honum hendina neðan við olnboga. Í grein undir fyrirsögninni „Slys“ var fjallað um áfallið í blaðinu *Siglfirðingi*. Þar segir meðal annars:

> Þetta slys er því sorglegra, sem hjer er um ungan mann og efnilegan að ræða, og aðalstoð bláfátækra foreldra. Er hann nú örkumlamaður fyrir lífstíð og bönnuð að miklu leyti sjálfsbjargarviðleitni. Væri það nú drengilega gert af Siglfirðingum, að bregðast vel við nauðsyn þessa unga bágstadda manns og hjálpa með fjárframlögun hver eftir getu sinni. „Siglfirðingur“ skal fúslega veita viðtöku framlögum góðra gefenda.[1128]

Eitthvað hefur söfnunin á Siglufirði gengið hægt því hinn 20. apríl sama ár birtist álíka hjálparbeiðni í *Morgunblaðinu* undir yfirskriftinni „Rjettið hjálparhönd“:

> Piltur einn frá Siglufirði kom inn í skrifstofu Morgunblaðsins í gær og sagði raunarsögu sína. Hann var á ferð í Ólafsfirði þ. 23. janúar síðastliðinn. Þar vildi það slys til að drengur sem með honum var, handljek hlaðna byssu hans, og reið skotið úr byssunni í hendi Jóns. Molaðist höndin svo að eigi voru önnur ráð en taka hana af honum. Gerði það Sig. Magnússon læknir. Pilturinn er 18 ára. Er hann nú hingað kominn til þess að fá sjer gerfihönd, því að svona á sig komin á hann erfitt, ef ekki ómögulegt með að vinna fyrir sjer. En hann er svo fátækur, að hann hefir ekki efni

[1122] ÞÍ. Manntalið 1910–Stjórnarráð Íslands–III. skrifstofa 1914 A/105–1–1. Hof á Höfðaströnd. ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð–prestakall 0000 BC/5–1–1. Sóknarmannatal 1904–1913. ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1913–1916.
[1123] Sóknarmannatal 1904–1913.
[1124] ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1913–1916.
[1125] ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð–prestakall 0000 BA/6–1–1. Prestsþjónustubók 1918–1960.
[1126] ÞÍ. Hrafnagil í Eyjafirði / Akureyri–prestakall 0000 BA/12–1–1. Prestsþjónustubók 1903–1929.
[1127] ÞÍ. Hvanneyri í Siglufirði / Siglufjörður–prestakall 0000 BA/5–1–1. Prestsþjónustubók 1911–1935.
[1128] „Slys“, 14. júlí 1917.

> á að kaupa sjer gerfihöndina og eru það vinsamleg tilmæli blaðsins, að bæjarbúar greiði götu þessa bágstadda pilts og skjóti saman nokkru fje handa honum. Samskotafje veitt móttaka á afgreiðslu Morgunblaðsins.[1129]

Í byrjun júní þakkaði Jón Alfreð fyrir aðstoðina með nokkrum þakkarorðum í *Morgunblaðinu*:

> Innilega þakka jeg öllum þeim sem brugðust svo vel við þegar Morgunblaðið hóf samskot fyrir mig til þess að jeg gæti fengið mjer gervihönd, í stað handarinnar, sem jeg missti.[1130]

Hinn 10. nóvember 1937 samþykkti framfærslunefnd Siglufjarðar að „Jón Andersen fengi 100 krónur í örorkubætur."[1131] Jón var síðar vélstjóri við Skeiðsfossvirkjun 1946–1978 „er hann lét af störfum sökum aldurs."[1132] Jón Alfreð Andersen „Eyrargötu 9, Siglufirði lést 16. júní árið 1989 á sínu 79. ári."[1133]

*Samantekt*

Norðlendingafjórðungur náði yfir svæðið frá Hrútafjarðará að Langanesi.[1134] Sagðar voru sögur af 21 einstaklingi, sem fæddir voru á tímabilinu frá 1780–1910, 11 konum og 10 körlum. Flest þeirra náðu háum aldri. Þrjú náðu ekki fermingu vegna kvilla sinna en fimm fengu undanþágu til fermingar. Þrjú þeirra voru blind og sjö mál- og/eða heyrnarlaus. Mörg hver voru með fleiri en einn kvilla. Ein kona var geðveik og fjórum var lýst sem fábjánum. Einn varð handarvana og öldungis óvíst er hvernig einn var fatlaður. Hann hét Guðmundur Gíslason og var komið fyrir í fóstri eftir að foreldrar hans skildu að skiptum. Hann fermdist frá fósturforeldrum sínum á réttum tíma með fínum umsögnum frá sóknarprestinum. Hann var innan við tvítugt þegar eitthvað kom fyrir hann, sem gerði hann ekki bara óvinnufæran heldur að öllum líkindum ósjálfbjarga í lengri eða skemmri tíma. Hreppsyfirvöld kusu að borga undir hann far til Vesturheims og losa sig þar með við framfærsluábyrgðina gagnvart honum. Ekki er hægt að sjá í heimildum annað en hann hafi farið án fylgdar til Vesturheims.

Foreldrar Vermundar Guðmundssonar, sem fæddist að öllum líkindum illa fatlaður á öðrum fæti, voru ógift og þáðu af sveit. Það sama má segja um Vermund þegar hann fullorðnaðist. Hann fékk, að öllum líkindum, ekki að kvænast fylgikonum sínum vegna fátæktar og sveitarskuldar. Sólveig Eiríksdóttir vann sér það til óhelgis gagnvart hreppsyfirvöldum að vilja ekki vinna. Hún var sögð „ódresi" og fékk það hlutskipti að ganga frá bæ til bæjar um hrepp sinn áratugum saman.

Fimm lengri sögur voru sagðar úr Norðlendingafjórðungi af fjórum konum og einum karli. Þrjár þeirra tengjast saman vegna staðsetningar og því sem virðist hafa verið staðbundið einelti.

---

1129 „Rjettið hjálparhönd", 20. apríl 1929.
1130 Jón Andersen, „Þakkarorð", 4. júní 1929.
1131 *Neisti*, 27. nóvember 1937.
1132 „Stefanía Jóhannsdóttir", 23. desember 1985.
1133 VEF. „Legstaðaskrá."
1134 Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II., 38.

Ein var um mál- og heyrnarlausa konu, sem bjó við áberandi betri kjör en aðrir og önnur um Guðríði Ögmundsdóttur, vanheila konu sem varð fyrir misnotkun.

Eins og kemur fram í sögunum hér að framan og samantektum eftir hvern landsfjórðung, var hægt var að draga fram all ítarlegar upplýsingar um einstaklingana eitt hundrað og einn með aðferðafræði rannsóknarinnar. Sögurnar eru þær það næsta sem hægt er að komast að lífsþráðum einstaklinganna. Þær eru á einhvern hátt endursköpun á lífi þeirra og sýna aðstöðu og þau kjör sem þeim voru sköpuð. Út frá þessari greiningu gefst færi á að velta fyrir sér tilfinningarrökum og spurningum, sem koma til hugar við slíka rakningu. Það sem dregur fram viðhorf samfélagsins til fatlaðs fólks var tungutak embættismannana í yrðingum heimildanna. Hér á eftir verða dregin fram nokkur dæmi um hvernig yrðingarnar gátu tekið breytingum eftir því sem leið á lífsferil einstaklinganna.

Þó svo að það hafi farið fram hjá ljósmóðurinni í heilan sólarhring að ekki væri allt með felldu hjá Einari litla Hákonarsyni (56), þá blöstu aðrir meðfæddir kvillar við hjá öðrum einstaklingum allt frá fæðingu eins og visnir útlimir eða augasteinalaus augu. Það er hægt að lesa úr yrðingunum, hvernig grunsemdir um að eitthvað væri ekki eins og það átti að vera sem breyttust í vissu eftir því sem leið á ævi viðkomandi einstaklinga. Fyrstu merki um einhverja undirliggjandi kvilla komu oftast fram í málnotkun viðkomandi einstaklinga. Þau voru málhölt, blest í máli, mállítil og bögumælt. Síðar urðu þau dauf eða illa skiljandi. Þar á eftir koma yrðingar, sem vísa í greind eða gáfnafar eins og fásinna, vesalingur, fáráðningsleg og skilningslaus. Að lokum komu yrðingar á borð við fábjáni, aumingi, fáráðlingur, vitskertur og vitfirringur. Þegar um var að ræða einhvers konar hugarvíl þá var byrjað á yrðingum á borð við fásinnu, þunglyndi og jafnvel leti áður en sami einstaklingur varð lýstur geðveikur.

Tímabilið, sem hér er til umfjöllunar frá 1770 til 1936, telur 166 ár eða um það bil fjórar kynslóðir. Það er ekki fyrr en í tíð fjórðu kynslóðarinnar sem merkja má einhverjar breytingar á viðhorfi og úrræðum í átt til nútímavæðingar. Einstaklingar sem fæddust á síðustu áratugum 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. máttu frekar eiga von á því að vera aflimaðir á sjúkrastofnun en ekki í heimahúsi og komast úr útihúsum inn á sjúkrastofnun. Einstaklingur með litla sem enga heyrn gat fengið faglega þjálfun, sífellt yngri að árum, en ekkert var farið að bóla á kennslu og þjálfun þeirra sem gátu ekki séð. Haglega smíðaðir stokkar eða önnur heimasmíðuð hjálpartæki viku fyrir gervihöndum og gervifótum, sem skotið var saman í fyrir hina ógæfusömu. Það sem ekki breyttist var hvað gott skjól og gott tilfinningasamfélag getur gert gæfumuninn fyrir viðkvæma einstaklinga.

Lagt var upp með jafnt andlega og líkamlega kvilla í upphafi rannsóknarinnar og jafnvel efnahagslegar afleiðingar þessara kvilla. Í stað þess að flokka kvillana í andlega og líkamlega var nauðsynlegt að horfa einnig til þess hvort þeir voru meðfæddir eða áunnir og til að flækja málin enn þá þarf einnig að greina á milli einstakra kvilla og margþættra. Einnig varð að taka breytuna *staða* í sundur þar sem mörkin á milli þeirra sárafátæku og þeirra er þáðu af sveit var oft á tíðum mjög óljós. Einnig skipti vinnuframlag hvers og eins sköpum, hvort sem þeir voru formlegir ómagar eða ekki. Hér á eftir verða þessir þættir greindir þar sem allir mögulegir flokkar kvillnanna eru settir í samhengi við efnahag, kyn og aldur einstaklinganna þegar það á við. Ég legg áherslu á að mörkin á milli allra þessa flokka geta oft verið óljós. Það á sérstaklega

við þegar kvillarnir voru andlega og/eða líkamlega margþættir og tungutak samtímans náði ekki yfir þá.

Eins og áður hefur komið fram var sjálfur líkami hvers og eins aðalvinnutækið á tímabilinu og það skipti alltaf máli hvernig hver og einn var fær um að beita honum. Einnig varð samfélagið að „samþykkja“ hvaða vinnuframlag væri hluti að samfélagsgerðinni. Það virðist nokkuð ljóst að þeir sem fæddir voru blindir eða misstu sjón á unga aldri gátu framfleytt sér á sambærilegan hátt og þeir sem voru með sjón. Þeir gátu lært til fermingar með utanbókarlærdómi og gert sig skiljanlega við samfélagið. Elliblinda var mjög algeng en hafði á sama hátt enginn sérstök áhrif á framleiðnina ef ekkert annað stóð í veginum. Staðan var heldur flóknari fyrir þá sem fæddust heyrnardaufir eða misstu heyrn á unga aldri. Þá gat lærdómsferillinn til fermingar orðið flókinn eins og mörg undanþágubréfin til biskups bera með sér. Hér verður þáttur efnahagsins meira áberandi í því hvernig heyrnarlausum farnaðist. Það var nokkuð um það að engin tilraun væri gerð til þess að kenna og uppfræða þau heyrnarlausu. Hér verður að slá þann varnagla að ekki var alltaf tíundað um gáfnafar viðkomandi. Kannski fylgdu með einhverjar þroskaskerðingar sem ekki urðu efni í ákveðnar yrðingar. Það er auðveldlega hægt að draga þá ályktun af sögunum að heyrnarlausar konur áttu það til að einangrast miklu meira frá öðrum en karlar og þurfti þá ekki búsetu á afskekktum heiðarbýlum til. Einnig má gera sér í hugarlund að því heyrnarlausa fólki sem gat gert sig skiljanlegt við aðra hafi farnast betur. Í það minnsta varð til sérstakt tilfinningasamband milli hinna heyrnarlausu og þeirra sem náðu að skilja þau. Til eru sögur af foreldrum og systkinum sem náðu að búa til eða tileinka sér einhvers konar táknmál sem miðlunarleið á milli hins heyrnarlausa og samfélagsins áður en sérstök námsleið varð formlega til á Íslandi.

Aðrir meðfæddir líkamlegir kvillar gátu verið af ýmsu tagi eins og visnir eða lamaðir útlimir, dvergvöxtur eða klofinn gómur svo fátt eitt sé talið. Í þessum tilfellum skipti mögulegt vinnuframlag öllu máli og átti það við jafnt um karla sem konur. Það má segja það sama um líkamlega áunna kvilla, sem gátu verið vegna kals, slysa eða jafnvel afleiðinga veikinda. Það fór allt eftir því hvort einhver marktæk úrræði voru til staðar, eins og til dæmis að breyta um verklag eða þjálfa sig upp í nýtt starf og/eða flytja búferlum. Það sem var þó ólíkt milli þessara flokka voru úrræðin sem stóðu körlum til boða, sérstaklega ef þeir voru með fjölskyldu á framfæri. Það átti ekki við um konur nema í þeim tilfellum þar sem þær voru kostaðar til að læra eitthvað til handanna eða safnað var fyrir saumavél eða eitthvað slíkt. Það var mikil virðing borin fyrir þeim körlum sem lifðu af hrakninga á sjó og landi með tilheyrandi aflimunum og oft fengu þeir viðurnefni er vísaði til kvilla þeirra í kjölfarið.

Afleiðingar sjúkdóma á borð við sullaveiki og holdsveiki gátu svo sannarlega fatlað þau sem þannig var ástatt fyrir. Yfirleitt blasti einungis við langt og kvalafullt veikindaferli sem endaði í dauða. Það er spurning hvort meint geðveiki og þá sérstaklega hjá kvenkyns sjúklingum hafi ekki oft verið viðbrögð við þessum hræðilegu og kvalafullu sjúkdómum? Í slíkum tilfellum var ekki hægt að krefjast vinnuframlags af þeim og það var oftar en ekki ávísun á sveitarframfærslu. Margir lífsþráðanna bera einnig með sér tilfinningu um líkamlegt slit sem jókst sífellt eftir því sem árin liðu. Útlimir krepptust af slitgigt og herðakistlar mynduðust. Vinnutækið varð laskað og jafnvel ónýtt langt fyrir aldur fram.

Það er gróflega hægt að skipta andlegum kvillum í tvennt, þroskaskerðingar og geðveiki. Annað hugtakið, geðveiki, var til í málinu en ekki „þroskaskerðingar,“ hvað þá einhverjir

undirflokkar þeirra. Yrðingin geðveik/ur var notuð vítt og frjálslega, sérstaklega framan af en varð beinskeyttari eftir því sem leið á tímabilið og læknar fóru að gefa út sínar greiningar. Nokkuð var um tímabundna geðveiki og það átti sérstaklega við um konur. Stundum er hreinlega hægt að tengja tímabilin við hvörf í lífi þeirra, eins og til dæmis andlát nánasta aðstandanda og/eða hjálparhellu. Konur „misstu vitið“ og urðu geðveikar á ýmsum tímabilum á ævinni en einkum eru þau tilfelli athyglisverð þegar veikin helltist yfir í kjölfar kynþroskans.

Það að fæðast fábjáni þýddi ekki alltaf einhvers konar útskúfun úr samfélaginu. Ef viðkomandi fæddist inn í fjölskyldu sem bjó við efnahagslegt öryggi eða komst í góða vist í lengri eða skemmri tíma var ekkert því til fyrirstöðu að hans eða hennar biði sómasamleg starfsævi. Þetta átti sérstaklega við þau sem náðu upp ákveðinni hæfni til einhverra sérverkefna eins og til dæmis skepnuhald eða sjósókn. Þetta átti frekar við um karla en konur. Þær fengu einnig á sig mun harðorðari yrðingar, sérstaklega í hreppsbókum.

Hvort sem kvillarnir voru meðfæddir eða áunnir, andlegir eða líkamlegir, þá gat lífið bjargast fyrir horn ef kvillarnir voru einfaldir, efnahagslegar aðstæður voru ákjósanlegar og mannlegt skjól fyrir hendi. En þegar fjölgaði í kvillasafninu hjá einstaklingi, eins og til dæmis þegar líkamlegir kvillar fylgdu andlegum, og jafnvel sjúkdómar á borð við holdsveiki og sullaveiki bættust við, þá fór að fjúka í flest skjól. Að sjálfsögðu gátu einhver efni og skjól haft sitt að segja en ekki nema að takmörkuðu marki. Einstaklingar gátu legið í kör svo árum skipti án þess að geta sig hreyft og jafnvel hljóðandi af kvölum. Beinar heimildir um andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi gagnvart einstaklingunum er einkum að finna í málsskjölum dómstóla og eru lýsingarnar á ofbeldinu á sama tíma blátt áfram og einnig skelfilegar. Andblæ niðurlægingar og kúgunar má einnig greina í stöku yrðingum og þá sérstaklega er varðar einstaklinga með margþætta kvilla.

Að lokum verður að minnast á þau börn sem fæddust þeim er rötuðu inn á lista þessarar rannsóknar. Sum fæddust í hjónabandi og áttu skikkanlega ævi. Nokkuð var um að börnin væru alin upp innan nánustu fjölskyldu. Svo voru þau börn sem tekin voru af fötluðum mæðrum sínum og send til vandalausra eða jafnvel það sem var skelfilegt: fylgdu þeim í hverja sveitarvistina á fætur annarri. Þetta var gert þrátt fyrir að mæðurnar væru jafnvel viti sínu fjær af geðsjúkdómum. Mörg þessara barna komust á legg og eignuðust afkomendur en önnur létust á barnsaldri. Sum þeirra áttu síðar eftir að kynnast af eigin raun einhverjum af þeim nýju stofnunum, sem voru stofnaðar á fyrri hluta 20. aldar hér á landi sérstaklega fyrir viðkvæma einstaklinga.

# III. Nokkur stef úr sögunum

Barbara Rosenwein gaf út bókina *Generations of Feeling* árið 2015. Aðferðafræði Rosenwein er, eins og áður hefur komið fram, að safna saman tilfinningaorðum úr fornum og nýrri heimildum og greina með þeim hvert tilfinningasamfélagið á fætur öðru. Að því búnu setur hún saman eins konar smásögur sem byggja á stefjum og þrástefjum úr heimildunum sem draga fram breytileikann frá einu tilfinningasamfélagi til annars. Í þessu verki eru stefin ekki byggð á beinum tilfinningorðum eins og hjá Rosenwein heldur yrðingunum sem eru eins konar huglægt mat á ástandi einstaklinga þar sem tungutak um viðkomandi ástand var mjög takmarkað. Yrðingarnar eru oft á tíðum mjög tilfinningatengdar og arfleifð þeirra lýsir vel tilfinninga- og tungutakssamfélögum á Íslandi áður en ritskoðun nútímavæðingarinnar tók við.[1135] Tilfinningaorð Rosenwein eru að jafnaði huglægari en yrðingarnar en skyldleikinn er sannarlega fyrir hendi.

Einnig er aðferðafræði Rosenwein notuð til að greina nokkra mjög sterka samhljóma, eða það sem ég hef kosið að nefna stef í yrðingunum.[1136] Hér er ekki um beina greiningu á tilfinningasamfélögum að ræða heldur frekar ákveðin huglæg stef er tengjast fermingu, skjóli, ábyrgð, arfi, mati á vinnuframlagi, úrræðaleysi og úrræðum. Öll þessi stef fela í sér einhverjar sögur af tilfinningasamfélögum sem tengjast ákveðnum viðbrögðum einstaklinga og yfirvalda

Að lokum kemur samantekt þar sem sjónum er beint að endalausu mótlæti sem felur jafnvel í sér hægfara ofbeldi. Umfjöllun af þessu tagi á að draga enn betur fram aðstæður einstaklinga og hvað þeir áttu sammerkt án þess að missa sjónar á hverjum lífsþræði fyrir sig. Tilfinningasamfélögin eru svo margbreytileg að nauðsynlegt var að segja 101 sögu og þenja með því skala einsögunnar til hins ítrasta.

## 1. Vegabréf fermingarinnar

Fermingin og þá sjálf fermingarathöfnin skipti sérhvern einstakling höfuðmáli á því tímabili sem rannsóknin nær yfir. Hún var ekki einungis endurnýjun þess loforðs sem gefið var fyrir hans hönd í barnaskírninni heldur ávísun bæði á andlegt samfélag með öðrum fermdum einstaklingum í altarissakramentinu og veraldlegt brautargengi í heimi fullorðinna. Þeir sem ekki náðu fermingu einhverra hluta vegna, héldu áfram að vera „óvitar“ á forræði annarra. Eins og áður hefur komið fram var barnaferming þó ekki svo gamalt fyrirbæri í lok 18. aldar[1137] en þá var þó komin á skipuleg og hnitmiðuð uppfræðsla barna sem endaði með fermingu við 14–15 ára aldur þeirra að öllum jafnaði. Þetta kom í stað hæggengs og slitróts ferils sem hafði oft tekið mun lengri tíma af ævi einstaklinganna. „Meðan á henni [uppfræðslunni] stóð var hinn uppvaxandi einstaklingur hins vegar settur undir miklu strangari aga en áður hafði tíðkast.“[1138]

[1135] Rosenwein, B., *Generations of Feeling: A History of Emotions 600–1700*, 3.
[1136] Hér mætti einnig nota orðið þema í fleirtölu eða jafnvel bókmenntafræðilega hugtakið minni.
[1137] Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, 134. „Tilskipun um vinnuhjú á Íslandi.“, 396.
[1138] Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, 95.

Helstu skilyrði fermingarinnar voru skírnin sjálf, tilskilinn aldur og svo fullnægjandi kunnátta í „aðalatriðum trúarbragðanna“ og lestri. Þessi skilyrði leiddu til þess að „óvitar og vitstola menn verða ekki fermdir, meðan svo er ástatt um þá.“[1139] Þetta átti við t.d. um Pálínu Árnadóttur (10), Guðrúnu Magnúsdóttur (29), Guðmund Ögmundsson (30), Arnbjörn Arnbjörnsson (32). Hallgerði Magnúsdóttur (60) og Níels Jónsson (72) svo einhverjir séu nefndir.

Sóknarprestum bar að fylgjast með uppfræðslu barna í árlegum húsvitjunum sínum á hvern bæ í sókninni. Þeim var skylt að láta börn:

> lesa á bók og eins hlýða þeim yfir það, sem þau eru búin að læra í kristindóminum, og spyrja þau út úr því, til þess að vita hvort þau skilji það og fræða þau á því, sem þau ekki skilja; þeir eiga nákvæmlega í hvert skipti að setja á sig hvað hvert barn er búið að læra og hvað miklum framförum það hefi tekið síðan seinast að þeir spurðu það, einkum ef barnið hefir skipt um verustað, og rita það hvert skipti inn í sálnaregistrið.[1140]

Sóknarmannatöl þau sem varðveist hafa eru því einstakar heimildir um náms- og kunnáttuferil þorra alþýðu á tímabilinu. Í flestum tilfellum var allur námsferillinn skjalfestur í sóknarmannatölum allt frá því að einstaklingar lærðu að þekkja fyrstu stafina til áfanga í utanbókarlærdómi í grundvallaratriðum kristindómsins.[1141]

Um undanþágur til fermingar varð að sækja til biskupsins yfir Íslandi sem gat samkvæmt lagaboði gefið leyfi til að ferma börn sem ekki höfðu náð tilskildum aldri á fermingardaginn en voru að öðru leyti fullnuma og þá einstaklinga sem voru komnir á fermingaraldur en skorti tilskilda þekkingu hvort sem það var í lestri eða kristindómi. Einnig gat biskup veitt sóknarpresti leyfi til að ferma barn í heimahúsum, „ef því er hættusamt eða ómögulegt að sækja kirkju vegna heilsu sinnar, eða ef það er krypplingur eða hefir önnur stórkostleg líkamslýti, að koma þess til kirkjunnar og yfirheyrsla gæti vakið hneyxli, tilsk 23. marz 1827 gr. 3.“[1142] Það var einmitt raunin í tilfelli Valgerðar Pétursdóttur (95). Hún var blind og svo líkamlega veik að hún var fermd heima með leyfi biskups í votta viðurvist. Þetta ákvæði virðist hafa verið sett til að vernda söfnuðinn í heild frá því að horfa upp á líkamlega afskræmda einstaklinga auk þess, að öllum líkindum, að vernda viðkvæma einstaklinga fyrir áreiti safnaðarins.[1143]

Ósk um undanþágu til fermingar var undantekningarlaust gerð skriflega. Sóknarprestur ýmist skrifaði sínum prófasti bréf með ítarlegum rökstuðningi eða beint til biskups. Heimildir eru fyrir því að prófastar hafi lagt sín lóð á vogarskálina ef þeir þekktu eitthvað til viðkomandi einstaklings. Ef biskup féllst á beiðnina var sú ákvörðun tilkynnt skriflega og færðu prestar dagsetningu leyfisins inn í prestsþjónustubækur sínar.

Rökstuðningurinn fyrir undanþágubeiðninni getur varpað mögnuðu ljósi á bæði ytri aðstæður og innra líf þeirra sem undanþágurnar snerust um. Það kom fyrir að sóknarprestarnir lögðu alveg sérstaka áherslu á andlega sáluhjálp fermingarinnar. Það átti við í tilfelli hinnar heyrnar- og mállausu Sólveigar Sigurðardóttur (27). Hún var komin undir þrítugt þegar

---

[1139] Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, 134.
[1140] Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, 109–110.
[1141] Sjá t.d. yrðingar um námsferil Vigfússonanna úr sóknarmannatölum sem tíundaðar eru fremst í þessu verki.
[1142] Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, 100.
[1143] Um þetta ákvæði hef ég ekki fundið fræðilega umfjöllun.

sóknarpresturinn ritaði prófasti sínum og bað hann að koma undanþágubeiðni fyrir hana á framfæri við biskup. Þar lýsti hann innilegri löngun Sólveigar að „að gjörast hluttakandi í Drottins quoldmáltíðar.“ Prófastur bætti um betur í sínu bréfi til biskups og sagði Sólveigu „mikið oft fara til kirkju og þegar fólk færi til altaris þá vildi hún vera með, og þegar hún væri þess varnað þá gréti hún.“[1144] Í allsérstökum pistli í sóknarmannatali Miðdalaþinga kom fram hjá sóknarprestinum að þrátt fyrir að Ingigerður Gunnlaugsdóttir (71) væri málhölt, minnislaus og veigalítil þá væri hún

> mjög grandvör í hegðan sinni og vel þenkjandi eptir sínu litla viti. Hún elskar guð og frelsara sinn og veit að Guð elskar allt gott og að frelsarinn af elsku til mannanna leið fyrir þá. Hún hefur nokkrar hugmyndir um altaris sakramentið og langar mjög til að komast í kristinna manna tölu með því að verða fermd því hún hefur hugmynd um að það sé þýðingarmikið þó að hún geti ekki gert ljósa grein fyrir því. […]. Jeg er sannfærður um að hún sé meira guðsbarn en sumir þeir sem hafa fulla greind. Guð veri með henni![1145]

Bæði Sólveig og Ingigerður þráðu að komast í það tilfinningasamfélag sem varð til meðal þeirra sem gengu saman til altaris og þær náðu að koma því á framfæri við sína nánustu. Þær fengu báðar óskir sínar uppfylltar.

Lestur undanþágubréfs sóknarprestsins í Útskálasókn til biskups vegna Ragnhildar Ólafsdóttur (46) er upplýsandi. Eftir að hafa lýst því hvernig Ragnhildur, sem var yfirkomin af holdsveiki sem hafði bæði blindað hana og gert henni erfitt með að anda, hefði lært fræðin sín utanbókar en geti ekki lært að lesa vegna veikinda sinna þá biður hann biskup um að „veita henni þetta því hún hefur löngun til þess en vandræði er um hvað líf hennar kann lengi að treinast með þessa vesöld.“[1146] Sóknarpresturinn var að bregðast við sérstakri ósk hinnar deyjandi stúlku um að ná fermingu henni til sáluhjálpar. Eins og kemur fram í sögu Ragnhildar lést hún áður en undanþágan barst frá biskupi.

Það gekk engan veginn að kenna Vilborgu Guðnadóttur (45) að stafa eða stauta heima í föðurhúsum og því var hún send til móðursystur sinnar til fósturs og uppfræðslu. Á hefðbundnum fermingaraldri var hún aðeins farin að lesa „dálítið.“ Prófasturinn bað um undanþágu fyrir Vilborgu þegar hún var orðin sextán ára með þeim rökstuðningi að henni yrði ekki kennt meira:

> Þá má hún, að mínu áliti teljast læs þótt hún lesi seint og henni hætti til að anda á milli einstakra orða eða við annað hvert orð – og hvað seint henni hafi farið fram þetta ræð ég af húsvitjunarbókum formanns míns fyrir 3 árum er sagt hún „lesi nokkur“ og aptur seinna, að hún „lesi stirt.“ Kunnáttu hennar og skilning hefi ég haft tækifæri til að ransaka iðulega í vetur, fyrst við húsvitjun, og nú síðar, þar henni hefur verið komið fyrir á næsta bæ, svo hún geti fylgt öðrum úngmennum til yfirheyrslu. Mér hefir virst,

[1144] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi (CV/84 1831–1844).
[1145] ÞÍ. Miðdalaþing / Suðurdalaþing–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1885–1897.
[1146] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi ( CV/84 1831–1844).

> að hún kynni vel greinarnar utanað, og mun yfir höfuð minni hennar vera sæmilegt en næmið ofur lítið. Skilningurinn er sérlega tæpur, þó getur hún ef aukalega er spurt, gefið allsæmileg svör, en varla nema um höfuðatriði trúarbragðanna – og þannig segir og fósturfaðir hennar að herra stiftsprófast, […] hafi virst, þegar hann einhverntíma eptir bón hans yfirheyrði hana.[1147]

Þarna hafði augljóslega verið gert allt sem hægt var til að uppfræða Vilborgu og var nákvæmlega fylgst með hvað hún hafði numið. Í hennar tilfelli var áherslan lögð á kunnáttu hennar frekar en löngun til að komast í samfélag þeirra sem voru fermdir.

Það er annar tónn í undanþágubeiðnum þeim er snúast um þá einstaklinga sem sóknarprestar mátu þannig að þeir gætu unnið fyrir sér þrátt fyrir að geta ekki fullnægt lagaskilyrðum til fermingar. Þetta má sjá á því undanþágubréfi sem dómkirkjuprestur sendi biskupi vegna Jóns Gissurarsonar (41). Þá var Jón á sínu tvítugasta ári og enn á framfæri foreldra sinna. Dómkirkjupresturinn taldi sig hafa fullreynt að hann gæti ekki náð meiri þroska í andlegum efnum. Undanþágan var veitt og Jón var kominn í vinnumennsku stuttu eftir fermingu.

Í tilfelli Margrétar Arnljótsdóttur (47) sem var dvergvaxin og á sveitarframfæri í Reykjavík frá barnæsku þurfti ekki sérstaka undanþágu frá biskupi vegna þess að hún gat lært. Dómkirkjuprestur viðraði áhyggjur sínar af framtíð og framfærslu Margrétar í sóknarmannatalinu þegar hún var að nálgast fermingaraldurinn og taldi að það væri engin von „gaivu, nema ef hún lærði eitthvað til handanna.“[1148] Eftir fermingu Margrétar kom fátækranefndin henni fyrir í læri við saumaskap og „aðra konuvinnu.“[1149] Eftir það náði Margrét að vinna fyrir sér að ákveðnu marki. Við lestur nokkurra undanþágubréfanna virðist tilgangur þeirra vera helst sá að ljúka ákveðnu ferli sem því miður hefði ekki skilað tilskildum árangri. Þetta á til dæmis við í tilfelli Vilborgar Guðnadóttur (45) þar sem sóknarpresturinn lætur þess getið að „henni sé lítilla framfara von.“

Blind ungmenni höfðu þann möguleika að geta lært barnalærdóminn utan að. Ef blindunni fylgdu einhverjar meiri kvillar gat það orðið til þess að leita eftir undanþágu til fermingar. Þorbjörg Einarsdóttir (43) hafði lært fræðin þrátt fyrir að vera nærri blind en hún var líka „aumingi til alls.“ [1150] Í undanþágubréfi vegna hennar kemur fram að henni:

> hefir ecki sökum gáfnatregleika og það með svo mikils sjónleysi að ei er veglegt orðið kennt að lesa á bók og nú loksins nýlega fyrir mikla ástundum verið munnlega kenndar greinarnar eður inntakið af höfuðlærdómum Kristilegra trúarbragða og nauðsynlegustu bænir samt Lúthers litlu fræði; Yfirhöfuð er hún svo mikill aumingi svo vel til sálar og líkamlegs atgiorfis og vart eru nockur líkindi til, að hún til hlýtar fái meira lært.[1151]

---

[1147] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi (CV/84 1831–1844).
[1148] ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík–prestakall 0000 BC/6–1–1. Sóknarmannatal 1835–1845.
[1149] BS. Gjörðabók Fátækranefndar 1847–1876. Aðfnr. 41.
[1150] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi (CV/84 1831–1844).
[1151] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. V. Bréf til biskups úr Kjalarnesprófastsdæmi (CV/84 1831–1844).

Ekki þurfti að sækja um neina sérstaka undanþágu fyrir fermingu Þórðar Jónssonar (75) sem missti sjón á þriðja aldursári. Hann var fermdur ólæs en kunni „lærdómsbókina ágætlega“ utan að og reiknaði „dável.“[1152]

Það kemur fram í sóknarmannatölum að það var mun erfiðara fyrir sóknarpresta að meta gáfnafar og námsgetu þeirra barna og ungmenna sem skorti annað hvort mál eða heyrn eða hvort tveggja. Fyrstu merki um að ekki væri allt með felldu hjá barni voru oftast tengd við grun um mál- eða heyrnarleysi. Fyrstu yrðingarnar um Salvöru Jónsdóttur (35) í sóknarmannatölum voru um að hún væri „mállaus“ en talin hafa heyrn. Síðar var hún talin „biluð“ og enn síðar „aumingi á sál og líkama.“[1153] Það sama má segja um Eirík Helgason (15). Þegar hann veiktist á þriðja ári var talið að hann hefði misst það mál sem hann hafði haft og mátti ekki upp frá því greina hvort hann hefði einhverja heyrn eða enga.

Ekki er vitað hvernig og hjá hverjum Sæunn Jónsdóttir (82) lærði fræðin undir ferminguna. Hún var heyrnar- og mállaus en þótti siðgóð, hlýðin og skýr. Hún var fermd með sérstöku biskupsleyfi þegar hún var 18 ára og þótti þá „skýr en mállaus.“[1154] Þetta var árið 1818 en það var ekki fyrr en með tilskipun 26. febrúar árið 1872 að foreldrum heyrnar- og mállausra barna var gert skylt að koma þeim í sérstaka kennslu fyrir heyrnar- og málleysingja annað hvort á Íslandi eða jafnvel til Heyrnar- og málleysingjaskólans í Kaupmannahöfn.[1155] Þangað hafði Guðmundur Ögmundsson (30) verið sendur árið 1827 auk fleiri íslenskra ungmenna.[1156]

Undanþágubeiðnin sem barst biskupi vegna Bjargar Ólafsdóttur (87) varð til þess að hann skrifaði bréf til danska menntamálaráðuneytisins (d. *Kulturministeriet*) árið 1856 til að árétta hvers lags ófremdarástand væri í kennslu mál- og heyrnarlausra á Íslandi. Þar getur hann þess í framhjáhlaupi að stjúpfaðir Bjargar og eldri systir hafi í sameiningu búið til bendingamál og með því náð að uppfræða hana um „de vigtiger Religous Sandheder.“[1157] Það var ekki fyrr en sr. Páll Pálsson (14) hóf „málleysingjakennslu“ árið 1867 að hægt var að fá formlega uppfræðslu í gegnum táknmál. Páll hafði sjálfur sótt sér lækningu til Kaupmannahafnar vegna málleysis áður en að hann vígðist til prestskapar. Bæði Soffía Emilía Friðfinnsdóttir (89) og Anna Sigríður Magnúsdóttir (9) gengu í skóla sr. Páls. Soffía Emilía missti bæði mál og heyrn upp úr veikindum í barnæsku en hleypti heimdraganum um tvítugt og fór að Prestbakka á Síðu þar sem sr. Páll var prestur. Þar var hún í þrjú ár og hélt ekki heim fyrr en eftir að sr. Páll hafði fermt hana í Dómkirkjunni í Reykjavík með sérstöku biskupsleyfi. Anna Sigríður var einnig heimilisföst á Prestbakka hjá sr. Páli. Hún var þar í fimm ár, fyrst sem ófermdur nemandi og síðar sem fermd vinnukona.

Guðrún Guðmundsdóttir (36) var „ómáli.“ Hún fór einnig til kennslu á Prestbakka á Síðu. Hún var þar í sjö ár og eftir fermingu hjá sr. Páli gerðist hún bústýra hjá móður sinni. Jón Kristinn Sigfússon (57) fór aftur á móti til kennslu til sóknarprestsins á Stóra-Hrauni árið 1903

[1152] ÞÍ. Hestþing–prestakall 0000 BA/8–1–1. Prestsþjónustubók 1885–1927.
[1153] ÞÍ. Hruni í Hreppum–prestakall 0000 BC/7–1–1. Sóknarmannatal 1841–1845, 1847, 1850, 1852, 1854, 1857 og 1859.
[1154] ÞÍ. Biskupsskjalasafn. VI. Skýrslur yfir mál– og heyrnarlausa fyrir árin 1859, 1860 og 1862.
[1155] Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, 103.
[1156] Talið er að í það minnsta 35 Íslendingar hafi farið til náms til Kaupmannahafnar. Reynir Berg Þorvaldsson, *Saga heyrnarlausra á Íslandi*, 8.
[1157] ÞÍ Biskupsskjalasafn. Bréfabók biskups 1856.

enda var sr. Páll þá látinn. Þar var rekinn heyrnleysingjaskóli allt fram undir að sérstakur heyrnleysingjaskóli var stofnaður í Reykjavík árið 1908.[1158]

Þrátt fyrir að bæði Árni Jónsson (42) og Beinteinn Vigfússon (33) næðu ekki fermingu vegna fávisku og fábjánaskapar voru þeir báðir vistráðnir vinnumenn í lengri tíma. Það sama má segja um Kristján Jóhannes Sigurðsson (23) sem var ófermdur vinnumaður á prestsetrinu í Holti undir Eyjafjöllum í nær hálfa öld.

Fermingin var sannarlega vegabréf inn í heim fullorðinna og fullgildra samfélagsþegna þrátt fyrir að örfáir næðu að vinna fyrir sér án þeirrar vígslu. Þeir sem náðu að eiga starfsferil bjuggu í öðru skjóli sem var tengt þeirra eigin efnahag eða annarra. Kerfisbinding barnalærdómsins með fermingunni sem lokamarkmiði í átt að eins konar fullgildingu var eitt helsta einkenni á íslensku samfélagi á tímabilinu sem hér er til rannsóknar.[1159] Eftir ferminguna var svo hægt að taka þátt í samfélagi þeirra sem þáðu saman altarissakramentið sem þá var bæði táknræn og samfélagsleg staðfesting á þeirri stöðuhækkun sem fólst í því að vera kominn í tölu fullorðinna. Það var einnig sérstakt tilfinningasamfélag sem ófermdir áttu ekki aðgang að. Það má því segja að fermingin hafi virkað á þremur sviðum; hinu trúarlega, hinu veraldlega og síðast en ekki síst hinu tilfinningalega. Prestarnir vísuðu iðulega í mikla löngun hins ófermda til að komast í kristinna manna tölu með tilfinningarökum frekar en trúarlegum. Án fermingarinnar beið hins fatlaða ekkert annað en útskúfun frá samfélagi því sem kirkjan sem stofnun bauð upp á.

## 2. Berangur og skjól

Þó að fermingin væri viðburður sem lauk ákveðnu ferli hjá viðkomandi einstaklingum, þá var það ekki hún sem skildi á milli feigs og ófeigs heldur hvort viðkomandi byggi í skikkanlegu skjóli. Það gat verið annað hvort efnahagslegt eða tilfinningalegt skjól og í nokkrum tilfellum bjó fólk í góðu skjóli jafnt efnahagslega og tilfinningalega. Innan hvers heimilishalds mynduðust ýmiss konar tilfinningasamfélög til tilheyrandi stigveldis. Hið valdboðna hlutverk húsbóndans sem höfuð fjölskyldunnar og ábyrgðaraðili heimilisfólks hafði gífurleg áhrif á þessi tilfinningasamfélög. Skjólið sem heimilið gat gefið fötluðu fólki gat reynst bjargvættur en í öðrum tilfellum helvíti, t.d. þar sem fatlað fólk var misnotað. Það var alls ekki á vísan að róa hvorki fyrir almenning og því síður fyrir fatlað fólk og viðkvæma einstaklinga að komast í gott skjól Þar réðu fyrst og fremst lagaskyldur, efnahagslegar aðstæður, manngæska eða jafnvel skortur á henni á stundum. Sú skylduframfærsla sem var lögtekin með *Jónsbók* árið 1280 stóð í öllum aðalatriðum fram á 19. öld.[1160] Þar var kveðið á um gagnkvæma skyldu til framfærslu barna og foreldra sem og hjóna í millum auk systkina og systkinabarna í allt að fjórða lið. Í nýjum löggjöfum og tilskipunum á fyrri hluta 19. aldar var dregið úr skylduframfærslu fjölskyldunnar og hún bundin við beina ættleggi og sameiginlega framfærsluskyldu hjóna.[1161]

---

[1158] Reynir Berg Þorvaldsson, *Saga heyrnarlausra á Íslandi*, 39–40.

[1159] Sigurður Gylfi Magnússon hefur vakið athygli á að eitt einkenni á sjálfsævisögum fólks sem fætt var á 19. öld og í upphafi 20. aldar sé hversu mikil þáttaskil það sjálft taldi ferminguna vera í lífshlaupi sínu. Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 118. Sjá einnig Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 44–55.

[1160] *Jónsbók*: *Lögbók Íslendinga*, 141–147.

[1161] Arnljótur Ólafsson, „Um ómagaframfærslu.“, 148–228.

Þegar skylduskjól fjölskyldunnar þraut blasti við fólki sveitarframfærslan ein ef það gat ekki sjálft framfleytt sér á einhvern hátt.

Þau Guðrún Einarsdóttir (3) og Mikael Jónsson (99) bjuggu í góðu skjóli mæðra sinna þá stuttu ævi sem þau áttu. Þau voru bæði búin að vera lengi rúmföst þegar þau létust, hún 11 ára og hann 12 ára. Ólöf Steingrímsdóttir (25) sem fékk biskupsleyfi til fermingar þrátt fyrir að hafa óskiljanlegt málfæri og þunga heyrn var ávallt vinnukona, fyrst í skjóli foreldra sinna og síðar hjá bróður sínum. Eftir að hann drukknaði var hún vinnukona hjá mágkonu sinni og síðar hjá síðari manni hennar. Halldóra Pálsdóttir (17) bjó alla sína ævi í skjóli foreldra sinna og síðar hálfbróður. Guðríður Jónsdóttir (21) var „máttvana í fótum“ en að öðru leyti „vel að sér í öllu.“ Hún var ávallt í góðu skjóli hjá ættfólki sínu. Jóhanna Pálsdóttir (62) var daufdumb og náði ekki fermingu enda ekki kennt. Hún vann fyrir sér og þótti „fullgild til allra verka“ á heimili ættmenna sinna. Það sama má segja um Guðfinnu Jónsdóttur (66). Hún var daufdumb og var ekki kennt til fermingar. Hún vann fyrir sér inni á heimili móður sinnar og síðar bróður. Þegar bróðir Guðfinnu brá búi og flutti til Vesturheims blasti ekkert við Guðfinnu og móður hennar annað en sveitarvist. Finnbogi Björnsson (91) naut skjóls hjá foreldrum og systkinum eftir að hann missti sjónina í veikindum á fjórða ári. Það var ekki fyrr en heilsu móður hans þraut að hann varð sveitarómagi. Svipaða sögu er hægt að segja af Ólínu Þorbjörgu Jónsdóttur (98). Hún var „blind og fábjáni.“ Hún naut skjóls móður sinnar þar til sú lést og eftir andlátið var hún í skjóli ættmenna. Jón Halldór Jónsson (100) var heyrnar- og mállaus og „að öðru fatlaður.“ Hann lifði og dó í skjóli foreldra sinna. Þau frændsystkinin Guðrún Guðmundsdóttir (36) og Magnús Guðmundsson (39) bjuggu í góðu skjóli ættmenna sinna á sama bæ, Guðrún frá því að Guðmundur bróðir hennar varð sjálfstæður bóndi og Magnús bróðursonur Guðrúnar alla sína ævi. Hann tók jafnframt við búi föður síns ásamt bróður sínum. Af þessum skjólum stafar andblæ góðra tilfinningasamfélaga.

Hér að framan hafa verið tínd til dæmi um fólk sem lifði í góðu skjóli sinnar nánustu fjölskyldu. Ekki voru allir svo gæfusamir og það mátti lítið út af bregða til þess að aðstæður breyttust. Símon Davíðsson (1) var fyrst í skjóli foreldra sinna þar til móðir hans lést, þá hjá föður sínum, síðar hjá albróður sínum og þar á eftir hjá hálfbróður sínum sammæðra. Síðustu árin var hann „örvasa maður, mál- og heyrnarlaus“ fluttur fátækraflutningi og settur niður hjá dóttur sinni sem þá var orðinn húsfreyja. Hún fékk greitt með Símoni frá fæðingarhreppi hans. Svipaða sögu má segja af Þóreyju Eyjólfsdóttur (48). Hún varð alblind á fjórða ári eftir bólusótt. Þegar faðir hennar lést fór hún á sveit hvort sem það var vegna blindunnar eða þess þunglyndis sem heimildir greina frá að hafi hrjáð hana. Hún var samt sem áður í skjóli, fyrst hjá móður sinni, síðar hjá systur og síðast hjá bróður sínum þar sem hún lést úr sullaveiki. Jónína Gestsdóttir (38) sem var „daufdumb og fábjáni“ var komin á sveitina tíu ára gömul eftir að föðurarfur hennar var tæmdur. Hún var ómagi á sama bænum frá 11 ára aldri þar til hún lést fimmtug að aldri. Kristrún Bjarnadóttir (63) var einnig daufdumb og eitthvað skorti hana í greind. Þegar dánarbú foreldra hennar reyndist þrotabú fór hún á hreppinn og var sveitarómagi í meira en hálfa öld.

Guðný Jónsdóttir (12) fæddist „án augasteina.“ Hún missti skjólið þegar faðir hennar lést. Þá var Guðný innan við tvítugt. Hún fór í kjölfarið á sveit og var sett niður á ýmsum bæjum í fæðingarhrepp sínum uns hún lést 36 ára gömul. Eftir að Kristján Benediktsson (84) fór á sveitina rétt um þrítugt „haltur af hörmum“, handa og fótalaus, átti fyrir honum að liggja að

þvælast bæja á milli í á sjötta áratug. Oft var hann á mörgum bæjum sama fardagaárið. Systkinin Guðný (16) og Jóhann Kristján (14) Jónsbörn hlutu mismunandi örlög eftir að faðir þeirra lést. Guðný, sem var „blind og fábjáni“ fór beint til vandalausra eftir andlátið en Jóhann Kristján, sem var heyrnar- og mállaus fylgdi móður sinni sem fór í vinnumennsku. Guðrún Gísladóttir (34) var „fáviti frá barndómi“ og lausaleiksbarn. Hún var komin á hreppinn á fyrstu aldursárum sínum og fór á milli bæja „mállaus og vitlaus, á engan að.“ Gísli Loftsson (40) var líka lausaleiksbarn. Faðir hans var ráðsmaður og móðir hans lausakona á sama bæ. Hún hafði verið áður berklasjúklingur á Vífilsstöðum. Árið 1930 var Gísli í Málleysingjaskólanum í Reykjavík en móðir hans var aftur komin á Vífilsstaði. Þegar Gísli lést 10 ára gamall skráði sóknarpresturinn við dánarorsökina eftirfarandi: „Fáviti. Var aumingi frá fæðingu, líkamlega og andlega vanheill. (fáviti).“ Presturinn vildi augljóslega alls ekki láta það fara á milli mála hvað hefði verið „að“ drengnum.

Þrátt fyrir að vera í góðu skjóli efnahagslega, félagslega og tilfinningalega gat skyndilegur missir aðalhjálparhellunnar haft alvarlegar afleiðingar. Þegar prófastsekkjan, móðir Bjargar Ólafsdóttur (87) lést, voru þær báðar búsettar hjá systur Bjargar sem þá var stöndug hreppstjórafrú. Björg var þá orðin fertug. Í kjölfar andláts móður sinnar varð hún vitskert og hætti að geta gert nokkurn skapaðan hlut. Það tók hana nokkur ár að jafna sig að einhverju leyti eftir móðurmissinn. Hún átti eftir sem áður skjól hjá systur sinni og mági. Ragnhildur Símonardóttir (49) varð einnig vitskert en mun fyrr á lífsleiðinni eða um tvítugt. Umönnun hennar varð foreldrum hennar erfið og dýrkeypt auk þeirrar staðreyndar að faðir hennar varð sjálfur geðveikur. Þau feðgin fóru því bæði á framfæri Fátækranefndarinnar í Reykjavík sem seldi eigur fjölskyldunnar upp í fátækraskuldir og framfærslu þeirra. Ragnhildur hraktist á milli staða og var að öllum líkindum einu sinni bjargað undan ofbeldi og misnotkun af fátækranefndinni frá þáverandi húsbónda sínum sem hélt hana gegn meðgjöf. Hún átti því hvergi höfði sínu að að halla og átti ekki, svo vitað sé, tilfinningasamfélag með öðrum. Það bættist ofan á kvilla hennar og afleiðingar þeirra og það er varla hægt að ímynda sér hve örvingluð Ragnhildur hlýtur að hafa verið.

Einn merkilegasta og afdráttarlausasta muninn á vari skjóls og berangurs er að finna í sögunum af Halldóru Pálsdóttur (12) og Guðrúnu Gísladóttur (11). Þær voru sveitungar og uppi á svipuðum tíma. Halldóra var hjónabandsbarn en fæddist fábjáni. Hún bjó hjá foreldrum sínum og síðar hálfbróður á sama bænum alla sína ævi, sem varð 33 ár. Halldóra hafði engan starfa á heimilinu en var samt titluð vinnukona í nokkrum sóknarmannatölum. Þetta hefur verið gert til að styrkja félagslega stöðu hennar. Guðrún var aftur á móti óskilgetin en fæddist einnig fábjáni. Móðir Guðrúnar lést þegar hún var fimm ára og þá beið hennar ekkert annað en sveitarvist á nokkuð mörgum bæjum í hreppnum, allt þar til hún lést 27 ára gömul. Nokkrum sinnum var hún meira að segja sett niður sem sveitarómagi tímabundið á heimili Halldóru.

Að lokum má velta fyrir sér í hverju skjól Hallgerðar Magnúsdóttur (60) fólst í raun og veru. Hallgerður var mál- og heyrnarlaus frá fæðingu og bjó ásamt móður sinni í skjóli hjá bróður sínum sem hafði tekið við búinu af föður þeirra. Hún eignaðist þrjú börn á ævinni með þremur mönnum; giftum vinnumanni, ógiftum vinnumanni og síðast með giftum bónda í sveitinni. Þegar móðir Hallgerðar lést níræð að aldri er það tiltekið í sóknarmannatali að Hallgerður sem hafi verið mállaus sé „nýfarin að draga í mál.“ Hver bar ábyrgð á því að vernda

Hallgerði ekki betur en svo að henni fæddust þrjú börn og hvað gerði það að verkum að hún virðist hafa fengið málið að einhverju leyti eftir að móðir hennar lést háöldruð?

Tilfinningasamfélög þau sem þetta stef um berangur og skjól ber með sér hafa verið augljóslega síbreytileg og smá í sniðum. Því sem gilti tímabundið á einum stað var snúið á haus á öðrum. Rosenwein leggur einmitt mikla áherslu á þennan síbreytileika tilfinningasamfélaganna.[1162] Breytingaþröskuldurinn var mjög lágur og lífið var stöðugt undirorpið endurskilgreiningum hjá þessum viðkvæma hópi eins og reyndar hjá flestum landsmönnum öðrum. Samfélagslegu úrræðin voru bæði fá og fábrotin og því gat gott skjól breyst í berangur við minnsta tilefni. Hér er til dæmis hægt að benda á þær yrðingar sem ritaðar voru um Þóreyju Eyjólfsdóttur (48) eftir að hún missti skjól foreldra sinna. Þórey sem varð blind upp úr bólusótt þótti „noget tungsindig“ á sálu og „þunglynd“ eftir það og síðar var hún sögð „geðveik.“

## 3. Ábyrgð á óförum annarra

Eitt er það stef í sögunum sem lét lítið yfir sér í byrjun en vakti sífellt meiri athygli þegar leið á rannsóknina. Það var það sem ég hefi kosið að kalla „ábyrgð á óförum annarra.“ Oftast á þetta við um sérstaka ábyrgð húsbænda þeirra einstaklinga sem lenda í hörmungum og merkjanleg viðbrögð þeirra gagnvart hjúum sínum. Þetta stef kemur fyrir í sögum af fimm einstaklingum, fjórum körlum og einni konu sem misstu einn eða fleiri útlimi af kali.

Einar Björnsson (70) var búinn að vera vinnumaður á stórbýlinu Ögri við Ísafjarðardjúp í full tíu ár þegar hann lenti í hrakningum og kól svo illa að taka þurfti af honum fæturna, annan um ristina en hinn um öklann. Bóndinn í Ögri hafði Einar áfram sem vinnumann þrátt fyrir að það hafi verið skjalfest að hann náði einungis að vera matvinnungur á heimilinu. Þegar Þorstein Snjólfsson (13) kól til skemmda við þriðja mann í brimgarðinum úti fyrir Öræfum þá lá hann á bæ í sveitinni þar til hann greri án þess að greitt væri með honum af sveit. Hann var svo kominn í stöðu vinnumanns á þeim sama bæ ári eftir slysið. Jóhann Sigurður Ringsted (7) var formaður á bát þeim sem hraktist upp undir Skálanesbjarg árið 1880. Þar var Jóhann ásamt áhöfn sinni í 5 sólarhringa. Þegar þeim var bjargað þurfti að taka annan fótinn af Jóhanni en báða fætur af háseta hans, Jóni Sigurði Sigurðssyni (11). Jón Sigurður lá heima hjá Jóhanni meðan þeir báðir voru að ná sér og eftir það var Jón Sigurður búsettur hjá Jóhanni í þrjú ár ýmist sem húsmaður eða vinnumaður. Örlög þeirra félaga urðu þó ólík. Jóhann lést frá eiginkonu og tveimur ungum drengjum fertugur að aldri en Jón Sigurður varð afkastamikill útvegsbóndi og formaður á vélbát í þrjátíu ár. Steinunn Sigurðardóttir (97) var móðir tveggja óskilgetina sveitarbarna þegar hún lenti í hrakningum þeim sem urðu til þess að hún missti fæturna „um Kálfssporð.“ Eftir að hún náði aftur heilsu var hún búsett hjá hreppstjórahjónunum og komst fljótlega í stöðu vinnukonu á heimilum þeirra og þjónaði fjölskyldunni til dauðadags.

Af þessum sögum má merkja að húsbændur hafi tekið á sig ábyrgð á óförum vinnuhjúa sinna og gert það sem þeir gátu að styðja þau og styrkja eins og þeim var skylt skv.

[1162] Rosenwein, B., *Generations of Feeling*, 3–4.

Húsagatilskipuninni.[1163] Steinunn var að vísu ekki vistráðin hjá hreppstjórahjónunum þegar hún lenti í hrakningum sínum en foreldrar hennar voru húsfólk og hún átti tvö börn á sveit. Vinnumennskan hjá hreppstjórahjónunum gerði henni kleift að borga með börnum sínum þar til þau gátu farið að sjá um sig sjálf og sjálfri var henni hlíft við því að vera í stöðu sveitarómaga.

## 4. Arfshlutur óvita

Í lögum um erfðamál var og er enn lögð mikil áhersla á að varðveita arfshlut þeirra sem gátu ekki séð um sig sjálfir vegna aldurs eða þroska. Í „Erfðatali" *Jónsbókar* er langt mál og ítarlegt um hvernig átti að fara með ómaga og fé þeirra og ekki er að sjá að við þessum ákvæðum hafi verið hreyft í erfðalögum þeim sem sett voru með konunglegri tilskipun árið 1850.[1164] Samkvæmt löggjöfinni átti að gera það sem hægt var til að varðveita og ávaxta erfðahlut þeirra sem best, þeim til handa án nokkurra undantekninga.

Ekki er hægt að sjá annað en að þessum ákvæðum hafi verið framfylgt þegar Ásdís Jónsdóttir (61) missti fyrst föður sinn og síðar móður. Þrátt fyrir að vera bæði „fábjánaleg og meinleysisleg" var hún vinnukona hjá bróður sínum sem var fjárhaldsmaður hennar á meðan foreldraarfsins naut við. Það sama má segja um Jónínu Gestsdóttur (38) sem var mállaus og biluð á heilsu. Hún var átta ára þegar faðir hennar lést og þá var henni komið fyrir hjá vandalausum og með henni látinn ganga föðurarfur hennar. Hann dugði henni til framfærslu í þrjú ár en eftir það var hún á sveitarframfæri. Í tilfelli Arndísar Jóhannsdóttur (31) var tiltekið í búskiptum eftir föður hennar að arfshlutur Arndísar, sem sögð var bæði fábjáni og ómagi rynni til eldri bróður hennar sem tók við búi eftir föður þeirra. Það leið þó ekki nema það fardagaár þar til bróðir hennar var farinn að fá fullt ómagameðlag frá hreppnum með Arndísi. Hafliði Þorsteinsson (28) var mállaus og sagður hálfviti. Þegar faðir hans lést frá eiginkonu og tveimur sonum var arfshlutur Hafliða seldur á uppboði. Hann var kominn á hreppinn fimm árum síðar. Hér má sjá sama mynstrið í fjórum sögum. Þegar foreldraarfinn þraut tók sveitarframfærið við hvort sem einstaklingarnir voru búsettir hjá skyldfólki eða vandalausum.

Arnbjörn Arnbjörnsson (32) var launsonur roskins bónda og ekkjumanns sem hafði eignast hann með vinnukonu sinni. Arnbjörn var „hálfviti" og voru hann og móðir hans ávallt búsett á heimili föðurins. Nokkru áður en faðirinn lést tók sonur hans og hálfbróðir Arnbjarnar við búinu og þá var farið að borga með Arnbirni og móður hans af sveit. Þegar faðir þeirra bræðra lést var Arnbjörn ekki meðal þeirra sem gengu til arfs. Arnbjörn fékk tillag með hálfsystkinum sínum eitt fardagaár eftir andlát föður þeirra en eftir það fékk húsbóndi hans og hálfbróðir borgað með Arnbirni allt til dánardags.

Beinteinn Vigfússon (33) var einnig óskilgetinn. Foreldrar hans voru ógift vinnuhjú og fylgdi Beinteinn föður sínum eitthvað fyrstu ár ævinnar. Þegar Beinteinn var sex ára drukknaði

[1163] „Anording um Hustugt paa Island., 644. Sjá einnig Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk,* 96. Þar bendir Vilhelm á að hinar lögbundu skyldur húsbænda gagnvart vinnuhjúum sínum hafi oft verið erfiðar kvaðir, sértaklega hjá fátækari hluta bændastéttarinnar.

[1164] *Jónsbók*: *Lögbók Íslendinga*, 135. „Tilskipun um nokkrar breytingar á erfðalögunum á Íslandi", 607–617. Nánari rannsókn á áhrifum erfðalaga og tilskipana á fatlað fólk væri mjög áhugaverð en fellur utan ramma þessarar rannsóknar.

faðir hans og var dánarbúinu skipt upp milli alsystkina hans og hálfsystkina. Beinteinn stóð ekki til arfs eftir föður sinn vegna þess að sá hafði ekki lýst því sérstaklega yfir í votta viðurvist að Beinteinn gengi til arfs eftir hann.

Eitt harkalegasta inngrip í erfðamál fólks sem ekki var þess umkomið að sjá um sig sjálft er að finna þegar fátækranefndin í Reykjavík seldi allar eignir Símonar föður Ragnhildar Símonardóttur (49). Þá voru þau feðgin bæði komin á lista yfir ómaga hreppsins vegna geðveiki. Þrátt fyrir að söluverð og ýmis skilyrði vegna sölunnar sé að finna í gerðabók Fátækranefndarinnar er ekki hægt að sjá að þau feðgin hafi notið arðsins af sölunni á einhvern hátt.

Ekki er hægt að draga aðrar ályktanir af þessum sögum en að mikill misbrestur hafi verið á því að verja rétt viðkvæmra einstaklinga til lögbundins arfs. Það átti bæði við í tilvikum innan fjölskyldu og gagnvart veraldlegum yfirvöldum. Einstaklingunum sjálfum var ekki treystandi fyrir eigin arfi eða gengu jafnvel ekki til lögbundins arfs vegna fötlunar sinnar. Þeir voru því sviptir þegnrétti sínum eins og margar rannsóknir í fötlunarfræðum hafa staðfest og lögbrotin gagnvart þeim samfélagslega samþykkt. Hér æpir skortur á góðu tilfinningasamfélagi og samlíðan nánustu ættingja og samfélagsins til handa fötluðu fólki úr heimildunum.

# 5. Að vera eða ekki vera á sveit

Eins og áður hefur komið fram skipti vinnuframlagið mestu máli gagnvart hinni skilgreindu félagslegu stöðu. Vinnuframlagið varð líka að vera samfélagslega viðurkennt. Þeir sem ekki gátu unnið voru „aumingjar.“ Yrðingin aumingi tók oft með sér lýsingar- eða atviksorð eins og farlama, guðsvolaður, heilsulaus eða líkamlegur. Þeir sem voru vændir um að vilja ekki vinna fyrir sér fengu mun gildishlaðnari yrðingar eins og Sólveig Eiríksdóttir (82). Hún var „letingi og ódresi“ svo fátt eitt sé nefnt.

Ef fólk á sveitarframfærslu gat að einhverjum hluta unnið fyrir sér kom það til frádráttar meðgjöfinni. Sumir sem voru á sveit þurftu „manninn með sér“, þ.e. þurftu stöðuga umönnun, að einhverju eða öllu leyti. Með ungabörnum sem voru enn „á hendi“ , þ.e. ekki farin að ganga og borða sjálf, þurfi að leggja meira en með börnum sem gátu sjálf gengið og nært sig. Kristján Magnús, ófeðraður sonur Sigríðar Benediktsdóttur (85) kostaði hreppinn fimm sinnum meira fyrir fardagaárið 1856–1856 en Sigríður sjálf þrátt fyrir að hún væri „mjög verksmá.“[1165] Sigurður Jóhannsson (2) sem var „fóthrumur“ flakkaði á milli þess að vera léttadrengur og vinnumaður eftir fermingu áður en hann fór á sveit. Hann komst síðar í stöðu matvinnungs, vinnumanns og að lokum búandi bónda áður en hann varð úti og skildi eftir sig þungaða eiginkonu og tvær dætur. Elín Þorbergsdóttir (20) fór á sveit á sínu öðru ári og varð léttastúlka eftir fermingu. Hún var aftur komin á sveit tveimur árum síðar en komst í stöðu vinnukonu í einhvern smátíma áður en hún varð svo „löt, óþæg og heilsulítil“ að hreppurinn varð að borga með henni það sem eftir var.

Eina merkilegustu heimildina um flókna félagslega stöðu fólks er að finna í bréfi sem hreppstjóri nokkur fyrir norðan skrifaði til Fátækranefndarinnar í Reykjavík um hagi Margrétar

[1165] HskjAk. H–7/3 Skriðuhreppur. Hreppsbók 1835–1849.

Arnljótsdóttur (47). Bréfið var svar við ákalli Fátækranefndarinnar um að móðir Margrétar og stjúpi kæmu að framfærslu hennar í Reykjavík. Hreppstjórinn taldi það af og frá að þau hjón gætu nokkuð lagt af mörkum til framfærslu Margrétar því að þeim væri haldið við búskap með aðstoð hreppsins svo þau sjálf færu ekki á sveitarframfærslu.[1166] Þarna er hægt að sjá hvað bilið á milli stöðu kotbænda og ómaga var oft á tíðum lítið og jafnvel óljóst. Margrét var síðar send í læri á kostnað Fátækranefndarinnar í Reykjavík og gat þar á eftir lagt með sér á móti meðlaginu en aldrei svo mikið að hún losnaði úr stöðu sveitarómagans.

Eins og sést af ofansögðu voru skilin á milli þeirra sem voru á hreppnum og þeirra sem tókst að vinna fyrir sér oft óljós. Reynt var í lengstu lög að ná fram sem mestu vinnuframlagi hjá hinum viðkvæmu einstaklingum og ef þau gátu eitthvað gert þá var þeim í einhverjum skilningi borgið. Bæði samfélagið og einstaklingar höfðu í raun miklu fleiri úrræði gagnvart þeim sem ekki voru andlega og/eða líkamlega skertir eins og sagan af móður Margrétar Arnljótsdóttur og stjúpa ber augljós merki um.[1167]

## 6. Úrræðaleysi samfélagsins

Það er áberandi í sögunum hvað samfélagið hafði úr fáum úrræðum að velja þegar kom að því að leysa vandamál viðkvæmra einstaklinga sem skáru sig á einhvern hátt úr hópnum og/eða höfðu truflandi áhrif. Þetta átti við um fólk á öllum aldri og hvar sem var á landinu. Eins og komið hefur fram var ómagaframfærsla helsta hlutverk hreppsyfirvalda. Það þurfti að sjá til þess að ómagarnir héldu lífi og hefðu húsaskjól.[1168]

Það gátu ekki allar hreppsnefndir gert eins og hreppsnefnd Garðahrepps þegar hún neitaði foreldrum Jóns Kristins Sigfússonar (57) um að setjast að í hreppnum meðal annars vegna þess að drengurinn var mál- og heyrnarlaus enda var fjölskyldan ekki með sveitfesti í Garðahreppi. Jón Sigmundsson (24) sem var „illa vaninn og skilningslaus“ fór á hreppinn í kjölfar þess að faðir hans lést. Þegar heimili Margrétar Sigurðardóttur (4) var leyst upp og eiginmaður hennar skildi við hana og fluttist til Vesturheims ásamt börnum þeirra hjóna urðu veikindi Margrétar að vandamáli hreppsins. Greitt var með henni vitskertri óhemjuhátt meðlag sem bendir til þess að hún hafi þurft mikla umönnun jafnt að degi sem nóttu. Þegar Bjarni Þorleifsson (37) missti bæði sjónina og máttinn öðrum megin í líkamanum varð hann hrepp sínum „þúngur meðgjafarómagi“ eftir að eigur hans voru þrotnar.

Oddur Sigurgeirsson (55) var sem barn eins og heit kartafla sem fátækranefnd Reykjavíkur og fæðingarhreppar foreldra hans hentu á milli sín. Fátækranefndin vildi frekar borga meðlag með honum til föður hans á Akranesi heldur en fá drenginn fluttan fátækraflutningi til Reykjavíkur. Eftir að Oddur fermdist var fátækranefndin sífellt að koma honum fyrir hér og þar eins til dæmis á Seltjarnarnesi og í Engey. Síðar á ævinni urðu opinber afskipti af Oddi sífellt

[1166] BS. Bréfasafn fátækramála 1847–1893. Aðfnr. 1016.
[1167] Í bók Vilhelms Vilhelmssonar *Sjálfstætt fólk* er nokkrum sinnum vísað til fólks sem var komið í vist á þeim forsendum að það gæti unnið afmörkuð verk en ekki önnur sökum einhverra kvilla. Til dæmis er vitnað í bréf frá hreppstjóra sem biðst undan því að binda sjóndapran mann við lögbundna ársvist á einum bæ því hann gæti sinnt ákveðnum verkum en ekki öðrum sökum fötlunar sinnar. Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 102.
[1168] Sjá vandaða umfjöllun Gísla Ágústs Gunnlaugssonar um ómagaframfærslu í bókinni *Ómagar og utangarðsmenn*, 14–23.

meira tengd viðbrögðum við ástandi hans og því að draga úr skaða þeim sem hann veitti sjálfum sér og öðrum. Björn Sigurður Jónsson (92) var einnig sendur af yfirvöldum út í eyjar, bæði Flatey á Skjálfanda og Grímsey en yfirleitt var honum ráðstafað á einhvern bæinn í Flateyjardal eða Fnjóskadal. Sólveig Eiríksdóttir (82) var talin af yfirvöldum í sinni sveit „hafa fullkomna krafta og heilsu til að vinna sér inn brauð“ en eitthvað gerði það að verkum að hún náði í mesta lagi að vera matvinnungur og þá einungis tímabundið á hverju ári. Ekkert heimili vildi hýsa hana meira en nokkra daga í senn og því var hún látinn ganga á milli bæja í hreppnum og gista fáeinar nætur á hverjum stað áratugum saman.[1169]

Þó að Kristján Benediktsson (84) væri bæði fingra- og fótalaus var honum þvælt milli bæja í Bárðardal oft á ári. Þegar hann lést 87 ára, var hann hvergi skráður til heimilis. Jóhannes Pálsson (18) var handlama og gat ekki unnið fyrir sér. Hann var einnig settur niður á fjölda bæja í sínum fæðingarhreppi ár hvert. Guðmundur Gíslason (93), sem var fatlaður niðursetningur, var hreinlega sendur til Vesturheims með skipi á kostnað fæðingarhrepps síns. Hvað áttu svo hreppsyfirvöld að gera þegar Vermundur Guðmundsson (94) sem var illa fatlaður á fæti hreinlega neitaði að læra söðlasmíði á kostað þeirra, þannig að hann gæti framfleytt sér og sínum? Í bréfi héraðslæknisins til sýslumannsins í Dalasýslu er átakanleg lýsing á vist hinnar vitskertu Sigríðar Jósepsdóttur (76) í þiljuðum bási í fjósinu í Hjarðarholti árið 1903. Rúm Sigríðar inni í básnum var hærra en flórinn en læknirinn hafði ekki möguleika á að meta hvort básinn væri nægilega langur fyrir Sigríði og ekki var heldur hægt að sjá hvort hún gæti staðið upprétt. Læknirinn taldi það þýðingarmikið að henni væri ekki kalt og að hún hefði kopp og ef svo væri þá teldi hann að það færi um hana eins og manneskju.[1170]

Það er varla hægt að nefna það samfélagslegt úrræði að ýta erfiðum einstaklingum eins langt í burtu frá sér eins og mögulegt var, helst út í eyjar eða jafnvel alla leið til annarra landa. Þetta var þó gert fram til þess tíma þegar farið var að búa til sérstakar stofnanir fyrir fólk með afmarkaða kvilla eins og geðveiki og þroskahömlun. Hvort sem um var að ræða yfirvöld í fámennum hreppum á afskekktum svæðum á landinu eða fátækranefndina í Reykjavík þá var alltaf um viðbrögð við einstökum aðstæðum að ræða. Hver erfiður einstaklingur var þungur baggi á sinn sérstaka hátt og það virðist eins og yfirvöld hafi alltaf verið jafn óundirbúin við hvert eitt mál sem kom til þeirra kasta. Þegar einstaklingar urðu ekki húsum hæfir í eiginlegum skilningi voru einu úrræðin að borga sem mest með þeim þannig að einhver gæti mögulega séð hag sínum borgið með því að hýsa þá. Þetta var mögulega gert þrátt fyrir að vitað væri að líf og limir gætu verið í hættu.

Úrræðaleysi samfélagsins væri hægt að útskýra með þeim hætti að stigveldi þess gerði ekki ráð fyrir þeim undantekningum sem fatlað fólk var og það sem meira var – átti ekki tungutak yfir það.

---

[1169] Eins og hefur komið fram hér að framan töldu hreppsyfirvöld sig hafa leyfi til að láta ómaga ganga á milli bæja í viðkomandi hreppi.

[1170] Í bók sinni *Menntun, ást og sorg* vitnar Sigurður Gylfi Magnússon í skýrslu héraðslæknis Dalamanna frá árinu 1907 þar sem hann segir frá því að geðveikir menn hafi verið hafðir í afhýsum. Þeir máttu þar þola kulda á vetrum sem leiddi til þess að þeir urðu krepptir. Þetta er sambærileg lýsing og kom fram í bréfi hans um Sigríði Jósepsdóttur. Í sömu bók er birt dagbókarfærsla Halldórs Jónssonar þar sem hann er að gera upp árið 1909. Þar kemur fram að „slegið var utan um“ geðveikan mann. Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 173 og 196. Sigurgeir Guðjónsson greinir frá fleiri tilvikum þar sem geðsjúkt fólk var læst inni eða geymt í búri. Sigurgeir Guðjónsson, *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala*, 57–59.

## 7. Leiðir út úr þrengingunum

Þær Sigríður Jósepsdóttir (76) og Hólmfríður Jónatansdóttir (96) komust á geðveikrahælið Klepp á fyrstu starfsárum þess. Vistin á Kleppi leysti þær undan þeim þrengingum sem þær höfðu verið í, Sigríður í búri í útihúsi og Hólmfríður á hálfgerðum vergangi með barn á Siglufirði; báðar viti sínu fjær. Það kemur fram í doktorsrannsókn Sigurgeirs Guðjónssonar að tilkoma geðveikrahælisins skipti sköpum fyrir hagi þeirra sjúklinga sem komust þangað inn.[1171]

Nokkrir einstaklingar náðu að breyta högum sínum með því að tileinka sér ákveðna verkkunnáttu sem eftirspurn var eftir. Þórarinn Brandsson (67) þótti efnilegur þrátt fyrir að hafa fæðst heyrnar- og mállaus. Eftir að hafa numið hjá sr. Páli á Prestbakka (14) í fimm ár var hann smali hjá honum í eitt ár í viðbót. Eftir það fór hann til Reykjavíkur í skósmíðanám með fjárhagslegri aðstoð föður síns. Hann náði að vinna fyrir sér með skósmíðum í Reykjavík í tvo áratugi áður en hann varð að segja sig til sveitar vegna fátæktar.

Jón Kristinn Sigfússon (57) var einnig heyrnar- og mállaus og eftir kennslu í bendingamáli og fleiru á Stóra-Hrauni fór hann til bakaranáms í Reykjavík. Hann vann fyrir sér og fjölskyldu sinni sem bakari í Alþýðubrauðgerðinni í Reykjavík. Þórður Jónsson (75) varð blindur á barnsaldri en vann fyrir sér með trésmíðum og þá sérstaklega smíði vandaðra smíðisgripa sem vöktu athygli út fyrir sveit hans. Ingibjörg Jóhannesdóttir (77) sem var mjög málhölt og álitin gáfnadauf af prestinum sem fermdi hana, náði að læra til ljósmóður og var umdæmisljósmóðir í nokkur ár. Steinunn Sigurðardóttir (97) missti báða fætur við „Kálfsporð“ og vísifingur vinstri handar eftir að hafa lent í blindbyl og látið fyrirberast utandyra í þrjá sólarhringa. Eftir að hún náði heilsu aftur fór hún að vinna fyrir sér með innanhússtörfum og saumaskap. Í tilfellum þessa fólks skiptir vinnuframlag þess sköpum til þess að það fái að vera gildir þátttakendur í samfélaginu.

Ásmund Ásmundsson (88) kól illa á báðum fótum og vinstri hönd eftir mikla hrakninga. Hann komst til nokkurs bata og vann fyrir sér, föður sínum og síðar eiginkonu og börnum bæði á sjó og landi. Ásmundur og fjölskylda hans fluttust vestur um haf og þar stundaði hann ýmis landsbúnaðarstörf það sem eftir lifði starfsævinnar. Það lágu leiðir fleiri en Ásmundar til Vesturheims. Ingigerður Gunnlaugsdóttir (71) var heyrnar- og mállaus og fermd með sérstöku leyfi biskups þegar hún var 23 ára gömul. Hún hafði augljóslega skjól af Ásgerði elstu systur sinni sem var húsfreyja og menntuð ljósmóðir. Þegar Ásgerður missti eiginmann sinn frá stórum barnahópi brá hún á ráð að flytja til Vesturheims. Nokkru seinna fór Ingigerður líka til Vesturheims og þá að öllum líkindum til Ásgerðar systur sinnar. Sama ár og Ingigerður fór vestur fór systurdóttir hennar Ásgerður Jósepsdóttir (80) (dóttir Ásgerðar eldri) úr sömu sókn á Klepp.

Hans Hansson (10) flutti einnig búferlum til Vesturheims ásamt fjölskyldu sinni og settist að í Winnipeg. Þetta var eftir að hann missti báða fætur við mjóalegg eða ofar eftir hrakninga í hrikalegu vetrarveðri. Þegar hann kom til Winnipeg hófu landar hans söfnun fyrir gervifótum handa honum sem gerðu honum kleift að vinna fyrir sér og sínum. Hans þakkaði fyrir sig í

[1171] Sigurgeir Guðjónsson, *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala*, 180.

ítarlegu þakkarávarpi í íslensku blaði á staðnum. Slík samskot urðu nokkuð algeng á síðustu árum 19. aldar og í upphafi 20. aldar. Helga Þorkelsdóttir (52) fæddist með visinn fót. Í þakkarávarpi sem hún birti í *Þjóðólfi* kemur fram að dómkirkjupresturinn í Reykjavík og eiginkona hans hafi gengið í að fá handa henni styrk til saumakennslu í Reykjavík. Eftir að Ásvaldur Magnússon (53) missti fæturna í lestarslysi við Reykjavíkurhöfn rann fríkirkjuprestinum svo til rifja ástandið á honum að hann hóf samskot til handa Ásvaldi þannig að hann kæmist til Kaupmannahafnar til að fá gervifætur. Fríkirkjupresturinn sagði í fréttatilkynningu um söfnunina meðal annars: „Er það sorgleg sjón, að sjá þennan stóra sterklega mann liggja sem visið kalstrá á legubekknum í stofunni sinni, hjálparvana hvers sem hann þarf.[1172] Söfnunin gekk vonum framar og sigldi Ásvaldur út og kom til baka með gervifæturna. Ekki gengu samskot fyrir gervihendi handa Jóni Alfreð Andersen (101) jafn vel. Eftir að hafa orðið fyrir slysaskoti í vinstri höndina sem leiddi til þess að fjarlægja þurfti hana fyrir neðan olnboga fór af stað söfnun á Siglufirði. Ekki náðist að safna fyrir gervihendinni þar þannig að Jón Alfreð brá á það ráð að fara til Reykjavíkur og fá blaðamann á *Morgunblaðinu* til að skrifa hjálparbeiðni frá sér til lesenda. Blaðamaðurinn gerði það og birtist greinin undir fyrirsögninni „Rjettið hjálparhönd“ þar sem hann bað bæjarbúa í Reykjavík að „skjóta saman“ í gervihendi handa Jóni. Það gekk eftir og þakkaði Jón Alfreð fyrir aðstoðina sér til handa í *Morgunblaðinu* rúmum mánuði síðar. Í tilfelli Helgu og Ásvaldar voru það annars vegar dómkirkjupresturinn og hins vegar fríkirkjupresturinn í Reykjavík sem stóðu að samskotunum og voru eins konar andlit og milliliðir þeirra sem var verið að safna fyrir. Í tilfelli Jóns Alfreðs var það hann sjálfur sem hafði frumkvæði að söfnuninni í Reykjavík. Það getur hafa átt þátt í því að ekki gekk eins vel að safna fyrir gervihendinni í Reykjavík enda var Jón Alfreð utanbæjarmaður að norðan sem hafði misst af „rasshendinni“, þ.e. vinstri hendi sinni í frekar vafasömu voðaskoti.[1173]

Það er helst í þessum sögum sem hægt er að finna fyrir þróun og breytingu á samfélaginu. Meiri sérhæfing með tilheyrandi menntun og þjálfun hafði sitt að segja auk sífellt þróaðri

---

[1172] Ólafur Ólafsson, „Berum hver annars byrði“, 24. febrúar 1918.

[1173] *Íslensk orðabók,* 1161. Það var ekki aðeins verið að stofna til samskota fyrir einstaklinga. Í blaðinu *Þjóðólfi* og fleiri blöðum á Íslandi birtist eftirfarandi ákall frá forstöðukonu Holdsveikraspítalans í Reykjavík í apríl árið 1905: „Holdsveikin er þungbærari en nokkur annar sjúkdómur. Holdsveikir menn eru aumkunarverðari en nokkrir aðrir sjúklingar. Þeir eiga ágætt athvarf þar sem er holdsveikrapítalinn í Laugarnesi. þar er þeim veitt nákvæm hjúkrun, dregið úr þjáningum þeirra, sár þeirra hirt. þar er þeim látin í té stöðug læknishjálp og reyndar við þá allar nýjar lækningaðferðir, sem einhver von er um að geti læknað höfuðsjúkdóm þeirra, holdsveikina. Þar eru þeir aldrei móðgaðir eða hrygðir, eins og oft vill verða í heimahúsum, af því að fólk óttast og forðast þá. […] Ný, góð sjúkrahúsrúm í allan spítalann, 60 að tölu, mundu kosta um 2000 krónur. það er altítt í öðrum löndum, að sjúkrahúsum berast miklar gjafir. Sjúkir menn eru jafnan hjálpar þurfi, og öllum góðum mönnum er ljúft að rétta þeim hjálparhönd öðrum fremur .Nú er ég sannfærð um, að brjóstgæði og hjálpfýsi eiga jafndjúpar rætur í hugum manna hér á landi sem í öðrum löndum. Og þess vegna sný eg mér til íslenzkrar alþýðu, í þeirri von og vissu, að hver maður muni með ljúfu geði vilja leggja lítinn skerf til þess að gleðja mestu aumingja þjóðarinnar, auka þægindi þeirra, lina þrautir þeirra. Ég bið ekki um mikið. Ég bið engan um meira en 10 aura; en eg bið alla um 10 aura. Til þess að fá 2000 krónur, þarf 10 aura frá 20,000 manns, fjórða hluta þjóðarinnar. Ég hefi hugsað mér að koma samskotunum af stað á þann hátt, sem hér segir. Ég sendi beiðni til 12 eða 16 kunningja minna hér í bænum, bið hvern þeirra um 10 aura, bið hvern þeirra að senda sams konar beiðni til 4 kunningja sinna og svo koll af kolli. Með þessum hætti kvíslast samskotabeiðnin í allar áttir út um alt land. Skeytin má auðvitað orða á ýmsan hátt, hver getur farið eftir sínum hugþótta, en efnið ætti að vera þetta :Gerðu gott verk. Sendu mér 10 aura handa sjúklingunum í Laugarnesi. Sendu 4 kunningjum þínum sams konar skeyti og þetta. Sendu þá 40 aura. sem þér berast, til fröken Harriet Kjær Holdsveikraspítalanum við Reykjavík Laugarnesi í apríl 1905. Harriet Kjær húsmóðir holdsveikraspítalans.“ Harriet Kjær, „Áskorun um samskot hans sjúklingunum í holdsveikraspítalanum.“, 76.

hjálpartækja. Bæði Ásmundur og Hans sáu hag sínum betur borgið vestanhafs þar sem þeir gátu báðir fengið gervilimi sem gerðu þeim kleift að framfleyta sér og sínum. Eftir því sem innviðir samfélagsins hér heima urðu þróaðri varð sjálfur líkami einstaklinga ekki jafn mikilvægt atvinnutæki og hann var áður. Slóðar, götur og síðar vegir ásamt farartækjum ýmiskonar leystu hann að hluta til af hólmi á sama hátt og hin ýmsu framleiðslutæki sem fylgdu nútímavæðingu Íslands á 20. öld.

## 8. Endalaust mótlæti

Það er fátt sem dregur jafn vel fram mismunandi stöðu kynjanna á því tímabili sem verkið fjallar um en fótaleysi karla og geðveiki kvenna. Í hópnum sem hér liggur til grundvallar voru það sjö karlar sem misstu útlimi í hrakningum og slysum en aðeins ein kona. Á móti eru sjö konur metnar sem geðveikar en aðeins einn karl. Það voru líka karlarnir sem sóttu sjóinn og ferðuðust yfir heiðar að öllu jöfnu á meðan konurnar voru í umönnun og sinnu. Það virðist hafa verið nokkuð augljós greinarmunur gerður á andlegum kvillum er vörðuðu þroska og greind og geðveiki. Í flestum tilfellum höfðu konurnar átt einhvers konar „eðlilegt“ líf í styttri eða lengri tíma áður en þær veiktust. Tvær þeirra veiktust fljótlega eftir fermingu og þær voru báðar viti sínu fjær til dauðadags. Báðar eignuðust börn eftir að þær veiktust.

Það er margt líkt með hrakninga- og veikindasögum karlanna. Þá kól illa eða þeir slösuðust. Þeim er hjúkrað til einhverrar heilsu og þeir tókust á við lífið í breyttum líkama. Sumir komu sér upp hjálpartækjum eða fluttu jafnvel úr landi. Aðrir gengu bara á stúfunum eða jafnvel skriðu. Æðruleysi og þolgæði eru tilfinningaorð sem einkenna samt sem áður báða þessa hópa en þá er líka samanburðinum lokið. Konurnar börðust við kvilla sína í mismunandi lokuðum rýmum inni á heimilum auk fordóma gagnvart ástandinu á meðan af körlunum voru sagðar hetjusögur af hrakningum á sjó og landi. Það er vandasamt að lesa æðruleysið úr fámálum opinberum heimildum úr fortíðinni. Stundum er þó eins og andblær þess svífi yfir sumum yrðingunum. Þetta á bæði við um yngri sem eldri einstaklinga og þá sem áttu aldrei möguleika á mannsæmandi lífi, þá sem einhverra hluta vegna gáfust upp fyrir aðstæðum sínum eða þeim örfáu sem buðu þeim byrginn. Stöku sinnum er einhverjum samúðarorðum vikið að þeim sem sinntu þessum einstaklingum, oft í mörg ár.

Það er vart hægt að gera sér í hugarlund hvernig var að vera í stöðu Eiríks Helgasonar (6) sem veiktist illa á þriðja aldursári og var upp frá því með hræðilegan og langvarandi höfuðverk allt þar til hann lést 25 ára að aldri en enn erfiðara er að setja sig í spor þeirra sem horfðu upp á allt hans kvalræði. Það sama má segja um aðstæður Guðnýjar Jónsdóttur (12) og þeirra sem sinntu henni. Hún fæddist blind og að því er virtist án augasteina. Hún var að öðru leyti heilbrigð á sál og líkama til að byrja með en eitthvað varð til þess að þroski hennar stöðvaðist og gekk að einhverju leyti til baka. Guðný varð 36 ára gömul. Guðrún Einarsdóttir (3) lá rænulaus alla sína ellefu ára ævi og ekki var minnst á hana í sóknarmannatölum fyrr en hún var orðin sjö ára. Yfirvöld tóku til þess hvernig ekkjan, móðir Mikaels Jónssonar (99), gat bjargað sér með „slíkan aumingja“ sem var rúmfastur krypplingur. Faðir Guðrúnar Hafliðadóttur (26) lá „í kör

af sinnisveiki“ í 20 ár áður en hann lést.[1174] Á þeim tíma var heimilið leyst upp og Guðrún varð sveitarbarn þar til eftir fermingu. Hún vann fyrir sér í góðum vistum þar til hún gekk í hjónaband með sér miklu eldri manni. Þau hjónin voru barnlaus. Eftir að eiginmaður hennar lést urðu það örlög Guðrúnar að liggja í kör vegna sinnisveiki í tuttugu ár. Níels Jónsson (72) var „vitfirringur“ frá fæðingu og var í umsjá foreldra sinna og síðar systkina alla tíð þar til hann lést 55 ára úr krampaveiki. Ekki er hægt að sjá í heimildum hvort Níels átti það oft til að fá krampa eða hvort sú veiki sem dró hann til dauða var tilfallandi. Rannveig Jóhannesdóttir (73) fæddist veikburða og var ávallt magn- og máttlítil. Hún hélt ekki höfði og hafði ekki stjórn á höndunum. Hún lifði til sextugsaldurs. Jón Björnsson (90) gekk á sjúkum fæti í heilt ár þar til hnémeinið hreinlega sprakk. Eftir það tóku við aflimanir, sýkingar og síðast dauði.

Margar sögur bera með sér hversu mótlætið jókst þegar einn kvilli bættist við annan. Þarna gátu bæði afleiðingar holdsveiki og sullaveiki verið sérstaklega skæðar. Ragnhildur Ólafsdóttir (46) var dóttir kvænts sveitarómaga sem lést úr holdsveiki frá eiginkonu og þremur börnum. Þegar Ragnhildur sjálf var að verða 13 ára var hún sjálf orðin svo yfirkomin af holdsveiki að hún var orðin blind og átti erfitt með andardrátt. Það er óvíst hvenær Bjarghildur Hildibrandsdóttir (22), sem var mál- og heyrnarlaus vinnukona, fékk sullaveikina sem dró hana til dauða rúmlega fimmtuga að aldri. Sigrún Sigfúsdóttir (8) átti ekki einungis við geðveiki að stríða í meira en áratug heldur veiktist hún einnig af sullaveiki. Ekki er hægt að greina hvort gerðist á undan en dánarorsök hennar var æðiskast þar sem sullur gekk niður í gegnum leggöng hennar. Elín Þorbergsdóttir (20) var óvinnufær hreppsómagi í fæðingarhrepp sínum í fjóra áratugi. Henni var lýst sem „latri, óþægri og veikri“ án frekari útskýringa og fékk lengst að vera á sama bænum í fimm ár samanlagt. Hún hengdi sig þegar hún var 57 ára gömul. Kristgerður Jónsdóttir (19) var einnig óvinnufær og hreppsómagi í hátt á fjórða áratug en áður markaðist líf hennar af endalausum missi. Hún var á þriðja ári þegar heimili foreldra hennar var leyst upp vegna fátæktar og hún fylgdi móður sinni í vinnumennsku. Hún missti móður sína innan við tvítugt og eignaðist síðar barn í lausaleik þar sem hún var í vist. Drengurinn var settur niður á öðrum bæ á meðan Kristgerður hélt vinnumennsku sinni áfram á nýjum bæ á hverju fardagaári. Þegar drengurinn hennar lést á fjórða ári varð Kristgerður óvinnufær og fór sjálf á hreppinn. Það er alls óvíst hvað varð til þess að Sigurður Jóhannesson (2) varð svo fóthrumur að hann hætti að geta unnið fyrir sér sem vinnumaður rétt um tvítugt. Það aftraði honum ekki frá því að ganga í hjónaband og eignast tvær dætur. Þau hjón settu upp eigið bú og bjuggu þar í nokkur ár. Þegar Sigurður varð svo úti rúmlega fertugur var eiginkona hans langt gengin með þriðja barn þeirra hjóna. Margrét Guðmundsdóttir (50) var „skilningslaus fáráðlingur.“ Hún bar út barn sitt og setti í bæjarforina. Eftir að hafa verið úrskurðuð ósakhæf hraktist hún um hreppinn þar til hún lést 35 ára gömul.

Ævisaga Jóhönnu Sigríðar Guðmundsdóttur (54) er með ólíkindum hvað varðar endalaust mótlæti, æðruleysi og jafnvel viðnám. Hún missti sjón á öðru auganu rétt eftir fermingu og eftir að hafa verið vinnukona í misjöfnum vistum réði hún sig sem bústýru til trésmiðs í Reykjavík. Raunin varð sú að Jóhanna varð fyrirvinna heimilisins. Árið eftir að þau hjónaleysin eignuðust dreng saman datt Jóhanna illa úr stiga og meiddi sig á hné. Hún gekk hölt í heilan vetur áður en hún lagðist inn á spítala vegna fótarmeinsins. Þar var fótur hennar höggvinn af um mitt læri. Þegar hún á endanum losnaði af spítalanum eftir tíu mánaða dvöl var barnsfaðir hennar fluttur

---

[1174] Hafliði, faðir Guðrúnar er ekki hluti af hópnum sem er hér til rannsóknar.

til Ameríku. Jóhanna hélt heimili með syni sínum í Reykjavík eftir þetta. Þau leigðu lengst af kjallaraholu í Traðarkotssundi í Reykjavík án vatns og salernisaðstöðu. Jóhanna sá fyrir þeim með þvotti og saumaskap þar til sonur hennar tók við framfærslu þeirra með því að ganga í þau störf sem buðust. Jóhanna var sem sagt eineygð, einfætt og einstæð móðir. Hún lést 87 ára að aldri.

Eins og komið hefur fram hér að framan var hugmyndin sú að ákveðin stef úr sögunum gætu varpað ljósi á helstu kerfin sem voru til staðar í samfélagslegum úrræðum og úrræðaleysi gagnvart fötluðu fólki. Þessi stef draga skýrt fram hvað það var sem skildi á milli feigs og ófeigs í hörðum heimi og hversu lítið mátti út af bregða til þess að bærilegar aðstæður fatlaðs fólks breyttust í óbærilegar. Vegabréf fermingarinnar veitti jafnt aðgang að þeirri sáluhjálp sem talin var felast í altarissakramentinu í kristnu samfélagi og möguleikanum á að vinna fyrir sér og á endanum eignast maka og afkomendur. Undanþágubeiðnir sóknarpresta og prófasta til biskups vegna ferminga sýna vel þessa þreföldu merkingu fermingarinnar. Í fyrsta lagi var verið að biðja um undanþágu fyrir ungmenni, sem ekki höfðu náð tilskildum fermingaraldri en þurftu að fara að vinna fyrir sér vegna fátæktar foreldra eða til að komast af sveitarframfærslu. Í öðru lagi snerust undanþágubeiðnirnar um einstaklinga, sem ekki höfðu náð að tileinka sér barnalærdóminn vegna kvilla sem tengdust skynfærum eða þroska. Í nokkrum mjög mikilvægum tilfellum var vísað til einlægrar löngunar viðkomandi einstaklings að fá að fermast og verða með því gjaldgengur til þess að þiggja altarissakramentið þrátt fyrir aðstæður sínar. Í þessum bréfum má einnig lesa eins konar lokagreiningu viðkomandi sóknarprests á ástandi einstaklingsins sem hann var jafnvel búinn að fylgjast með og yfirheyra í húsvitjunum árum saman.

Það er sama hvort um er að ræða gott skjól, berangur, samhjálp eða einhvers konar útskúfun, merkja má mikið streituástand í mörgum þessara sagna. Slíkt streituástand bendir til hægfara ofbeldis sem bæði beindist að einstaklingunum sjálfum og samfélaginu sem þeir voru hluti af. Slíkur stöðugur blær yfirvofandi hörmunga hafði slítandi áhrif á allt samfélagið.

Hvað þýddi það fyrir fatlað fólk og aðra jaðarsetta einstaklinga að lenda utangátta og vera án tenginga – eiga sér enga tilfinningalega viðspyrnu? Eins og sést á sögunum náðu sumir að skapa sínar tilfinningatengingar, ganga inn í tilfinningasamfélög en aðrir náðu því ekki. Þar var um gríðarlegan greinamun á kjörum einstaklinga innan þessa hóps að ræða þrátt fyrir að þessi greinarmunur lægi ekki alveg í augum uppi.

# IV. Vald og vanmáttur

Hugtökin vald og vanmáttur tengjast á flókinn hátt. Það er ekki hægt að segja að þau séu hreint andstæðupar. Samkvæmt Foucault er vald ávallt háð einhvers konar breytni.[1175] Það er ekki til nema því sé beitt á einhvern hátt. Ef litið er á hugtakið vald sem tilfinningatungutak, að hætti Rosenwein, þar sem einstaklingur finnur fyrir eigin valdi yfir öðrum og um leið fyrir valdi annarra yfir sér, þá má draga þá ályktun að síðarnefnda tilfinningin leiði til vanmáttar sem einnig er hugtak á tilfinningaskala. Í þessum valdaafstæðum verður til sérstakt tilfinningasamfélag, sem ríkjandi valdboð rennir síðan frekari stoðum undir. Það fer ekki á milli mála að tungutak barnalærdómsins, prédikana og hugvekja tímabilsins stuðlaði að mjög ákveðnu tilfinningasamfélagi þar sem guðsótti, góðir siðir og hlýðni við yfirboðara skiptu meginmáli.[1176] Ef fólk hafði bæði vilja og mátt til að hlíta slíku stigveldi ríkti festa og öryggi í samfélaginu. En um leið og einhver einstaklingur var talinn eða taldi sig vanmáttugan gat þetta ákveðna tilfinningasamfélag riðlast. Þá gat afar viðkvæmt og brothætt samband myndast á milli vanmáttugs einstaklings og samfélags hans. Ef þetta samband rofnaði af einhverjum ástæðum jókst vanmáttur einstaklingsins. Tilfinningahugtakið vanmáttur getur falið í sér einhvers konar viðnám gegn valdbeitingu en það er fyrst og fremst lýsing á tilfinningalegu og líkamlegu ástandi einstaklinga og getur tekið breytingum í gegnum ævi þeirra.

Til að dýpka greiningu á valdaafstæðum og vanmætti í sögunum hér á eftir er gripið til þess að samtvinna nokkur atriði sem tengjast kyni, stöðu á heimili, efnahag og síðast en ekki síst mögulegu vinnuframlagi. Hin „blindu trúarbrögð“ fordóma gagnvart kynþáttum, kynhneigð og kyngervi falla að þessu sinni utan greiningarrammans.[1177] Eins og kom fram í innganginum er fötlunarfræðingurinn Tom Shakespeare, mótfallinn því að draga þessi atriði inn í fötlunarfræðina þar sem þau hafi ekkert með líkamann að gera. Breytan sem snýr að kyni hefur ávallt verið miðlæg í greiningum sem byggja á samtvinnun en Shakespeare er einnig mótfallinn því að draga hana inn í rannsóknir í fötlunarfræði.[1178] Í þessari rannsókn skiptir kyn einstaklinganna aftur á móti grundvallarmáli, ekki hvað síst sú staðreynd að á því tímabili sem hér er til umfjöllunar, eignuðust konur aðeins börn í kjölfar líkamlegs samræðis við karla hvort sem þær voru fatlaðar eða ófatlaðar. Getnaður, meðganga og fæðing hefur allt með líkamann að gera með tilheyrandi vanmætti hans og sársauka.

Í samfélagi, sem hafði hvorki yfir að ráða miklum innviðum né aðgangi að og þekkingu á nema frumstæðustu tækjum og tólum, var líkami einstaklinganna mikilvægasta vinnu- og framleiðslutækið. Líkaminn bar byrðar, reri, sló, rakaði, kveikti eld, matreiddi og skvetti úr koppunum, svo fátt eitt sé nefnt. Sum störf voru viðurkennd sem formlegt vinnuframlag innan samfélagsins og önnur ekki. Allt sem viðkom búskap, útgerð, kaupmennsku, stjórnsýslu og þess háttar var óumdeilt starf en ýmislegt sem tengdist heimilishaldi og umönnun annarra var talið til sjálfsagðra þátta í daglegu lífi kvenna. Daglegt strit hafði svo áhrif á vinnutækið og þá sérstaklega ef líkaminn var að upplagi viðkvæmur með einhvers konar meðfæddar eða áunnar skerðingar. Það er jafnvel hægt að tala um slítandi vanmátt þegar viðkvæmir einstaklingar

[1175] Foucault, M., *Security, Territory, Population*, 2.
[1176]. Sjá t.d. kafla 9 í bók Barböru Rosenvein, „Hobbes.“, *Generations of Feeling*, 288–313.
[1177] Sjá umfjöllun um tímamótagrein Aude Lorde í inngangskafla.
[1178] Shakespeare, T., *Disability Rights and Wrongs Revisited*, 72–92.

bjuggu við stöðugt og sífellt og íþyngjandi ástand jafnhliða líkamlegu striti. Slíkt streituástand er einkenni hægfara ofbeldis. Einnig verður að taka tillit til þeirra sérstöku valdaafstæðna, sem myndast milli þeirra sem þarfnast mikillar umönnunar og þeirra sem veita slíka umönnun. Mikil og góð umönnun veitti fötluðu fólki hið besta skjól, eins og kom fram í þriðja hluta þessa verks. Skjólið gat orðið einskonar varnargarður (e. *bulwark*) gegn grimmd heimsins en á sama tíma gátu þeir, sem veittu slíkt skjól haft óskorað vald yfir lífi og örlögum viðkomandi einstaklinga.

Í þessum fjórða hluta verksins verður sjónum beint að nokkrum ákveðnum einstaklingum sem komu við sögu hjá dómsmálayfirvöldum, hvort sem það var hjá lögregluyfirvöldum í héraði og/eða fyrir Landsyfirrétti. Bæði er um að ræða formlega úrskurði og dómsúrskurði. Einstaklingarnir eru paraðir tveir og tveir saman í tíu undirköflum. Þetta er gert til þess að draga fram andstæður og/eða hliðstæður í sögum þeirra. Þarna er skalinn aftur spenntur til hins ítrasta miðað við hefðbundnar einsögurannsóknir. Þessi frásagnapörun gerir kleift að leggja eins konar net yfir sögurnar sem hjálpar til að draga betur fram þann veruleika sem fatlað fólk þurfti að glíma við. Það tilheyrði þeim hópi sem var neðst og aftast í öllum mögulegum goggunarröðum samfélagsins með nokkrum mikilvægum undantekningum en aðstæður þessa fólks voru jafn misjafnar og það voru margt. Í slíkum tilfellum er hugtakið samfélag nátengt tilfinningasamfélögum Rosenwein. Þau geta því verið hver inn í öðru og hver og einn einstaklingur getur auðveldlega verið þáttakandi í mörgum mismundandi samfélögum. Á sama hátt eru hin formlegri samfélög einnig:

> óhlutbundin fyrirbæri. [Samfélagið] er aðeins tákngervingur fyrir hóp einstaklinga sem deila ákveðnum afmörkuðum eiginleikum svo að úr verða það sem norski mannfræðingurinn Fredrik Barth kallaði „óreiðukennt kerfi“ mannlegra tengsla. Samfélag er ekki þar með sjálfrátt fyrirbæri með sjálfstæða eða óháða vitund heldur öðlast tilveru sína gegnum tengsl þeirra einstaklinga sem mynda það.[1179]

Eins og áður hefur komið fram einkenndist hið formlega samfélag á Íslandi af lögbundnu stigveldi á bæði andlega og veraldlega sviðinu. Þar var hin siðræna ögun innrætt með stjórnvaldstækni í gegnum heimilisaga, barnafræðslu, fermingu, húslestra og prédikanir í kirkjum svo fátt eitt sé nefnt.[1180] Hið hversdaglega andóf undirsáta, sem Vilhelm Vilhelmsson dregur fram í rannsókn sinni, finnst ekki á sama hátt í sögunum, sem sagðar eru að þessu sinni Fatlað fólk hafði sjaldnast burði til að beita meðvituðu andófi. Það beitti frekar einhvers konar viðnámi gegn því valdi og aðstæðum, sem það var ofurselt. Sá núningur eða breytni einstaklinga sem draga fram valdaafstæðurnar verða að rata í texta til þess að hægt sé að draga þær fram úr heimildum.[1181] Þegar viðnámið ristir svo grunnt að það truflar yfirvaldið ekki svo mikið að það krefjist viðbragða í orði eða í texta, er ekki möguleiki fyrir sagnfræðinga að draga það fram. Svo er einnig spurning um túlkun á vegferð einstaklinganna. Hvernig á að túlka lífsþráð vinnukonu sem er sögð löt og verklítil, fer á sveit vegna geðveiki og að lokum hengir sig? Er

[1179] Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 31.
[1180] Stjórnvaldstækni er íslensk þýðing á hugtaki Foucault (fr. G*ouvernementalité*). Sjá Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 33.
[1181] Valdaafstæður er íslensk þýðing á hugtaki Foucault (fr. *Rapport de pouvoir*). Sjá Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 24.

hægt að ganga svo langt að túlka sjálfsmorðið hreinlega sem viðbrögð hennar við ömurlegum aðstæðum eða var eitthvað annað sem hrakti hana í dauðann?

Í nokkrum undirköflum er í þessum hluta fjallað um hrein og klár ofbeldismál sem öll komu til kasta opinberra yfirvalda. Þess vegna eru heimildir meiri að vöxtum en í öðrum lífsþráðum. Þetta eru flóknar og á vissan hátt erfiðar sögur en á sama tíma mjög áhugaverðar í ljósi hinna tilfinningalegu hugtaka, valds og vanmáttar.

## 1. Mæðgurnar Guðríður (83) og Guðrún (86)

Jörðin Neðri-Vindheimar í Bægisársókn á Þelamörk var 24 hundraða jörð og árið 1818 bjó Jón bóndi Ólafsson þar bæði „vel og dugnaðarlega" að mati hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps.[1182] Heimilisfólk á bænum var ævinlega fleiri en 12 manns en frá því að Guðríður Ögmundsdóttir var sett niður af hreppstjórninni á bæinn var nafn hennar ávallt neðst í upptalningu þess í sóknarmannatölunum.[1183] Hún var sögð „fávita skepna" í gjörðabók hreppsnefndarinnar en það er eina heimildin sem ég hef fundið um að dregin hafi verið upp samlíking við skepnur í yrðingum um einstaklinga.[1184] Rétt er að benda á hér að Carlson telur að samlíkingar milli dýra og þroskaskertra einstaklingar hafi viðgengist lengi og víða og það beri á því enn þann dag í dag.[1185]

Hinn 2. nóvember 1827, eða daginn sem Guðrún, dóttir Guðríðar Ögmundsdóttur, kom í heiminn á Neðri-Vindheimum, hélt Jón bóndi einskonar heimilisréttarhöld til að komast að því hver hefði barnað Guðríði. Guðríður sjálf hélt því statt og stöðugt fram að Ólafur, yngsti sonur Jóns bónda, væri faðirinn en í yfirheyrslum föður yfir syni neitaði Ólafur staðfastlega faðerninu en játaði samræði með Guðríði. Þegar Jón bóndi var sjálfur yfirheyrður af sýslumanni Eyjafjarðarsýslu í Pólitírétti 13. febrúar árið 1828 greindi hann frá eigin yfirheyrslum. Hann var spurður í réttinum hvort hann hafi einhvern annan á heimilinu grunaðan um að vera barnsföður Guðríðar og svaraði á eftirfarandi hátt:

> Jeg hefi ekki var orðið við þeirra samgengni fyrr en tíðar um sagt get og hvað Ólafur nú játað hefir undir minni síns föðurs ýtarlegri yfirheyrslu við hann þann 2an Nóv. næstl um það nefnil. hvenær hann síðast hafði við Guðríði líkamlega samgengni haft og sagði hann mér þá það hefði verið um veturnætur í fyrra haust. Guðríði hefi ég og svo yfirheyrt bæði nefndan dag og eftir það hefur hún fyrir mér auk Ólafs nefnd piltin Friðrik hjá mér en það stendur heldur ecki heima eptir því sem að Friðrik hefir mér sagt að hann hafi við Guðríði samgengni haft á næstliðnum sumarmálum og ecki fyrri.
>
> Hérnæst spurði Dómarinn Jón Ólafsson sem föður og húsbónda svo nær vitnisburð sem hann gjæfi Guðríði þar og syni hans Olafi áhrærandi sannsögli þeirra og hvort Olafur væri þrætinn?

[1182] HskjAk. H–9/2 Glæsibæjarhreppur. Hreppsbók 1818–1843.
[1183] ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1788–1795, 1800, 1801, 1818 (tvö) og 1819. ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/4–1–1. Sóknarmannatal 1822–1830, 1832–1834 og 1836.
[1184] Carlson, L, *The Faces of Intellectual Disability. Philosophical Reflections,* 31.
[1185] Ibid., 132.

> Jón svaraði: Ecki er Guðríður sannorð og þrætin er hún og svo sama er að segja um það að Olafur er ecki svo sannorður sem jeg vildi láta hann vera og þrætinn var hann við mig fremur nú jeg vildi.[1186]

Það er nokkuð ljóst á þessu svari að bóndinn sinnti þeim skyldum sem Húsagatilskipunin lagði á hann sem yfirvald á bænum. Það er hægt að gera sér í hugarlund aðstæður og andrúmsloftið á heimilinu þegar Guðrún litla kom í heiminn, holgóma, með skarð í vör og móðirin í fyrsta og eina skiptið að eignast barn. Þá var hún einnig tekin í yfirheyrslu af húsbónda sínum um faðerni að barninu. Það er ekki ljóst hvort hún var „þrætin" við hann í þessari yfirheyrslu eða „ecki sannorð" að hans mati eða hvort hún hafi framið slík afbrot gagnvart húsaganum fyrr á þeim árum, sem hún hafði verið á heimilinu. Guðríður var þó alveg sjálfri sér samkvæm í bæði því sem haft er eftir henni í Pólitíréttinum og einnig í yfirheyrslum bónda yfir henni sjálfri. Hún gerði bæði grein fyrir hvar og á hvað tíma ársins Ólafur hafði leitað á hana. Rödd hennar virðist vera styrk og ákveðin í yfirheyrslunum og ekki ber á neinum fávita- eða óvitahætti í endurritinu. Ólafur tók á það ráð, sem hann hafði tiltækt: að neita faðerninu fyrir dómi en sverja ekki fyrir það og bar því við, að ef hann myndi sverja fyrir barnið í réttinum myndi hann missa tiltrú og álit foreldra sinna og sóknarprests. Hann var alveg undirsettur þeirra vald og óttaðist viðbrögð þeirra. Það er eins og honum hafi fundist nægileg refsing í því að þurfa að borga með barninu fyrir það að hafa brotið siðferðislega og lagalega gegn húsaganum. Barneign Guðríðar varð til þess að upp komst um brot Ólafs. Aftur virðist samræði við Guðríði skipta minna máli en barneignin því þó að Friðrik vinnumaður hafi líka játað samræði með henni þá var hann laus allra mála og hélt sinni vistráðningu á Neðri-Vindheimum.

Í málaferlunum fyrir héraði virðist gáfnafar og andlegar skerðingar Guðríðar skipta litlu sem engu máli. Þau Ólafur voru bæði dæmd til hirtingar fyrir brot sitt. Það er ljóst að helsta ástæðan fyrir því að Norðuramtið skaut dómnum til Landsyfirréttar var að fá úr því skorið hvort andlegar takmarkanir Guðríðar og sú staðreynd að hún hafði ekki náð fermingu hefði úrslitaáhrif á barnfaðernismálið og refsingu þeirra Ólafs og Guðríðar. Dómur Landsyfirréttar sem gekk 7. september árið 1829 er mjög áhugaverður og lýsir nánast nútímalegu viðhorfi til andlegs ástands Guðríðar og ekki síður er rökleiðslan fyrir sýknu Ólafs athyglisverð. Dómurinn kvað á um að sýkna ætti Guðríði á þeim forsendum að hún væri „hálfviti" og ekki fermd. „Henni má því ekki ætlast sú þekking á kristindómsins lærdómum, sem af fermdu fólki er heimtandi, og þó enn síður þekking á saknæmi legorða ófermdra unglinga eptir lögum", segir í dómnum. Jafnframt snupraði dómurinn sóknarprestinn fyrir að „forsóma" uppfræðslu Guðríðar. Ólafur var aftur á móti sýknaður á þeim forsendum að „lög ekki leggja sjerlegt straff við legorð með hálfvita framar en heilvita persónu."[1187] Þar sem samræði við „hálfvita" var ekki beinlínis bannað með lögum þá var það ósaknæmt athæfi.

Það er ekki alveg ljóst af heimildum hvenær þær mæðgur Guðríður og Guðrún litla voru skildar að en það hefur gerst fljótlega eftir fæðingu Guðrúnar. Þær voru báðar fjarlægðar af heimilinu á Vindheimum. Guðríður var skráð innkomin í dvöl á Krossum í Stærri-Árskógssókn, árið 1829, með eftirfarandi yrðingu: „hefur átt barn, kann eckert gott orð og tjáir að henni verði

---

[1186] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri 0000 GA/5–2–1. Dóma- og þingbók, 1827–1831.

[1187] *Landsyfirrjettardómar 1802–1873*, 335–338.

ecki kennt.“[1188] Hér var það Guðríður sjálf sem tjáði sóknarprestinum að henni verði ekki kennt. Þetta er afar merkileg heimild um sjálfskilning Guðríðar, bæði persónulegan og félagslegan, sem hefur mótast „í samskiptum manna á milli og við stofnanir samfélagsins“, eins og Guðrún V. Stefánsdóttir orðar það.[1189] Samkvæmt sóknarmannatali Bægisársóknar var Guðrún komin sem tökubarn að Efra Rauðalæk í mars 1829.[1190] Sama ár var borgað með henni að Efra Rauðalæk í Bægisársókn. Þar taldi hreppsnefndin hana hafa sérlega góðan viðurgjörning. Þar sem hún var holgóma varð að næra hana með því að dreypa vökva (að öllum líkindum vatnsblandaðri kúa- eða sauðamjólk) í munn hennar. Þetta þurfti að gera allt frá fæðingu enda engar líkur á að hún hafi fengið að njóta brjóstamjólkur.[1191]

Þegar Guðríður var búin að dvelja í Stærri-Árskógssókn í það minnsta þrjú ár er fyrst minnst á það í sóknarmannatalinu að hún væri „heirnar- og vitskert.“[1192] Það var aldrei minnst á heyrnarskerðinguna hvorki í sóknarmannatölum í Bægisársókn né í dómskjölum, sem er mjög áhugavert. Skert heyrn og málhelti var eins og áður hefur komið fram, meðal þess sem rataði hvað oftast í umsagnir um fólk og þá til útskýringar á því að ekki gengi sem skyldi að kenna viðkomandi það sem hann átti að læra. Það er ekkert sem útilokar að Guðríður hafi misst heyrnina eftir áföllin á Neðri-Vindheimum eða hún hafi dregist inn í einhvers konar skel. Eins og áður hefur komið fram lést Guðríður Ögmundsdóttir „af sprungnum meinlætum“ 42 ára gömul.[1193] Ekki er ljóst hvaða „meinlæti“ það voru sem sprungu.

Guðrún braggaðist vel í vistinni á Efra Rauðalæk og ekki er að sjá að hennar líkamlegu kvillar hafi háð henni á nokkurn hátt til framtíðar. Hreppsnefndin lét þess einmitt getið strax árið 1830 að hún, á þriðja ári, væri „ekki óefnileg.“ Þetta var sami sóknarprestur og fékk ávítur fyrir að sinna ekki uppfræðslu Guðríðar, móður Guðrúnar, þar sem hann gleymdi iðulega að færa Guðrúnu til bókar í sóknarmannatalinu á uppvaxtarárum hennar. Guðrún átti heima hjá sömu fjölskyldunni á Efra Rauðalæk allt þar til hún fluttist úr sókninni ásamt eiginmanni sínum og frumburði. Hún virðist hvorki hafa verið látin gjalda fyrir uppruna sinn og ástand móður sinnar á uppvaxtarárum sínum né hafa verið í sérstökum tengslum við föðurfjölskyldu sína. Hún fluttist síðar ásamt eiginmanni og börnum til Vesturheims.

Afgreiðsla mismunandi yfirvalda á málum er vörðuðu þær mæðgur er afar athyglisverð. Hreppsnefndin og sóknarpresturinn voru alltaf sammála um að Guðríði yrði ekki kennt neitt sem henni kæmi að gagni en sóknarpresturinn gekk heldur lengra í að lýsa henni sem fáráðlingi sem væri hvorki þæg né hefði fullt vit. Hreppsnefndin gat þess þó að Guðríður gæti unnið nokkuð bæði inni og úti. Þrátt fyrir þessar yrðingar um andlegt ástand Guðríðar tók Jón bóndi sig til og hélt heimilisréttarhald yfir henni til að komast að faðerni barns hennar. Þegar

---

[1188] ÞÍ. Stærri–Árskógur á Árskógsströnd / Hrísey–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1846.

[1189] Guðrún V. Stefánsdóttir, *„Ég hef svo mikið að segja*.“, 55.

[1190] ÞÍ. Bægisá í Hörgárdal–prestakall 0000 BC/4–1–1 Sóknarmannatal 1822–1830, 1832–1834 og 1836.

[1191] Börn á Íslandi voru alla jafna ekki á brjósti á þessum tíma. Sjá Ólöf Garðarsdóttir, *Saving the child. Regional, cultural and social aspects of the infant mortality decline in Iceland, 1770–1920,* 157.

[1192] ÞÍ. Stærri–Árskógur á Árskógsströnd / Hrísey–prestakall 0000 BC/2–1–1. Sóknarmannatal 1818–1823, 1826, 1828, 1830–1833, 1835, 1837, 1838 og 1840–1842.

[1193] ÞÍ. Stærri–Árskógur á Árskógsströnd / Hrísey–prestakall 0000 BA/1–1–1. Prestsþjónustubók 1817–1846. Eftirmæli Guðríðar í Íslendingabók eru eftirfarandi: „Hálfviti, átti eitt barn sem dó.“, segir Espólín.“ VEF. Íslendingabók.is. Þarna hefur Jón Espólín rangt fyrir sér. Guðrún, dóttir Guðríðar lifði löngu og að því er virðist farsælu lífi.

barnsfaðernismálið var tekið upp í héraði voru þau bæði, Guðríður og Ólafur, meintur barnsfaðir hennar, bæði dæmd sek og hvorki tekið tillit til andlegs ástands Guðríðar né ungs aldurs Ólafs. Þessum dómi var síðar snúið við í Landsyfirrétti með þeim rökstuðningi að sökum þess að hún hefði ekki náð fermingu vegna vitsmuna- eða gáfnabrests gæti hún ekki hafa kunnað fótum sínum forráð. Ólafur var sýknaður vegna þess að það var ekki til ákvæði í lögum sem beinlínis bannaði „legorð með hálfvita framar en heilvita persónu.“

Guðríði var vikið af heimilinu eftir barnsburðinn og á það því sammerkt með Guðrúnu Björnsdóttur (79) ásamt því að vera sveitarómagi og þolandi kynferðisofbeldis. Guðríður galt fyrir það að vera kona, með andlega þroskahömlun og í lægsta stéttarþrepi samfélagsins svo gripið sé til greiningarkerfis samtvinnunar.[1194]

## 2. Sigþrúður (51) og Ingibjartur Guðmundur (78)

> „Sjöunda boðorð
> Þú skalt ekki stela
> Hvað er það?
> Það er: Vjer eigum að óttast og elska guð.
> Að vjer ekki grípum góz eða peninga vors náunga, eða með föstum kaupeyri eða undirhyggju undir oss drögum; heldur eigum vjer honum að hjálpa, svo hans góz og uppeldi ávaxtist og varðveitist.“[1195]

Sögur þeirra tveggja, sem brutu gegn sjöunda boðorðinu, eiga meira sammerkt en það sem kemur beint fram í sögum þeirra. Sigþrúður Oddsdóttir var 43 ára gömul þegar hún fór í sína afdrifaríku kaupstaðarferð þar sem hún stal sjali í Thomsens Magasíni í Hafnarstræti í Reykjavík árið 1897. Þrátt fyrir að það komi ekki fram í Landsyfirréttardómnum, þá var Sigþrúður ekki ein á ferð og ekki ein grunuð um þjófnaðinn. Þær voru tvær saman í ferðinni Sigþrúður og yngri systir hennar. Sú beið eftir Sigþrúði á þeim stað þar sem þær geymdu ferðakistur sínar. Verslunarþjónninn sem elti Sigþrúði uppi, var nokkuð viss um að systirin væri í það minnsta meðsek Sigþrúði. Sú neitaði staðfastlega að vita nokkuð um málavöxtu og þar með sat Sigþrúður eftir með skömmina þrátt fyrir að hafa greitt fullt verð fyrir sjalið. Hún var ein dæmd fyrir þjófnaðinn og var hegningin þyngd um helming í Landsyfirrétti. Af dómnum má lesa að hann eigi að vera Sigþrúði til viðvörunar um að gera ekkert svona aftur. Í sama dómsorði má einnig lesa að dómararnir telji að hún hafi ekki verið „þess meðvitandi að verk hennar væri hegningarvert.“[1196] Hér virðist eitthvað vera málum blandið. Getur verið að Sigþrúður hafi verið gerð út af systur sinni til að stela sjalinu? Vitnaleiðslur yfir þeim systrum og verslunarþjónunum, sem elti Sigþrúði, finnast ekki en það væri merkilegt að sjá hver möguleg aðkoma systurinnar að verknaðinum gæti í raun og veru hafa verið, eða hvernig sú

[1194] Collins, P. H., *Black Feminist Thought. Knowledge, Consciousness and the Politics of Empowerment,* 228. Vilhelm Vilhelmsson bendir á að skv. tilskipun um hjónabönd frá 1746 var ógiftum foreldrum bannað að dvelja í sömu sókn. Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk,* 159. Brottflutningur Guðrúnar Björnsdóttur var að minnsta kosti innan sóknar.

[1195] Balle, N. E., *Lærdómsbók í evangelisk–kristilegum trúarbrögðum handa únglíngum*, 7.

[1196] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Gullbringu– og Kjósarsýslu og bæjarfógetinn í Hafnarfirði 0000 GA/40–1–1.

staðreynd, að hún var viðstödd, er þurrkuð út í reifun málsins fyrir Landsyfirrétti. Þessi sama systir og svo síðar börn hennar voru skjól Sigþrúðar alla hennar ævi. Samband þeirra systra er gott dæmi um flókið tilfinningasamband sem skapaðist milli þeirra sem þurftu umönnunar við og þeirra sem veittu hana. Í þessu tilfelli bætist við sá grunur að Sigþrúður hafi ekki átt frumkvæði að því að stela sjalinu heldur systir hennar.

Í málaferlunum sem haldin voru gegn Ingibjarti Guðmundi og húsbændum hans á Ísafirði í maí 1913 viðurkenndu húsbændur hans að hafa ekki einungis verið þjófsnautar hans heldur einnig gert hann beinlínis út til að stela ákveðnum hlutum, bæði fatnaði og mat.[1197] Húsmóðirin fékk í þessu tilfelli þyngsta dóminn af þeim þremur. Það var svo ekki fyrr en Ingibjartur Guðmundur gerðist aftur sekur um þjófnað ári síðar, að umsagnir um andlegt ástand hans voru dregnar inn í málaferlin. Þrátt fyrir að hann skilaði kápunni, sem hann stal (og hafði selt öðrum) var þessu máli áfrýjað. Í Landsyfirréttardómnum kemur fram að þrátt fyrir að hann væri talinn vera með svo skert gáfnafar að honum gæti „tæplega ætlast sjálfstæð tilfinning fyrir eignarétti“[1198] væri ekki hægt að kalla hann bjána. Hann var því dæmdur sakhæfur og til refsingar. Í tilfellum Sigþrúðar og Ingibjarts Guðmundar lágu vottorð um andlega kvilla þeirra fyrir dómstólum frá upphafi en í hvorugu tilfellinu var mark tekið á því. Þau voru því dæmd sek fyrir þjófnað sem mikill vafi leikur á, að hafi verið að þeirra frumkvæði. Einnig má velta fyrir sér hvort þau hafi ekki verið látin taka á sig refsingu sem tilheyrði öðrum og það af opinberum dómstólum. Hér blasir ableismi dómstólanna við án þess þó að dómararnir hafi gert sér grein fyrir því sjálfir. Sigþrúði og Ingibjarti Guðmundi var því hreinlega refsað fyrir sína andlegu kvilla.[1199]

Það er mjög áhugavert að fylgjast með því hvaða breytingum nafn Ingibjarts Guðmundar tók á árunum eftir dvöl hans á Ísafirði. Fyrst snerist fornafnaröðin við og síðar tók hann upp eftirnafnið Dýrfjörð. Líklega hefur orðrómur um þjófnaðarmálin á Ísafirði fylgt honum og hann því tekið á það ráð að breyta nafni sínu til þess skýla sér.

## 3. Hallgerður (60) og Kaprasíus (65)

Þau voru sveitungar í Norðurárdalnum, þau Hallgerður og Kaprasíus, en þó var kynslóðamunur á þeim. Hallgerður var fædd mál- og heyrnarlaus og þótti mjög „óskír og dauf“ fram eftir aldri. Það kom ekki í veg fyrir að hún eignaðist þrjú börn. Hún eignaðist það fyrsta með giftum vinnumanni, annað með ógiftum vinnumanni og það þriðja með giftum bónda í næsta nágrenni eins og áður hefur komið fram. Hallgerður var lungann úr sínu lífi heimilisföst á sama bænum og í því sem virðist hafa verið gott skjól hjá móður sinni og síðar bróður og hans fjölskyldu. Bróðir Hallgerðar og mágkona tóku svo það eina barn hennar sem lifði að sér og ólu það upp. Norðurárdalurinn var að vísu þéttbýll og stutt á milli bæja en það er eitthvað við þessar barneignir Hallgerðar sem vekur grun um að skjólið hafi ekki verið eins gott og það lítur fyrir

[1197] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Ísafirði 0000 GA/6–2–1. Dóma- og þingbók 1911–1915.
[1198] *Landsyfirrjettardómar* IX, 348.
[1199] Sjá umfjöllun í inngangi þar sem kemur fram hversu djúpt, inngróin og ómeðvituð ableísk viðhorf eru og hafa verið í gegnum tíðina.

að hafa verið á yfirborðinu. Það er ekki hægt að sjá í heimildum að Hallgerði hafi verið kennt neitt og sóknarpresturinn hóf ekki ferlið að fermingu hennar með undanþágu frá biskupi fyrr en þremur árum eftir að hún eignaðist sitt fyrsta barn. Það barn missti hún á sama ári og hún var fermd. Það leið ekki nema eitt ár og þá varð Hallgerður aftur ófrísk.

Sterkar grunsemdir um að ekki hafi allt verið með felldu á heimilinu vakna eftir að Þórdís móðir Hallgerðar lést níræð að aldri. Þá fór sóknarpresturinn að minnast á það í sóknarmannatalinu að Hallgerður sé „nýfarin að draga í mál.“ Samkvæmt sóknarprestinum fór Hallgerður því að tala eftir að móðir hennar lést. Getur verið að skjólið sem móðir Hallgerðar veitti henni, hafi jafnframt verið svo íþyngjandi fyrir hana að það hafi komið í veg fyrir að hún gæti tjáð sig eins og hún hafði mátt til? Það má jafnvel ímynda sér að hún hafi skapað sjálfri sér ákveðið skjól með þögn sinni á meðan móðir hennar var á lífi.[1200]

Jóhann húsbóndi Kaprasíusar játaði í aukarétti Mýrarsýslu sumarið 1871 að hafa oft barið Kaprasíus á þeim tólf árum sem hann hafði verið undir húsaga Jóhanns enda voru hirtingar húsbænda á börnum sínum og vinnuhjúum fram til sextán ára aldurs leyfðar samkvæmt lögum um vinnuhjú frá árinu 1866.[1201] Jóhann neitaði samt sem áður við sömu yfirheyrslu að hafa barið Kaprasíus nokkurn tíma þá um veturinn. Jóhann sagði ástæðu hirtinganna hafi verið þær að Kaprasíus hafi reynst „sér ódyggur, óþekkur, ósannorður og ófrómur og yfirhöfuð illa innrættur og segist hann hafa haldið hann af því að hann hafi verið að búast við að hann mundi skána og bæta ráð sitt en feginn vilja sleppa honum.“[1202] Ekkert bendir til þess að Kaprasíus hafi verið nokkuð af þessu sem Jóhann taldi upp fyrir réttinum. Hann var ekki nema fimm ára þegar Jóhann og Guðríður eiginkona hans og föðursystir Kaprasíusar tóku við búi á Breiðabólstað í Reykholtssókn þar sem Kaprasíus var fyrir sem tökubarn föðurafa síns og Guðrúnar föðurömmu. Hvað varð þá til þess að Kaprasíus var nánast sveltur í hel veturinn og vorið 1871 og það af föðursystur sinni? Á þessum tíma var Kaprasíus orðinn 18 ára og fermdur en ekki vistráðinn á bæinn á hefðbundinn hátt heldur var hann „léttadrengur“ sem ekki fékk greitt fyrir vinnu sína. Hann fékk ekki þau klæði sem gátu skýlt honum við gegningarnar og þegar hann var lagstur í rúmið af „máttleysu“ fékk hann ekki einu sinni mat. Guðríður föðursystir hans neitaði meira að segja að gefa honum að borða þegar hreppstjórinn og prófasturinn fóru fram á það. Þarna var það hún sem hafði húsbóndavaldið í fjarveru Jóhanns.

Það er náttúrulega ekki hægt annað en að geta sér til um ástæðurnar fyrir þessari hrikalegu meðferð. Það var sannarlega skortur á heimilinu en Kaprasíus var sá eini sem svalt heilu hungri. Var hér um hreina mannvonsku að ræða? Eitt vekur athygli og það er sú staðreynd að Kaprasíus greinir frá því að þessi vonda meðferð á honum hafi hafist „í vetur“. Er hægt að greina einhverjar breytingar á heimilinu sem gátu haft þessar afleiðingar fyrir Kaprasíus? Hann var alinn upp af föðurforeldrum sínum og fylgdi ömmu sinni þegar hún ásamt Guðríði og Jóhanni fluttu að Laxfossi. Ári áður en Kaprasíus fannst nær dauða en lífi í rúmi sínu lést Guðrún amma

---

[1200] Hér má benda á mjög merkilega frásögn Mabel Cooper, enskrar konu með þroskahömlun, sem var sett á stofnun ung að árum. Hún segist hafa valið sjálf að tala ekki á stofnuninni enda var henni alltaf sagt að þegja ef hún sagði eitthvað. Áratugum saman sagði hún ekkert nema já og nei og yfirleitt bara nei. Atkinson, D., Mable Cooper, „Parallel stories“, 17.

[1201] Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 89.

[1202] ÞÍ. Skjalasafn Sýslumanna. Dómabók Mýra– og Hnappadalssýslu IV–9 – 1871–1877. Sjá einnig *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1854–1875*. I–III bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag 1864–1875, 273–282.

hans. Hafði hún verið honum skjól og vörn gegn hinum grimmu húsbændum og varð hann berskjaldaður fyrir þessari illu meðferð eftir andlát hennar? Þetta er nærtækasta skýringin enn sem komið er. Kannski áttu þau tvö eitthvert sérstakt samband sem aðrir á heimilinu náðu eða fengu ekki að tengjast. Það gæti hafa skapað afbrýði og aðra togstreitu sem beindust gegn Kaprasíusi eftir að amma hans lést. Eins og kom fram í inngangi er eitt megineinkenni eineltis valdamisræmi milli geranda og þolanda. Alls kyns sinnuleysi og skortur á samkennd er einelti í anda hægfara ofbeldis. Í tilfelli Kaprasíusar má leiða að því líkum að hann hafi bæði verið beittur stöðugu hægu ofbeldi með sinnuleysi og kaldrana húsbænda sinna og barna þeirra sem snerist upp í beint og afgerandi ofbeldi þegar hann missti skjól föðurömmu sinnar.[1203]

Það er ekki hægt annað en draga þá ályktun að Hallgerður og Kaprasíus hafi ekki notið þeirrar verndar heima fyrir sem þeim bar samkvæmt þeim skrifaða og óskrifaða samfélagssáttmála sem var þá var í gildi. Barneignir utan hjónabands voru refsiverðar og prestar skráðu fjölda frillulífisbrota samviskusamlega í prestsþjónustubækur. Barnsfeður Hallgerðar gengust þó við börnunum og það yngsta lést mánaðargamalt heima hjá föður sínum. En það stafar hreinlega einhverjum óhugnaði af sögu Kaprasíusar og meðferðinni á honum eftir að amma hans lést. Húsbændur hans virðast samt hafa sloppið fyrir horn með glæp sinn og ekki var haldið áfram með rannsókn málsins í héraði.

Hér má minna á greiningu breska fötlunarfræðingsins Andreu Hollomotz þar sem hún sýndi fram á að ofbeldi gegn fötluðu fólki væri og hefði verið bæði meira, grófara og félagslega samþykkara en gagnvart öðrum þjóðfélagshópum eins og kom fram hér að framan.[1204]

## 4. Sæfinnur (44) og Oddur (55)

Þeir Sæfinnur og Oddur voru sannarlega Reykvíkingar þó svo að Sæfinnur væri fæddur í Flóanum og Oddur hafi ávallt kennt sig við Skipaskaga, þaðan sem hann var ættaður í föðurætt. Sæfinnur fæddist rúmri hálfri öld á undan Oddi og Reykjavík Sæfinns átti lítið skylt við Reykjavík Odds. Litla sjávarþorpið þar sem Sæfinnur bar vatn í hús var orðið að nútíma bæ með bílaumferð þegar Oddur réðst að manni með broddstaf að vopni í Bankastræti. Þeir gátu heldur ekki verið ólíkari í framkomu og atferli; Sæfinnur var jafn hljóðlátur og Oddur var hávær. Það fór svo lítið fyrir Sæfinni að hann finnst ekki alltaf í sóknarmannatölum. Það á bæði við áður en hann settist að í Reykjavík en þó er fjarvera hans mest áberandi eftir að hreinsað var út úr bæli hans fyrir atbeina yfirvalda. Þá var hann hvergi skráður til heimilis í sóknarmannatali Reykjavíkursóknar í heil þrjú ár. Úthreinsunin sem fór fram árið 1890 voru fyrstu afskipti yfirvalda af Sæfinni frá því að hann var fermdur. Á áttunda áratug 19. aldar var hann oftast skráður sem lausamaður í Reykjavík. Hvorki er að finna umsókn um lausamennsku frá honum í skjalasafni bæjarins né úrskurð um leyfi til lausamennsku. Slíkar umsóknir og

[1203] Hér má vísa í nöturlega lýsingu á því þegar komið var að ungum mjög fötluðum dreng í hænsnahúsi, skítugum og grátandi um miðja 20. öld. Hann hafði verið laminn af húsfreyjunni sem hafði tekið að sér að sjá um drenginn af því að foreldrar hans treystu sér ekki til þess. Guðrún V. Stefánsdóttir, *„Ég hef svo mikið að segja“,* 219.

[1204] Hollomotz, A., „Disability, Oppression and Violence“, 490.

úrskurðir voru þó samviskusamlega færðir á þessu tímabili í gerðabækur Fátækranefndar Reykjavíkur, sem allar hafa varðveist.[1205]

Á sinn hljóðláta hátt lifði Sæfinnur eins konar eigin hliðarlífi í Reykjavík. Á sama tíma og hann var áberandi í bæjarlífinu með vatnsfötur sínar og afar sérkennilegan klæðaburð þá „sá“ hann ekki nokkur maður. Það var ekki fyrr en „haugur hans“ var rofinn og peningarnir sem hann hafði safnað komu í ljós sem tilvist Sæfinns framkallaðist. Það er hvergi hægt að sjá í heimildum bæjarfógetans í Reykjavík hvað varð um fé Sæfinns. Það er því alls ekki ljóst hvort hann fékk það til baka eða ekki. Þegar Sæfinnur lést sex árum síðar var hann skráður sem niðursetningur enda greiddi fátækranefnd Reykjavíkur með honum og kostaði útför hans. Þetta bendir enn frekar til þess að hann hafi ekki fengið fé sitt til baka. Hin fyrrnefnda afar sérstaka grein sem birtist í *Ísafold* 12. júlí árið 1890 eða tveimur dögum eftir húsbrotið, hefur yfir sér blæ varnarræðu. Það er eins og greinarhöfundur sé að verja aðgerðir yfirvalda gegn Sæfinni fyrir almenningi í bænum. Þetta gerði hann með því að benda á sérvisku hans, söfnunaráráttu og fatalarfana sem Sæfinnur gekk í.

Eins og áður hefur komið fram hófust afskipti bæjaryfirvalda í Reykjavík af Oddi við fæðingu hans og lauk þeim ekki fyrr en hann var kominn á elliheimilið Grund, þá háaldraður maður. Hann virðist hafa getað unnið fyrir sér með fiskveiðum í um áratug eftir aldamótin 1900 en var kominn á bæjarframfærslu aftur árið 1915. Oddur var ekki húsum hæfur og beinlínis ofbeldisfullur á köflum. Það er athyglisvert að hann er lagður aftur inn á spítala í beinu framhaldi af því að hann réðst á manninn í Bankastræti. Hann var þar í rúman mánuð en eftir að hafa verið útskrifaður fór allt í sama farið og klögumál og kærur hrönnuðust upp gegn honum hjá bæjaryfirvöldum. Sú lausn yfirvalda að byggja yfir hann skúr lengst inn í Laugarási árið 1935 sýnir svo ekki er um villst að þau vildu hann úr augsýn og umgengni við bæjarbúa. Þá var eins og ákveðið logn hafi þá færst yfir Odd og síðustu árin lifði hann nánast án nokkurra afskipta yfirvalda.

Það er ekki hægt annað en taka inn á sig einstæðingsskap þeirra Sæfinns og Odds. Þeir áttu báðir náin skyldmenni á lífi en þau voru ekki í Reykjavík. Í ódagsettri skýrslu geðlæknis um Odd, sem var rituð eftir 1926, kemur fram eftirfarandi; „Upplýsingar um ætt sjúkl.: Móðir sjúklingsins var geðveik og hálfbróðir hans að föðurnum varð geðveikur og dó þannig 30 ára að aldri.“ Í sömu skýrslu kemur fram eftirfarandi lýsing á Oddi:

> Sjúklingurinn er heyrnarsljór vegna þess misheyrist honum alt og veldur það oft geðofsaköstum. Hann er ánægður með lífið og vill lifa og því mjög lífshræddur. Hann er stálminnugur bæði á nýtt og gamalt svo hann man ártöl og mánaðardaga er snerta löngu skeða atburði. Hann er sjálfsánægður og trúgjarn og finnst alt snúast um sig. Einkennilegur í fasi hefur kæki bæði hann brettir sig í andliti og rekur tunguna út úr sér orðum sínum til áherslu.[1206]

---

[1205] Lausamennska var veigamikil undantekning frá hinni hefðbundu vistarskyldu íslenska bændasamfélagsins og var háð leyfi yfirvalda. Sjá greinargóða umfjöllun um sagnfræðilegar rannsóknir á lausamennsku í bók Vilhelms Vilhelmssonar *Sjálfstætt fólk. Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, 182–187.

[1206] BS. Fi/284 „Oddur Sigurgeirsson.“

Varðveist hefur lýsing á Sæfinni frá Jóni Borgfirðingi, samtímamanni hans úr Reykjavík, sem var einn af þeim fáu sem gáfu sig á tal við hann á förnum vegi.

> Stærri en meðalmaður á vöxt jafnvaxinn og þrekinn, mátti teljast laglegur á fætur og fríðan andlits skapnað sem eigi gætti, því sjaldan sást hann þveginn, sítt og mikið hár en aldrei greitt, enginn daga munur var hjá honum, nje kirkjuferðir. […] Sæfinnur var ráðvandur maður til orða og verka og fáskiptinn. Greindur og skemtin í viðtali ef maður átti einn við. Þótt sjerlundaður væri, var hann enginn heimskingi og margt heyrðist maður hann vita. Veðurglöggur og sagði hvernig viðra mundi næstu nótt og dag, reyndist það optast svo. Stundum stóð hann kyr, með vatnsföturnar og horfði upp í loptið. Einu sinn var hann spurður að, hvort hann sæi ekki vetrar farið fyrir. Kvað hann nei við. Mundi það ekki hægt vera, veðuráttan væri svo breytileg vera á þessu eylandi norður í höfum.[1207]

Það spruttu upp miklar sögur um þessa tvo Reykvíkinga og margar þeirra hafa ratað á prent. Þrátt fyrir að þessar sögur og endursköpun sagnamanna á þessum tveimur einstaklingum séu ekki beinn hluti að rannsókn þessari er mikilvægt að halda þeim til haga og muna að hvorki Sæfinnur né Oddur áttu neinn hlut í þeirri sagnagerð nema með því einu að ganga um götur Reykjavíkur. Sögurnar endurspegla samt sem áður viðhorf samfélagsins til þeirra og undirstrika jaðarsetningu þeirra. Þær eru líka upplýsandi um þá hliðarveröld sem samfélagið setti þá Sæfinn og Odd í.[1208] Annar talaði fátt og hinn heyrði lítið sem ekkert. Þeir voru „hinir“ og á þá mátti hrópa og hrekkja og draga sundur og saman í háði. Allar veraldlegar eigur Sæfinns voru bornar út í fjöru að honum óspurðum og yfirvöld komu Oddi fyrir í kofa í útjaðri bæjarins þannig að hann ætti ekki eins auðvelt með að komast í bæinn og innan um aðra bæjarbúa. Þeir voru hreinlega bornir út og þar með sviptir þegnrétti sínum. Samt héldu þeir áfram sínu lífi að einhverju leyti þrátt fyrir útburðinn. Það er samt augljóst að Sæfinnur bar aldrei sitt barr eftir húsbrotið.

Ýmsir fötlunarfræðingar hafa rannsakað hvernig hópgláp (e. *staring*) samfélagsins hefur áhrif á sjálfsmynd og líðan fatlaðs fólks. Niðurstaða flestra er sú að slíkt hópgláp sé eitt af því erfiðasta sem fatlað fólk lendir í og hafi það mjög sterk áhrif á hinn fatlaða og setji mark sitt á hann fyrir lífstíð.[1209] Hópglápið útilokar þessa einstaklinga frá tilfinningasamfélagi við hina ófötluðu. Á þá Sæfinn og Odd var ekki einungis glápt heldur var einnig horft í gegnum þá eins og þeir væru ekki til. Það hefur ekki síður haft varanlegt og erfið áhrif á þá báða.

## 5. Ragnhildur (49) og Hólmfríður (96)

Þær Ragnhildur Símonardóttir (49) og Hólmfríður Jónatansdóttir (96) áttu það sammerkt að veikjast illa af geðsjúkdómum stuttu eftir fermingu. Efnahagslegar aðstæður þeirra leiddu þó til

[1207] ÍB 520 4to Jón Borgfirðingur, „Minnisgreinir og skjalaúrdrættir; Ísland“, 1860–1910.
[1208] Marín Árnadóttir hefur tekið saman skrá yfir „óvenjulega“ einstaklinga í prentuðum heimildum frá 19. og 20. öld. Þar koma fyrir sögur af bæði Sæfinni og Oddi. Skráin birtist í bókinni *Þættir af sérkennilegu fólki. Menning fátæktar* sem er 28. bókin í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar.
[1209] Singh, R., G. Chopra, „"Don't Stare At Me…."“, 12.

þess að Ragnhildur var sett niður af Fátækranefnd Reykjavíkur, fyrst sem vinnukona í Kjós og síðar eftir að hafa eignast barn var henni komið fyrir á ýmsum stöðum í Reykjavík. Hólmfríður bjó aftur á móti hjá foreldrum sínum fram yfir þrítugt. Hún eignaðist líka barn sem hún gat ekki feðrað vegna sjúkdóms síns. Þegar foreldrar Hólmfríðar urðu „aumingjar“ um aldamótin 1900 og gátu ekki séð um hana lengur fór hún til Siglufjarðar á fæðingarhrepp sinn ásamt Maríu dóttur sinni. Eftir að hafa hrakist um „hér og þar“ á Siglufirði í nokkur ár komst Hólmfríður í skjól inn á nýstofnaðan Kleppsspítala. Ragnhildur var ekki eins gæfusöm enda nær 30 árum eldri en Hólmfríður. Hún lifði ekki svo lengi að komast inn á sérhæfða sjúkrastofnun. Í ein þrjú ár var hún ásamt annarri geðveikri konu vistuð á bæ einum í Skerjafirði. Húsbóndinn fékk 300 krónur á ári með Ragnhildi en 100 krónur með hinni konunni. Sú var flutt í skyndingu af bænum þegar upp komst um illa meðferð húsbóndans á henni. Tveimur mánuðum síðar var einnig búið að flytja Ragnhildi í burtu og koma henni fyrir hjá Ingunni í Melshúsum.[1210] Ingunn þessi var móðir Árna prófasts Þórarinssonar og hann segir frá Ragnhildi í æviminningum sínum:

> Þegar ég átti heima í Melshúsum, var þar galin stúlka um þrítugsaldur. Hún hét Ragnhildur og var dóttir Símonar hringjara í Reykjavík. […] Með henni fékk mamma eina krónu á dag. Af Ragnhildi bráði aldrei, og henni var aldrei leyft að fara út. Hún var myndarleg stúlka og falleg og hefur efalaust verið gáfuð. Hún var fluglæs og flutti stundum prédikanir upp úr sér og þá allt með viti. Stundum fékk mamma henni Pétursһugvekjur á kvöldin og bað hana lesa eina hugvekju. Hún las hátt og fallega. Stundum sagði hún upp úr lestrinum: „Uss! Það held ég þú getir lesið, þó þú sért vitlaus“. Þetta hélt hún, að við værum að hugsa um sig. Ragnhildur var í Melshúsum, á meðan mamma átti þar heima, og þar dvaldist hún áfram hjá þeim, sem næst fluttust í bæinn. Hún fékk aldrei vitið.[1211]

Þær Ragnhildur og Hólmfríður áttu erfið æviár og gagnvart þeim var úrræðaleysi samfélagsins algert, alveg þangað til Hólmfríður komst inn á Klepp árið 1907.[1212] Þar átti hún skjól í átján ár. Fyrir tíma sjúkrahússins þótti dvöl geðsjúklingsins Sigríðar (76) í afþiljuðum bás í fjósi ásættanlegt úrræði að mati yfirvalda. Það er athyglisvert að dætur Ragnhildar og Hólmfríðar voru látnar fylgja mæðrum sínum í lengri eða skemmri tíma þrátt fyrir að þær væru ófærar um að annast um þær. Að minnsta kosti varð að loka Ragnhildi inni svo hún færi sér og öðrum ekki að voða og Hólmfríði var lýst svo að hún væri alveg sambandslaus við umhverfi sitt. Samt sem áður voru börnin samvistum við mæður sínar á viðkvæmum bernskuárum.

Í doktorsrannsókn sinni greindi Guðrún V. Stefánsdóttir átta lífssögur. Þar af voru fimm sögur kvenna. Fjórar af þeim sögðu frá kynferðislegu ofbeldi sem þær urðu fyrir á lífsleiðinni. Ein þessara kvenna lýsti afleiðingum ofbeldisins þannig:

> Ég veit ekki hvernig ég hefði verið ef ég hefði ekki haft guð almáttugan. Þetta var svo hræðilegt og ég er ennþá svo reið og leið oft inn í mér. En ég hef bara svona brynju. Ég

[1210] BS. Gjörðabók Fátækranefndar Reykjavíkur 1876–1895. Aðfnr. 42.
[1211] Þórbergur Þórðarson, *Úr sálarháska*, 178.
[1212] ÞÍ. Manntalið 1920–Hagstofa Íslands 1932 A/30–1–1. Reykjavík III.

> er ekki svona. Þetta hefur eyðilagt alveg fyrir mér. Ég hefði komist miklu meira áfram ef þetta hefði ekki gerst. Svo veit ég ekki hvort þau trúðu mér.[1213]

## 6. Margrét (47) og Einar (56)

Þau Margrét Arnljótsdóttir (47) og Einar Hákonarson (56) virðast ekki eiga neitt sameiginlegt við fyrstu sýn nema að koma í heiminn og svo deyja. Þegar betur er að gáð má þó draga þau saman í kví vegna þess að þau fæddust með fæðingargalla og létust eftir uppskurði lækna sem voru að reyna að bjarga þeim frá bráðum dauða. Báðir uppskurðirnir voru tilraunir sem ekki höfðu verið reyndar áður, tilraunir sem tókust vel frá læknisfræðilegu sjónarhorni en sjúklingarnir létust báðir. Lýsingarnar á uppskurðunum draga fram hugkvæmni læknanna sem voru að vinna við mjög frumstæðar aðstæður. En þar lýkur samanburðinum á þeim Margréti og Einari.

Einar fæddist án endaþarmsops og það er eftirtektarvert í lýsingu héraðslæknisins að fæðingargallinn virðist hafa alveg farið fram hjá ljósmóðurinni í fæðingunni. Móðirin var að eignast sitt fyrsta barn þannig að það er skiljanlegra að hún hafi ekki verið alveg með á nótunum. Það var beðið í sólarhring eftir að sækja lækninn og hann beið svo í aðra 16 tíma þar til hann framkvæmdi uppskurðinn og opnaði inn í endaþarminn. Einar lifði í tvo daga í viðbót en þá skrapp sondan sem læknirinn hafði komið fyrir út og umbúnaðurinn um sárið gaf sig. Við það lést Einar. Að sögn héraðslæknisins frétti hann af látinu utan að sér og var því ekki sjálfur viðstaddur.

Dvergvöxtur Margrétar varð ekki lífshættulegur fyrr en hún varð barnshafandi. Þegar ljósmóðirin í Reykjavík lét landlækni vita fór í gang ferli sem endaði með fyrsta keisaraskurðinum á Íslandi. Fréttir af uppskurði Margrétar rötuðu í fjölmiðla enda stórviðburður í sjálfu sér. Í *Þjóðólfi* 4. júlí 1865 fór landlæknir yfir þennan einstaka viðburð og minntist á alla þá sem komu að honum. Það voru yfirsetukona og fjórir læknar og 4 læknanemar sem voru viðstaddir uppskurðinn, alls 8 karlmenn. Ekki er ljóst hvar uppskurðurinn var framkvæmdur í bænum. Tveir læknanna voru franskir, annar var hér vegna viðveru franskra sjómanna við landið og hinn var læknir á frönsku herskipi sem var við lægi í Reykjavík.

> Engi þeirra 4 læknanna hafði sjálfir verið viðstaddir keisara- skurðarbarnsnauð fyren nú, en öllum kom þeim um það ásamt, er þeir höfðu kannað skapnað sængurkonunnar, að hún gæti ekki fætt, og væri hér því eigi nema um það tvent að skipta að bæði móðir og fóstur hlyti að deya eptir laung og mikil harmkvæli hennar, eðr að ráðast þegar i keisaraskurðinn til þess að stytta þjáningar móðurinnar og bjarga lífi beggja ef svo vel gæti tekizt. […] Gísli Hjálmarsson gekk síðan til og skar upp móðurlífið og varð móðirin léttari að meybarni með fullu lífi er vó 14 merkr i laugatroginu. þetta gjörðist um kl. 10–11, 24. f. mán. Voru umbúðir gjörðar um skurðarsárin, leið þá smámsaman cloroforms vanmegnið af móðrinni, og varð hún hress og heilsaðist eptir öllum hætti allt fram a hina næstu nótt; en þá fór hún að fá viðvarandi hóstakjoltr með ógleði, svo nóttin varð henni

---

[1213] Guðrún V. Stefánsdóttir, „*Ég hef svo mikið að segja*“, 133.

ókyrr og næðislítil; færðust fyrir það úr lagi umbúðirnar og ýfðust sárin og máske blóðrásin hið innra; þegar leiddi sunnudaginn (25. f. mán.) varð hún rænuskert og þar með allri lífsvon lokið enda skildi hún við hið sama kvöld undir náttmál. Barnið var skírt, að móðurinni lifandi: Júlíana Margrét, og lifir enn og dafnar eðlilega. 27. f. m. skáru þeir upp lík hennar, landlæknirinn og báðir hinir frönsku læknar, og sannaðist þá með líkskurðarrannsókninni, að fæðingin hafði verið alveg ómöguleg. Barnið lifir enn og hefir dafnað eðlilega til þessa.[1214]

Frásögn landlæknis er þarna í 3. persónu en skýrslan, sem hann skrifaði til heilbrigðisyfirvalda í Kaupmannahöfn er í 1. persónu. Það er nokkur munur á þessum tveimur frásögnum sem aðallega kemur fram í sögumannsröddinni. Í frásögninni í *Þjóðólfi* má lesa að Margrét hafi nánast átt sjálf þátt í því að hún lést vegna þess að umbúðirnar gengu úr lagi við öll þessi hóstaköst. Í skýrslunni til yfirmanna sinna í Kaupmannahöfn var landlæknir nokkuð góður með sig og lét þess getið að franski yfirlæknirinn hafi skrifað grein um hversu vel keisaraskurðurinn tókst í franskt læknatímarit og bauðst til að senda þeim greinina. Í báðum frásögnunum tók hann skýrt fram að það hafi verið bæði álit allra læknanna á undan aðgerð að hún væri nauðsynleg til að bjarga móður og barni og við krufningu hafi það álit verið staðfest.

Í báðum þessum tilfellum unnu læknarnir afrek. Þeir tókust á við áður óþekkt vandamál og beittu þekkingu sinni til að gera allt sem þeir framast gátu, til að bjarga sjúklingum sínum. Þegar uppskurðunum var lokið tók við annað ferli sem ekki reyndist ganga upp. Sondan gaf sig hjá Einari og Margrét fékk lífhimnubólgu. Það er nöturleg staðreynd að það voru eftirköstin sem dró þau til dauða en ekki uppskurðirnir. Í skrifum beggja læknanna kemur fram að þeim stóð alls ekki á sama um sjúklinga sína og telja sig hafa gert hvað þeir gátu til að bjarga þeim frá dauða. Í báðum tilfellum má ætla að þeir hafi gert sér grein fyrir áhættunni og þeim litlu líkum sem voru á því að þeim tækist ætlunarverkið.

## 7. Sólveig (81) og Björn Sigurður (92)

Í bókinni *Eyfirskar sagnir*, sem kom út árið 1977, eru birtir sagnakaflar af Sólveigu Eiríksdóttur (81) og Birni Sigurði Jónssyni (92) eftir Jónas Rafnar yfirlækni og forstöðumann Kristneshælis. Kaflinn um Sólveigu ber undirtitilinn „Lúsa-Sólveig“ og kaflinn um Björn nefnist „Þáttur af Birni búfræðingi.“[1215] *Eyfirskar sagnir* eru frásagnir í hefðbundum þjóðlegum stíl sagna af sérkennilegu fólki. Það sem einkennir sögurnar af Sólveigu og Birni Sigurði eru frásagnir af kerfisbundnu og miskunnarlausu samfélagseinelti gegn þeim. Þrátt fyrir að sagnirnar um þau liggi fyrir utan rannsókn þessa er áhugavert að greina eineltið í gegnum lífsþræði þeirra.[1216]

Hinar kröftugu umsagnir í hreppsbók Öngulsstaðahrepps um Sólveigu eiga fáar sína líka. Hún var sögð „ódresi“ og „ónytjungur“ og væri „viljalaus“ og „þverskallaðist við.“ Þetta var

---

[1214] *Þjóðólfur* 35–36. tbl.,140.
[1215] Jónas Rafnar, „Þáttur af Birni búfræðingi“, 124–153. „Þáttur af Sólveigu Eiríksdóttur (Lúsa–Sólveigu)“, *Eyfirskar Sagnir*, 201–214.
[1216] Sjá grein Marínar Árnadóttur, „Þættir af Sólveigu Eiríksdóttur og Jóni Gissurarsyni.“ Einnig fjölluðum við Marín um bæði sagnir og lífsþráð Björns Sigurðar í erindum á Þjóðarspegli árið 2018.

ástæðan fyrir því að engin vildi taka hana til vistar nema með meðgjöf. Hún var óþekk, ónýt og ógeðsleg í augum hreppsyfirvalda og svo lúsug að „enginn getur liðið hana nærri sér, líka kjöftug og lýgin hvers vegna enginn fæst til að halda hana viku lengur án nauðungar.“[1217] Að mati hreppsyfirvalda var samt sá löstur Sólveigar verstur að hún vildi ekki vinna fyrir sér. Af þessum umsögnum stafar bæði andleg og líkamleg andstyggð á Sólveigu þannig að grunur vaknar um að hún hafi verið almennt mjög illa liðin af flestum.[1218] Stafaði þessi andstyggð af einhverju úr fortíð Sólveigar og þá uppeldi hennar hjá helstu framámönnum sveitarinnar? Var hún alin upp í einhverjum hroka og mannamun, sem kom henni svo í koll þegar hún missti það skjól sem hún hafði? Það er ekki gott að segja en sú ákvörðun yfirvalda að láta hana ganga um hreppinn í alla þessa áratugi gerði hana að heimilislausum útlaga í fæðingarhreppi sínum. Það var gert í krafti þess að hún „vildi“ ekki vinna fyrir sér, en var hún fær um það? Það vinnuframlag Sólveigar „að skvetta úr koppunum“ sem sagnirnar segja frá var hreinlega ekki viðurkennt af samfélaginu enda þáttur í innanhúsverkum sem féllu í hlut kvenna.

Hvað varðar Björn Sigurð þá er minna að græða á opinberum samtímaheimildum um hann. Jú, hann var „treglæs, málhaltur og hálfblindur fábjáni“ sem gat bara unnið vandalítil verk. Honum var komið fyrir hér og þar um hreppinn og svo þegar líða fór á ævi hans fór hann til styttri eða lengri dvalar í aðrar sveitir og jafnvel út í Grímsey eitt fardagaár. Það er ekki að sjá á heimildum að það hafi verið einhverjum erfiðleikum bundið að fá handa honum dvalarstaði en hann var aldrei lengi á sama stað. Það vekur athygli að hann var skráður með viðurnefnið „búfr.“ þegar hann kom aftur í hreppinn sinn eftir ársdvöl annars staðar. Þetta staðfestir að hann hafi gengið undir viðurnefninu Björn búfræðingur hjá sínu heimafólki eins og titill sagnaþáttar Jónasar Rafnar gefur til kynna. Viðurnefni þetta var afar niðrandi þar sem það vísaði bæði í heimsku Björns Sigurðar og litla verklagni hans. Vinnuframlag Björns Sigurðar var þó viðurkennt þrátt fyrir að hann þætti svona lítið verklaginn. Hann var látinn vinna „mörg vandaminni störf.“ Björn Sigurður hélt yfirleitt stöðuheitinu „vinnumaður“ í kirkjubókum þrátt fyrir að vera á sveitarframfæri og var „vinnumaður í Austari-Krókum“ þegar hann drukknaði í Fnjóská. Til að ná betur utan um lífsþráð Björns Sigurðar þarf að lesa sagnaþátt Jónasar Rafnar frá nýju sjónarhorni. Þá birtist mynd af þolanda gífurlegs eineltis samferðamanna sinna í bráð og lengd.[1219]

Tilvist Sólveigar og Björns Sigurðar höfðu bein áhrif á samfélag þeirra vegna sérstakrar og oft á tíðum ágengrar hegðunar þeirra. Viðbrögð samfélagsins höfðu svo áhrif á þau á þann hátt að sérkennin ýktust og þau sem einstaklingar urðu ágengari. Svo virðist sem Björn Sigurður hafi orðið fyrir miklu beinna og einbeittara einelti en Sólveig og bæði urðu eins konar sýningargripir vegna hegðunar sinnar í samfélagi sem hafði lagt mikið af mörkum í að ýkja og halda við hegðun þeirra og framferði sem andstæðu við þá sem betur hentuðu innviðum samfélagsins

---

[1217] HskjAk. H–12/1 Öngulsstaðahreppur. Hreppsbók 1796–1815. HskjAk. H–12/2 Öngulsstaðahreppur. Hreppsbók 1816–1831.

[1218] Vilhelm Vilhelmsson hefur eftirfarandi skilgreiningu á tilvistarlegu andófi eftir danska heimspekingnum Finn Janning: „Andóf [er] hins vegar ekki bundið við andstöðu heldur telur hann [Janning] að það megi líta á andóf sem tiltekið form mannlegrar tilvistar. Það felist ekki síður í sköpun fjölbreytileika þrátt fyrir hin ýmsu höft samfélagsins heldur en meðvitaðri andstöðu gegn þeim. Með því að lifa lífi sínu alfarið á eigin forsendu grefur einstaklingurinn undan þeim öflum sem vilja og reyna að móta samfélagið og stýra því inn á afmarkaðar brautir.“ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 38.

[1219] Jónas Rafnar, „Þáttur af Birni búfræðingi“, *Eyfirskar Sagnir*, 124–153.

## 8. Páll (5) og Anna Sigríður (9)

Svar íslensku stjórnardeildarinnar til amtmanns að norðan og austan um það hvort Anna Sigríður Magnúsdóttir kæmist á hinn konunglega ómálaskóla í Kaupmannahöfn gefur ýmsar vísbendingar um stigveldið sem var ríkjandi í samfélaginu. Anna Sigríður var af vel stæðri fjölskyldu. Skeggjastaðir gengu til elsta bróður Önnu Sigríðar og var hann þar stórbóndi og hreppstjóri ásamt fjölskyldu og vinnuhjúum þegar manntalið var tekið árið 1880.[1220] Beiðni fjölskyldunnar um að Anna Sigríður fengi kennslu í Kaupmannahöfn var neitað á þeim forsendum að hún væri orðin of gömul en jafnframt var bent á að sr. Páll Pálsson tæki að sér kennslu „ómála" fólks á Kirkjubæjarklaustri.

Anna Sigríður fór í skóla sr. Páls Pálssonar á Prestbakka á Síðu þar sem hann hafði skóla fyrir mál- og heyrnarlausa. Hann hafði sjálfur misst málið um tvítugt og farið út til Kaupmannahafnar til náms í bendingarmáli. Hann gat því átt í meiri samskiptum við nemendur sína en aðrir í þeirra umhverfi. Einnig hefur eflaust myndast sérstakt og náið tilfinningasamfélag milli nemenda Páls og það er spurning hvort hann hafi sjálfur átt hlutdeild í því samfélagi.

Það er óhætt að segja að örlög Önnu Sigríðar hafi ráðist í dvöl hennar hjá sr. Páli. Hún kom að Prestbakka „til kennslu" árið 1873 og þremur árum seinna eða hinn 19. febrúar 1876 eignaðist hún þar stúlkubarn. Þrátt fyrir að sr. Páll væri faðir barnsins lýsti Anna Sigríður Kristján Kristjánsson, heyrnarlausan vinnumann á Prestbakka, föður að barninu. Bæði Kristján og Anna Sigríður voru undir húsbóndavaldi sr. Páls. Hann sem vistráðið vinnuhjú og hún sem nemandi. Prestum var alveg sérstaklega bannað með lögum að eiga börn utan hjónabands og voru viðurlögin embættismissir.[1221] Það skipti því sr. Pál öllu að sannleikanum væri hagrætt opinberlega. Það liðu svo nær tvö ár þar til sr. Páll gaf þau Önnu Sigríði og Kristján saman í hjónaband og voru þau bæði skráð vinnuhjú á Prestbakka. Í millitíðinni var Anna Sigríður fermd. Kristján drukknaði 18 dögum eftir hjónavígsluna og þá var Anna Sigríður orðin ekkja með barn á framfæri. Nokkrum mánuðum síðar fluttust þær mæðgur með sr. Páli og öllu heimilisfólki hans að Stafafelli í Lóni og ári síðar voru þær mæðgur komnar til ættfólks síns á Skeggjastöðum. Hjónaband sr. Páls liðaðist í sundur og endaði í hjónaskilnaði. Þegar mæðgurnar Anna Sigríður og Guðný voru fluttar búferlum vestur um haf ásamt ættmennum sínum gekkst sr. Páll við dóttur sinni og virðist hafa greitt með henni meðlag samkvæmt því sem segir í *Íslendingabók*. Hennar er þó hvergi getið meðal barna hans, hvorki í *Íslenskum æviskrám* né í æviágripi alþingismanna á heimasíðu Alþingis.[1222]

Nokkur atriði í lífsþræði Önnu Sigríðar vekja athygli eins og sú staðreynd að ekki var reynt að koma Önnu Sigríði til mennta fyrr en eftir að foreldrar hennar féllu frá. Þá var hún orðin það fullorðin að ekki þótti við hæfi að hún færi til náms í Kaupmannahöfn. Hún ílengdist í vist hjá sr. Páli og eiginkonu hans en í raun var ekkert óeðlilegt við það. Það er ekkert hægt að ráða í

[1220] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/5–1–1. Þingeyjarsýslur, Norður–Múlasýsla og Suður–Múlasýsla.
[1221] Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, 105.
[1222] „Páll Pálsson", 6

það samband sem var á milli Önnu Sigríðar og hins skráða barnsföður og eiginmanns hennar til nokkurra daga. Þau hafa bæði verið hluti af sama tilfinningasamfélagi þeirra heyrnarlausu á Prestbakka og að öllum líkindum einkenndist það samfélag af samheldni þeirra og sameiginlegri reynslu af því að vera utangátta í samfélagi heyrandi fólks. Kannski var hjónabandið byggt á einhverju meira en að bjarga orðstí og hempu prestsins en markmiðið með hjónabandinu var samt sem áður að breiða yfir afbrot sr. Páls. Hann var lærifaðir Önnu Sigríðar og síðar húsbóndi. Anna Sigríður var því nánast undir tvöföldum húsaga hjá sr. Páli þegar hann eignaðist barnið með henni. Hvað sem svo varð til þess að þær mæðgur fluttust vestur um haf og hvort flutningurinn hafi verið einhvers konar forsenda þess að hann gekkst við dóttur sinni verða getgátur einar.[1223] Valdamisvægið á milli þeirra er samt sem áður algert. Sr. Páll var ekki einungis sekur um barneign utan hjónabands, sem var refsiverður glæpur heldur einnig brot sem skilgreint var sem synd gagnvart guði, skv. Húsagatilskipuninni.

## 9. Pálína (15) og Guðrún (79)

Þær Pálína og Guðrún gátu hvorki tjáð sig svo nokkru næmi né gengið. Pálína var alveg rúmföst allt sitt líf og henni var sinnt sem ungabarni en Guðrún gat skriðið á hnjánum og beðið um „brauð að drekka“ ef hún var svöng.[1224] Samt var þeim báðum nauðgað á heimilum sínum, Guðrúnu í það minnsta tvisvar en Pálínu margoft. Yfirvöld brugðust ekki við fyrr en þær eignuðust börn og í tilfelli Guðrúnar ekki fyrr en hún eignaðist sitt annað barn. Maðurinn sem var ákærður fyrir nauðgun Guðrúnar var húsbóndi hennar. Hún hafði verið á heimili hans frá því hún var átta ára gömul. Hann viðurkenndi „holdlegt samræði“ við hana á getnaðartíma eldra barnsins en það var látið þegar yngra barnið fæddist og málaferlin fóru af stað. Hann var því einungis dæmdur fyrir það brot og til að greiða meðlag og útfararkostnað með barninu í héraði. Yngra barnið var því föðurlaust alla tíð. Það er athyglisvert að lesa í dómi Landsyfirréttar hversu ámælisverð dómurum þar þótti málsmeðferðin í héraði. Þar hafði allt gengið á afturfótunum allt frá málshöfðun, rannsókn og áfrýjun. Hreppsnefnd Árneshrepps hafði farið fram á frestun málaferlanna, fyrst vegna ófærðar og síðar vegna heyanna. Það þurfti að kalla eftir vottorðum frá héraðslækni, bæði um væntanlegan meðgöngutíma og líkamlegt og andlegt ástand móðurinnar. Allt tók þetta langan tíma og þegar rétturinn var síðar settur bar sakborningurinn sig afar illa og það var bókað að hann iðraðist gjörða sinna. Ekki er hægt að sjá á málsskjölum að sakborningur hafi nokkurn tímann verið inntur eftir því hvort hann væri faðir að yngra barni Guðrúnar.[1225]

Lögregluréttur Seyðisfjarðar hélt réttarpróf „í tilefni að vitfirringurinn Pálína Árnadóttir ól barn.“ Þar var kölluð fyrir Signý móðir Pálínu og er lýsing Signýjar á þeirri ógn sem Pálínu stafaði af nauðgara sínum sláandi. Í yfirheyrslunni tíundar Signý hvert skiptið á fætur öðru þar sem nauðgarinn ýmist braust inn í skúrinn og læsti sig inni með Pálínu eða beitti Signýju valdi

[1223] Í sagnaþættinum „Anna mállausa og séra Páll“ leggur Þorkell Björnsson afabarn bróður Önnu Sigríðar út frá þessu máli og byggir á sögusögnum úr fjölskyldu sinni. Sjá Þorkell Björnsson, „Anna mállausa og sr. Páll, 11–17.

[1224] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Strandasýslu 0000 GA/3–1–1.Dóma– og þingbók, laus skjöl í bók, 1906–1918.

[1225] Ibid.

er hún var að reyna að verja dóttur sína fyrir honum. Hún þurfti margoft að biðja um aðstoð til að fjarlægja manninn úr skúrnum og fá fólk til að dvelja hjá þeim mæðgum þeim til verndar. Signý sagði jafnframt frá því að þegar hún gekk eitt sinn á nauðgarann og krafði hann svara við þeirri spurningu hvort hann hefði haft „holdlegt samræði" við Pálínu hafði hann boðist til að gefa Pálínu jólagjöf! Þegar nauðgarinn var svo yfirheyrður játaði hann að hafa haft holdlegt samræði við hana en neitaði alfarið að hafa lofað henni eða móður hennar einhverri jólagjöf.[1226]

Orðið nauðgun er hvergi að finna í málsskjölum er tengjast Guðrúnu og Pálínu. Það var ekki beinlínis bannað með lögum að hafa samræði við „fávita" eins og kom fram í umfjöllun hér að framan um Guðríði Ögmundsdóttur (83). Í báðum málaferlunum var borið vitni um að þær væru líkamlega heilbrigðar að öðru leyti en því að geta ekki gengið og jafnframt að þær hefðu eða gætu haft einhvern hug til karla. Málaferlin snerust líka fyrst og fremst um að finna feður að börnum þeirra og gera þá ábyrga fyrir þeim. Það tókst ekki og ólust bæði börnin upp föðurlaus. Þess má geta að börnin uxu bæði úr grasi og eignuðust börn þannig að bæði Pálína og Guðrún eiga núlifandi afkomendur. Sjálft ofbeldið sem þær voru beittar í skelfilegum aðstæðum var ekki til umræðu fremur en annað ofbeldi gegn fötluðu fólki. Eins og kemur fram í inngangi er ofbeldi gegn fötluðum konum margfalt líklegra en gegn ófötluðum konum. Enn og aftur snúast sögurnar um kynferðislegt ofbeldi gegn fötluðum og algerlega varnarlausum konum af lægsta mögulega stéttarþrepi í samfélaginu.[1227] Í viðtalsrannsókn Rannveigar Traustadóttur og Hönnu Bjargar Sigurjónsdóttur á seinfærum mæðrum og börnum þeirra sem áður hefur verið minnst á kom fram að tvær af þremur elstu mæðrunum urðu vanfærar eftir nauðgun og kynferðislegt ofbeldi um miðja 20. öld. Eftir að börnin fæddust voru þau alin upp af nánum ættingjum en mæðurnar fóru á stofnun og fengu með því að gjalda fyrir nauðganirnar.[1228]

## 10. Jónína Guðmundína (74) og Halldóra (58)

Í þessum lokakafla fjórða hluta verður rýnt í málsskjöl er varða örlög Jónínu Guðmundínu Jóhannsdóttur og Halldóru Bjarnadóttur. Annars vegar er um að ræða barnfaðernismál sem rekið var af sýslumanninum í Strandasýslu árið 1895. Málið leiddi af sér dóm um saknæmt „holdlegt samræði" föður við heyrnar- og mállausa dóttur sína. Hins vegar er um að ræða málaferli gegn hjónum vegna kerfisbundins ofbeldis gegn mjög vanmáttugri vinnukonu þeirra í kjölfar sviplegs andláts hennar árið 1936.

Það er varla hægt að hugsa sér afskekktari stað á Íslandi en afdalinn Goðdal, sem gengur upp úr láglendinu innan við Bjarnafjörð á Ströndum. Þar var búið á einum bæ og á bænum bjó ekkjumaðurinn Jóhann Pálsson með þremur börnum sínum Kristmundi, Jónínu Guðmundínu og Rósmundi þegar manntalið var tekið árið 1890.[1229] Á Krossmessu ári síðar fluttist Helgi

---

[1226] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Norður–Múlasýslu 0000 GA/8–2–1. Dóma- og þingbók.
[1227] Sjá til hliðsjónar: Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, *Ofbeldi gegn fötluðum konum*, 6. Það er nöturlegt til þess að hugsa að lítið sem ekkert hafi breyst hvað varðar ofbeldi gegn fötluðum konum í gegnum aldirnar.
[1228] Rannveig Traustadóttir, Hanna Bj. Sigurjónsdóttir, „"The "Mother" behind the Mother:", 334.
[1229] ÞÍ. Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890–Statistisk bureau 1904 AA/3–1–1. Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.

Kárason ásamt eiginkonu sinni Jónínu Sigríði Jónsdóttur að Goðdal og voru þau þar í húsmennsku næstu fjögur „Krossmessuár.“ Á þeim fjórum árum fór Jónína Guðmundína aðeins tvisvar af bæ og þá til kirkju. Þá lögðu fáir leið sína í Goðdal. Í síðustu haustleitum árið 1894 gistu þó á bænum tveir fjárleitarmenn og var gengið úr rúmi fyrir þá. Sváfu þau Jóhann bóndi og Jónína Guðmundína þá nótt í sama rúmi og hafði hann „holdlegt samræði“ við dóttur sína. Þetta hafði gerst áður og átti eftir að gerast nokkuð oft á næstu mánuðum. Þetta játaði Jóhann bóndi skilmerkilega fyrir sýslumanninum í Strandasýslu í Pólitírétti sem sýslumaðurinn hélt til að leita upplýsinga um faðerni barnsins sem Jónína Guðmundína hafði eignast 25. júlí árið 1895. Í sakamálinu sem fylgdi í kjölfarið vottaði sóknarpresturinn:

> að stúlkan Jónína Guðmundína dóttir og barnsmóðir ákærða væri algjörlega heyrnarlaus og mállaus og hefði aldrei neinnar uppfræðslu notið. Vegna þessa ástands hinnar umræddu stúlku var ekki hægt að leita nokkurrar skýrslu af henni.[1230]

Jóhann bóndi sagði fyrir rétti að hann iðraðist þessara gjörða sinna sárlega og baðst undan því að fá talsmann fyrir sig í komandi réttarhöldum. Þegar málið var svo reifað fyrir Landsyfirrétti lásu dómarar úr málsskjölum úr héraði að ekkert bendi til þess að hann hafi þvingað hana eða tælt „til að komast yfir hana, en að vísu virðist málið hafa verið fremur slælega rannsakað að því þetta atriði snertir.“[1231] Auðvitað var það svo Jónína Guðmundína sem þurfti að víkja af heimilinu en stúlkubarnið varð eftir hjá eldri bróður hennar og eiginkonu hans. Þau tóku svo við Jónínu á sitt heimili eftir að Jóhann var látinn árið 1901; fyrst í Sunndal og síðar aftur í Goðdal. Þar fórust þær mæðgur saman í snjóflóði árið 1948 ásamt fleira fólki.

Eftir að foreldrar Halldóru létust, árið 1924 og 1925, hvarf hún úr opinberum heimildum. Það er ekki hægt að sjá hvar hún var til heimilis næstu ár í sóknarmannatölum og hefur íverustaður hennar ekki fundist í manntalinu sem tekið var árið 1930. Hvaða niðurstöður er hægt að draga af þessum staðreyndum? Trúlega hefur Halldóra verið farin að vinna fyrir sér sem vinnukona á hinum og þessum heimilum í Reykjavík en aldrei verið svo lengi í hverri vist að hún yrði heimilisföst. Það er ekki fyrr en hún eignaðist drenginn Einar Guðmund Sólberg árið 1934 að hægt er að festa hana niður á ákveðinn stað í bænum. Einnig er hægt að sjá heimildir um afskipti bæjaryfirvalda af bæði henni, barnsföður hennar og litla drengnum í skjalasafni Reykjavíkurbæjar. Barnsfaðir hennar var ofbeldisfullur og svo drykkfelldur að öldruð móðir hans kvartaði undan honum við bæjaryfirvöld. Drengnum sem Halldóra eignaðist var strax komið í fóstur til vandalausra og hún fór í nýja vist, sem varð hennar síðasta. Það er ekki hægt að rekja ofbeldið á Halldóru lengra aftur en til þess að hún var vistráðin í síðasta skipti en það sem á eftir kom er óhugnanlegt. Á innan við þremur árum eða þar til að hún fannst drukknuð, var hún send í kaupavinnu en húsbændur hennar hirtu verkalaunin. Það var öskrað á hana og hún kölluð svín og kvikindi. Hún var barin og það var sparkað í hana. Hún var svelt heilu og hálfu hungri og lokuð og læst inni í skáp. Hún reyndi að komast undan húsbændum sínum í aðra vist en henni var hreinlega haldið nauðugri. Eftir að húsbændur hennar fluttu búferlum austur á land einangraðist Halldóra algerlega frá öðrum.

---

[1230] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Strandasýslu 0000 GA/2–3–1. Dóma- og þingbók, 1892–1906.
[1231] Nr. 30/1896.“, 310–313.

> Öll þessi atriði annarsvegar, en hins vegar ráðleysi Halldóru, ístöðuleysi og veiklaðir geðsmunir þykja sýna það og sanna, að þau hjón hafi beint og óbeint kúgað hana, og raunverulega svipt hana frelsi til að ráða sér sjálfri eða raðstafa högum sínum á annan hátt en þau vildu vera láta.[1232]

Þetta var ein niðurstaða aukaréttar Reykjavíkur hinn 7. apríl 1937 í máli þar sem húsbændur Halldóru og bróðir húsfreyjunnar voru dæmd til refsingar meðal annars fyrir slæma meðferð á henni en einnig vegna bruggunar og sölu á áfengi og ölvunar við akstur. Húsbóndinn var í sama máli sýknaður af þeirri ákæru eiginkonu sinnar að hafa smitað hana af lekanda.

En víkjum aftur að Jónínu Guðmundínu. Hvernig var andrúmsloftið í Goðdal og hvað einkenndi það tilfinningasamfélag sem þessi fámenna fjölskylda átti með sér á jafn afskekktum stað? Sjálfur staðurinn hefur haft eitthvað aðdráttarafl, kannski efnahagslegt, því að eftir að faðir og barnsfaðir Jónínu Guðmundínu lést hjá syni sínum og tengdadóttur tóku þau sig upp og fluttu aftur í Goðdal ásamt Jónínu Guðmundínu og dóttur hennar. Í því fólst einhver samstaða og samhugur með þeim mæðgum. Slíkt á alls ekki við um hlutskipti Halldóru. Hún var svo sannarlega neðst í öllum þeim goggunarröðum, sem hún tilheyrði sín fullorðinsár og það beygði hana sífellt meira allt þar til yfir lauk. Einnig vitum við alltof lítið um hvað fór á milli Halldóru og mannsins sem hún lýsti föður að barni sínu. Hann var tilbúinn til að sverja þá barneign af sér og þar með var því máli lokið. Barnsfaðir Halldóru var þekktur ofbeldismaður og ekki virðast þau hafa átt í neinu sambandi á undan eða eftir getnað barns þeirra. Enn og aftur vaknar rökstuddur grunur um glæpsamleg afbrot gegn fötluðum konum.

Allir þessi tíu undirkaflar fjórða hluta fjalla um misnotkun valds gegn vanmáttugum einstaklingum. Þó var valdbeitingin afar mismunandi, allt frá því að virða vinnuframlag eins meira en vinnuframlag annars, vegna kyns viðkomandi, yfir í nauðganir og morðtilraun. Beinn hlutur yfirvalda í þessari valdbeitingu birtist fyrst og fremst í ráðstöfun þeirra á einstaklingunum í misjafnar vistir. Þar gátu þeir verið útsettir fyrir misnotkun og valdbeitingu annarra, eins og dæmin um Ragnhildi og Guðrúnu sýna. Eins og kom fram hér í inngangi hafa rannsóknir fötlunarfræði bent á að fatlað fólk er miklu útsettara fyrir ofbeldi af öllu tagi en aðrir þjóðfélagshópar og það kemur greinilega fram í þessum sögum hér að framan. Þegar kemur að þeim málaferlum sem tengjast afbrotum fatlaðs fólks þá er augljóst að réttarstaða þess var slæm og þegnréttur þess jafnvel fótum troðinn. Þolendur kynferðisofbeldis voru látnar víkja af heimilum sínum á meðan gerendurnir biðu úrskurðar yfirvalda kyrrir á sínum stað. Óvenjuleg og truflandi hegðun einstaklinga kallaði á sterk viðbrögð samfélagsins sem gátu hrundið af stað víxlverkun sem ýkti bæði háttarlag einstaklinga og viðbrögð samfélagsins gegn þeim.

Lífsþráður hvers og eins í hópnum sem er til umfjöllunar í þessari ritgerð er einstaktur Hvert og eitt þeirra eru eins og spunnir þræðir. Þeir geta verið fínir bláþræðir, harðsnúnir eða spenntir, hnökraðir, hnökralausir eða jafnvel hornkenndir. Hver og ein saga fyrir sig er uppfræðandi en saman draga þær fram stef og þætti úr hversdagslífi fatlaðs fólks í íslenskri fortíð. Á þessi stef og þætti hefur nú verið varpað nokkuð sterku kastljósi og það var meginmarkmið þessarar rannsóknar.

[1232] Nr. 84/1937“, 455.

# V. Niðurstöður

Því hefur verið haldið fram að kjarna akademískrar sagnfræði megi draga upp í eftirfarandi flæðimynd:[1233]




Það var ekki fyrr en á einum tímapunkti í rannsókn minni sem ég hreinlega sá þessa flæðimynd framkallast fyrir framan augun á mér. Það var út frá dæminu um þann einstakling sem ekki hefur verið minnst á í þriðja og fjóra hluta verksins, Guðrúnu Bjarnadóttur (59) eða Gunnu fótalausu eins og hún var gjarnan nefnd í frásögnum sem tilheyra þjóðlegum fróðleik. Hún var elst einstaklinganna eitt hundrað og eins sem hafa verið viðfangsefni doktorsritgerðarinnar. Sagan af Gunnu fótalausu birtist fyrst á prenti í tímaritinu *Eimreiðinni* árið 1914 þar sem hún er neðanmáls í grein Finns Jónssonar um Ólaf á Kjörseyri:

> Í Þrúðardal i Kollafirði, eignarjörð Andrésar [Sigmundssonar bónda á Skriðunesenni í Strandasýslu] bjó fátæk ekkja með 12 ára gamalli dóttur sinni í harðindunum; voru skepnurnar fallnar nema 1 kýr, er þær mæðgur lifðu á, eða höfðu lítið annað að nærast á en mjólkina úr henni. Þegar Andrés fréttir, hvernig ekkjan er stödd, fer hann og tekur kúna ekkjunnar upp í jarðarkúgildi, en mæðgurnar fara á vergang. Leggja þær suður Steinadalsheiði og gjörir á þær áhlaupsbyl á leiðinni; verður ekkjan úti, en telpan kemst eftir 3 sólarhringa skríðandi ofan að Brekku í Gilsfirði; var hún kalin mjög á fótum, lá hún lengi á Brekku við góða hjúkrun og greri um síðir, og misti af fótunum upp að ristarlið, en gat þó gengið á stúfunum, og eftir það kölluð fótalausa Gunna. Græddi hún fé með aldrinum og gjörðist frábærlega dugleg. Fékk hún Reykjanes í Árneshreppi til ábúðar, og búnaðist þar vel. Meðal annars lagði hún stund á trésmíði: smíðaði flest

[1233] Marwick, A., *The Nature of History*, 13. Útlínumyndin var endurgerð af Ásgerði Heimisdóttur fyrir þetta verk.

> búsáhöld, sexæringsskip og smærri báta. Hún tók til fósturs barn, er Jón hét Einarsson, og vandi hann við skipa- og járnsmíði. Þótti hann beztur skipasmiður á Ströndum. Fóstra hans gaf honum alt sitt og bjó hann lengi á Reykjanesi og eftir hann Sigurður sonur hans, og hjá Sigurði dó Guðrún fótalausa í hárri elli, þá orðin karlæg. Það mun hafa verið á árunum 1860–70, er hún dó. Gísli Sigurðsson, gamall bóndi á Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði, vel skynsamur og merkur maður, hefur sagt mér þessa sögu, og þekti hann vel Guðrúnu fótalausu og talaði við hana, þegar hún var komin í kör; var þó hugur hennar hinn sami, vildi, að þeir, sem bjuggu í Trékyllisvík, sæktu um styrk til konungs, til að kaupa þilskip, svo þeir gætu sótt betur sjó.[1234]

Bjarni, faðir Guðrúnar lést ekki fyrr en Guðrún var orðin 23 ára gömul. Hann var ekkjumaður en þar sem nafn eiginkonu hans hefur ekki varðveist í opinberum heimildum má ætla að hún hafi látist fyrir árið 1787 en á því ári byrjar elsta kirkjubókin sem hefur varðveist frá þessu svæði. Það gengur því ekki upp að Guðrún hafi verið á ferð með ekkjunni móður sinni yfir Steinadalsheiði innan við fermingu. Einnig er Steinadalsheiði grunsamlega langt frá fæðingarstað Guðrúnar í Sunndal í Kaldrananessókn. Faðir Guðrúnar var enn heimilisfastur í Kaldrananessókn þegar hann lést. Guðrún var orðin vistráðin í Árnessókn nokkru áður en faðir hennar lést. Þar var hún í vistum allt þangað til hún giftist stöndugum ekkjumanni sem hafði efni á að gefa henni morgungjöf í reiðufé. Guðrún varð ekkja um fertugt og stóð til arfs eftir mann sinn ásamt stjúpdóttur sinni. Það var með því fé sem hún gat staðið fyrir búi og haft hjá sér vistráðin vinnuhjú. Hvergi er minnst á meint fótaleysi hennar í heimildum á nokkurn hátt enda var hún fjárhagslega sjálfstæð og því ekki eins háð líkamlegu atgervi til að vinna fyrir sér og flest annað samtímafólk hennar. Hún varð heyrnadauf með aldrinum og sú staðreynd rataði í sóknarmannatöl. Hún varð allra kerlinga elst.

Með því að bera söguna af Gunnu fótalausu og lífsþráð Guðrúnar Bjarnadóttur saman gekk ég á hólm við goðsögnina – mýtuna – um hana með opinberar samtímaheimildir að vopni. Þá varð til ný saga um mikla merkiskonu. Konu sem að öllum líkindum lenti í kali í barnæsku þó að það hafi ekki verið við þær aðstæður sem goðsögnin greinir frá. Guðrún efnaðist ekki af eigin mætti heldur erfði hún stöndugan eiginmann sinn og í krafti þess auðs og eigin skörungsskapar gat hún haft fulla stjórn á eigin lífi. Meint fótaleysi „upp að ristarlið“ réði þar engu um.

Í þessari rannsókn var í upphafi lagt upp með að draga fram úr opinberum heimildum upplýsingar um fólk í íslenskri fortíð sem yrði skilgreint sem fatlað í okkar samtíma og rýna í hversdagslíf þess, hagi og örlög. Um nokkra þessara einstaklinga höfðu varðveist sögur og sagnir á borð við söguna af Gunnu fótalausu, einkum þegar nær dró síðari hluta tímabilsins sem var til rannsóknar. Í öllum þeim tilfellum var lífsþráðurinn sem rakinn var úr heimildum allt annar en sagnirnar báru með sér. Þar skeikaði allt frá smáatriðum upp í stóra þætti í lífi fólksins sem áttu ekki neina stoð í veruleikanum. Samanburðurinn á lífsþræði Guðrúnar Bjarnadóttur og sögunni af Gunnu fótalausu er birtur hér sem dæmi um þennan mun. Báðar útgáfurnar eru sannkallaðar sigursögur. Slíkur samanburður annarra lífsþráða og sagna bíður samt sem áður

[1234] Finnur Jónsson, „Ólafur á Kjörseyri“, 181–182.

betri tíma. Flestir einstaklinganna eitt hundrað og eins eiga ekki kost á slíkum „eftirmála“ enda eru þeir bæði grafnir og algerlega gleymdir.

Fyrsta rannsóknarspurning ritgerðarinnar fjallar um með hvaða aðferðum sé hægt að finna lífsþræði fatlaðs fólks í opinberum heimildum á Íslandi áður en hugtakið fötlun varð til. Þessi spurning var mér sjálfri hugleiknust sérstaklega í upphafi rannsóknarinnar. Ég þóttist vita eftir áratuga reynslu í vinnu með frumheimildir á borð við sóknarmannatöl, prestþjónustubækur og manntöl að hægt væri að draga fram lífsþræði fatlaðs fólks úr íslenskri fortíð, þ.e. 18. 19. og jafnvel 20. aldar sem horfið hefðu algerlega sporlaust í gleymskunnar dá. Ég þekkti nægilega vel til annarra viðlíka skjalasafna og heimildaflokka til að vita að þar gætu leynst dýrmætar upplýsingar um þennan sérstaka og viðkvæma hóp fólks sem sannarlega var jaðarsettur hér eins og annars staðar. Ég taldi mig geta sannað fyrir fræðaheiminum að það væri hægt að draga fram horfna lífsþræði með því að vefa saman stakar og brotakenndar upplýsingar úr fjölbreyttri flóru opinberra heimilda. Það sem ég gerði mér ekki grein fyrir var hversu umfangsmikil þessi vinna væri og hversu tímafrek hún reyndist vera. Það var mér til mikillar gæfu að komast fljótlega að því að það væri ekki möguleiki að stytta sér nein staðar leið og grundvöllinn væri að finna í öllum varðveittum sóknarmannatölum. Verklaginu sem fylgdi í kjölfarið hefur verið lýst hér að framan. Niðurstaðan er sú að með því að draga saman allar mögulegar upplýsingar úr öllum hugsanlegum opinberum heimildum er hægt að finna lífsþræði fatlaðs fólks á Íslandi sem engum öðrum sögum fer af. Einnig er með sömu aðferð hægt að stilla af og leiðrétta sögur og sagnir af nafngreindu fötluðu fólki því sumir í þessum hópi hafa verið hafði að háði og spotti í hinum svonefnda þjóðlega fróðleik þar sem æviferil þeirra hefur oftar en ekki verið skrumskældur.

Sérhverri sögu var og er ætlað að standa sjálfstætt í anda einvæðingar sögunnar. Ég lagði áherslu á að horfa nær eingöngu á einstaka drætti í lífi þessa hóps án þess að setja það í stærra samhengi. Ég fór hins vegar þá leið að draga fram ákveðna formgerð samfélagsins sem ég taldi að hefði áhrif á líf allra, hvaða nafni sem þau nefndust og er þar átt við einstaka þætti eins og hvað fermingin skipti miklu máli og hvaða áhrif leikreglur vistarskyldu og ómagaframfærslu höfðu á einstaklinganna.

Þegar rannsóknin í anda einvæðingar sögunnar lá fyrir gekk ég skrefi lengra en gert er ráð fyrir í þeirri hugmyndafræði og gerði tilraun til að draga fram það sem ég hef nefnt *stef* í sögunum sem mynda uppistöðu rannsóknarinnar. Þessi stef tengja saman þætti í lífi fólksins, þætti sem birtast aftur og aftur í lífsþráðunum og marka á vissan hátt félagslega stöðu hópsins. Önnur stef eru mun huglægari og þá hjálpa kenningar Barböru Rosenwein um tilfinningaorð, söfnun þeirra og birtingarmyndir tilfinningasamfélaganna sem þau draga fram. Það er gert með því að líta á sumar yrðingar í heimildum sem huglægar ástandslýsingar á tilfinningaskala. Um það snerist önnur rannsóknarspurning þessarar doktorsritgerðar, sem var að rannsaka og spegla hið opinbera tungutak mismunandi heimilda inn í hversdagslíf þessara einstaklinga. Þannig var hægt að draga fram upplýsingar um hversdagslíf fólksins, líkamlega og félagslega stöðu þess, samhengi og jafnvel tilfinningalíf. Eitt af lykilhugtökum í hugmyndum Barböru Rosenwein er hin svonefndu tilfinningarsamfélög en það eru þau rými sem marka umgjörð um hversdagslegar gjörðir fólks. Tilfinningasamfélögin eru því eðli málsins samkvæmt síbreytileg – síkvik og á vissan hátt óræð. Af þessum ástæðum taldi ég farsælast að beita einvæðingu sögunnar með það

í huga að einangra sem mest aðstæður fólksins í sínum tilfinningasamfélögum og draga þannig fram líf sem hefur verið okkur ráðgáta fram til þessa vegna þess að sagnfræðingum hættir til að meta það eingöngu í stóra samhenginu. Það var freistandi að fara í nánari orðræðugreiningu í anda Rosenwein í sögunum öllum en umfang slíkrar greiningar hefði brotið allar skorður sem ritgerð af þessu tagi eru settar. Slíkar greiningar bíða því betri tíma enda afar freistandi að greina enn kerfisbundnar orðræðu yfirvalda gagnvart fötluðu fólki í samtíma þeirra.

